



Gjörðabók byggingarnefndar 1884-1898

Aðfnr. 7196 B

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók

byggingarnefndar

1 3 8 4 - 9 8

.077.5:025.26 - .785.075.15

Aðfnr. 7196 *B*



B.

GJORDABÓÐ

BYGGINGARNEFNDAR

REYKJAVÍKURDEJAR

1884 - 1898

RETTIRIT.

G J Ö R Ð A B Ū K

B Y G G I N G A R N E F N D A R

R E Y K J A V Í K U R B E J A R

1 8 8 4 - 1 8 9 8

E f t i r r i t .

Ár 1884 hinn 2. apríl átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Beiðni dags. 1. apríl frá tóbakshúsi Sigurði Árnassyni um að fá að byggja hús 12 álna langt og 10 álnir breitt í Dingholtssístrati fyrir sunnan hús Ólafs Símonarsonar. Var það leyft af byggingarnefndinni eptir vaxtanlegt samþykki hejarstjórnar.

2. Beiðni dags. 29. f. m. frá Jóni Símonarsyni þar sem hann beiðist að fá að byggja Bók þessi, sem er 302 - þrjúhundruð aðri vegg húsanna og tvær - blaðsíður að stærð, gegnumdregin því byggingarnefnd og innsiglið með signeti Suður Amtsins, fyrir sunnan hús löggildist hjermeð sem

Byggingarnefndarbók
fyrir Reykjavíkur kaupstað.

Íslands Suður Amt, Reykjavík, 2. Apr. 1884.

Magnús Stephensen
settur

Ár 1884 hinn 17. apríl kom byggingarnefndin saman og var þá fyrirtakið:

1. Jónassó Þorsteinni Tóbakssyni leyft að lengja hús sitt í Lakjargötu um 7 til 8 álnir til suðurs með því móti að Lakjarkot verði algjörlega niðurrífið ná þegar, annars getur byggingarnefndin eigi leyft Þorsteinni að lengja hús sitt á hinn vísuðan hátt.

2. Kom byggingarnefndin saman hjá húsi Vigfússar Sýmundssonar í Lakjargötu, hafði hann í bréfi dags. 26. f. m. beiðt að byggingarnefndin sitti yfirhlíta og segja álit sitt um hvernig mikið hann væri kosta vætan við hús sitt langs með suðurstrati. Hafði hann álit á hús

Ár 1884 hinn 2. apríl átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Beiðni dags. 1. apríl frá tæsmið Sigurði Árnasyni um að fá að byggja hús 12 álna langt og 10 álnir breitt í Þingholtsstræti fyrir sunnan hús Jóns Símonarsonar. Var það leyft af byggingarnefndinni uppá væntanlegt samþykki bæjarstjórnarinnar.

2. Beiðni dags. 29. f. m. frá Jóni Símonarsyni þarsem hann beiðist að fá að byggja hús 13 álna langt og 10 álna breitt í neðri röð húsanna í Þingholtsstræti, en því var neitað með því byggingarnefndin ekki fyrst um sinn vill láta byggja fyrir sunnan lóð Arnbjarnar Ólafssonar vitavarðar fyrir sunnan hina fyrirhuguðu framlengingu á Skálholtskots eða Stuðlakotsbrúnni, en fyrir norðan þessa framlengingu og suður af lóð Arnbjarnar vitavarðar var eigi eins stórt plázz og beiðandinn vill hafa.

Fundi sagt slitið

Eth. Jónassen

Ó. Finsen

Eiríkur Briem

Egilsson

Ó. Rósenkranz

Helgi Helgason

Ár 1884 hinn 17. apríl kom byggingarnefndin saman og var þá fyrirtekið:

1. Járnsmið Þorsteini Tómassyni leyft að lengja hús sitt í Lækjargötu um 7 til 8 álmir til suðurs með því móti að Lækjarkot verði algjörlega niðurrifið nú þegar, annars getur byggingarnefndin eigi leyft Þorsteini að lengja hús sitt á hinn umbeðna hátt.

2. kom byggingarnefndin saman hjá húsi Vigfúsar Eymundssonar í Lækjargötu, hafði hann í bréfi dags. 26. f. m. beiðst "að byggingarnefndin vildi yfirlíta og segja álit sitt um hversu mikið hann mætti bæta vestan við hús sitt langs með Austurstræti". Nefndin áleit að hún eigi gæti leyft honum að byggja

nokkrar álnir viðbót við hús sitt til vesturs, þarð sú viðbót kæmi í bága við byggingalögin frá 29. Maí 1839, er fyrirskipa að minnsta kosti 10 álna millibil milli húsa er standa sitt á hverri lóð, en mikið vantar á að svo stórt millibil verði frá þessari fyrirhugaðu viðbót Sigfúsar við hús hans að húsi nágrannans fyrir vestan hann í Austurstræti og þótt Sigfús beiðist til þess að við hafa eldskráfastan vegg þann, er sneri að lóð nágranna hans að vestanverðu, áleit nefndin að henni væri óheimilt eptir byggingarlögunum að leggja það til að Sigfús gæti fengið að byggja á þann hátt við hús sitt, er nú hefir verið frá skýrt. Auk þess skal það tekið fram að Sigfús eigi gat sýnt nefndinni skilríki fyrir því að nábúi hans að vestanverðu hefði samþykkt að hann mætti byggja nær lóð hans en í 5 álna fjarlægð.

3. Eptir beiðni frá nefnd þeirri, sem stendur fyrir byggingu hins fyrirhugaða sjúkrahúsi á túni Jóns Árnasonar, tók nefndin pláz 7 álna breitt fyrir vestan húsið af túni Jóns Árnasonar fyrir gangrúm með byggingunni og til afnota nú þegar fyrir þá menn, er vinna eiga að byggingu spítalans.

Gjald fyrir þessa lóðarspildu sem verður um 30 álnir á lengd og 7 álnir breidd ber að borga til túneigandans á sama hátt og fyrir þá hina aðra lóð, er tekin hefir verið af túninu til spítalabyggingar þannig að túneigandann fær tiltölulegan afslatt í afgjaldinu eptir húsið í bæjarsjóð eptir fætar-máli. Jón Árnason var viðstaddur og þessu samþykkur.

Frekara eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

Eth. Jónassen

Ó. Rósenkranz

Ó. Finsen

Helgi Helgason

Með þeirri athugasemd viðvikjandi Nr. 3 að ég tók svo eptir, að talað væri um, að Jón Árnason fengi endurgjald eptir óvilhallra manna mati.
Eiríkur Briem.

Ári 1884 hinn 23. apríl kom byggingarnefndin í Reykjavík saman á lóð herra landlæknis G. Schierbecks hér í bænum eptir beiðni frá photograpti Sigfúsi Eymundssyni dags. 22.p.m. Tjáist hann hafa pakkhús landlæknisins og lóð af honum keypt og biður því sér útmalda af byggingarnefndinni þessa lóð og álit hennar um hvernig það hús, sem hann vilji byggja á þessari lóð, skuli standa. Hann tjáist nefnilega vilja snúa við því húsi er nú standi nyrðst á lóð landlæknisins við Vallarstræti þannig að það snúi göflum í austur og vestur og byggja það með háum kjallara undir, laglegt og snoturt, 12 eða 13 álnir á lengd og 12 álna breitt. Lóð sú er hann hafi keypt af landlækninum sé frá N. til S. reiknað frá Vallarstræti frá horninu á stakkítti P.Melsteðs 25 áln. og frá A. til V. 17 $\frac{1}{2}$ alin. Ennfremur gat Sigfús þess að hús þetta, er hann vill byggja á áðurgreindri lóð eigi með austur-gaflinum að standa í 1 álnar fjarlægð frá "plankaverki" P. Melsteds procuratori en á lóðina fyrir austan Schierbecks lóð og viðurkenndi P.Melsted, er var tilkallaður að vera við þessa útmælingargjörð, að það væri samþykkt af sér. Byggingarnefndin hafði af sinni hálfu ekkert á móti því að/fyrirhugaða þetta hús Sigfúsar stæði á þessum tilgreinda stað og særi eins og hann hefði beðið um, með því það þá er í fullkomlega löglegum fjarska frá húsum þar í grend á allar hliðar, en með því húsið ef það er byggt svona verður að standa 3 $\frac{2}{10}$ úr feti innar en sú lína afmarkar sem dregin er beint á milli beggja hornhúsanna á Vallarstræti (nfl. kvennaskólshússins að austan og húsi frú Jóh. Þorleifsdóttur að vestan), þarð það ef það stæði beint í línunni, sem nú var nefnd, með bæði gaflhorn sín að eins er í 16 $\frac{8}{10}$ feta fjarska frá geymsluhúsum Rafns Sigurðssonar og veitingamanni Halbergs hinu megin við Vallarstræti og þannig nær ~~þessum~~ þessum 2 húsum en lögin fyrirskipa, þá þótti Sigfúsi Eymundssyni það vera lyti á götunni

að húsið stæði svona innarlega og fór því þess á flot að byggingarnefndin vildi leyfa sér að byggja húsið svo framarlega að það stæði í sömu línu og hin áður greindu endahús Vallarstrætis, en endapótt nefndin verði að álíta að þetta væri hið fallegasta, áleit hún sig vanta heimild til að veita það, en vísað í því tilliti til úrskurðar Amtisins, enda kvaðst Sigfús vilja, ef það eigi fengist, byggja húsið 3 2/10 fetum innar frá Vallarstræti svo millibilið til nágretta húsanna gæti orðið 10 álnir. Að öðru leyti gat Sigfús þess að hann, ef til vill, ætlaði í kjallaranum að hafa járnsmiðju, en sjálf-sagt þó umbúna að öllu leyti eftir fyrirmælum laganna, nefndin tók það í því tilliti fram að, ef svo yrði, mætti sá er smiðjuna hefði, ekki láta neitt járn eða þess konar liggja á götunni við húsið og ekki þar láta járna hesta, sömuleiðis að innganga í kjallarann yrði að vera á vesturgaflinum og undirgekkst Sigfús þá skilmála. Innganginn í sjálft húsið vildi nefndin að væri í gaflinn annanhvorn og lofaði Sigfús því einnig að svo skyldi vera.

2. Landlæknir Schierbeck beiðist leyfis að mega byggja austan á sinni lóð fyrir norðan íbúðarhús sitt geymsluskúr með flötu þaki þvínær, 10 álna langt og 5 álna breitt, og leyfði nefndin það, þó að tilskildu samþykki nágrettans að austan að svo miklu leyti húsið stendur í minni fjarlægð frá óbyggðri lóð nágrettans að austan en 5 álnir, en Sigfús Eymundsson samþykkti að húsið mætti byggja fast upp að hans óbyggðu lóð og verður þetta geymsluhús eigi að síður í meira en 10 álna fjarlægð frá húsi því, sem Sigfúsi hefir verið leyft að byggja með Vallarstræti.

Frekara eigi gert. Fundi slitið.

Eth. Jónassen Eiríkur Briem Ó. Finssen

Schierbeck Ó Rósenkranz Páll Melsted Helgi Helgason

Egilsson Sigfús Eymundsson © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1884 h. 10. Maí átti byggingarnefndin fund með sér í Kaplaskjóli og var þar þá fyrir tekið:

1. Jóni Jónssyni frá Pálsbæ á Seltjarnarnesi, er nú hefir fengið hér bæjarleyfi, var leyft að byggja bæ 12 álna l. og 6 álna breiðan fyrir vestan bæ Sveins Guðmundssonar og var öll sú lóð er honum var útmæld og sem er áföst við lóð Sveins 52 álnir frá Austri til Vesturs og $97\frac{1}{2}$ alin frá N. til S.
2. Rögnvaldi Teitssyni mæld út lóð 40 áln. frá A. til V. og 55 áln. frá N. til S. og þessari lóð leyft að byggja bæ með steinveggjum, er snúi eins og hinir bæjirnir í Kaplaskjóli nfl. göflum frá N. til S.
3. Árna Árnasyni mæld út lóð rétt fyrir austan lóð Jóns Þórðarsonar í Kaplaskjóli og áfast við hana 50 álnir frá N. til S. og 30 álnir frá A.-V. og á þessari lóð leyft að byggja bæ 12 álna l. og 6 álna breiðan.
4. Mæld upp lóð Pjeturs Jónssonar í Kaplaskjóli, er liggur rétt fyrir vestan lóð Jóns Þórðarsonar, lóðin öll er frá N. til S. $37\frac{1}{2}$ alin og frá A.-V. 25 álnir. Bærinn stendur á lóð þessari og er á lengd $12\frac{1}{2}$ alin og breidd $8\frac{1}{2}$ al., en frambærinn $12\frac{1}{2}$ al. og breidd $7\frac{1}{2}$ alin.
5. Mældur kálgarður er Jóh. Árnason í Móakoti hefir búið sér til í vetur hjá bæ sínum og var frá A.-V. $34\frac{1}{2}$ al. en frá N. til S. í eystra hornið (þ: að austanverðu) 35 aln. og vesturbliðin $22\frac{1}{2}$ alin. Svo var og Jóhanni leyft að hann mætti lengja bæ sinn til norðurs um 3 álnir.

Frekar eigi fyrir tekið.
Helgi Helgason Eth. Jónassen Ó. Finssen.

Ár 1884 hinn 21. Maí átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá fyrirtekið:

1. Jóni Ólafssyni ritstjóra mældur viðauki við lóð húss hans í Ingólfsstræti ("Eybórs-húss") að austanverðu 43 fet á langd og 5 fet á breidd (lengdin miðuð frá norðurhlið hússins). Einnig var honum leyft að byggja inngönguskúr $5\frac{1}{2}$ fet á hvern veg við norðurausturhornið á nefndu húsi og að mega lengja skúr þennan, ef honum svo sýndist með öllum austurgaflinum á húsinu. Þá var og sama manni leyft að byggja salerni syðst á lóð sinni 3 álna langt og 2 álna breitt á lóðartakmörkum og leyfði eigandi lóðæinnar fyrir sunnan Anna Guðmundsdóttir að hús þetta mætti standa fast upp að hennar lóð og er það þá í 5 álna fjarlægð frá norðausturhorni bæjar hennar, útaf þessari fjarlægð krefðist 1 úr nefndinni (Egilsson) því að það mundi eigi vera lögum samkvæmt að leyfa að salerni þetta stæði nær en 10 álnir frá Bjergarlóð, en hinir í nefndinni álitu að svo lítið hús, er hæglega mætti flytja eða rífa niður, ef eldur kæmi upp, ekki nauðsynlega þyrfti að standa í 10 álna fjarlægð frá húsum nágrannans, en Jóni Ólafssyni var tilkynnt það, að hann yrði að flytja salernið lengra inn á lóð sína, ef Amtið skyldi krefjast þess sem skilyrði fyrir að samþykkja útmælinguna, að hús þetta yrði sett í 10 álna fjarlægð frá húsi nágrannans.

2. Guðna Guðnasyni í Hallholti leyft að lengja bæ sinn til austurs um 4 álnir (breidd bæjarins er 8 áln.) og jafnframt að fara út kálgarð sinn til austnans um 4 álnir, verður kálgarðurinn þá að stærð frá N.-S. 24 álnir og austri til vesturs = 28 álnir.

Frekara eigi fyrir tekið. Fundi sagt slitið.

Eth. Jónassen	Eiríkur Briem	Ó. Finssen
Egilsson	Ó. Rósinkranz	Helgi Helgason

Ár 1884 hinn 14. júní átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá fyrir tekið:

1. Arnbirni Ólafssyni leyft að byggja inngönguskúr við suðurhlið húss hans í Þingholtsstræti og ennfremur mæld út lóð 20 álnir á lengd meðfram Þingholtsstræti suður af lóð þeirri, er hann þegar hefir þar fengið útmælda, sem náði áður 5 álnir suður frá húsi hans, þessar 20 álnir voru honum útmældar að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar og með því skilyrði að hann innan 2 ára hefði þar byggt íbúðarhús eigi minna en 10 álnir á hvorn veg.
2. Steindóri Jónssyni frá Grímstaðaholti mæld út lóð að vestanverðu við Klapparstíg fyrir sunnan Steinstaða-garðinn 25 álnir frá N. til S. og 30 álnir frá A.-V. og honum leyft að byggja þar með fram veginum hús 12 álna langt og 10 álna breitt snúi eins og hin húsin með veginum og standi í 5 álna fjarlægð frá honum.
3. Þórarini Þórarinssyni á Þórarinsstöðum í Skuggahverfi út mæld lóð 30 álnir í hvort horn að meðtöldu því rúmi er bær sá stendur á, sem hann er að byggja.
4. Kristjáni Guðnasyni á Akurgerði út mæld lóð undir kálgarð vestanvert við bæ hans 30 álnir frá norðri til suðurs og 40 álnir frá austri til vesturs.
5. Helga Teitssyni mæld út lóð í Hlíðarhúsalandi fyrir vestan lóð Jóhanns Guðmundssonar 30 álnir ~~í~~ í hvort horn og honum leyft að byggja hús 10 álnir á hvorn veg á þessari lóð í línu við hús Jóhanns Guðmundssonar.
6. Jóhanni Guðmundssyni frá Hól mæld lóð á Hlíðarhúsalandi með húsi því er hann þar hefir fengið leyfi að byggja þannig að öll lóð hans að meðtöldu rúminu undir húsi hans verði frá A.-V. 30 álnir og frá N. til S. 29½ alin.

Frekara eigi fyrir tekið. Fundi sagt slitið.

Ár 1884 hinn 5. áugust átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir að yfirvega hversu mikið gjald eigi að borga P.C. Knudtson & Sön fyrir hverja feralin af þeirri lóð, sem hann hefir látið bæinn fá af stakkstæði sínu fyrir austan hið stóra pakkhús sitt norðanvert við Hafnarstræti beint upp undan bryggju þeirri, sem hafnarsjóður hefir látið byggja í fjörunni. Svæði þetta er að stærð frá austri til vesturs 18 ál. og frá N. til S. 33 álnir og kom nefndinni saman um að mátulegt verð fyrir hverja fer-alin af þessari lóð væri 50 aurar og verður svo þessi uppástunga byggingarnefndarinnar borin undir samþykki Amtsins.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónassen Egilsson Helgi Helgason Ó Rósinkranz

Ár 1884 hinn 13. august átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Ólafi Þorkelssyni á Grund í Þingholtum mæld út lóð og er hún frá N. til S. 21 alin og frá A. til V. 30 álnir að meðtöldu því plázi er hús hans stendur á (sjá fund 31. janúar þ.á.) .
2. Guðrúnu Jónsdóttur á Bergi leyft að byggja steinhús 11 álna langt og 8 álna breitt að nokkru leyti á eigin lóð í beinni stefnu suður af húsi Sigurðar Hanssonar, eiga gaflar á því húsi að snúa N. og S.
3. Hannesi póst Hanssyni í Steinsholti eystra eptir beiðni í bréfi dags. 1. september f.á. mæld út lóð í holtinu fyrir ofan og sunnan bæ hans. Austurendin á þessari lóð er úr stórum steinum við Balds-stíg er ber beint í annan stóran stein það norður af og í lítið tóptarbrot fyrir vestan Valgarðsbæ og svo þaðan beint í grjótgarðinn sem takmarkar lóð Guðrúnar á Bergi að sunnan. Útmæling þessa, sem byggingarnefndin stingur upp á að verði til erfðafestu með vanalegum kjörum, heyrir undir bæjarstjórnina að samþykkja. Þess skal getið að Svæði þetta er á Tengja

frá N. til S. austast 132 áln. og í norðurenda frá A. til V. 20 álnir og í suðurendann hér um bil 28 álnir.

4. Mæld út á lóð hins nýja sjúkrahúss lóð undir útihús (líkhús etc.) 10 álna langt og 8 álna breitt sem á að standa austast á lóð sjúkrahússins jafnhliða sjúkrahúsinu 1 alin frá vesturendanum á kálgarði Zakkaríusar Árnasonar á Bergi, er var viðstaddur og samþykkti að hús þetta mætti byggja svo nærri lóð hans, sem nú var sagt.

5. Torfa Þórðarsyni tómt húsmanni leyft að byggja hús á Hlíðarhúsalandi fyrir vestan, lóð þá er Helga Teitssyni hefir verið mæld þar út, mál á því húsi er óákveðið ennþá, en öll lóðin sem hann fær er frá Austri til Vesturs 30 álnir og frá N. til S. 30 álnir og ber þá vesturendinn á lóðinni í beina línu við vesturgaflinn á Ámunda-húsi þar fyrir ofan.

6. Sigurði Sigurðssyni frá Bræðraborg leyft eftir beiðni hans dags. 16. júní þ.á. að byggja hús vestast í ofangreindri húsaröð þannig að vesturendinn á lóð hans sem er 30 áln. í hvort horn sé 40 álnir frá austurröndinni á vegi þeim, sem frá Hlíðarhúsvegi liggur til norðurs að Bakkabæjar-vatnsbóli.

Frekara eigi fyrirtekið.

Fundi sagt slitið.

Helgi Helgason Ó. Finsen Egilsson

Ó. Rósinkranz Eth. Jónassen

Viðstaddur aðeins
nr. 1 - 4

Eiríkur Briem

Ár 1884 h. 25. ágúst var fundur haldinn í bygginganefnd Reykjavíkur og var þar þá tekið fyrir að

1. ákveða stefnu á húsi því er konsul M. Smith var leyft að byggja 11. júní f.á. á stakkstæðinu fram undan "Hótel Alexandra", og var nú svo ákveðið af nefndinni að austurendinn á húsi þessu stæði jafnlangt niður í fjöruna og kola-hús það er nú stendur á lóð konsúlsins austanvert við ganginn ofaná bryggju hans, og jafnframt skyldi hús þetta ganga til vesturs í réttu hlutfalli við bugðuna er væri á gætandi fyrir ofan (Hainarstræti).

2. Kon nefndin saman á lóð trésmiðs Runólfs Sigurðssonar í Stöðlakoti, er beiddist að mega byggja á lóð sinni milli húsa Jóns bókarvarðar Árnasonar að sunnan og prestaskólakennara Eiríks Briem að norðan hús er sneri gaflinum út að götunni, 8 álna breitt og 12 álna langt, er að hafi gaflinn þannig lagaðan að hann líti út eins og framhlið á húsi. Svæðið á milli nefndra tveggja húsa er að neðan (vestast) 28 $\frac{3}{4}$ al. en austast 25 álnir, verða því frá eystri enda hússins (austur-gaflinum) 8 $\frac{1}{2}$ al. beggja vegna til húsa nágrannans og vill bygginganefndin með sérstaklega tilliti til að annað (sýðra) nágrannahúsið er steinhús, leggja það til að Runólfur ~~xxx~~ fái að byggja hús eins og hann hefir beðið um, það skal tekið fram að þetta fyrirhugaða hús á að verða með bindingi úr timbæri .

Frekara eigi fyrir tekið.

Helgi Helgason

Fundi slitið.

Ó. Finsen

Ó. Rósenkranz
Ósamp.m.No.1

Eth. Jónassen

Eiríkur Briem.

x) ÁR 1884 hinn 29. apríl kom byggingarnefndin saman hjá húsi Kristínar ekkju Bjarnadóttur til þess eptir beiðni kaupmanns Þorláks Ó. Johnsen að mæla honum þar út undir hús, er hann ætlar til fjóss og hey-hlöðu. Byggingarnefndin leyfði honum að byggja þetta hús sunnan til ígarðinum fyrir vestan nefnt hús Kristínar Bjarnadóttur áfast við skúr á lóð nágrannans að sunnanverðu (síra Helga Hálfðanarsonar), en ef það eigi gæti orðið, þá yrði húsið að standa í lögskipaðri fjarlægð frá húsi nefnds nágranna. Stærð hússins giskaði Þorlákur Johnson yrði 8 álnir á lengd og 7 á breidd en það mælt síðar.

Fleira eigi gert. Fundi slitið.

Helgi Helgason Egilsson Eth. Jónassen Ó. Finsen

Ó. Rósenkranz

x) Þetta hefir gleymsst að færa inn að framan.

x) Ár 1884 hinn 10. júlí var eftir beiðni frá Sigurði Jónssyni smíð fundur haldinn af byggingarnefndinni hjá húsi hans í Vallarstræti. Mættir voru þar auk formannssins Helgi Helgason og Ó, Rósenkranz. Var Sigurði leyft að byggja skúr með nær því flötu þaki syðst á lóð sinni áfastan geymsluskúr Schierbecks þar fyrir sunnan 10½ al. á lengd og 3 alm. á breidd og einnig var honum leyft að byggja útigönguskúr á suð vesturhorninu á húsi sínu 2 álnir á hvern veg, er sé kræktur að húsinu, með því eigi er fullkomlega 10 álnir frá honum að skúr þeim, er syðstur er á lóðinni uppað skúr nágrannans.

Fleira eigi gert. Fundi slitið.

Eth. Jónassen Ó. Rósinkranz

x) Þessi fundur var af
vangá bókaður of seint
Eth.J.

Ár 1884 hinn 23. september átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Einari Ólafssyni leyft að byggja bæ í Þingholtum með steinveggjum á milli bæja Sig. Bjarnasonar og Ólafs Þorkelssonar 12. áln. á lengd og 8 áln. á breidd, á þær þessi að snúa eins og nefndin þeir.
2. Magnúsi Þórðarsyni á Litlabergi synjað um lóð þá er hann biður um í bréfi 18/8 með því nefndinni þótti/fallegt húsastæði, en hann vildi fá lóðina til kálgarðaræktunar.
3. Ísaak Ingimundssyni í Klapparholti var leyft að byggja hesthús utanvert við norðaustur hlið á kálgarði hans með því skilyrði að hann yrði að taka það burtu, ef það kæmi í bága við síðari útmælingu undir hús.
4. Lagt fram bréf frá Jóni Símonarsyni dags. 17. júní þ.á. áhr. útmælingu undir hús í túni Einars Jónssonar fyrir sunnan hús vitavarðarins. Nefndinni kom saman um að ekki væri hægt að mæla út þetta húsastæði fyrr en afstungin væri sú framlenging upp yfir hús Einars sem fyrirhuguð er á götunni er gengur

frá Læknum upp að Stöðlakoti.

5. Trésmið Runólfi Sigurðssyni leyft að byggja hús 12 álna langt og 10 álna breitt í kálgarði sínum við Stöðlakot fyrir sunnan hús Jóhannesar Oddssonar, í 10 álna fjarlægð frá húsum nágrannanna, en frá þessu húsi norðaustanverðu er eigi nema $9 \frac{3}{4}$ al. upp að bæ Runólfs sjálfs, er hann á og hann kveðst rífa nú hið fyrsta.

6. Mældi byggingarnefndin upp lóðina frá suðurenda Klapparvegur að austanverðu ofan að bæ Magnúsar Einarssonar og reyndist hún vera 49 álnir frá norðurhlið á húsi því er Hermann Andrés-son er að byggja, (Mitt) á milli bæjar Magnúsar og húss Hermanns var Steindóri Jónssyni samkvæmt beiðni hans í bréfi hans 19.p.m. leyft að byggja 12 álna langt og 10 álna breitt hús, að öðru leyti var lóðinni skipt þannig að Steindórskyldi eiga norður fyrir hús sitt $14 \frac{1}{2}$ alin + 5 áln. (=9 álnir), en suður fyrir $9 \frac{1}{4}$ álnir og Hermann einnig $13 \frac{1}{4}$ al. norður fyrir hús sitt.

7. Þórði Zoëga á Hlíðarhúsavegi leyft að byggja pakkhús á eigin lóð 8 álna langt og 6 álna breitt.

8. Stefáni Þórðarsyni á Hlíðarhúsavegi leyft að byggja hús 10 x 10 vestanvert við hús Gunnars Gunnarssonar norðanvert við Hlíðarhúsaveg og var öll sú lóð er honum var útmæld meðfram Hlíðarhúsaveginum frá A. til V. 25 álnir og frá N.-S jafnlangt niður og hinir aðrir búendur norðanvert við Hlíðarhúsavegin hafa fengið.

9. Árna Jónssyni í Ráðagerði á Selsholti leyft að byggja hjall á eigin lóð fyrir austan hús sitt 6 álna langt og 5 álna breiðan.

10. Halberg leyft að byggja skúr við suðurhlið á hótelli sínu 5 álna langan og $3 \frac{3}{4}$ al. breiðan.

Fundi sagt slitið.

Eiríkur Briem Eth. Jónassen Ó. Rósinkranz Egilsson

Ár 1884 hinn 24.sept. átti byggingarnefndin fund með sér. Var þá fyrirtekið eftir beiðni frá faktor Ólafi Ámundasyni fyrir hönd stórkaupmanns J.P.T.Bryde dags. ígær að mæla út grunn undir framlengingu á sölubúð hans að norðanverðu við hafnarstræti 8½ alin til austurs fast að stakkstæði verzlunar Símons Johnsens, og var herra Steingrímur Johnsen viðstaddur þessa útmælingu og lýsti yfir því, að ekkja Símonar Johnsen leyfði að Bryde mætti byggja fast að nefndu stakkstæði. Að því þvínæst Bryde vill nota lóðina fyrir norðan sölubúð sína á móti fjörunni þá var það leyft að hann að vísu mætti girða hana, en svo framarlega sem bæjarstjórnin, eins og talað hefir verið um, skyldi vilja heggja götur austur eftir milli fjörunnar (sjáfarins) og stakkstæða þeirra er nú eru, eða eftir stakkstæðunum, er nú eru, úr sundinu, sem nú er fyrir norðan hina umgirtu lóð kaupmanns Brydes og Brygjuhússins, þá yrði Bryde að láta af hendi endurgjaldslaust þá lóð, er hann nú fær fyrir norðan hina núverandi lóð sína í fjörunni.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi sagt sliðið
Eth. Jónassen Eiríkur Briem Ó. Rosinkranz Egilsson Ó. Finsen

Ár 1884 hinn 9.október átti byggingarnefndin fund með sér og var þá þar tekið fyrir eftir beiðni frá Þórði Markússyni frá Þormóðsstöðum að mæla honum út lóð austanvert við hinn nýja veg er liggur frá Görðunum og norður á Melana, til þess að byggja þar hús úr steini og til túnræktunar. Nefndin stakk uppá því að 40 álna breið spilda væri látin vera auð meðfram greindum vegi að austanverðu, ef menn síðar kynnu að vilja byggja hús með þessum vegi, en að Þóðrur mætti fá í 5 álna fjarlægð frá þessum 40 áln. 70 áln. til austurs og svo frá N. til S. 120 áln. eða lóð ofan undir (3: í 5 álna frá) þann veg sem menn hafa hugsað sér með tímanum búinn til fyrir sunnan húsin á Grímsstaðaholti og austur eftir allt að Skiðdinganes-veginum. Útmæling þessi liggur undir samþykki

bæjarstjórnarinnar.

Frekara eigi tekið fyrir.
Fundir sagt slitið.

Egilsson Eth. Jónassen Helgi Helgason Ó. Rosinkranz

Ár 1884 hinn 1. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér og var þá fyrirtekið:

1. Jóhannesi Jónssyni snikkara í Kirkjugarðsstræti leyft að byggja geymsluhús fyrir vestan hús sitt 9 álna langt og 9 álna breitt, og ennfremur salerni 4 álna l. og 2 álna br.
2. Magnúsi Ólafssyni trésmið leyft að byggja geymslu- og smíðahús í Grjóta fyrir vestan íbúðarhús sitt 12 álna l. og $9\frac{1}{2}$ álna breitt, á hús þetta að snúa göflum austur og vestur og má eigi standa lengra fram að Grjótagötu en í beina línu við íbúðarhús Magnúsar Ólafssonar. Einnig áskildi byggingarnefndin að hús þetta eigi stæði nær lóð nágrannans fyrir sunnan (yfirdómara L.E. Sveinbjörnssonar) en í 5 álna fjarlægð.
3. Einari Einarssyni mæld út lóð 5 álnir í norður og 5 áln. í suður frá húsi hans vestanvert við Bræðraborgarstíg og auk þess þríhyrning fyrir vestan húsið 3 álnir.
4. Markúsi skipherra Bjarnasyni leyft að byggja skúr sunnanvert við hús sitt í Læknisgötu, $3\frac{15''$ áln. langt og $5\frac{1}{2}$ áln. br.
5. Magnúsi Guðnasyni leyft að byggja skúr á suðurhlið húss hans við Skólavörðuveg á l. 3 aln. 21 þuml. og á breidd $4\frac{1}{2}$ al.
6. Gunnari trésmið Gunnarssyni leyft að byggja skúr við norðurhlið húss þess, er hann er að byggja við Vegamótabrú $2\frac{1}{2}$ al. á lengd og 3 áln. á breidd.
7. Helga trésmið Helgasyni leyft að byggja ofan á hús sitt í Þingholtsstræti og að breiðka það um $1\frac{1}{2}$ alin.
8. Guðmundi Einarssyni við Steinstaðastíg leyft eftir beiðni hans í bréfi dags. 15. f. m. að lengja hús það, er hann á þar, um 4 álnir til norðurs, eru þá eftir 15 álnir að næsta húsi og þannig nægilegt bil milli húsa.

9. Eptir skriflegri beiðni Sigurðar Bjarnasonar dags. 13. f.m. var fyrir tekið að mæla út plázz undir kálgarð við bæ hans í Þingholtunum. Var þá þessum bæ og bæ Guðlaugs Þorsteinssonar, sem er áfastur við bæ Sigurðar, mælt út frá n. til s. 30 álnir og a.-v. 35 álnir og er ætlast til að bæirnir eigi norður fyrir sig 5 áln. og austur fyrir sig í línu við lóð þá er búið er að mæla Ólafi Þorkelssyni fyrir norðan hann, en vesturröndin á þessari lóð á að vera í 5 álna fjarlægð frá lóð þeirri er fylgir hinum svonefnda Valgarðsbæ.

Frekara eigi fyrirtekið.
Fundir sagt slitið.

Eth. Jónassen Ó.Finsen Ó. Rósinkranz Helgi Helgason

Ár 1884 h. 21.nóvember átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. beiðni dags. 19.p.m. frá Ole Joh. Haldorsen um að fá útmælingu undir hús fyrir vestan hina nýju bryggju að lengd 29 áln. og 14 áln. á breidd, var neitað þar eigi þar var pláz nægilegt fyrir svo stórt hús.
2. timburkaupmanni Endresen leyft að byggja hús á eigin lóð fyrir norðan og neðan íbúðarhús það, er hann ætþar að byggja á grunn þann er hann hefir látið búa til norðanvert við Læknisgötu fyrir vestan hús Skaus. Á hús þetta að vera geymsluhús að lengd 9 áln. og breidd 12 áln. og sem næst að standa í línu við hús Benedikts Ásgrímssonar þar fyrir vestan þannig að suður-endi húss þessa eigi gangi lengra upp eptir en suðurhliðin á húsi Benedikts.
3. trésmið Geiri Zoëga leyft að byggja hús 15 álna langt og 12 álna breitt í túni því sunnanvert við Hlíðarhúsastíg, er faðir nefnds trésmiðs Jóhannes Zoëga hefir til erfðafestu af bænum með því greindur faðir beiðandans hafði samþykkt að þessi útmæling, að því hann snerti, mætti fram fara. Nefndin mældi þá norðast og vestast í túni þessu í 5 álna fjarlægð frá

grjótgarðinum, er girðir tón þetta vestanvert, út lóð handa G. Zoëga 28 áln. frá N. til S. og 32 áln. frá A. - V. og er ætlast til að húsið snúi eins og hin húsinn er búið er að byggja sunnanvert við þennan veg og standi í línu við þau. Þessi útmæling liggur að öðru leyti undir samþykki bæjarstjórnarinnar.

4. Runólfi í Steinbæ leyft að byggja timburhús í neðri húsa-röðinni fyrir norðan Hlíðarhúsaveg fyrir vestan lóð Torfa Þórðarsonar (sjá fund 13.ág.) og var lóð sú er honum var útmæld 30 álnir í hvort horn og verður húsið að standa í línu við hús þau fyrir austan og vestan það sem búið er þegar að mæla út. Stærð hússins verður síðar ákveðin.

5. Skúla Jónssyni tómhúsmanni leyft að byggja steinbæ 10 álna lang. og 8 álna breiðan fyrir austan Bræðraborgarveg, er hann verður framlengdur til suðurs fyrir norðan túngarðinn á Þorgrímsholti þó þannig að á milli bæjar þessa og bæjana fyrir vestan þessa nefndu fyrirhuguðu framlengingu Bræðraborgarveg- arins séu 20 álnir og að bæ Skúla standi 5 álnir frá vegi þessum. Áskilið var að veggirnir undir þessum bæ væru (undir) steini, lagðir í kalk, en eigi byggðir úr torfi og grjóti.

6. Bergþóri skipstjóra Þorsteinssyni leyft að byggja timburhús að vestanverðu við Klapparstíg fyrir norðan bæ Þórðar Stefáns- sonar og var svæði það sem honum var útmælt 25 álnir með fram greindum stíg frá n-s og 28 álnir frá a-v. og skyldi húsið standa í 10 álna fjarlægð norður af bæ Þórðar og í 5 álna fjarska frá Klapparstíg í línu með þeim húsum er búið er að byggja að vestanverðu við veginn.

Fleira eigi fyrir tekið.

Fundi slitið.

Helgi Helgason Eth. Jonassen Ó. Finsen Egilsson Ó. Rósinkranz

1885. -

Ár 1885 h. 25. marz átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Kaupmaður Sigurður Magnússon hafði í bréfi dags. 23. p.m. beiðst þess að hann mætti byggja upp að nýju sölubúð sína í Læknisgötu tvíloptaða á sama stað og hún stendur aðeins með þeirri breytingu að hún yrði 24 aln. á lengd í staðinn fyrir nú 25 áln. og 1 alin breiðari en hún nú er eða 14 álm. Byggingarnefndin gat eigi fallizt á þessa beiðni, en vildi láta víkja við húsinu þannig að gatan fyrir framan það gæti breiðkað og húsið lagaði sig eptir bugðu þeirri sem á götunni er, en vegna þess Sigurður kaupmaður ekki var heima og Björn Kristjánsson faktor hans, er mættur var við gjörð þessa fyrir hans hönd, ekki áleit sér heimilt að víkja frá beiðninni, var frestað að gera endilega út um mál þetta unz Sigurður kaupmaður sjálfur gæti verið til staðar. (dags. 9. p.m.)
2. Beiðni kaupmanns P. Ó. Johnson um að fá að byggja upp frá nýju norðurhlutann af pakkhúsi því, sem stendur inni í garðinum fyrir sunnan sölubúð hans í hafnarstræti, var neitað fyrir þá sök að það stendur nú nær húsum verzlunar P. C. Knudtson & Sön en lögin ákveða, en byggingarnefndin lét það álit sitt í ljósi að ekki yrði Þorláki neitað um að færa vesturhliðina á þessu pakkhúsi út innan í garðinn á hans eigin lóð, eins og hann þá gerði ráð fyrir, en jafnframt því er nefndin latti hann þessa þá tók hún það fram að hann þá að öðru leyti ekki mætti breyta þessu gamla pakkhúsi sínu. Benti nefndin Þorláki á hvernig henni virðist hentugast að breyta fyrirkomulaginu á pakkhúsi hans, er hann sagðist þurfa að byggja upp, en hann kveðst mundi yfirvega það nákvæma. Var því ekkert endilegt út gert um mál þetta að sinni.

Helgi Helgason Eih. Jónassen Björn Jónsson Ó. Finssen
Ó. Rósinkranz Eiríkur Briem.

Ár 1885 hinn 27.marts kom byggingarnefndin saman sunnanvert á túni Einars Jónssonar snikkara við hús Arnbjarnar Ólafssonar. Var þá tekið fyrir:

1. Trésmið Guðm. Magnússyni var leyft að byggja hús 12 álna langt og 11 álna breitt fyrir sunnan hús og lóð Arnbjarnar Ólafssonar þannig að hann eigi má hafa norðurgaflinn á þessu nær húsi Arnbjarnar Ólafssonar en í 38 álna fjarska (nl. fyrst lóð Arnbjarnar 25 áln. suður frá húsi hans, svo 8 áln. plázz ætlað fyrir fyrihugaða framlengingu á veginum - frá læknum upp að Stöðlakoti allt upp að Þingholts-stræti + 5 áln. fyrir sunnan þennan fyrirhugaða veg) og á hús þetta að standa í beina línu við hús Arnbjarnar og hin önnur hús neðanvert við Þingholts-stræti. Að öðru leyti var beiðandanum tjáð að útmæling þessi lægi undir samþykki bæjarstjórnarinnar og er beiðandinn, ef bæjarstjórnin samþykkti útmælinguna og síðan Amtið, þá yrði beiðandinn fyrir lóðina að gjalda eiganda túnsins Einari Jónssyni fyrir hana eptir mati óvilhallra manna, nema ef þeir sjálfir gætu komið sér saman um verð fyrir hana. Einnig var það tekið fram við beiðandann að hann eigi mætti láta hús þetta standa nær túni Jóns Árnasonar fyrir sunnan það en í 5 álna fjarlægð, nema Jón gæfi leyfi til þess að það mætti vera nær túni hans. Beiðni Guðm. um útmæl. dags. 18/2' 85.
2. Nikulási Sigvaldasyni þakkvæmt beiðni 1.Dec. f.á. leyft að fá lóð þá er Þorsteini Bjarnasyni áður hefir verið útmæld (sjá fund 19.september 1883) en er Þorsteinn aptur hafði afsalað sér fyrir norðan steinhús Jónasar Guðbrandssonar í Þingholtum og suður af Bergstaðaveginum að norðanverðu. Hús það er Nikulás þar vill byggja úr steini er áformað að

verði 9 x 7 álnir.

Frekara eigi gert.
Fundi slitið.

Eth. Jónassen Björn Jónsson Ó. Finssen Eiríkur Briem
Helgi Helgason

Ár 1885 hinn 7. apríl kom byggingarnefndin saman hjá verzlunar-
húsum J.P. Bryde í hafnarstræti. Faktor Ólafur Ámundason beiddist
~~þá fyrir hönd greinds~~ þá fyrir hönd greinds J.P.T. Bryde- stórkaupmanns sam-
þykkis byggingarnefndarinnar til þess að hann mætti lengja sölu-
búð sína í viðbót við það, sem honum var leyft 24. sept. þ.á.
um 6 álnir inn á stakkstæði verzlunar Steingríms Johnsens, en
þessa lóðarspildu hafði hann keypt af Johnsen. Hið umbeðna var
samþykkt af byggingarnefndinni.

Fundi slitið.

Eth. Jónassen Björn Jónsson Ó. Finssen Helgi Helgason
Ó. Rósinkranz.

Ár 1885 hinn 10. apríl var fundur haldinn af byggingarnefndinni
og var þá fyrir tekið:

1. Jens Jóhannessyni útmæld lóð í holtinu austur af Vegamótabrú
frá N.-S. 35 áln. og A.-V. 28 áln. milli húsa Þorsteins
Narfasonar og Guðna Guðnasonar og var honum á þessari lóð
leyft að byggja steinhús sem sé að stærð 8 x 6 álnir og standi
í línu við nefnd 2 hús í 10 álna fjarlægð austur af því fyrr-
nefnda húsi og snúi eins .
(Skuggahverfi)
2. Jóni Arnljótssyni (í Hlíð) leyft að hann mætti stækka
kálgarð sinn með því að færa austur-vegg hans út um 6 álnir.
3. Gísla Björnssyni við Steinstaðastíg eptir beiðni hans leyft
að byggja við norðurhúsenda á íbúðarhúsi hans þar, sem er
9 álna breitt, geymsluskúr 4 ál. á lengd.

Frekara eigi gert.
Fundi slitið.

Helgi Helgason
Eth. Jónassen Björn Jónsson Ó. Finssen Ó. Rósinkranz

Ár 1885 hinn 17.apríl kom byggingarnefndin saman hjá húsum bakara Bernhöfts í Ingólfsbrekku samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 11.p.m. og var honum þá leyft að byggja viðbót við norður-enda hússisins út að Bakara-stígnum $7\frac{1}{2}$ al. á lengd og jafnbreitt húsinu, er hann ætlar fyrir brauðsölubúð. Er svo til ætlast að 5 álna bil verði frá syðri rennu-hliðinni fyrir norðan viðbót þessa að norðurhlið hússins eins og það nú verður eptir þessa fyrirhuguðu stækkun þess.

Frekara eigi gert. Fundi slitið.

Eth. Jónassen Ó. Finsen Eiríkur Briem Björn Jónsson Ó.Rosinkranz

Ár 1885 hinn 27.apríl var fundur haldinn af byggingarnefndinni eptir áskorun frá formanni nefndarinnar í fundarboði sama dag.

1. Byggingarnefndin kom þá saman hjá húsum kaupmanns J.P.

Bryde í Hafnarstræti til þess að skoða byggingu þá, er hann er að láta reisa við austurenda sölubúðar sinnar þvert fyrir austurgafli hennar tvíloptaða, en með því hann aðeins hjá nefndinni og Amtinu hafði fengið leyfi til að "framlengja til austurs" sölubúð sína en ekki til þess að byggja byggingu eins og nú er orðið, þvert fyrir austurgafli sölubúðar sinnar, þá var nefndin í einu hljóði á því að ekki mætti halda áfram að fullgera þessa byggingu í því formi, sem byrjað er, og bannaði því formaður byggingarnefndarinnar faktor Brydes Ólafi Ámundasyni að svo stöddu að láta halda áfram byggingunni unz hann þartil hefði leyfi byggingarnefndar og Amtsins.

2. Nefndin kom saman á lóð kaupmanns Sigurðar Magnússonar

í Læknisgötu (sjá fund 25.marz þ.á.) til þess nákvæmar að ákveða hvernig hús það er hann ætlað að byggja eigi að standa og var þá samþykkt að hann mætti byggja tvíloptað hús af greindri stærð (sjá fund 25/3), en húsið skyldi liggja með götunni þannig að útnorðurhorn hússins færist út, en landsuður horn þess inn, svo að húsið þar að eins verður í 3 álna fjarlægð

frá óbyggðri lóð herra Egilsons, sem þartil hefir gefið samþykki sitt. Einnig á landnorður-horn hússins að vera sneitt og engin trappa frá inngöngudyrunum út á götuna, heldur að eins lágur steinn og trappan svo að vera inn í sneiðingunni.

Fleira eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

Eth. Jónassen Björn Jónsson Ó. Rósinkranz Ó. Finsen
Sigurður Magnússon Eiríkur Briem Helgi Helgason

Ár 1885 hinn 2.maí kom byggingarnefndin saman hjá húsum kaupmanns J.P.T.Brydes eptir skriflegu fundarboði formanns til þess að ákveða hvernig bygging sú, er þar er værið að byggja, eigi að vera með því að áframhald hennar var stöðvað af byggingarnefndinni 27.f.m. (sjá fund s.d.). D. Petersen yfirfaktor Brydes verzlunar, sem síðan er kominn hingað til bæjarins beiðdist þess að byggingin mætti snúa, eins og búíð er að reisa hana, með gafla til norðurs- og suðurs, en bauðst um leið til þess að láta gera þá breytingu að sneiða skyldi af enda beggja gaflanna efstu hornin á þakinu svo þakið gengi upp skáhallt frá hanabjálkanum. Á þessa beiðni Petersens vildu 2 af byggingarnefndinni fallast með sérstaklegu tilliti til þess að Bryde er innan skamms hin gömlu pakkhús hans yrðu byggð upp að nýju, hús, er svaraði til þessara nýju byggingar, vestanvert við sölubúðina yrði reist eins og þetta, er nú væri verið að byggja austanvert við búðina, þannig að fullkomin samkvæmni ("symmetri") kæmi fram í allri byggingu verzlunar Brydes norðanvert við Hafnarstræti. Kvaðst Petersen vilja styðja að þessu við Bryde en tók það þó fram að honum eigi væri heimilt að gefa neitt slíkt loforð. Hinir aðrir 4 meðlimir nefndarinnar vildu eigi samþykkja framskrifaða beiðni Hr. Petersen, en kröfðust þess að sperrunum á hinu reista húsi yrði snúið við svo að gaflarnir sneru austur og vestur eins og á hinni gömlu sölubúð þannig að þessi nýja bygging yrði "framlenging" af henni til austurs, eins og hefði verið beðið um upprunalega og bæði nefndin og

antið hefði samþykkt, en leyfði jafnframt að Bryde mætti byggja kvist eða framskot á suðurhlið þaksins til þess að geta haft þar efst uppi vél eða hjól til að vinda upp góz með uppá loptin í húsinu. Petersen yfirfaktor voru tjáð þessi úrslit nefndarinnar um hvernig haga ætti áframhaldi á byggingu nefnds húss.

Frækara eigi fyrirtekið. Fundi slitið.
Helgi Helgason Björn Jónsson Ó. Finsen Eth. Jónassen
Eiríkur Briem Ó. Rosinkranz

Ár 1885 hinn 4. maí kom byggingarnefndin saman og var þá tekið fyrir:

1. Þorl. Ó. Johnson kaupmanni var leyft að lengja norður eptir (inn í garð hans) part þann af hinu gamla pakkhúsi á austanverðri lóð hans, er byggði upp í fyrra þannig að hús þetta alls verði á lengd frá N. til S. $14\frac{1}{2}$ al. og á breidd 9 áln. og 17 þumlungar, einnig var honum leyft að byggja hús þetta tvíloftað, en láta þakið á báðum gólfum vera sneitt frá veggjum svo það liti líkt út og þakið á nýja barnaskólanum.
2. Docent séra Helga Hálfðánarsyni leyft að byggja á eigin lóð fyrir norðan íbúðarhús sitt á Arnarhólslóð geymsluhús fyrir hey 8 álna langt og 6 álna breitt og er svo til ætlast að gaflar á húsi þessu snúi norður og suður og vesturhlið þess standi í beinni línu við vesturgافل á íbúðarhúsi séra Helga, en gangi ekki lengra fram.

Fundi slitið.
Eth. Jónassen Helgi Helgason Björn Jónsson
Eiríkur Briem Ó. Finsen

Ár 1885 hinn 8. Maí átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

Herra alþingismanni Egilson samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 5.p.m. leyft að byggja timbur-geymsluhús á lóð kalkofnsins á

Arnarhólslóð 18 álna langt og 14 álna breitt, rétt upp af Lækjarósnum, er skyldi snúa göflum frá N.-S. og liggja með vegi þeim eða stíg, er gengur austanvert við Lækjarósinn út og norður að Kalkofninum. Þess skal getið að Egilson tjáði byggingarnefndinni að hann hefði leyfi landshöfðingjans sem lóðarumráðanda til þess að mega láta byggja á greindum stað.

Frekara eigi gert, fundi slitið.

Eth. Jónassen Helgi Helgason Björn Jónsson

Ár 1885 hinn 19. Maí átti byggingarnefndin fund með sér og var þá tekið fyrir:

1. Guðmundi Jónssyni tómthúsmanni á Brekku var útmæld lóð fyrir vestan Bakkastíg 25 álnir frá N.-S. með fram götunni á lengd, en á breidd frá austri til vesturs 41 alin, og er efri endi lóðarinnar aðeins $18\frac{1}{2}$ alin á lengd frá N. til S. Á þessari lóð leyfir byggingarnefndin að Guðmundur megi byggja Steinhús (steinbæ) með jarnþaki, er sé 11 álna langt og 7 álna breitt, í 10 álna fjarlægð suður af bæ Hans Gísla Jónssonar þannig að af þessu 10 álna millibili tilheyri 3 áln. Guðmundi en 7 álnir Hans, milli suðurenda/loðar þeirrar og Garðahúsastígs er ætlast til að séu 2 álnir, sem bærinn eigi vill afsala sér, þarð í ráði er að breiðka með tímanum þennan stíg.
2. Helga trésmið Helgasyni var leyft á eigin lóð í Þingholtsstræti að byggja áfast við suðurgafli smíðahúss síns fjós úr timbri 4 álnir á hvern veg, hafa nágrannarnir bæjarfógeti E. Th. Jónassen og M. Stephensen samþykkt að þús þetta megi byggja fast upp að þeirra lóð. Meira var eigi gert.

Fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen Helgi Helgason Björn Jónsson Eiríkur Briem

Ó. Finsen Ó. Rosinkranz

Ár 1885 hinn 20. júní-mánaðar hélt byggingarnefndin fund með

sér og var þá þar tekið fyrir:

1. Eftir beiðni dags. 19.júní var Torfa Þorgrímssyni prentara á eigin lóð við Skólavörðustíg leyft að byggja fyrir vestan og neðan hús sitt hús 14 álna langt og 10 álna breitt. Allt plázið milli húss Torfa nú og næsta húss fyrir vestan það, sem er steinhús Magnúsar Guðnasonar, er að lengd 29 álnir, eru þá 19 álnir er Torfi getur byggt á, en hann óskar að þetta nýja hús, er hann nú hefir í áformi að byggja æð eins sé í 5 álna fjarlægð frá hans eigin húsi og sökum þess að svo er til ætlast að hið nýja hús verði verksmiðja, þar sem farið verður með eld, áleit meiri hluti byggingarnefndarinnar það réttast að láta það vera komið undir úrskurði Amtsins hvort Torfi hefði leyfi til að byggja á fyrr sagðan hátt eða ekki, þaræð þeir voru í óvissu um, hvor væri skilningur laganna um millibilið.
2. Sigurði Árnasyni trésmið í Þingholtsstræti leyft samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 26.f.m. að lengja hús sitt til suðurs um 5 álnir. Kvaðst hann hafa leyfi Jóns Árnasonar bókkavarðar til þess að mega byggja nær lóð hans (: túni hans) en í 5 álna fjarlægð.
3. Var lagt undir álit byggingarnefndarinnar bónarbréif sem Landshöfðinginn yfir Íslandi hafði lagt fyrir byggingarnefndina frá herra alþingismanni Egilson fyrir hönd skipherra Christjánsen um að mega byggja papp-pak á geymsluhús, er hann hér hafi byggt. Byggingarnefndin vill þá taka það fram að tilskip. 14.febr. 1874 § 8 ljóslega sýni að pappapak eigi er talið eldfast pak og þar sem byggingarnefndin þess vegna eigi álitur æskilegt að slík þök, þó ekki sé nema á útihúsum, verði hér upp tekin, getur hún ekki né vill leggja það til að Christjánsen timburkaupmanni verði leyft að leggja papp-pak á geymsluhús það, sem hann er að byggja, endþótt hús þetta standi mjög afskekkt, að minnsta kosti eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár.

Að því er snertir það atriði í bréfi Egilsons að gerð muni verða fyrirspurn til "Kjöbstæðernes Brand-forsikkring" viðvíkjandi því hvort, "Steen-tagpap" sé eldfastur álitinn, þá það brunamálastjóri Ó. Finsen bókað að hann eigi hefði lofað að gera slíka fyrirspurn, en að hann hefði sagt við hlutaðeigendur að þeir gætu sjálfir gert þá fyrirspurn, ef þeir vildu.

Frekara eigi fyrir tekið. Fundi sagt slitið.
Helgi Helgason Ó. Rosinkranz Ó. Finsen E.Th. Jónassen

Ár 1885 hinn 6. júlí var haldinn fundur af byggingarnefndinni og var þar þá tekið fyrir:

Kristjáni bóksala Þorgrímssyni var leyft að lengja til suðurs pakkhús sitt, er stendur á hans eigin lóð, um 10 álnir (breidd þar eru 8 álnir).

Frekara eigi gert. Fundi slitið.
Helgi Helgason E.Th. Jónassen Ó. Rósinkranz Ó. Finsen

Ár 1885 hinn 17. júlí var fundur haldinn af byggingarnefndinni og var þar þá tekið fyrir:

1. Eftir beiðni bæjarstjórnarinnar var mælt út pláz syðst á barnaskólalóðinni með Austurstræti í fimm álna fjaðlægð frá lóð Smiths verzlunar gagnvart húsi biskups P. Pjeturssonar undir leikfimiðshús þanda barnaskólanum 16 áln. á lengd og 12 á breidd. Á hús þetta að standa $14\frac{1}{2}$ fet frá barminum á ræsinu, svo það standi í línu við hús hlutafélagsins vestar í götunni.
2. Julíus Schou biður í bréfi dags. 9. f. m. um að sér verði út mælt pláz til þess að byggja hús á fyrir vestan sproitu-húsið við Tjörnina. Nefndin áleit að eigi ætti að byggja hús að svo stöddu enda væri það lóð tilheyrandi Alþingishúsinu að nokkru leyti þaræð hún ætti lóð fast að vatninu

í Tjörninni eins og vatnið nú nær.

3. Jónasi Jónssyni samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 8.p.m. leyft að byggja steinvegg undir suðurhlið bæjarins Smiðjuholt við Vegamótabrú og að stækka skúr þann, sem verið við dyrnar á suðurhlið bæjarins.
4. Gesti Vigfússyni í Ánanaustum neitað um að fá blett fyrir neðan kálgarð, er liggur fyrir neðan lóð Pjeturs Gíslasonar, með því að hugsað hafi verið að leggja veg fyrir sunnan Garðhús af Bakka-vegi og vestur yfir þennan umbeðna blett.

Frekara eigi gert. Fundi slitið.

E.Th.Jónassen Helgi Helgason Ó.Finsen E. Briem.

Ár 1885 hinn 1.ágúst átti byggingarnefndin í Reykjavík fund með sér og var þá tekið fyrir:

1. Jónasi Jónssyni leyft að byggja hús þar sem nú stendur þar hans Smiðjuholt við Vegamót af sömu stærð að öðru leyti en því að það verður 1 alin breiðari og skal húsið standa sem næst verður í sömu línu og húsin fyrir austan og vestan þar með veginum.
2. Pjetri Bjering eptir beiðni hans leyft að byggja geymsluskúr við austurgaflinn á íbúðarhúsi sínu við Vegamótabrú 2½ al. á breidd en 9 áln. á lengd og leyfði Jónas Jónsson nábúi hans, er var viðstaddur að Bjering mætti byggja skúr þennan nær lóð hans óbyggðri en í 5 álna fjarlægð.
3. Guðm. Guðmundssyni í bréfi dags. 29.f.m. leyft að lengja hús sitt við Vegamótabrú 6½ alin til vesturs (breiddin er: 10 áln.) og verði þessi viðbót byggð úr bindingi.

Fleira eigi gert. Fundi slitið.

Helgi Helgason E.Th.Jónassen Ó. Finsen Ó.Rosinkranz

Ár 1885 hinn 5. august átti byggingarnefndin fund með sér að Brekkubæ og var þar þá tekið fyrir eftir beiðni frú Sigríðar Magnússonar frá Cambridge í bréfi dags. s.d. að mæla út lóð undir hús, er hún tjáist ætla að byggja á lóð Brekkubæjar hér í bænum, eign hennar, en þareð ekki reyndist að þar væri nægilegt plázz fyrir svo stórt hús, eins og hún hefir í áformi að byggja þar, nfl. 33,6 fet á lengd og 31,6 fet á breidd, þegar gæta skal hins lögskipaða millibils til nágrannahúsanna á alla vegi, þá neitaði byggingarnefndin að fyrirtaka hina umbeðnu útmælingu eða sá sér eigi fært að veita hana.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen Helgi Helgason Björn Jónsson

Ó. Rósinkranz Ó. Finsen

Ár 1885 hinn 12. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér að Brekkubæ eftir beiðni frú Sigríðar Einarsdóttur frá Cambridge til þess að ákveða með hverju móti húsi því, er hún hefir í áformi að byggja á lóð nefnds bæjar, sem hún á verði þar fyrir þomið. Húsið, er á að vera á breidd 15 3/4 al. og á lengd 16 3/4 al. og ætlast er til að snúi göflum í N. og S. og liggi meðfram götunni fyrir vestan Brekkubæ (Gothúsastíg) að austanverðu í línu við hús kaupmanns V. Breiðfjörð að sunnan og bakara Jensen að norðan, getur því að eins staðið á Brekkubæjarlóð að annaðhvort frú Sigríður Einarsdóttir fái því við komið til leiðar að ekkja Guðrún Kristjánsdóttir í Kristjáns-húsi, er byggt hefir fast upp að nefndri lóð fyrir neðan, meni af norðvesturhorni húss síns þannig að 10 álnir verði milli suð-austurhornsins á þessari fyrihuguðu byggingu Sigríðar frú Einarsdóttur og norðvesturhorninu á húsi Guðrúna Kristjánsdóttur og þarf þá að nema burt af vesturhlið hússins frá téðu horni 3 áln. 16 þuml. og af norður hliðinni 1 al. 19 þuml.

(, eða þá frú Sigríður verður að sneiða af suðausturhorni síns

húss 3 $\frac{1}{2}$ fet, því, eins og nú er, verður millibilið frá norð-vesturhorni Kristjánshúss að suðausturhorni á húsi því, er reisa á á Brekkubæjarlóð 16 $\frac{1}{2}$ fet (= 8 áln. 6 þuml.).

Þessi ákvæði bygginganefndarinnar, er liggja undir samþykki Amtsins til þess að hafa fullt lagagildi, voru gerð hlutað-eigendum kunnug.

Fundi slitið.

Helgi Helgason E.Th.Jónassen Ó. Finsen Eiríkur Briem.

Ár 1885 hinn 3.septemb. átti byggingarnefndin fund með sér og var þar tekið fyrir:

Eftir beiðni tómithúsmanns Björns Björnssonar á Litlavelli í bréfi dags. 1.sept. þ.á. var honum leyft að rífa bæ sinn og byggja hann upp aptur með steinveggjum og járnklæddu þaki þannig að suðurhlið bæjarins standi í beina línu við suður-austur-horn bæjarins Nýlendu og suðurhlið á húsi Jóhanns Guðmundssonar þar fyrir austan. Bærinn á að vera á lengd 12 ál. og breidd 8 áln.

Frekara eigi fyrirtekið. Fundi sagt slitið.

E.Th.Jónassen Helgi Helgason Ó.Finsen Ó. Rósinkranz

Ár 1885 hinn 14.september átti byggingarnefndin fund með sér og var þá fyrirtekið: eftir beiðni Egils Gunnlaugssonar í Arabæ í bréfi dags. 6.p.m. var honum leyft á eigin lóð í kálgarði sínum vestanvert við Göthúsastíg að byggja timburhús 10 álnir á hvern veg fyrir norðan hús hattara Hansen þannig að það standi í 1-álna fjarlægð frá húsi hans og sömuleiðis í 10 álna fjarlægð frá húsi frú Sigríðar Einarsdóttur andspænis. Húsið á að snúa göflum í norður og suður.

Frekara eigi gert. Fundi slitið.

E.Th.Jónassen Helgi Helgason Eiríkur Briem

Ó. Rósinkranz Björn Jónsson

Ár 1885 hinn 24. Október átti byggingarnefndin fund með sér og var þá tekið fyrir:

1. Birni Guðmundssyni múrara í Þingholtsstræti var samkvæmt beiðni hans í bréfi 21.þ.m. leyft að lengja geymsluhús á eigin lóð hans um 10 áln. til norðurs, verður þessi viðbót við húsið, er annars er úr steini, úr tré, húsið er á breidd= $8\frac{1}{2}$ al.
2. Samþykkt að Benedikt Jónsson, eins og hann hefir frá skýrt í bréfi dags. 8.þ.m. að hann hafi í hyggju, að þar til fengnu leyfi Landshöfðingjans, að hann megi byggja hús með steinveggjum og járnþaki nyrðst á Arnarhólslóð fyrir vestan Sölfhól fast niður á sjáfarbakka. Hús þetta er á stærð:
3. Hermanní Andræssyni við Vegamót eptir beiðni í bréfi dags. 28.f.m. mældur út lóðarviðauki 10 álnir frá v.-a. þannig að lóð hans öll frá v.-a. meðfram framlengingunni á Vegamótabrú verður 30 áln. á lengd.
4. Guðmundi Jóhannessyni leyft eptir beiðni í bréfi 16.sept. að byggja hjall 4 x 3 áln. á Múðhúsalóð í Skuggahverfi.

Frekara eigi fyrir tekið.

E. Th. Jónassen Björn Jónsson Eiríkur Briem.

Ár 1885 hinn 18 november átti byggingarnefndin fund með sér og var þá tekið fyrir:

1. Edilon Grímssyni skipstjóra samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 16.þ.m. leyft að lengja hús sitt að Vegamótabrú (áðð hús Þorvaldar Björnssonar) $5\frac{1}{2}$ alin til austurs.
2. Sveini Sveinssyni samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 14.þ.m. mæld út lóð í Þingholtinu 30 álnir frá A.-V. og 25 áln. frá N.-S. fyrir vestan og neðan lóð Jóseps Jónssonar og honum leyft að byggja bæ með steinveggjum á þessari lóð 11 áln. á lengd og 7 áln. á breidd, er standi fyrir neðan kálgarð Jóseps í 5 álna fjarlægð frá honum og snúi göflum í

í austur og vestur en norðurhlið bæjarins standi í línu við norðurhlið á timburhúsi Eiríks Magnússonar á Efstabæjarlóð.

3. Jósepi Jónssyni járnsmið í Þingholtum veitt lóðarauki til austurs upp undir Klappirnar stóru, sem þar eru þannig að öll lóð Jóseps nú verður frá A.-V. 49 aln. og frá N.-S. 25 áln. og í þessu máli er þá talið svæði það er þær hans stendur á.
4. Jóhannesi Pálssyni í Þingholtum mæld út lóð hjá húsi hans þannig að öll lóð hans, að meðtalinni þeirri, er hús hans stendr á, verður frá A.-V. 32½ al. og frá N.-S. 30 álnir.
5. Runólfi Runólfssyni bókbindara leyft að byggja á lóð Norðurbergs (Margretar Ólafsdóttur) timburhús 10 álna breitt og 8 álna langt, er standi syðst á lóðinni í 19 álna fjarlægð frá kálgarði Zakkariasar Árnasonar á Bergi er snúi framhlið að hinni fyrirhuguðu framlengingu á Ingólfsstræti og sé framhliðin í línu við hús bæjarfógeta og M. Stephensens í nefndu stræti.

Meira ekki gert. Fundi slitið.

E.Th.Jónassen Helgi Helgason Ó. Finsen

Ár 1885 hinn 25.nóvember átti byggingarnefndin fund með sér hjá verzlunarhúsum kaupmanns J.O.V.Jónssonar í Hafnarstræti til þess að ákveða hvort hann samkvæmt beiðni hans í bréfi 24.p.m. gæti byggt etage ofaná geymsluhús hans á stakkstæðinu til íbúðar. ~~Hús~~ Hús þetta er á lengd 20 álnir og breidd 12 álnir og kvaðst byggingarnefndin fyrir sitt leyti eigi geta haft neitt á móti þessari umbeðnu byggingu.

Frekara eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

E.Th. Jónassen Eiríkur Briem Helgi Helgason

Ár 1886 hinn 16. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá eftir beiðni frá goodtemplaraæfélaginu í bréfi dags.

1. tekið fyrir beiðni þeirra um að fá útmælt pláz undir hús 40 álna langt og 20 álna breitt í túni Einarssonar snikkara fyrir sunnan stíg þann, er gengur yfir þetta tún frá Þingholtsstræti og að skólastræti. Allir meðlimir byggingarnefndarinnar voru mættir. Formaður bar þessa beiðni upp og var það með öllum atkvæðum ákveðið goodtemplarafélaginu að byggja á þessum greinda stað. Björn Jónsson greiddi eigi atkvæði. Nefndin byggði þessa neitun sína á því að hún ekki, að minnsta kosti fyrst um sinn, vildi láta reisa nein hús í túni Einarssonar snikkara, enda álitur nefndin það hættulegt að hafa hús í túni Einarssonar milli Þingholtsstrætis og skólastrætis eða skólans ef eldur kemur upp í húsum í greindum götum og sk þess skal það tekið fram að Einar Jónsson, sem var viðstaddur, með öllu neitaði að láta af hendi nokkurn part af túni sínu undir byggingu.
2. Bar formaður þá upp frá gullsmið Eyjólfri Þorkelssyni beiðni um að mega byggja etage ofaná hús það, er hann býr í í Austurstræti og var það leyft með því skilyrði að h. tæki burt tröppuna á húsi sínu út að Austurstræti og að hann sjái um að hús hans og Rafns skóara Sigurðssonar verði ein eign upp frá því að hann fær að byggja ofaná sitt hús eins og það upphaflega var.

Frekara eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

E.Th. Jónassen Ó. Finsen Eiríkur Briem Björn Jónsson

Einar Jónsson Helgi Helgason M. Árnason

P.S. Af hendi beiðandanna var viðstaddur eftir áskorun formanns byggingarnefndarinnar stúdent Ólafur Rosenkranz

D.u.s.

E.Th. Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1886 hinn 5. marz mánuð var fundur haldinn af byggingarnefndinni og þá tekið fyrir:

1. Eptir beiðni Ólafs Jónssonar frá Hlíðarhúsum í bréfi dags. 19. f. m. honum mæld út lóð til byggingar í Hlíðarhúsamýri fyrir austan lóð þá, er Sigurður Sigurðsson frá Bræðraborg þar hefir fengið útmælda. Hús það er Ólafr ætlar að byggja á að vera 10 x 10 áln. Lóð hans verður síðar mæld.
2. Bjarna Magnússyni eptir beiðni hans í bréfi 17. febr. þ. á. mæld út lóð norðanvert með hinum nýja Laugavegi 30 álnir með fram veginum, næst fyrir austan lóð Hermanns Andrés-sonar, frá A.-V. og 25 álnir frá N.-S. og honum leyft á þessari lóð að byggja hús 9 álna langt og 8 álna breitt í línu við hús Hermanns Andrés-sonar, er snúi göflum austur og vestur. (2:stígr) Skyldi vera gata fyrir íbúa Kasthúsanna vestast yfir þessa lóð með fram grjótgarði þeim, er austast er á lóð Hermanns Andrés-sonar, að Laugaveginum.
3. Eptir munnlegri beiðni trésmiðs Helga Helgasonar var honum leyft í fjörunni fyrir vestan nýju bryggjuna en fyrir austan bryggju verzlunar P.C. Knudtson & Sön að byggja hús 12 álna langt og 10 álna breitt þá með þeim skilmálum að hann sé skyldugur til þess á eigin kostnað að flytja þetta hús burtu aptur, ef bæjarstjórnin eða Hið Opinbera þyrfti á lóð þessari að halda til bygginga, en að Helgi þá ætti fremur öðrum kost á að fá sér útmælt á öðrum honum hentugum stað lóð undir þetta hús að jöfnum kjöfum, ef til þess kæmi að þann þyrfti að flytja það.
3. Jóhannesi Péturssyni útmæld 25 áln. frá A.-V. norðanvert með Hlíðarhúsavegi næst fyrir vestan lóð Gunnars assistents Gunnarssonar og 30 álnir frá N.-S. og honum leyft á þessari lóð að byggja hús 10 álna breitt es snúi eins og hús téðs Gunnars og standi í línu við það.

Með því útmælingar þessar eru fyrir utan hina gömlu kaupstaðar-
lóð, þá ber að útvega til þeirra samþykkis bæjarstjórnarinnar,

áðr en þær eru bornar undir samþykki Suðuramtsins.

Frekara eigi fyrir tekið. Fundi slitið.
E.Th.Jónassen Helgi Helgason Björn Jónsson M.Árnason.

Ár 1886 hinn 16.mars átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Birni Jónssyni ritstjóra samkvæmt beiðni hans leyft að byggja á eigin lóð (áðr G. Lambertsens) í Austurstræti tvíloptað hús, skyldi hús þetta standa í 10 álna fjarlægð frá húsi frú Herdísar Benediktsdóttur, fyrir austan það, og að öðru leyti í beina línu við hús Eyjólfss Þorkelssonar gullsmiðs fyrir vestan það. Stærð þessa húss verður: lengd = 21 al. breidd = 16 álnir. Inngangur í það verður í vesturgaflinn. Húsið á að snúa göflum í vestur og Austur.
2. Trésmið Þorkeli Gíslasyni leyft samkvæmt beiðni hans í bréfi dags ígær að byggja hús 12 álna l. og 11 álna breitt á eigin lóð í Tjarnargötu og á húsið að snúa göflum í N. og S. og standa í línu við hán húsin að vestanverðu í Tjarnargötu.

Frekara eigi fyrir tekið. Fundi sagt slitið.
Björn Jónsson Eiríkur Briem E.Th. Jónassen Ó. Finsen
Helgi Helgason M. Árnason.

Ár 1886, 8.maí átti byggingarnefndin fund með sjer hjá húsum Krügers lyfsala hjer í bænum og var þar tekið fyrir eptir beiðni hans að veita honum leyfi til að byggja skúr vestur úr íbúðahúsi sínu meðfram götunni (Kirkjubrú). Skúrinn á að halla norður af, syðri brún hans æð vera jafnha þakskegginu á íbúðarhúsinu og skúrinn vera frá norðri til suðurs $4\frac{1}{2}$ alin en frá vestri til austurs 5 álnir. Leyfið var veitt.

Björn Jónsson og Eiríkur Briem mættu eigi. Beiðandi var viðstaddur.

Frekara eigi fyrir tekið. Fundi slitið.
M. Árnason Helgi Helgason Jón Jónsson -settur-
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1886, 11.maí átti byggingarnefndin fund með sjer hjá húsi Eyjólfss Þorkelssonar úrsmiðs í Austurstræti útaf beiðni frá honum um 3 álna lengingu á húsi hans þar austur á bóginn. Með því að hin umbeðna lenging myndi koma of nærri útihús (fjósi og heyhlöðu) á lóð nágrannans (Björns ritstjóra Jónssonar) neitaði byggingarnefndin um útmælinguna. Allir nefndarmenn mættir nema Magnús Árnason og beiðandi útmælingarinnar viðstaddur.

Frekara eigi fyrirtekið. Fundi sagt slitið.

Jón Jensson
-settur-

Eiríkur Briem Helgi Helgason Björn Jónsson

Ár 1886 25.maí var byggingarnefndarfundur haldinn og allir nefndarmenn mættir nema Björn ritstjóri Jónsson.

Var þá tekið fyrir:

1. Beiðni Halldórs Þórðarsonar, bókbindara um útmælingu undir hús 14 $\frac{1}{2}$ al. á lengd og 12 $\frac{1}{2}$ al. á breidd á svokallaðri Hólshússlóð. Eftir nokkrar umræður um það hvernig hið nýbyggða hús ætti að standa var málinu frestað eftir ósk beiðandans.
2. Guðmundi Jóhannessyni í Miðhúsum var útmæld til yrkingar, sem viðbót við Miðhúsalóðina, sem nú er, blettspilda norðan fram með Bakkabúðarlóðinni, 31 fet frá norðri til suðurs og 86 fet frá austri til vesturs. Skyldi þessi útmæling lögð undir samþykki bæjarstjórnarinnar.
3. Siguði Árnasyni trésmið var leyft að byggja við norðurenda húss síns í Þingholtsstræti skúr jafnbreiðan húsinu en 4 álnir norður úr því, með bustmynduðu þaki.
4. Halberg gestgjafa var leyft að byggja um skúrinn inní porti hans við Heilmannsbúðina gömlu þannig að nýji skúrinn yrði í sama lagi að öllu leyti og hesthúsið og hallaði frá norðri til suðurs.

Frekara eigi fyrirtekið. Fundi slitið.

Jón Jensson Helgi Helgason M. Árnason Ó. Finsen
-settur-

- Ár 1886, 2. júní átti byggingarnefndin fund með sjer og var þá:
1. var Halldóri Þórðarsyni bókbindara leyft að byggja hús $14\frac{1}{2}$ álna langt frá austri til vesturs og $12\frac{1}{2}$ álnir frá suðri til norðurs á vesturenda lóðar hans, Hólshússlóðarinnar, og vestur úr henni, þannig að suðvesturhorn hússins, sem sæitt á að vera af, næði, ef eigi væri af því sneitt, að alfara-veginum uppúr bænum, einsog hann nú liggur. En fyrir að mega byggja þannig að nokkru leyti á bæjarins lóð undirgekkst Halldór að greiða í bæjarsjóð sömu upphæð og bærinn 1868, þegar Skólavörðuvegurinn var lagður, varð að greiða Guðrúnu Jónsdóttur, þáverandi eiganda Hólshússlóðarinnar fyrir innfærslu þá á lóð hennar sem orsakaðist af vegagjörðinni. Þetta endurgjald var 50 kr. (fyrir 458 fer-al.).
 2. Schou steinhöggvara var leyft að byggja austur úr húsi sínu fyrir norðan tukhúsið skúr $7\frac{1}{2}$ fet frá norðri til suðurs og $6\frac{1}{2}$ fet frá austri til vesturs. Sömmuleiðis var mæld út lóð sem hann óskaði að fylgdi nefndu húsi sínu, og var hún ákveðin 64 fet í austur frá norðvesturhorni húss hans að telja og skyldi ná yfir svæðið milli lóðarinnar fyrir neðan (NB. Bjeringslóðarinnar) og tukhúslóðarinnar að undanskilinni 5 álna breiðri lóðarræmu, sem tukhúsinu skyldi fylgja utangirðingar.
 3. Jóhannesi Pálssyni var leyft að byggja skúr undir norðurgafli húss síns í 4 til 5 álna langan.
 4. Halldóri Þórðarsyni tómthúsmanni í Bala var eptir beiðni hans útmælt bæjarstæði á lóð hans. Skyldi nýi bærinn standa beint í austur frá Bala-bænum sem nú er, og vera 10 ál. frá N.-S. en 8 al. frá V.-A. Steintópt þá sem gjörð hefur

verið ofan á lóðinni en hið nú útvísaða nýja bæjarstæði samkvæmt eldri útmælingu ætla Halldór að taka burtu.

5. Samkvæmt ósk Jóhanns Runólfssonar í Arabæ sem eigi hafði verið tilstaðar þegar Egli Gunnlaugssyni 14.sept. f.á. var mælt út túnstæði á Arabæjarlóðinni kom byggingarnefndin að Arabæ til að yfirlíta nákvæmt og í nærvist beggja málparta, útmælinguna til Egils. Mótmælti Jóhann því, að Egill fengi að halda áfram byggingu á þessum stað með því að hús hans (Egils) stæði of nærri bænum (Arabæ). En með því að sá partur bæjarins sem nær er húsinu en 10 álnir, en það eru hálfvallin bæjardyrögöng, er í sameign þeirra Jóhanns og Egils þótti eigi ástæða til að taka mætmæli Jóhanns til greina.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem, sem var eigi í bænum.

Frekara eigi fyrirtekið.

Jón Jensson M. Árnason Björn Jónsson Helgi Helgason Ó.Finsen
-settur-

Ár 1886, 27.júlí átti byggingarnefndin fund með sjer og var þá

1. Gunnlaugi Stefánssyni prentara leyft að lengja hús sitt í Þingholtsstræti um 6 álnir til suðurs og byggja etage ofan á það allt.
2. Steingrími Thorsteinson adjunkt leyft að byggja etage ofan á hús sitt við Austurvöll.
3. Eyjólfri Þorkelssyni úrsmið leyft að byggja skúr austur úr húsi hans við Austurstræti, skyldi inngangurinn í húsið verða um þennan skúr, gengt norðri og tröppurnar flytjast að honum, en setjast svo að þær eigi næðu lengra fram til götunnar en húshliðin. Eigi mátti skúrin koma of nærri húsi nábúans eða lóð.

Frekara eigi fyrirtekið.

Jón Jensson Helgi Helgason M.Árnason
-settur-

Ár 1886, 7. júlí átti byggingarnefndin fund með sjer hjá húsi yfirkennara H.Kr. Friðriksson. Var mættur umboðsmaður af hendi beiðandans og paraðauki eigandi nágrannahússins bóksali K.O. Þorgrímsson. Var yfirkennara H.Kr. Friðrikssyni útmæld eptir beiðni hans grunnur undir geymsluhús í suður og vestur frá íbúðarhúsi hans og paralelt með því, 11 álnir á lengd frá austri til vesturs og 8 álnir frá norðri til suðurs. Mátti norðvesturhorn geymsluhússins eigi koma svo nærri íbúðarhúsi nágrannans bóksala Kr. O. Þorgrímssonar, að eigi væru 10 álnir á milli, og en Kr.O. Þorgrímsson gaf samþykki sitt til að geymsluhúsið að öðru leyti mætti koma svo nærri lóð sinni sem útmælingin var til, en það var svo, að eptirskilin skyldi, þarsem mjóst var, 1 alin milli geymsluhússins og nágranna-lóðarinnar.

Frekara eigi fyrirtekið. Fundi slitið.

Jón Jensson Helgi Helgason Björn Jónsson Ó. Finsen
-settur

Ár 1886, 19. ágúst átti byggingarnefndin fund með sjer og var þá

1. Thomsen kaupmanni útvísað svæði það 61 fet frá norðri til suðurs og 67 f. frá a. til v., sem er á milli Stóragerðis og Eymundarbæjar í Skuggahverfi niður af Litlabæjarlóðinni, við nýja veginn austur eptir, til þess að byggja þar steinbæ með járnþaki, skyldi bærinn snúa í austur og vestur meðfram veginum og vera á lengd 12 álnir en á breidd 8 álnir.
2. var Jóni Guðmundssyni á Bakkabæ (Ánanaustum) leyft að byggja timburhús með járnþaki á syðst á Bakkabæjarlóðinni skyldi húsið snúa göflum í austur og vestur og vera 8 og 9 álnir á stærð.
3. Var Jóni Jónssyni til heimilis á Hólabrekku hjá Görðunum útvísuð lóð til að byggja á bæ austur frá Hólabrekku lóðinni svo að 25 faðmar skyldu vera milli lóðanna, lóðin sem

Jóni var útvísað var ferhyrnt stykki 10 faðmar í hvert horn.

Frekara eigi fyrirtekið.

Jón Jensson Helgi Helgason M. Árnason Ó. Finsen
-settur -

Ár 1886, 17. september átti byggingarnefndin fund með sjer, og var þá

1. Ólafi Þórðarsyni verzlunarþjóni eptir beiðni í brjefi 13. þ.m. útmælt byggingarstæði í kálgarði hans undir geymslu hús 12 al. á lengd frá Suðri til norðurs og 6 al. á breidd. Eigandi nágrannalóðarinnar að vestanverðu Jóhanna Einarsdóttir leyfði, að geymsluhúsið yrði svo nærri lóð sinni, sem lög heimiluðu.
2. Var endurnýjað, eptir beiðni factors Ó. Ámundasonar í brjefi 27. júlí, (byggingarleyfi) og útmæling á lóð handa stórkaupmanni J.P.T. Bryde, er hann hafði fengið 27. novbr. 1883 í fjörinni framundan sölubúð sinni að norðanverðu við Hafnarstræti. Leyfið var veitt með sömu skilyrðum og áður.
3. Var ákveðið, að hús það, er trjesmið Helga Helgasyni 5. marz þ.á. hafði verið leyft að byggja á fjörinni fyrir vestan nýju bryggjuna skyldi standa 11 fet frá henni eða þannig að austurgafli þess væri í beinni línu við austurgafli á pakkhúsi Knudtzen og Söns verzlunar þar uppundan, skyldi húsið vera 9 al. á breidd og neðri hlið þess vera í stefnu við neðri hlið bryggjuhússins og pakkhúss J.O.V. Jónssonar.
4. Var frú J. Bennhöft mælt út byggingarstæði á eigin lóð undir skúr við suðurgafli íbúðarhúss hennar, átti skúrinn að verða 5 al. á lengd (s: frá s til n) en $5\frac{1}{2}$ al. á breidd. Beiðni í brjefi 6. sept. 86.
5. Eptir ósk Gunnlaugs Stefánssonar í brjefi 15. sept. 1886 var honum útmælt byggingarstæði á eigin lóð undir skúr 3 al. langan frá norðri til suðurs og 8 al. breiðan með fram norðurgaflinum á húsi hans. Eigandi lóðarinnar að norðanverðu

Vigdís Vaage leyfði byggingu skúrsins að því leyti sem hann yrði nær lóð hennar en svo, að 5 al. yrðu á milli.

6. Var mældur skúr, er Björn Bjarnason búfræðingur hafði látið byggja við norðurgafli húss síns með leyfi byggingarnefndar, skúrin var $4\frac{1}{2}$ al. á breidd fram með gafli hússins, en 3 al. á lengd. Eigandi lóðarinnar að norðanverðu Árni Magnússon hafði leyft byggingu skúrsins.
7. Var Jóni Illugasyni í Efstabæ eptir beiðni hans í brjefi 9.p.m. útmældur grunnur á eigin lóð undir skúr 4 al. breiðan og 6 al. langan, er skyldi vera áfastur við íbúðarhús hans að austanverðu.
8. Sólmundur Símonarson í Veghúsum hafði í brjefi 16.f.m. beiðst leyfis að byggja upp bæinn Veghús, en með því að byggingarnefndin vildi eigi leyfa þetta, nema því að eins að veggir í bænum væru hlaðnir upp aptur úr grjóti, var nefndinni skýrt frá, að eigi mundi verða af byggingu þessari að svo stöddu, sökum efnaskorts bæjanda.

Var þá ekki fleira fyrirtekið. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Jónsson Eiríkur Briem Helgi Helgason
M. Árnason

Ár 1886 þ. 21.september átti byggingarnefnd fund með sjer og tók þá fyrir þessi málefni:

1. Var Kristínu Guðmundsdóttur eptir beiðni í brjefi dags. ídag leyft að byggja upp að mestu að nýju bæ þann, er hún býr í á Hólakotstúni, og var leyfi þetta bundið því skilyrði, að bæ þennan skyldi rífa niður og flytja burt, þegar Kristín þyrfti ekki lengur að búa í honum.
2. Eyjólfur Þorkelsson beiðdi í brjefi dags. 18.p.m. um undanþágu frá því, að þurfa að taka burtu tröppur við götudyrr sínar á Austurstræti, sem hafði verið gjört að skilyrði af byggingarnefndinni fyrir því að hann mætti byggja ofaná hús sitt. Beiðni þessari fylgir alit veganefndarinnar.

Byggingarnefndin áleit eigi ástæðu til að veita leyfi þetta og neitaði því beiðandanum um það.

3. Sigurður Jónsson Járnsmiður óskar í brjefi dags. ígær að fá útmælda lóð undir hús milli nýju byggingunnar og kolahúss Jóns Jónssonar kaupmanns. Byggingarnefndin neitaði um þessa útmælingu, þar eð nauðsynlegt væri að geyma hið umbeðna lóðarstykki undir byggingar í þarfir bæjarins, þegar á þyrfti að halda.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Jónsson Ó.Finsen Eiríkur Briem
Helgi Helgason M. Árnason.

Ár 1886 2.okt. átti byggingarnefndin fund með sjer og var þá

1. Rafn skósmið Sigurðssyni leyft að lengja hús það í Austurstræti, sem er sameiginleg eign hans og Eyjólfur úrsmiðs Þorkelssonar, þannig að vesturgafli hússins yrði í beinni línu við vesturhlið á húsi Steingríms kaupmanns Johnsens, einnig var honum leyft að byggja ofaná húsið, en að skilyrði fyrir leyfum þessum var það gjört, að húsið yrði um leið breikkað norður á bóginn þannig að það næði jafnlangt fram að Austurstræti sem eystri hluti húseignarinnar, sem Eyjólfur úrsmiður Þorkelsson nú býr í, og að einga tröppur mætti hafa á húsinu út að Austurstræti.
2. Var Bergþóri Þorsteinssyni leyft að byggja útihús (geymsluhúms) 5 - 6 al. langt við austurenda íbúðarhúss hans.
3. Var Guðmundi Guðmundssyni á Vegamótum leyft að byggja hesthús fyrir svo sem 4 hesta á túni sínu með útgangi í suðaustur horni hússins, en taka skyldi hann hesthúsið burtu, þegar á þyrfti að halda. Sami maður hafði einnig beðið um viðbót við lóð sína austur á við, og var samþykkt, að lóð hans yrði ~~xið~~ útmæld og löguð þannig, að hún lægi jafnhliðs vantanlegu framhaldi af Klapparsvíg. Að því er lóðarauka

þennan snertir var áskilið samþykki bæjarstjórnarinnar.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Halldór Danielsson M. Árnason Björn Jónsson Helgi Helgason

Ár 1886, þ.29.dag októbermán. átti byggingarnefndin fund með sjer og var þá

1. Beiðni Einars Einarssonar í Einarshúsi við Bræðraborgarstíg um útmælingu á lóð undir kálgarð fyrir austan hús hans, synjað, sökum þess að hið umbeðna svæði, að álitum byggingarnefndarinnar, var mjög álitlegt hússtæði.
2. Var Guðmundi Jónssyni í Grímstaðaholti útmæld lóðarspilda fyrir sunnan og austan bæ hans til kálgarðsræktunar, hin útmelda lóð var 138 fet frá suðri til norðurs og 56 fet frá austri til vesturs.
3. Var Grími Grímssyni í Melshúsum mæld út lóð á Grímstaðaholti 100 fet frá austri til vesturs og 50 fet frá norðri til suðurs til bæjarbyggingar og kálgarðsræktunar, skyldi bæ Gríms vera í beinni línu við bæ Þórðar Markússonar (Hólabrekku) og Jóns Jónssonar.
4. Var beiðni Arnbjarnar Ólafssonar um lóð undir 12 al. langt og 10 al. breitt verzlunarhús í fjötunni fyrir neðan verzlunsthús þorl. O. Johnsens synjað, þar eð byggingarnefndin áleit að byggingarstæði á þessum stað ætti að geyma í þarfir bæjarins, og hafði nefndin áður neitað um samskonar beiðni (sjá fund 21.fm. tölul. 3).
5. Bæjarstjórnin hafði vísað til byggingarnefndarinnar málaleitun frá úrsmið Eyjólfri Þorkelssyni, þar sem hann fer þess á leit, að honum sje leyft að hafa 1 tröppu út frá húsdryrum sínum í Austurstræti 10 þumlunga breiða. En byggingarnefndinni þótti eigi ástæða til eptir málavöxtum að veita þetta leyfi og synjaði því um það með atkvæðafjölda.

Fleira var ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Halldór Danielsson M. Árnason Björn Jónsson Helgi Helgason

Ár 1886, 17.d.nóvembermán. kom byggingarnefndin saman hjá húsi kaupmanns V.O. Breiðfjörð í Aðalstræti og var það tilefni fundarhaldsins, að nefndur kaupmaður hafði í óleyfi og án útmælingar byggingarnefndarinnar látið byggja skýli fram að dyrum í norðurgafli húss síns . V. Breiðfjörð var viðstaddur og óskaði, að nefndin vildi leyfa, að skýli þetta, sem hann eingöngu hefði byggt til skjóls í vetur, en ætlaði að taka niður í vor, mætti standa. En þar sem skýlið að eins var hjer um bil 7 al. frá geymsluhúsi nágrannans, ekkjufrú Jónasson, og amtmaður Jónassen, samkvæmt umboði frá henni, í brjefi 15.p.m. til byggingarnefndarinnar, hafði krafizt, að skýlið yrði rifið niður, ákvað nefndin í einu hljóði að skipa Valg. Breiðfjörð að taka skýli þetta tafarlaust burtu. Einnig hafði Breiðfjörð kaupmaður nýlega byggt annað skýli eða skúr í garðinum vestanvert við hús sitt, án þess heldur að hafa fengið til þess leyfi byggingarnefndarinnar, en nefndin ákvað þó, að skýli þetta eptir atvikum mætti standa, þar eð eigi þótti neitt við það að athuga og leyfi til að byggja það mundi hafa fengizt, ef þess hefði verið leitað. En jafnframt fól byggingarnefndin formanni sínum á hendur að annast um, að Breiðfjörð kaupmaður yrði talinn sæta ábyrgð samkvæmt opnu br. 23.mái 1839, 3.gr. E fyrir þessar leyfislausu byggingar.

2. Byggingarnefndin samþykkti eptir beiðni Helga Helgasonar snikkara í brjefi dags. s.d., að hús það, er honum hafði verið leyft að byggja í fjörunni fyrir vestan nýju bryggjuna, mætti vera 14 al. á lengd í staðinn fyrir 12 al., sem upphaflega hafði verið ákveðið.

Fleira eigi tekið fyrir. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson M. Árnason Björn Jónsson Helgi Helgason

Ár 1886, 18.d.nóvembermán. átti byggingarnefndin fund með sjer og var þá tekið fyrir

1. Beiðni í brjefi 15.p.m. frá Einari Gunnsteinssyni í Valgarðsbæ um útmælingu undir hjall 4 x 6 al. að stærð, og leyfði nefndin honum að byggja slíkan hjall á eigin lóð suður frá bæ hans. Það var tekið fram að hjallurinn ætti að vera með járnþaki, og eigi nær lóð nágrannans Hannesar Hannessonar heldur en í 5 al. fjarlægð, nema með hans samþykki.
2. Rannsaðri nefndin ágreining milli Hannesar Hannessonar og Einars Gunnsteinssonar út (af) lóðarspildu, er Hannes var byrjaður að rækta og girða, en Einar taldi vera part af sinni lóð. Með því að lóðarstykki þetta er partur af lóð, er Hannesi var útmæld 13.ág. 1884 og sem hann hafði að miklu leyti ræktað, úrskurðaði nefndin að Hannes skyldi halda þessari spildu, en ákvað jafnframt eftir ósk Einars, að lóð hans skyldi mæld upp til að komast fyrir, hvort lóðargjald hans væri ef hátt reiknað.
3. Um beiðni frá Guðrúnu Jónsdóttur á Bergi um að færa girðingu austanvert við lóð hennar þannig að girðingin yrði í beina ástefnu frá austari hlið húss hennar var ákveðið að leita álits veganeftdarinnar áður en nokkuð væri afráðið.
4. Beiðni frá Magnúsi Þórðarsyni á Litlabergi í brjefi 29.f.m. um að fá útmelda lóð undir geymsluhús, var honum mæld lóð fyrir austan bæ hans 25 al. frá A. til V. og 17 al. frá S. til N. og leyft að byggja geymsluhús á lóðinni 8 x 6 al. að stærð, skyldi það vera með járnþaki og austurhlið þess í beinni línu við austurhlið á húsi Sakaríasar Eigandi lóðarinnar að austan verðu var viðstaddur og lýsti því yfir að hann ljeta sjer lynda að lóð sín næði að eins 2 al. vestur fyrir bæ sinn.
5. Beiðni í brjefi 5.p.m. frá Sveini Sveinssyni um útmælingu undir skúr 6 x 4 al. að stærð áfastan við suðurhlið húss hans og um 6 al. breiðan lóðarviðauka vestur af lóð hans, þannig að hún yrði öll 36 al. frá A. til V. og 30 al. frá

S. til N. Nefndin veitti þetta hvorttveggja en áminnti um að skúrinn ætti að vera með járnpaki.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson M. Árnason Helgi Helgason Björn Jónsson

Ár 1887, 29.d.janúarmán. átti byggingarnefndin fund með sjer, og var þá tekið fyrir

Beiðni frá Goodtemplar-stúkunni "Eining" um að fá útmælda lóð í tjörninni vestur af slökkvitólahúsinu undir 12 al. breitt og 28 al. langt hús með 6 al. útbyggingu við gafl. Nefndin veitti hina umbeðnu útmælingu, og skyldi húsið standa 20 ál. vestur frá slökkvitólahúsinu og í beinni línu við það, en jafnframt var áskilið, að "Eining" eða sjerhver seinni eigandi hússins væri skyldur til, ef landssjóður þyrfti á hinni útmælda lóð að halda og krefðist hennar, að flytja það burtu á sinn kostnað á aðra lóð, er þá skyldi útvísuð á einhverjum stað, er sem kostnaðarminnst væri að flytja það á.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Jónsson Ó.Finsen Helgi Helgason

M. Árnason

Ár 1887, 10.d.febrúarmán. kom byggingarnefndin saman fyrir sunnan slökkvitólahúsið og var þá tekin fyrir beiðni frá Jóni Ólafssyni bæjarfulltrúa fyrir hönd goodtemplarastúkunnar "Einingin" í brjefi dags. s.d. um útmælingu undir hús handa stúkunnar á tjeðum stað 28 alna langt, með útbyggingu við gafl 6 al. og 12 álna breitt. Hafði Einingin fallið frá útmælingu þeirri, er gjörð var handa henni 29.f.m. vestan slökkvitólahúsið. Af hendi stúkunnar voru viðstaddir Jón Ólafsson bæjarfulltrúi, Guðl. Guðmundsson cand.jur. og Jul. Schou steinhöggvari. Eigandi lóðarinnar að austanverðu, trjjesmiður Jakob Sveinsson var einnig viðstaddur. Var því næst gjörðarbeiðandanum mæld lóð undir hús að stærð eins og að framan er greint í Tjörninni

fyrir sunnan slökkvitólahúsið og skyldi bilið frá því vera 16½ al., húsið snúa frá austri til vesturs og austurgafli þess vera í beinni stefnu við austurgafli slökkvitólahússins.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundinum slitið.
Halldór Daníelsson Helgi Helgason Björn Jónsson
Ó. Finsen M. Árnason

Með þeirri athugasemd að það var sjerstaklega tekið fram að húsið skyldi snúa frá austri til vesturs jafnhliða Kirkjubrúnni

Eiríkur Briem

Ár 1887, þ.30.d. marzmán. átti byggingarnefndin fund með sjer vestanvert við hafnarbyggjuna í tilefni af brjefi frá verzlunarstjóra Ludv. Hansen dags. 29.s.m. þar sem hann fyrir hönd húsbænda sinna P.C. Knudtson & Sön mótmælir útmælingu þeirri, er gjörð var 5 marz og 17.sept. f.á. handa Helga snikkara Helgasyni til að byggja hús á ofangreindum stað, en norðanvert við geymsluhús þeirra Knudtson og Söns. Í tjeðu brjefi er það fært til að enginn hafi verið aðvaraður fyrir hönd þeirra P.C. Knudtson og Söns þegar áminnstar útmælingar fóru fram, og því hafi einginn af þeirra hendi mætt við útmælinganna, og auk þess álítur verzlunarstjóri Hansen, að lóð sú, sem hjer er um að ræða, sje eign húsbænda sinn P.C. Knudtson & Söns, að vísu kveðst hann eigi hafa í höndum skjöl þau, sem sanna þetta, en krefst þess, að ekkert verði byggt á hinni umræddu lóð unz hann hafi fengið þessi skjöl, sem munu verða annaðhvort með næstu pósthferð ellegar í byrjun júnímánaðar. Einnig áskilur herra Hansen húsbændum sínum rjett til að byggja fyrir norðan geymsluhús þeirra norðanvert við Strandstræti, ef þeir óski þess. Helgi snikkari Helgason var einnig viðstaddur á fundinum, og heldur hann fast fram rjetti þeim, sem hann álítur sig hafa fengið með áðurnefndum útmælingum til að byggja á hinni útmældu lóð.

Byggingarnefndin íhugaði hin framkomnu mótmæli og komst að þeirri niðurstöðu, að hún af ástæðum þeim er mótmælin styðjast við eigi gæti breytt hinum gjörðu útmælingum, eða gjört frekará út af mótmælum þessum.

Fleira var ekki fyrir tekið. Fundinum slitið
 Halldór Daníelsson Eiríkur Briem Björn Jónsson
 Ó. Finsen M. Árnason Lúðv. Hansen Helgi Helgason

Ár 1887, 9.maímán. kom byggingarnefndin saman á fund á skrifstofu formannssíans, og var það efni fundarins að Eyjólfur úrsmiður Þorkelsson í brjefi til nefndarinnar 2.p.m. hafði farið fram á, að hún sæi um að Rafn skósmiður Sigurðsson byggði hús það, er hann nú ætlar að láta smíða á sama stað sem gamla húsið, er hann nú hefur rífið til grunna, 5 álnir frá lóðartakmörkum sínum. Þess skal getið, að Rafni hafði með útmælingu byggingarnefndarinnar 2.okt. f.á. verið leyft að byggja ofan á hið gamla hús og stækka það, og var nefndinni þá eigi annað kunnugt, en að það væri sameiginleg eign þeirra Eyjólfis og Rafns, eins og hús það, sem Eyjólfur býr í, og sem hið gamla hús hafði verið áfast við, og var leyfi nefndarinnar því sjálfsagða skilyrði bundið að þeir Eyjólfur og Rafn væru þá og yrðu framvegis sameigendur tjeðra húseigna, enda hafði Rafn, er hann fjekk leyfið, skýrt frá að svo væri. En þar sem byggingarnefndin nú hafði fengið sönnun fyrir því, að þeir Eyjólfur og Rafn þegar fyrir 2.okt. f.á. höfðu slitið sameigninni með þinglesnum gjörningi, þannig að Eyjólfur var einn orðinn eigandi að húsi því, er hann býr í og með því að nefndin var samhuga um, að eigi gæti verið umtalsmál, að leyfi það, er Rafn hafði fengið 2.okt. gildi lengur, úr því að ofangreint skilyrði eigi var fyrir hendi, ákvað nefndin, að banna Rafni skósmið að byggja aptur á sama stað, en leggja fyrir hann að færa hús sitt 10 álnir frá húsi Eyjólfis. Eftir það gekk byggingarnefnd-

þangað á staðinn, og var Rafni þar tilkynnt þessi ákvörðun nefndarinnar. Aftur á móti var honum eptir ósk hans mælt út byggingarstaði á sömu lóð undir hús 25 ál. langt og 12 al. breitt 13. al fyrir vestan hús Eyjólfss úrsmiðs, skyldi húsið snúa frá S. til N. fram með þvergötunni austan við Hótel Ísland og í rjettri stefnu með henni, norðurgafllinn skyldi vera með gluggum og gesims og ganga út að Austurstræti í beinni línu við hús Eyjólfss Þorkelssonar. Eyjólfur Þorkelsson var viðstaddur og samþykkti að lítið geymsluhús, er Rafn verður að flytja úr stað sökum breytingar, sem hjer af leiðandi verður á hinn upphaflegu fyrirhuguðu byggingartilhögun á húsi Rafns, megi standa í 4 álna fjarlægð frá sinni lóð.

Fundir slitið.

Halldór Danielsson M. Árnason Eiríkur Briem

Björn Jónsson var

ósamþykkur því að gafhlada vissi út að Austurstræti.

Ár 1887, 21. d. maímánaðar átti byggingarnefndin fund með sjer:

1. Gekk nefndin á byggingarstaði það fyrir sunnan slökkvitólahúsið, er Goodtemplarastúkunnar "Einingin" hafði verið útmælt 10. febrúar þ.á. Var það leyft, að hús þetta mætti standa eins og byrjað var að byggja grundvöllinn undir það, þannig að það væri jafnhliða slökkvitólahúsinu. Ennfremur var eptir beiðni stúkunnar ákveðið að húsinu skyldu fylgja lóð, sem takmarkast að norðan af línu, sem dregin er mitt á milli þess og slökkvitólahússins, jafnhliða Kirkjubrúnni, þannig að fjarlægð beggja húsanna frá takmörkunum sje jöfn um miðbik slökkvitólahússins. Að vestanverðu eru takmörk lóðarinnar frá áður nefndri línu í beina stefnu við trjegirðing þá, er takmarkar lóð Halldórs yfirkennara Friðrikssonar að austanverðu. Að sunnanverðu nær lóðin að meðaltali 5 álnir suður frá húsinu að götu þeirri sem fyrirhugað er að leggja þar í

í sömu stefnu og Kirkjubrúna. Að austanverðu er áskilinn gangur út að tjörninni á milli þessarar lóðar og lóðar Jakobs Sveinssonar. Útmæling þessi var gjörð með sama skilyrði o eins og hin fyrri útmæling undir húsið, að lóðin skyldi af hendi látin endurgjaldslaust, ef hið opinbera þyrfti hennar við.

2. P. Pjeturssyni lögregluþjóni var leyft að byggja skúr við vesturhlið húss hans 9 al. á lengd og 4 al. á breidd, eptir beiðni hans í brjefi 20.p.m.
3. Steingrími Thorsteinson adjunkt var leyft að byggja skúr 5 al. á hvern veg vestur af norðurenda húss hans.
4. R. Runólfssyni var eptir beiðni hans í brjefi 2.p.m. leyft að byggja $\frac{1}{2}$ alin sunnar á lóð sinni heldur en áður var ákveðið.
5. Símoni Hansen leyft að byggja skúr norðan af húsi hans við Smiðjustíg, 4 al. á lengd og jafnbreiðan húsinu. Beiðni í brjefi 2.apr.p.á.
6. Hermanni Guðmundssyni leyft, eptir beiðni hans í brjefi 4.apr.p.á. að byggja hús eða bæ úr steini vestanvert við Klapparstíg 5 al. frá götunni og 10 al. fyrir norðan hús Bergþórs Þorsteinssonar og á beinni línu við það. Breidd hússins skyldi vera 7 al. en lengd 11 al.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Eiríkur Briem Björn Jónsson

Ár 1887, 20.d.júnímán. átti byggingarnefndin fund með sjer:

1. Var kaupmanni W. Fischer leyft að lengja til austurs Bólverkið fyrir norðan bryggjuhúsið, 5 álnir austurfyrir það, og jafnframt var honum útmæld lóðarsneiðin 5 álna löng frá austurgafli bryggjuhússins og jafn breið því og Bólverkinu.
2. Var stórkaupmanni J.P.P. Bryde útmælt 5 álna langt stykki við báða gafla á geymsluhúsi því, sem hann er að láta byggja í fjörunni fyrir neðan sölubúð sína. Hin útmældu stykki eru

jafnbreið geymsluhúsinu.

3. Síra Hallgrími Sveinssyni var leyft að byggja geymsluhús á sjálfs síns lóð suðvestanverðri, skyldi það vera 15½ al. á lengd og 8 al. á breidd og snúa í suður og norður.
4. Var Kr. Ó. Þorgrímssyni bóksala leyft að hækka geymsluhús, það er hann á í garðinum bak við íbúðarhús hans um eitt lopt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson M.Árnason Björn Jónsson

Ár 1887, 10.d.ágústmán. átti byggingarnefndin fund með sjer.

1. Var Einari Jónssyni snikkara eptir beiðni í brjefi ódags. leyft að lengja útbyggingu austur úr húsi sínu til suðurs jafnt suðurgagli hússins, þannig að grundvöllur hússins stækkar um 12 ferhyrningsálnir. Einnig var honum leyft að breyta þaki hússins, þannig að það yrði allt undir einu þaki tvíloptað, ístað þess að það nú er með 2 kvistbyggingum, annari að austanverðu, en hinnari að vestanverðu.
2. Hermann Guðmundsson hafði í brjefi 11.júní þ.á. afsalað sjer byggingarstaði því við Klapparstíg, er honum var útmælt 21.maí þ.á., og jafnframt farið fram á, að sjer væri leyft að byggja neðar (norðar) við sama stíg upp að Steinstaðalóð. Samkvæmt þessu var honum útmælt bæjarstaði á hinum umbeðna stað 10 álnir suður frá Steinstaðalóð og 5 álnir frá götunni í línu við hús Bergþórs Þorsteinssonar. Bærinn á að vera úr steini 11 al á lengd meðfram Klapparstíg og 7 al. á breidd.
3. Jóhannes Pálsson beiðdi í brjefi 29.júní þ.á. um leyfi til að byggja skúr og laga annan enda á bæ sínum Klapparkolti í Þingholtum. Með því að beiðandinn var eigi viðstaddur, en nefndin gat eigi fallist á byggingartilhögun þá, er henni var skýrt frá, að beiðandinn mundi hafa í huga, gat nefndin eigi veitt hið umbeðna leyfi en ákvað að beiðandanum væri heimilt að byggja við endann á bæ sínum þannig að hin nýja

bygging yrði í beinni stefnu (að vestanverðu) við bæina fyrir sunnan og norðan og með járnþaki. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Jónsson Ó. Finsen

Ár 1887, 16.d.ágústmán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni

1. Var Þorsteini Tómassyni járnsmið leyft að byggja móskúr í landsuðurhorni lóðar hans, 7 al.langan og 6 al. breiðan í sömu línu og austurhlið á íbúðarhúsi hans. Einnig var honum leyft að fara út lóð sína lítið eitt til suðurs, þannig að hún yrði hornrjett að landsunnanverðu. Gjört var að skilyrði, að skúrin væri málaður, og að torfbærinn á Lækjarkotslóð væri rifinn.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Jónsson Eiríkur Briem
M. Árnason Ó. Finsen

Ár 1887, 18.okt. var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Dr. J.Jónassen leyft að fara út skiðgarð fyrir lóð sinni að sunnanverðu þannig, að honum bætist lóðarræma, sem að sunnan takmarkast af línu sem dregin er beint úr suðausturhorni á hinn gömlu smiðju Teits Finnbogasonar í suðvesturhornið á húsi gjörðarbeiðandans í Lækjargötu.
2. Var Þorkeli Gíslasyni snikkara leyft að byggja skúr við eldhúsdyr á húsi hans í Tjarnargötu, 2 3/4 al. stóran á hvern veg.
3. Var Birni Kristjánssyni bæjargjaldkera leyft að fara út steinvirki norður af húsi hans í Lækjargötu í útnorður að stórum steini í fjörunni.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Björn Jónsson
Eiríkur Briem.

Ár 1887, 31. október átti byggingarnefndin fund með sjer

1. Var kaupmanni Guðmundi Thorgrímsen útvísað byggingarstæði undir húsi 21 - 22 al. langt og 15 - 16 al. breitt, á lóð dr. J. Jónasens austanvert við Austurvöll, 10 al. suður frá húsi póstmeistara Ó. Finsen, skyldi húsið snúa í norður og suður, og norðurgafli þess standast á við suðurgafli á húsi póstmeistarans, en suðurendinn ganga 1 al. lengra fram að götunni.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Eiríkur Briem
Björn Jónsson

Ár 1887, 1. d. nóvembermán. kom byggingarnefndin saman hjá húsi dr. J. Jónassens í Lækjargötu eftir beiðni hans og var honum þá leyft að byggja skúr vestur af norðurenda húss síns $9\frac{1}{2}$ al. frá austri til vesturs og $7\frac{1}{2}$ al. frá suðri til norðurs.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Helgi Helgason
Björn Jónsson

Ár 1887, 14. d. nóvember átti byggingarnefndin fund með sjer:

1. Var þá eftir beiðni kaupmanns G. Thorgrímsen breytt útmælingu þeirri, er hann hafði fengið 31. f. m. að honum var leyft að byggja húsið austan, þannig að vesturhlið þess yrði hjerumbil í sömu stefnu og austurhlið póststofunnar og fjærlægðin 10 álnir þaðan.
2. Var Goodtemplarastúkunn "Einingin" og Verðandi leyft að setja upp skúr 4 al. á hvern veg norður af austurenda húss þess, er stúkurnar eiga við tjörning. Þá var áskilið samþykki bæjarstjórnarinnar, að svo miklu leyti, sem skúrinn gengur lengra norður en 5 al. frá lóð slökkvitólahússins.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Helgi Helgason M. Árnason

Ár 1887, 28.nóvember kom byggingarnefndin saman hjá húsi Eiríks Magnússonar í Þingholtum og

1. var honum þá eptir beiðni hans í brjefi 26.nóv. leyft að byggja reykingahús 4 al. á hvern veg 18 al. suður frá húsi sínu og jafnlangt austur sem skúrinn austanvert við íbúðarhúsið.
2. Sigríður Jónsdóttir beiddi í brjefi 29.okt, um að sjer væri útmælt til kálgarðsræktunar spildan frá bæ sínum að girðingum Hannesar Hanssonar, þannig að spildan takmarkaðist að sunnan og norðan af línunum, er dregnar væru í beinu framhaldi af norðurvegg á bæ beiðandans og suðurvegg á kálgarði hennar. Á fundi 31.okt. þ.á. var Eiríki Briem falið á hendur að ganga á staðinn og athuga hvort nokkuð væri þessari beiðni til fyrirstöðu, og samkvæmt tillögu hans var nú útmælingin veitt eins og var beið.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Jónsson Eiríkur Briem

Ár 1888, 27.janúar kom byggingarnefndin saman hjá húsi Jóns bókavarðar Árnasonar við Skálholtskotsstíg eptir beiðni adjukts Þorvaldar Thoroddsen í brjefi 26.þ.m. Var honum sem væntanlegum eiganda nefnds húss með samþykki Jóns Árnasonar leyft að lengja það um 5 al til suðurs og skyldi viðbótin vera jafnbreið húsinu.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Helgi Helgason Þórhallur Bjarnason

Ár 1888, 21.apríl átti byggingarnefndin fund á skrifstofu formannsins:

1. Var Þorvaldi Thoroddsen adunkt leyfð sú breyting á útmælingu er honum var veitt 27. jan. þ.á. að hin fyrirhugaða lenging á húsi bókavarðar Jóns Árnasonar til suðurs mætti

vera 9 álnir í stað 8 álna.

2. Var Birni Stefánssyni í Vorhúsum mælt út stakkstæði austanvert við lóð hans austur að Brunnstíg 77 al. frá suðri til norðurs, en 13 al. frá austri til vesturs.
3. Beiðni Ólafs Gunnlaugssonar í Litlagerði í brjefi 4.febr. þ.á. um lóðarauka var frestað, en Helga Helgasyni falið á hendur að rannsaka, hvort beiðninni væri nokkuð til fyrirstöðu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó.Finsen Þórhallur Björnason Helgi Helgason

Ár 1888, 18.Maí átti byggingarnefndin fund hjá húsi Jóns landritara Jenssonar í Þingholtsstræti

1. og var hann sjálfur viðstaddur. Eftir beiðni hans í brjefi 11.þ.m. var honum leyft að veisa skíðgarð meðfram lóð sinni að austanverðu jafnhliða húsinu, frá luktastólpa við suðausturhorn hússins beint í girðingu austan við hús Helga snikkara Helgasonar. Áskilið var að gjörðarbeiðandinn ljeti af þendi endurgjaldslaust af þeirri lóð, er hann nú fær útmælda, þar sem þurfa kynni, til að lagfæra og breikka götuna (Þingholtsstræti).
2. Var Helga Helgasyni leyft að byggja ofan á skúr við suðausturhorn á húsi hans vestanvert við Þingholtsstræti.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Þórhallur Björnason Helgi Helgason

Ár 1888, 4.júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni

1. Jóhanni Guðmundssyni var synjað um leyfi til að byggja bæ og leggja stakkstæði fyrir neðan fyrir neðan hús Jóhannesar Zöega yngri í Hlíðarhúsalandi, með því að fyrirhugað er að leggja þar veg niðurað sjónum. Aftur á móti var honum leyft að byggja hjall fyrir vestan bræðsluhús Geirs Zöega

- 7 al. langan frá N. til S. og 5 ál. breiðan frá A til V, með því skilyrði að hann tæki hjallinn burtu á sinn kostnað ef nota þyrfti hina útmældu lóð í þarfir kaupstaðarins.
2. Guðlaugi Guðmundssyni málaflutningsmanni var mældur út lóðarauki fyrir norðan hús hans, í Hlíðarhúsalandi, jafnbreiður lóð hans frá A. til V. og $34\frac{1}{2}$ al. frá N. til S. Áskilið var, að opinn og óhindraður gangur væri frá A. til V. milli hinnar eldri húslóðar og lóðaraukans, og að Guðl. Guðmundsson ljeti endurgjaldslaust af hendi lóð undir veg, sem fyrirhugað er að leggja frá A. til V. fyrir norðan hús hans.
3. Ingimundur Þórðarson hafði í brjefi 30.f.m. þáð byggingarnefndinni að hann ætlaði að byggja upp aptur Syðstabe í Selslóð í líku formi, sem hann heðfi verið. Byggingarnefndin veitti leyfi til að byggja bæinn upp á sama stað og í sama formi, en gat ekki samþykkt, að hann væri byggður úr torfi eins og Ingimundur hafði ætlað sjer.
4. Dr. J. Jónassen var leyft að byggja lystihús 4 ál. á hvern veg í norðurenda á kálgarði sínum.

Fundir slitið.

Halldór Daníelsson Þórhaallur Bjarnason Ó. Finsen Helgi Helgason

Ár 1888, þ. 27. júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var J.O.V. Jónssyni kaupmanni eptir beiðni í brjefi dags. 26.p.m. leyft að byggja geymsluhús $19\frac{1}{2}$ al. á lengd frá S til N og $8\frac{1}{2}$ al. á breidd á austanverðri lóð hans fyrir norðan Hafnarstræti við austurendann á íbúðarhúsi hans og í 10 al. fjarlægð frá geymsluhúsi kaupmanns H.Th.A. Thomsen.
2. Var Guðmundi Einarssyni eptir beiðni í brjefi 5.p.m. mælt byggingarstæði undir hjall í norðanverðum kálgarði hans við Smiðjuveg 5 al. frá N. til S. og 7 al. frá A til V. En taka skyldi hann hjallinn burtu ef hann yrði, fyrirhugaðri götu

3. til fyrirstöðu.
3. Var kand. Ásmundi Sveinssyni eptir beiðni í brjefi ídag að byggja skúr 4 ál. langan við suðurenda húss hans í Þingholtsstræti þó með því skilyrði að áður væri tekinn buttu skúr, sem er við norðurenda hússins næst fyrir sunnan, með þá hann verður of nærri hinum fyrirhugaða skúr. Til vara, ef þessu yrði ekki framgengt, var beiðandanum leyft að byggja jafnstóran skúr við norðurenda húss hans.

Á fundi þessum mættu Björn Jónsson, Helgi Helgason og Magnús Árnason.

Fleira var ekki gjört. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Jónsson M. Árnason Helgi Helgason

Ár 1888, 5. júlí kom byggingarnefndin saman hjá hóteli Alexandra í Hafnarstræti eptir beiðni yfirrjettarmálafærslumanns Páls Briems fyrir hönd ekkjufrúar Oddnyjar Smith í brjefi dags. s.d., og var þá leyft að lengja skúr við suðurhlið hússins, þannig að hann yrði 6 al. á lengd meðfram hliðinni.

Allir á fundi nema Björn Jónsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórhallur Bjarnason Ó. Finsen

M. Árnason Helgi Helgason.

Ár 1888, 18. júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Torfa Þórðarsyni eptir beiðni hans í brjefi 14. p.m. leyft að leggja stakkstæði í Hlíðarhúsamýrinni fyrir sunnan stakkstæði Jóns Ólafssonar 25 al. á hvern veg, með þeim skil-
daga, að hann yrði að láta þessa spildu af hendi endurgjalds-
laust, ef bærinn þyrfti á henni að halda.
2. Var hafnarnefndinni mæld út lóð undir skúr á norðaustan-
verðu stakkstæði Steingríms kaupmanns Johnsens 8 al. langur
frá A. til V. og 6 al. breiðan.

3. Var Jónasi naturverði Jónssyni leyft að byggja skúr við norðurenda húss hans jafnbreiðan húsinu, en 3 ál. á lengd.
4. Hermanni Guðmundssyni við Klapparstíg var eptir beiðni hans mæld lóð við bæ þann, er hann hefur byggt þar, spilda frá Klapparstíg vestur að steingarðinum fyrir austan Steinstaðablett 120 fet á langd, 29 feta breið að vestanverðu, en 54 fet á breidd að austanverðu. Lóðin nær að norðanverðu niður að kálgörðunum á Steinstöðum.

Allir á fundi. Björn Jónsson fór að lokinni 1. útmælingunni og Ó. Finsen að lokinni 2. útmælingu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Jónsson Þórhallur Bjarnason
Helgi Helgason M. Árnason

Ár 1888, þ. 6. ágúst átti byggingarnefndin fund með sjer og var þá:

1. Egli Diðrikssyni mæld lóð sunnan við Laugaveg 120 ál. fyrir austan bæ Guðna Guðnasonar, 30 ál. með fram veginum en 60 ál. frá suðri til norðurs og leyft að byggja þar bæ í sömu stefnu og bæ Guðna Guðnasonar, 8 al á lengd og 6 al á breidd.
2. Steingrími kaupmanni Johnsen leyft að lengja skúr, sem er áfastur við íbúðarhús hans, þannig að hann má fast að sölubúðinni. Verður sú lenging nálægt 2 ál.

Allir á fundi nema Ó. Finsen, sem var fjarverandi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson
Björn Jónsson Þórhallur Bjarnason Helgi Helgason M. Árnason

Ár 1888, 10. ágúst átti byggingarnefndin fund með sjer eptir beiðni Runólfs Einarssonar í brjefi dags. 9. ág. þ. á. Honum var eptir ósk hans útmælt byggingarstæði við Klapparstíg neðan-

vert við Lindargötu undir bæ 8 al langan meðfram Klapparstíg og 6 al breiðan, skyldi bærinn vera í sömu línu og næsta hús fyrir sunnan og ekki nær Lindargötu en svo að 6 fet væri á milli. Lóð til kálgarðsgæktunar var honum jafnframt útvísuð, 30 al. meðfram Lindargötu talið frá vesturhlið bæjarins og norður að lóð þeirri, sem fylgir bænum Bala.

Ole Finsen og Magnús Árnason voru fjarverandi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Þórhallur Bjarnason
Björn Jónsson

Ár 1888, 5. september átti byggingarnefndin fund með sjer, og var þá tekið fyrir.

1. Beiðni frá Jónasi Jónssyni naturverði, Gunnari Gunnarssyni snikkara og Magnúsi Pálssyni, múrara um að þeim verði útvísað til kálgarðsræktunar hið auða svæði norðan megin Laugavegs milli húsa beiðandanna, Gunnars að vestanverðu og Magnúsar og Jónasar að austanverðu. Með því að hið umbeðna svæði, að áliti byggingarnefndarinnar er hæfilegt byggingarstaði fyrir 1 hús neitaði nefndin að útvísa það til kálgarðsræktunar eins og beiðendurnir fóru fram á í brjefi 27.f.m.
2. Var Kristínu Jónsdóttur í Finnbogabæ eptir beiðni í brjefi 31 f.m. leyft að byggja skúr við norðurenda húss hennar, jafnbreiðan húsinu og 6 al. langan.

Á fundinum mættu eigi Björn Jónsson og Ó. Finsen

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórhallur Bjarnason M. Árnason

Ár 1888, 12. september var fundur haldinn í byggingarnefndinni, var þá:

1. Jóhannesi Zöega eptir beiðni í brjefi 5.f.m. útvísuð lóð

- undir stakkstæði 18 ál. á hvern veg fyrir vestan stakkstæði Torfa Þórðarsonar í Hlíðarhúsamýri.
2. Ámunda Ámundasyni útvísuð lóð til viðbótar við stakkstæði hans í Hlíðarhúsamýri og sunnan fram með því 22 al frá A til V og 11 al. frá N. til S.
 3. Þórði Zöega útvísuð lóð til stakkstæðis í Hlíðarhúsamýri fyrir vestan skurð þann er liggur eptir miðri mýrinni frá N. til S., skyldi stakkstæðið vera 41 al. frá N. til S. og 19 al. frá A. til V. Svo var honum og leyft að byggja hjall í landnorðurhorni lóðar þessarar, 5 al. á hvorn veg, þannig að norðurgafll hjallsins væri í beinni stefnu við norðurgafll á hjalli Jóns Þórðarsonar þar fyrir vestan, brjef dags. ídag.
 4. Eyjólfur Ólafssyni í Skuggahverfi eptir beiðni í brjefi 6.p.m. útvísað svæði til kálgarðsræktunar austan fram með lóð hans og 28 al. í austur frá henni. Honum var og leyft að byggja hjall 5½ al. langan 5 al. breiðan.
 5. Magnúsi Pálssyni múrara eptir munnlegri beiðni útvísuð lóð til kálgarðsræktunar fyrir sunnan Steinstaðablett 21 al. frá N. til S., 11 al. frá A. til V.
 6. Nikuláasi Sigvaldasyni útvísuð lóð til kálgarðsræktunar fyrir austan hús hans í Þingholtum 28½ al. nær lóðin jafnlangt og húsið, en til norðurs að steingarðinum fyrir sunnan Neðraholtsblett. Brjef dags. ídag.
- Allir á fundi, nema Helgi Helgason (erlendis).

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Jónsson Þórhallur Bjarnason
M. Árnason

Ár 1888 15.september kom byggingarnefndin saman, og var þá

1. Magnúsi Guðjónssyni útmæld byggingarstæði að sunnanverðu við Langastíg undir bæ með steinveggjum og járnpaki. Skyldi bærinn vera 10 ál. á lengd og 8 ál. á breidd og í

- beinni stefnu við bæ Guðna Guðnasonar. Svo var og Magnúsi mæld út lóð til ræktunar 30 al. meðfram Laugaveg næst fyrir austan bæ Guðna og til suðurs jafnlangt lóð hans.
2. Árna Jónssyni á Tóptum leyft að byggja hjall á eigin lóð 4 al. á hvern veg.
3. Gunnari Gunnarssyni snikkara útvísuð lóð norður frá húsi hans við Laugaveg, 5 ál. austur fyrir húsið og niður eptir (norður) jafnlangt kálgarði Einars Eiríkssonar, og til vesturs allt að nefndum kálgarði.

Fundi slitið.

Ó. Finsen Halldór Danielsson Björn Jónsson M. Árnason
Þórhallur Bjarnason

Ár 1888, 21. september kom byggingarnefndin saman hjá bænum Veghúsum í Skuggahverfi eptir beiðni Magnúsar Guðmundssonar, sem var byrjaður að endurbæta bæ þennan, og hafði hlaðið upp úr torfi og grjóti lágan vegg undir bæjargaflinn að sunnanverðu, og part af bæjarveggnum að austanverðu. Byggingarnefndin tjáði Magnúsi, að honum hefði verið skylt að leita leyfis nefndarinnar áður en hann byrjaði á þessari viðgerð, en eptir ástæðum leyfði nefndin, að Magnús gerði við bæinn hið allra nauðsynlegasta til þess að geta verið í honum í vetur, og hefði til þess sömu viði sem í bænum voru, að svo miklu leyti sem hægt væri að nota þá, og að öðru leyti þannig að viðgerðin yrði ekki til frambúðar, með því að byggingarnefndin álitur mjög óheppilegt, að jafn hrörlegur torfbær sem þessi er, fái að standa lengur, enda er fyrirhugað að leggja veg yfir lóð þá, sem bærinn stendur á.

Allir á fundi nema Björn Jónsson og Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórhallur Bjarnason Ó. Finsen M. Árnason

Björn Jónsson

var ekki boðaður á þennan fund, enda Ormum skjalasafn Reykjavíkur

verið boðaðir á fundinn fyr en samstundis, og er það mikið óheppilegt.

Jeg er herra Birni Jónssyni samdóma um að það var óheppilegt, að hann var ekki boðaður á fund þennan, en það virðist einkum hafa verið honum sjálfum að kenna, þar sem hann var riðinn upp í Mosfellssveit þegar átti að boða honum ~~xxxx~~ fundinn. Að það sje mikið óheppilegt að þessi fundur var ekki boðaður fyr en samstundis, virðist að öðru leyti þurfa nánari skýringar við, til þess að verða skiljanlegt.

Halldór Daníelsson.

Ár 1888, 27. september átti byggingarnefndin fund með sjer var þá:

1. Skúla Jónssyni útvísað byggingarstæði undir bæ og lóð til kálgarðsræktunar 35 al. á hvern veg í harðlendismóa hjerumbil miðja vegu milli Kaplaskjóls og Grímsstaðaholts, skyldi bærinn vera 9 al. á lengd en 6 al. á breidd, byggður úr torfi og grjóti. Brjef 14.sept. 1888.
2. Athugaði byggingarnefndin bæ Sigurðar Eiríkssonar á Hjallalandi í Kaplaskjóli, sem hann hefur byggt upp og stækkað án þess að leita samþykkis nefndarinnar. Ákveðið var að bærinn mætti standa eins og komið væri, en að Sigurður ætti að sæta ábyrgð fyrir byggingu þessa að ~~þessu er nú 17 al á lengd og 11 al á breidd.~~ fornspurðri nefndinni. Bær þessi er nú 17 al á lengd og 11 al á breidd.

Á fundinum mætti eigi Helgi Helgason (erlendis) og Magnús Árnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Björn Jónsson Þórhallur Bjarnason.

Ár 1888, 3. október var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og kom þá þetta fyrir:

1. Kaupmaður N. Zimsen hefur látið flytja skur á lóð sinni,

þannig að hann snýr nú frá N. til S. meðfram læknum, en sneri áður frá A. til V., svo hefur hann og að miklu leyti byggt skúrinn upp að nýju. Byggingarnefndin samþykkti þessa breytingu, en athugaði, að leyfis hennar hefði eigi verið leitað og áskildi, að járnþak væri sett á skúrinn. Zimsen kaupmaður var viðstaddur og lofaði að fullnægja því skilyrði. Skúrinn er á lengd 18 al. á br. 5 al.

2. Símoni Hansen var eftir beiðni hans í brjefi 27.sept. þ.á. útvísuð viðbót við lóð hans við Smiðjustíg til kálgarðs-ræktunar, fyrir vestan hina eldri lóð hans og jafnbreiða henni vestur að kálgarði Jónasar Helgasonar, viðbóttin er að sunnanverðu 30 al., að norðanv. 45 al. og 15 al. frá N. til S.

3. Guðrúnu Jónsdóttur í Hlíðarhúsum hafði byrjað á viðgerð á bæ sínum án þess að leita samþykkis byggingarnefndarinnar, hafði hún látið hlaða upp austurvegg bæjarins norðan dyraþ en óskaði nú leiðbeininga nefndarinnar um það, hvernig hún mætti haga viðgerðinni. Eftir alllangar umræður, sem lutu að því, hvort byggingarnefndin hefði vald til að banna alla viðgerð á þessum bæ, þar eð nefndin álitur bæ þennan mjög óheppilega settan og til óprýði á þessum stað, varð nú niðurstaðan, að eigi skyldi banna Guðrúnu að hressa við til bráðabirgða austurvegg bæjarins fyrir sunnan dyrnar þannig að þærinn gæti verið byggilegur í vetur.

Allir á fundi nema Helgi Helgason, sem er erlendis.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Björn Jónsson

Þórhallur Bjarnason M. Árnason

Ár 1888, þ. 8. október kom byggingarnefndin saman við Laugarveg á hinu auða svæði milli húsanna nr. 17 og 21, eftir beiðni G.P.Hjaltested í brjefi 6.p.m. Á nefndu svæði var honum þá

útvísuð lóð undir hús 12 al langt og jafnbreitt, er standa skyldi í sömu röð við veginn eins og húsin næst fyrir austan og vestan. Lóð til kálgarðsræktunar var honum einnig útmæld þannig að lóð hans öll, byggð og óbyggð verður 24 al. að sunnan meðfram Laugavegi, 42 al að austan og vestan en 20 al. að norðan. Brjef dags. 6.okt. þ.á.

Í öðru lagi var þeim Magnúsi Pálssyni múrara og Jónasi næturverði Jónssyni veitt viðbót við lóðir þeirra að vestanverðu 6 al. breið, Magnúsi eins og lóð hans nær frá Laugavegi norður eptir og Jónasi þar fyrir norðan jafnlangt og lóð hans nær.

Í þriðja lagi var endurnýjað útmæling handa Edílon skipstjóra Grímssyni fyrir óbyggðri lóð hans sunnanvert við Laugaveg, eins og útmæling þessi áður hefur verið gjörð á fundi nefndarinnar 4.marz 1884.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason (erlendis).

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson M. Árnason Björn Jónsson

Ó. Finsen Þórhallur Bjarnason.

Ár 1888, þ.12.október var fundur haldinn í byggingarnefndinni var þá

1. Daníel söðlasmið Símonarsyni leyft að flytja geymsluhús á lóð sinni við Þingholtsstræti, þannig að það yrði samsíða íbúðarhúsi hans og gafl þess næði jafnlangt suður. Amtmaður E. Th. Jónassen var viðs-taddur sem meðeigandi lóðarinnar næst fyrir austan, og leyfði hann fyrir hönd eigenda þeirrar lóðar, að austurveggur geymsluhússins, sem hlaðinn skyldi úr steini, mætti standa á vesturjaðri greindrar lóðar. Á geymsluhúsið sem, ^{SVO} ~~húsið~~ er með trjebaki, skyldi eigandinn leggja járnþak, en stærð þess skyldi óbreytt.

2. Var frú Oddnýju Smith leyft að byggja inngangshús við eld-

húsdyr á húsi hennar á Stuðlakotslóð, og sömuleiðis var henni leyft að láta setja lausan skúr, er krækt yrði frá, ef þyrfti að halda, yfir kjallarahlara frammundan eldhúsdýrum, allt eftir beiðni hennar í brjefi 8.p.m.

Á fundinum mætti eigi Björn Jónsson, Helgi Helgason (erlendis) og Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson M. Árnason Þórhallur Bjarnason

Björn Jónsson samþykkti á fundi 16.okt.

Ó. Finsen sömuleiðis.

Ár 1888, 5.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

Var þá

1. Jóni Valdasyri í Skólabe eptir beiðni í brjefi 2.nóv. leyft að byggja upp bæ sinn með steinveggjum í stað moldarveggja sem nú eru, og lengja hann austur á við um 2 álnir, þannig að hann yrði 11 al. á lengd. Svo skyldi hann og leggja járnþak á bæinn.
2. Ákveðin stefna á norðurbrún Vesturgötu milli sölubúðar Geirs kaupmanns Zoëga og húss Þórðar Guðmundssonar, þar sem bærinn Helluland hefur staðið, sem nú er rifinn niður, þannig að norðurjaðarinn á götukafli þessum skyldi ganga eptir beinni línu, sem til endanna væri 2 álnir suður frá nefndum húsum. Lóð sú, sem þarf til þessarar vegabótar var jafnframt mæld og reyndist hún 31 al. á lengd og 3 al. á breidd að meðaltali = 93 feral. ~~Þessi nefndinna birta brjef~~
3. Nefndinni birt brjef amtsins 13.f.m. viðvíkjandi torfbyggbyggingum.

Allir á fundi nema Björn Jónsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Ó. Finsen

Þórhallur Bjarnason M. Árnason.

Ár 1888, þ. 23.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Einarí Bjarnasyni í Smiðju leyft að byggja steinbæ 9 ál. langan, 7 ál. breiðan á eigin lóð, austan við veg þann, sem fyrirhugað er að leggja sem framhald af Bræðra-borgarstíg.
2. Jóni Þórsteinssyni kaupmanni var leyft að byggja skúr 4x3 al. að starð fyrir kjallaradyrunum að norðanverðu á húsi föður hans, fyrrv. sýslumanns Þorsteins Jónssonar í Vesturgötu. Svo var honum og leyft að flytja salerni, er staðið hefur nokkrum föðum norðar og vestar, heim að húsinu.
3. Helga snikkara Helgasyni var útmæld lóðarstykkið sunnan vert við hús hans í gjörunni hjá bæjarbryggjunni, eins og húsið ræður frá A. til V. og uppað grjótgarði (skipakví) P.C.Knudtzen & Söns að sunnan. Stykkið er frá N. t. S. 9 al. , frá A.-V. 14 al. eins og húsið. q

Allir á fundi. Björn Jónsson kom á fund þegar síðasta málefnið var tekið fyrir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Þórhallur Bjarnason Ó. Finsen M. Árnason Björn Jónsson q. og var útmælingin veitt með sömu skilyrðum og undir húsið sjálft, sjá fund 5.marz 1886 (bls.43)

Ár 1888, þ.13.desember átti byggingarnefndin fund hjá húsi Sighvatar Bjarnasonar bankabókara í Vesturgötu. Eftir beiðni hans í brjefi 11.f.m. var honum þá útvísað kálgarðsstæði fyrir vestan og norðan hús hans, þannig að lóð hans öll, byggð og óbyggð, verður 29 al. meðfram Vesturgötu og 21 al. frá N. til S.

Allir á fundi nema Björn Jónsson og Magnús Árnason .

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Óí Finsen Þórhallur Bjarnason Helgi Helgason

Ár 1888, 29. desember var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og voru allir á fundi nema Ó. Finsen.

1. Eftir munnlegri beiðni Geirs kaupmanns Zoëga var honum leyft að lengja sölubúð sína Vesturgötu 12 ál. vestureptir, en br breiddin jöfn sem áður.
2. Eftir beiðni í brjefi 16.p.m. var þeim Þórði Ólafssyni og Þorsteini Teitssyni á Vegamótum útwísaðar lóðarræmur norðan og sunnan við lóð þeirra og í viðbót við hana. Var lóðar- aukinn samtals 268 fer.al.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson M. Árnason Þórhallur Bjarnason
Helgi Helgason Björn Jónsson.

Ár 1889, þ.1. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá Jóni Ó. V. Jónssyni kaupmanni eftir beiðni hans í brjefi 30.f.m. leyft að byggja brauðgjörðarhús á lóð sinni á horni Austurstrætis og Kolasunds 14 álna langt meðfram Austurstræti og hliðin í beina línu við suðurhlið á leikfimis- húsi barnaskólans, en 12 al. breitt og gaflinn eftir beinni línu við austurgafla geymsluhúss beiðandans næst fyrir norðan. Það var gjört að skilyrði, að reykháfur á hinu fyrirhugaða húsi yrði að minnsta kosti jafnhá reykháfum á barnaskólahúsinu og að tröppur hússins eigi mætti ganga út á götuna (fortogið) við Austurstræti. Jón Ó.V. Jónsson kaupmaður var viðstaddur og lofaði að fullnægja þessum skilyrðum.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Helgi Helgason
Björn Jónsson Þórhallur Bjarnason M. Árnason.

Ár 1889, þ. 25. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Eftir beiðni Helga snikkara Helgasonar í brjefi dags. 23.

- febr. honum leyft að lengja hús sitt fyrir vestan hafnarbyggjuna um 6 ál. til vesturs og jafnframt útvísað svæðið fyrir sunnan þessa viðbót, ~~þess vegna~~ upp að gúttóbyrgi Knudtzon og Söns, sem lóðarauki svo var honum og leyft að leggja steinálág kringum húsið til að verja það sjávangangi.
2. Helga Jónssyni kaupmanni var eptir beiðni hans í brjefi 7. febr. leyft að byggja ofaná suðurenda húss síns No. 3 í Aðalstræti og að hafa þann enda til íbúðar.
3. Jósef Jónssyni á Suðurklöpp var eptir beiðni hans í brjefi 20. febr. útmæld viðbót við lóð hans að sunnanverðu, 111 fet A-V og 24 fet frá S.- N. Einnig var honum veitt útmæling fyrir útbyggingu suður úr bæ hans 4 x 4½ al. að stærð.
4. Einar Eiríkssyni við Smiðjustíg var útvísaður lóðarauki austan við lóð hans, 17½ x 16½ al. að stærð, eptir beiðni hans í brjefi 5. febrúar.

Allir á fundi nema Björn Jónsson .

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Helgi Helgason

Þórhallur Bjarnason M. Árnason.

Ár 1889, 21. d. marzmán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Sighvati Bjarnasyni var eptir beiðni hans í brjefi 4. p.m. útvísuð lóð í Hlíðarhúsamýrum, norðan við stakkstæði Torfa Þórðarsonar, stærð lóðarinnar er 15 ál. í ferhyrning og ætlar beiðandinn að nota hana til stakkstæðis. Við útmælingu þessa eins og aðrar útmælingar undir stakkstæði í nefndri mýri var það gjört ~~það~~ að skilyrði, að beiðandinn ljeti lóðina af hendi endurgjaldslaust, ef á þyrft að halda til bygginga.
2. Jóni Guðmundssyni í Vesturgötu var eptir beiðni hans í bréfi 25. f.m. útvísuð lóð til stakkstæðis fyrir vestan smiðhús Jóns Þórðarsonar skipasmiðs í Hlíðarhúsamýrinni, 12 al. staðlengja frá A.-V. og 24 al. upp í Mýrarnar frá N. - S.

Útmæling þessi er bundin sama skilyrði og útmælingin næst á undan (Sighv. Bjarnason).

3. Sigurði Jónssyni, fangaverði var eptir beiðni í brjefi 18.p.m. leyft að byggja skúr á lóð sinni við Skólavörðuveg 9 al. langan og 5 al. breiðan, fyrir norðan íbúðarhús það, er á lóðinni stendur og jafnhliða því. Útmælingin veitt með því skilyrði, að beiðandinn fengi samþykki lóðareigandans næst fyrir norðan til að byggja skúrinn nær lóð hans heldur en í 5 al. fjarlægð.

Allir á fundi. Helgi Helgason kom á fund, þegar 2 fyrstu málefnum var lokið, enda hafði honum eigi borizt fundarboð í tækan tíma.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Jónsson Ó. Finsen
Þórhallur Bjarnason Helgi Helgason M. Árnason

Ár 1889, 6. apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Jónasi Jónssyni á Mýri var eptir beiðni hans í brjefi 1.p.m. útvísað lóð til stakkstæðis í Hlíðarhúsamýri fram á bakkanum fyrir vestan stakkstæði Jóns Guðmundssonar að stærð 12 al frá A-V og 21½ al. frá N.-S.
2. Jóhanni Guðmundssyni var eptir beiðni í brjefi 21.f.m. útvísað lóð til stakkstæðis í sömu mýri fyrir sunnan stakkstæði Jóhannesar Zoëga, 17 al. frá A-V og 15 al. frá N.-S.
3. Jóni Magnússyni á Vesturgötu eptir beiðni í brjefi 1.p.m. útvísað lóð fyrir sunnan smíðahús Jóns Þórðarsonar í Hlíðarhúsamýri, að stærð 15 al frá N-S og 20 al frá A-V, og leyft að byggja hjalla á lóðinni, 5 xó al. að stærð.

Voru þessar 3 útmælingar veittar með venjulegum skilyrðum að lóðirnar yrðu látnar af hendi endurgjaldslaust, en á þyrfti að halda til bygginga.

4. Guðrún Sigurðardóttir á Nýjabæ í Skuggahverfi var eptir beiðni í brjefi 20.f.m. útvísað bæjarstæði á lóð hennar í Skuggahverfi, á þæring að vera 8 al. á lengd og 6 al á breidd, og suðurgafll hans halda sömu stefnu eins og suðurgafll á húsi Einars Arasonar á Tóptum. Þær þessi á að vera með steinveggjum og járnþaki.
5. Árnór Jónssyni á Tóptum var eptir beiðni í brjefi 18.f.m. veitt viðbót við lóð hans, ræma frammeð Klapparstíg 34 al. á lengd og 12 al á breidd að meðaltali. Lóð þessa ætlar hann til ræktunar.
6. Matthías Matthíasson í Efraholti beiðdi í brjefi 4.p.m. um viðbót við lóð sína Efraholtsblett, að norðaustanverðu skika þann, er þar skerpt inn í lóðina og að sunnanverðu svo mikla lóð að garðurinn þeim megin við Efraholtsblett gæti orðið beinn. Í sama brjefi fór hann og fram á að sjer yrði útmælt og selt til erfðafestu svæði á holtinu austur af lóð hans 80 faðma frá A-V og 40 faðma frá N-S . Byggingarnefndin áleit fyrir sitt leyti ekkert því til fyrirstæðu, að þessar óskir beiðandans yrðu veittar.

Allir á fundi, nema Magnús Árnason, Þórhallur Bjarnason kom, þegar þegar þessu fyrstu málefnum var lokið.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Jónsson Þórhallur Bjarnason

Ó. Finsen Helgi Helgason

Ár 1889, 8.dag maímánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Guðna Símonarsyni gullsmið var eptir beiðni hans í brjefi 6.p.m. útvísað lóð til ræktunar umhverfis hús hans í Þingholtum. Lóðin er skakkur ferhyrningur, og eru hliðar hans að lengd: 31 al. að sunnanverðu, $42\frac{1}{2}$ al. að vestanverðu $37\frac{1}{2}$ al. að norðanverðu og $32\frac{1}{2}$ al. að austanverðu, hjer með er talin lóð sú er húsið stendur á.

2. Ebenezer Helgasyni á Tóptum var leyft að byggja bæ 10 al. langan og 7 al bráðan á lóð hans í Skuggahverfi fyrir sunnan bæ Arnórs á Tóptum. Ákveðið var að bærinn ætti að standa sunnanvert við væntanlegt framhald af Lindargötu í sömu stefnu og jafnlangt frá götunni eins og bærinn þar fyrir austan.

Allir á fundi nema Björn Jónsson og Magnús Árnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Ó. Finsen Þórhallur Bjarnason

Ár 1889, 18. dag maímánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var eftir beiðni Ó. Rósinkrans í brjefi 13.p.m. útmæld viðbót við óbyggða lóð handa bænum Mörk á Selsholti. Viðbótin er vestan og sunnan við hina eldri lóð bæjarins, þríhyrningur í lögun með hliðum að lengd $19\frac{1}{2}$ al að v, 25 al að A, og 21 al að sunnan.
2. Þorsteini Pjeturssyni, sem ~~er~~ orðinn er eigandi að Skáholti á Selsholti var útvísað lóð óbyggð umhverfis nefnds húseign hans, er lóð þessi í ferhyrningi skakkan þannig, að N $46\frac{1}{2}$ al að V 40 al að S 44 al og að A 25 al, og er þá talin með hin byggða lóð, sem dregst frá, einnig dregst frá sama að sunnanverðu 26 fer-al., sem ætlað er til gangs til og frá bænum.
3. Siguðði snikkara Árnasyni var eftir munnlegri beiðni leyft að lengja til suðurs um 2 al hjall, sem stendur hjá húseign hans, Nr. 11 við Bræðraborgarstíg. Viðbót þessi skyldi vera jafnbreið hjallinum, 5 al.
4. Magnúsi Gunnarssyni var eftir beiðni í brjefi 18/5 leyft að byggja skúr fyrir útidyr á húsi hans, Sellandi við Framnesveg, á skúrinn að verða $2\frac{1}{2}$ al á breidd en 3 al á lengd. Sama manni var útvísað óbyggð lóð við sömu húseign ferhyrnd

spilda 50 al frá N-S en 20 al frá A-V, en þar með er talin byggð lóð, sem dregst frá.

5. Hans Jónssyni í Vesturgötu Nr. 50 var leyft að leggja stakkstæði að sunnanverðu við þá götu á milli húsanna nr. 51 og nr. 53, að stærð $22\frac{1}{2}$ al frá A-V og $34\frac{1}{2}$ al frá S-N, með venjulegu skilyrði, að hann sleppti lóðinni endurgjaldslaust ef á þyrfti að halda til bygginga, en mætti sjálfur hirða grjótið.
6. Með sama skilyrði var Jóni Oddssyni í Vesturgötu Nr. 42 leyft að leggja stakkstæði á Hlíðarhúsalóð á sjávarbakkanum fyrir ~~vestan stakkstæði á Hlíðarhúsalóð á sjávarbakkanum~~ fyrir vestan stakkstæði Jónasar Jónssonar, 15 al. frá A-V 19 al. frá N-S.

Allir á fundi nema Björn Jónsson og Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Þórhallur Bjarnason
M. Árnason.

Ár 1889, 5. dag júnímánaðar var fundur haldinn í byggingarhefndinni og komu fyrir þessi málefni:

1. Ámundi Ámundason hafði í brjefi 14. f. m. beiðzt leyfis nefndarinnar til að hlaða upp úr grjóti vesturvegg bæjar síns í Hlíðarhúsum, en honum var neitað um þetta leyfi með 4 atkv. gegn 1 (formannsins), sökum þess að þessi bær umsækjandans eins og hinir aðrir Hlíðarhúsabæir, sem byggðir eru í sömu röð, stendur mjög skakkt við Vesturgötu og óþrýðir hana stórum, vill nefndin því eigi leyfa neina endurnýjun á bæjum þessum að nokkru eða öllu leyti, sem gæti orðið til þess að þeir stæðu um langan aldur til tálmunar skipulegri byggingu í þessum kafla Vesturgötu. Magnús Árnason greiddi eigi atkvæði um þetta mál.
2. Andrjesi Jónassyni var eptir beiðni hans í brjefi dags.

- 27.f.m. mælt byggingarstæði undir hús norðan Laugavegs og útvísuð óbyggð lóð meðfram veginum 30 al austur frá lóð Thomsens kaupmanns og 30 al norður eptir að bæ Kristjáns Hróbjartssonar, þó þannig að ræma var eftir skilin meðfram bænum til gangs $67\frac{1}{2}$ fer-alin að flatarmáli. Húsið á að vera 8 x 9 al að stærð og standa í sömu stefnu og húsin fyrir vestan það.
3. Sigurði Friðrikssyni var eptir munnlegri beiðni mælt hússtæði og óbyggð lóð sunnan við Laugaveg milli húsanna nr. 26 og 30. Lóðin er 36 al á hvern veg og húsið á að vera steinbær með járnþaki 10 al á lengd og 7 al á breidd byggður í sömu stefnu og næstu húsin við veginn að sunnanverðu.
4. Ara Einarssyni á Efri-Toptum var eptir beiðni í brjefi 3.p.m. leyft að byggja hjáll 8 al langan og 5 al breiðan miður undan húsi sínu vestanvert við Klapparstíg, en taka skyldi hann hjallinn burtu endurgjaldslaust, þegar byggingarnefndin krefðist þess.
5. Beiðni frá Þórði Ólafssyni og Þorsteini Teitssyni í brjefi 31 f.m. um að fá útmelda lóðanspildu til ræktunar fyrir vestan bæ þeirra á Vegamótum til áfangastaðar fyrir ferðamannahesta.
6. Þórði Þórðarsyni í Miðholti á Selslóð leyft að byggja grjóttveggi undir bæ sinn í stað torfveggja, sem nu eru fallnir. Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Ó. Finsen
Björn Jónsson Þórhallur Bjarnason M. Árnason.

Ár 1889, þ. 29. d. júnímán, var fundur haldinn í byggingarnefndinni og fóru þá fram þessar útmælingar:

1. Sigfúsi Eymundssyni var leyft að byggja heyskúr $7\frac{1}{4}$ x 4 al að stærð við suðurenda húss hans í Lækjargötu.

2. Þórði Torfasyni í Vigfúsarkoti var leyft að lengja skúr að norðanverðu við bæ sinn til vesturs um 4 al, í skúrin er 5 al breiður og verður stækkunin því 4 x 5 al. Brjef 5. júní.
3. Geir Zoëga og Sigurði Sigurðssyni var eftir beiðni í brjefi 11.þ.m. útvísað lóð til stakkstæðis fyrir norðan húseign þeirra nr. 10 við Bræðraborgarstíg (Bræðraborg) 18 al fram með götunni, þannig að 5 al breiður gangur verður milli hússins (Bræðraborgar) og stakkstæðisins, frá A-V er lóðin 29½ al. Lóð þessa afhenda beiðendurnir endurgjaldslaust þegar á þarf að halda til byggingar.
4. Geir Zoëga var eftir munnlegri beiðni leyft að byggja kallara við útnorðurhorn sölubúðar hans í Vesturgötu. Kjallarinn verður úr steini 9 al frá A-V, 7 al frá S-N og er ætlaður eingum til steinolíugeymslu.
5. Jóni Benediktssyni var eftir beiðni í brjefi 14.þ.m. útvísað lóð til stakkstæðis í Hlíðarhúsamýri fyrir sunnan hið eldra stakkstæði hans og austar frá stakkstæði Sighvatar Bjarnasonar. Viðbótin er frá A-V 23 al, frá N-S 19 al og er látin af hendi með venjulegum skilyrðum, að beiðandi sleppi henni endurgjaldslaust, þegar á þarf að halda til bygginga eða í aðrar þarfir bæjarins.
7. Eftir beiðni Ingiríðar Einarsdóttur í brjefi 17.þ.m. var henni leyft að hlaða upp gáfl að bæ sínum, Nýju Miðhúsum í Skuggahverfi. Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórhallur Bjannason Björn Jónsson
Ó. Finsen M. Árnason.

Ár 1889, þ.8.d. júlímánaðar var fundur haldinn í byggingar-
nefndinni, og veru þessi málefni tekin fyrir:

1. H. Th. A. Thomsen kaupmaður Hagði fyrir nefndina bygg-
um
ingaruppdrátt og áætlun/fyrirhugaða stækkun verzlunarhúsum

hans sunnanvið Hafnarstræti, ætlast hann til, að allt verði eitt hús sölubúðin og íbúðarhúsið við Lækjargörg, þannig að suðurgaflinn verði þar sem nú er suðurhlið íbúðarhússins og með sama lagi og norðurgaflinn nú er, þakið verður einnig með sama lagi, sem nú er á sölubúðinni og beint framhald af því suður úr. Eptir beiðni Thomsens samþykkti byggingarnefndin þessa áætlun.

2. Var Eyþóri kaupmanni Felixssyni eptir beiðni í brjefi 26.f.m. leyft að byggja upp húseign sína nr. 1 í Austurstræti (Veltuna) þannig að í staðinn fyrir hið gamla hús, sem hann rífur niður, komi tvíloftað hús 31 al á lengd meðfram götunni og 12 al á breidd. Á að vera 10 al bil milli hússins og eignarinnar nr. 3 í Aðalstræti (Helga Jónssonar), og suðurhliðin gangi í sömu stefnu sem suðurhlið barnaskóla leikfímihússins og bökunarhúss J.Ó.V.Jónssonar. Áskilið var að engar tröppur mætti ganga frá húsinu út að Austurstræti, og gekkst Eyþór kaupmaður undir það.
3. Guðmundi Kr. Ólafssyni á Litlaseli var leyft eptir beiðni hans í brjefi 3.p.m. að byggja um bæ sinn á Selslóð á sama stað og með sama lagi. Bæinn byggir hann upp úr steini og leggur járnþak á.

Allir á fundi nema Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórhallur Bjarnason Björn Jónsson

Helgi Helgason M. Árnason

Ár 1889, 17.dag ágústmán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Halldóri Jónssyni í Hlíðarhúsum eptir beiðni í brjefi 6.f.m. leyft að leggja stakkstæði í Hlíðarhúsarmýri fyrir sunnan stakkstæði Ámunda Ámundasonar að stærð $24\frac{1}{2}$ al frá A.V. og $19\frac{1}{2}$ al frá S.-N. og með venjulegu skilyrði. Sama

- manni var leyft að byggja hjall 5 x 6 al að stærð að austanverðu við Grútarstræti, en taka skyldi hann hjallinn burtu á sinn kostnað og endurgjaldslaust, ef lóðina þyrfti að útvísa til byggingar eða á annan hátt í þarfir bæjarins.
2. Jóhannesi Oddssyni var eftir beiðni hans í brjefi l.p.m. leyft að byggja skúr 4 x 4 al að stærð við norðurgafli húss hans á Stuðlakotslóð.
3. Einari Magnússyni í Skólabæ var eftir beiðni í brjefi 12.p.m. leyft að lengja bæ sinn til vesturs um 3 al.
4. Nielsínu Hansdóttur á Litlalandi var útvísuð lóð til kálgarðsræktunar 15 al í ferhyrning fyrir austan bæ hennar. Hún tjáði byggingarnefndinni, að hún ætlaði rífa niður miðhluta úr bæ sínum og byggja upp aptúr í sama formi og hafa vegg í timbri. Nefndin var því samþykkt.
5. Matthíasi Mattíassyni var eftir beiðni í brjefi 14.p.m. útvísað hússtæði við Skólavörðustíg norður frá Holti, 10 x 12 al að stærð. Húsið á að snúa í austur og vestur og standa jafnhliða götunni, jafnlangt frá henni eins og girðingin norður við Efraholtsblett.

Allir á fundi nema Björn Jónsson og Ó. Finsen, sem var fjarverandi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason M. Árnason Þórhallur Bjarnason

Ár 1889, þ. 9.dag septembermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og tekin fyrir þessi málefni:

1. Beiðni frá Þórði Árnasyni í Hlíðarhúsum í brjefi 24.f.m. um stakkstæði í Hlíðarhúsamýri var veitt og honum útvísað stakkstæði 12 al frá A-V og 17 al frá N-S. við útsuðurhornið á bræðsluskemmu G. Zoëga, með venjulegu skilyrði, að rýma fyrir húsum eða götum endurgjaldslaust, ef á þyrfti að halda.

2. Beiðni frá Stefáni Stefánssyni í Auðbýlá í brjefi 5.p.m. um að mega lagfara og byggja upp að nokkru leyti bæ sinn . Var honum leyft það, þó þannig að hann flytti nyrðra bæjarhúsið suður fyrir hitt, til þess það yrði eigi á vegi fyrirhugaðrar götu.
3. Beiðni frá Samundi Sveinhssyni í Sæmundarhlíð um að mega byggja hjall á lóð sinni á Selsholti 4 x 4 al að stærð var einnig samþykkt og að hjallurinn mætti standa á útsuðurhorni lóðarinnar, ef nágranninn hefði eigi á móti því. Brjef 26 f.m.
4. Jóni Þórðarsyni í Bergsholti var útvísað lóð til kálgarðsyrkingar fyrir vestan bæ hans, 19 al frá A-V og 18 al frá S-N.
5. Hirti Jónssyni á Reynimel var eptir beiðni hans útvísað viðbót við lóð hans að austanverðu 44 al frá N-S og 9 al frá A-V, lóð þessa ætlar hann til kálgarðsræktunar. Sama manni var mæld út lóð til stakkstaðis fyrir vestan kálgarð hans 12 x 12 al að stærð.
6. Beiðni frá Eypóri kaupmanni Felixsyni um að mega byggja geymsluhús á Kalkofnslóðinni í Arnarholtslandi 12 al að lengd (strandlengju) og 9 al á breidd. Nefndin samþykkt í þessa beiðni eins og hún lá fyrir. Brjef 5.p.m.
7. Einari Gamalielssyni á Grímsstaðaholti var eptir beiðni í brjefi 9.p.m. leyft að byggja skúr 4 al langan og 3 al breiðan framan við bæjardyr hjá sjer.
8. Bjarna Jónssyni snikkara var eptir beiðni í brjefi 24.f.m. leyft að byggja salerni bakvið bæ sinn í Grjóta. Einnig var honum útvísað í kálgarði hans byggingarstaði undir smíðahús með kjallara undir, að stærð 6 al br. og 8 al á lengd.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórhallur Bjarnason Björn Jónsson

Helgi Helgason Ó. Finsen M. Árnason

Ár 1889, þ. 27. september var fundur haldinn í byggingarnefndinni og tekin fyrir eptirgreind málefni:

1. Guðmundi Einarssyni á Miðgrund var útvísuð lóð til kálgarðs-ræktunar: 1) spildu suður frá bæ hans 10 al frá N-S og 25 al frá A-V, jafn^{langt} austur og kálgarðsveggur hans hinn eystri. 2) spilda vestur frá kálgarði hans niður að kálgarði Sigurðar Hanssonar, 44 al frá S-N og 22 al frá A-V að meðaltali. Brjef 19.f.m.
2. Hermanni Guðmundssyni við Klapparstíg leyft eptir beiðni í brjefi 26.p.m. að stækka skúr vestanvið hús hans við Klapparstíg. Viðbótin verður 3 al á hvern veg.
3. Jóni Guðmundssyni í Vesturgötu 47 eptir beiðni í brjefi 12.p.m. útvísuð lóð í Hlíðarhúsamýri til viðbótar við stakkstæði það, er honum var útmelt 21.marz þ.á. Viðbótin er austan við hið eldra stakkstæði, 24 al frá N-S og 11 al frá A-V. Útmæling þessi fylgir venjulegt skilyrði um að lóðin skuli rýma endurgjaldslaust í bæjarþarfir ef á þarf að halda.
4. Guðrún Jónsdóttir í Austurbæ í Hlíðarhúsum var eptir beiðni í brjefi 23.f.m. útvísað stakkstæði í Hlíðarhúsamýri fyrir vestan stakkstæði Halldórs Jónssonar, 24 al frá A-V og 21 al frá N-S.
6. Jóni Jónssyni, búandi í nr. 17 við Bræðraborgarstíg var útvísað lóð til kálgarðsræktunar á Selsholti fyrir vestan lóð Eiríks Eiríkssonar (Selkot) 40 al frá N-S og 33 al frá V til A.

Allir á fundi. Magnús Árnason gekk af fundi með leyfi formanns þegar 2 fyrstu málefnum varlokið.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson	Þórhaillur Bjarnason	Björn Jónsson
M. Árnason	Ó. Finsen	Helgi Helgason

Ár 1889, þ. 19. október var fundur haldinn í byggingarnefndinni

og tekin fyrir þessi málefni:

1. V.Ó. Breiðfjörð kaupmanni var leyft að byggja skúr á lóð-
sinni við Bröttugötu, 6 al (langan) frá A-V og 6 al frá
N-S. Skúrin nær allt út að Bröttugötu að sunna, en verður
10 al frá geymsluskúr frá Jónassen að norðan. Brjef 4.október.
2. Guðmundi Guðmundssyni Laugaveg 20 var eftir munnlegri beiðni
veitt viðbót við lóð hans að vestanverðu, 12½ al frá A-V
og 32 al frá N-S.
3. Hans Guðmundssyni í Bræðraborg eftir beiðni í brjefi útvísa-
að byggingarstæði og lóð sunnanvert við Laugaveg 5 al
austur frá lóð Guðna Guðnasonar, 30 al meðfram veginum og
36 al uppí hallið suður frá veginum. Byggingin verður hús,
einloftað með steinveggjum og járnþaki 9 al á lengd 7 al á
breidd, snúi austur og vestur og standi jafnlangt frá veginum
sem næsta hús að austan og vestan.
5. Ásgrími Gíslasyni eftir beiðni í brjefi 14.p.m. útvísuð lóð
til byggingar og ræktunar sunnanvert við Laugaveg vestan
við lóð Egils Diðrikssonar, 30 al fram með veginum og 40 al
uppí holtið suður frá veginum. Húsið verður úr steini með
járnþaki, 9 al á lengd 6 al á breidd, snúi í austur og vestur
og standi í beinni stefnu við húsin að austan og vestan.
6. Magnúsi Þórðarsyni á Litlabergi eftir beiðni í brjefi 30.
f.m. leyft að byggja upp vegg að bæ sínum úr torfi og grjóti
og setja upp skúr fyrir bæjardyrum 2 al á hvern veg.
7. Leyft var eftir beiðni í brjefi 5.okt. p.á. að setja stein-
rið (3höft) fram af bújardyrum kaupmanns H.Th.A. Thomsens
í sundinu milli Lækjartorgs og Hafnarstrætis.

Allir á fundi nema Magnús Árnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Björn Jónsson

Helgi Helgason Þórhallur Bjarnason

Ár 1889, 2.d.nóvember mánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Sigfús Eymundsson bóksali eigandi að bænum Klettahóli fór fram á það í brjefi 21.f.m., að lóð sú, er fylgdi nefndum bæ, yrði nákvæmar ákveðin og mæld af byggingarnefndinni. En þá beiðni gat nefndin eigi tekið til greina sökum þess, að eigi verður sjeð í gjörðarbókum nefndarinnar að bæ þessum hafi nokkru sinni verið útmæld önnur lóð en sú, sem hann stendur á, og nefndin eptir því verður að ætla að bænum fylgi eigi óbyggð lóð.

Í annan stað óskaði sami maður í brjefi 29.f.m. að fá útmælt hússtæði á lóð þeirri er Klettakotsbær, sem hann ætlar að rífa niður, nú stendur á, og ennfremur óbyggða lóð, 5 álna breiða ræmu fyrir vestan húsið jafnlangt bænum til suðurs. Halldór Friðriksson yfirkennari var viðstaddur fyrir hönd eiganda húseignarinnar nr. 12 í Vesturgötu (Merkisteins), Þorsteins Jónssonar sýslumanns, og mótmælti því, að hin umbeðna útmæling færi fram, sökum þess að lóð sú, sem spurning væri um að útvísa, fylgdi Merkisteini. Tók hann það fram að útmælingargjörðir frá 1847 og 1850 fyrir ^{kotinu} Klettakotinu bæri með sjer, að bær þessi væri byggður á Merkisteins og Dúkskotslóð með leyfi hins páverandi eiganda og að það leyfi hefði, að hans áliti, aðeins náð til bæjarbyggingar þessarar, er þá var um að ræða, en til þess að byggja nýtt hús eða bæ á þessari lóð í stað Klettakotsins þyrfti nýtt leyfi frá hlutaðeigandi lóðareiganda. Sjerstaklega mótmælti hann, að ósk gjörðarbeiðandans um útvísun óbyggðrar lóðar fyrir vestan Klettakot yrði tekin til greina, með því að öll óbyggð lóð norður frá Merkisteini niður að sjó fylgdi því húsi.

Gjörðarbeiðandi mótmælti því, að lóð sú er Klettakot stendur á fylgdi Merkisteini, og gat þess að Klettakotseigandi

- hefði um mörg undanfarin ár greitt lóðargjald í bæjarsjóð bæði af byggðri lóð og óbyggðri, einnig hjelt hann því fram, að lóðin norður frá Merkisteini væri kaupstaðarins eign, með því að hún væri ógirt og hefði verið það í mörg ár, Byggingarnefndin áleit sig ekki bæra um að skera úr þessum ágreiningi, en virtist rjett að láta hlutaðeigendur um að leita úrslita um hann á lagalegan hátt, en nefndinni þótti þó eigi fyrir sitt leyti næg ástæða til að synja hinnar umbeðnu útmælingar, og var gjörðarbeiðandanum því samkvæmt beiðni hans útvísað 1) hússtæði þar sem nú stendur Klettakotsbær, verður húsið 12 al á hvern veg, snýr göflum austur og vestur og suðurhlið þess verður í sömu línu sem suðurhlið á húsi Benedikts Gröndals nr. 16 í Vesturgötu, að austan verður húsið 10 al frá saltskúr Guðmundar Þórðarsonar og Jóhannesar Ólsens. 2) lóðarræma fyrir vestan Klettakot 5 al breið í A og V, frá sjó að norðan jafnlangt suður og þærin nær.
2. Páli Ólsen var eptir beiðni í brjefi 23.f.m. útvísað lóð fyrir sunnan Laugaveg 30 al austur frá lóð Egils Diðriks-sonar til bæjarbyggingar og ræktunar. Þærin verður með steinveggjum og járnþaki, 9 al langur meðfram Laugavegi jafnlangt frá veginum og þæir Egils og í stefnu við hann, en 6 al breiður. Lóðin öll er 30 al meðfram veginum og 40 al uppfrá honum í norður og suður.
3. Ólafi Gunnlaugssyni í Litlagerði í Skuggahverfi var eptir beiðni í brjefi 20.f.m. útvísað lóðarviðbót til ræktunar fyrir sunnan hina eldri lóð hans. Viðbótin er ferhyrnd spilda, 40 al á hvern veg. Sama manni var leyft að byggja hjall á lóðinni 5 x 3 3/4 al að stærð.

Allir á fundi nema Þórhellu Bjarnason.

Fleira eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

Halldór Danielsson M. Árnason Helgi Helgason

Ó. Finsen Björn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1889, 22.dag nóvembermánaðar var fundur haldinn í byggingar-
nefndinni. Þessi málefni voru tekin fyrir:

1. Þóroddi Bjarnasyni var útvísað bæjarstæði og lóð til yrkingar fyrir sunnan Laugaveg, austan við lóð þá, er Jóni Jónssyni var úthlutað á fundi 19.f.m. Lóðin er 30 al meðfram veginum og 40 al suður frá honum. Bærinn verður úr grjóti með járnþaki 12 ál á lengd meðfram veginum og 6 al á breidd, og stendur í sömu röð sem hin eldri hús við veginn. (Bréf 12/11).
2. Ara Einarssyni á Tóptum var leyft að setja upp skúr 2½ al á hvorn veg fram af dyrum á húsi hans við Klapparstíg (Brjef 13/11).
3. Halldóri Sigurðssyni á Litlugrund var leyft að byggja á lóð sinni bæ með steinveggjum og járnþaki 10 al á lengd og 7½ al á breidd, í staðinn fyrir bæ þann, er nú stendur á lóðinni og eigandinn ætlar að rífa. Bærinn á að snúa norður og suður, og syðri hlið hans vera í beinni stefnu, eptir því sem hægt er, við suðurhlið sjúkrahússins að sunnan og bæ Guðmundar Ingimundarsonar að norðan (Bergstaði). Norðurgafli bæjarins verður í beinni stefnu við norðurgafli á húsi Eiríks Magnússonar (Ystabæ). (Brjef 8/11).
4. M. Jóhannessen kaupmanni var leyft að byggja hús á lóð sinni í Aðalstræti fyrir sunnan hús hans, sem þar er nú og fast upp að því. Hið útvísaða byggingarstæði verður 22 al á lengd í N og S og 15 al á breidd, verður í 10 al fjarlægð frá húsi Sturlu Jónssonar kaupmanns og austur takmörkin beint framhald af austurhlið á húsi beiðandans. (Brjef 19/11).
5. Jóni Valdasyni í Skólabe leyft að flytja geymsluhús og skúr, sem nú stendur sunnan við bæ hans, norður fyrir bæinn. Stærðin verður óbreytt. (Brjef 9/11).
6. Árna Árnasyni á Melbæ í Kaplaskjóli, að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar mæld lóð til túnyrkingar fyrir austan bæ hans. Stærð lóðarinnar er 57 al frá A-V og 92 al frá N-S. (Brjef 12/11).

7. Magnúsi Egilssyni var útvísað bæjarstæði fyrir vestan bæinn Hrísakot í Kaplaskjóli 6 x 8 al að stærð. Sami maður óskaði að fá lóð til túnyrkingar suður frá bæjarstæðinu niður að sjó 100 al frá N-S og 50 al frá A-V. Byggingarnefndinni þótti ekkert til fyrirstöðu af sinni hálfu að láta beiðandann fá þessa lóð. (Brjef 13/11).
8. Þorsteini Rögnvaldssyni á ~~Hól í Kaplaskjóli~~ Bakka var útvísað byggingarstæði undir bæ, að stærð 9 x 6 al fyrir norðan bæ Rögnvaldar Rögnvaldasonar á Hól í Kaplaskjóli. Sami maður fór fram á að fá lóð til túnyrkingar fyrir vestan bæjarstæðið, 30 faðmar frá N-S og 60 faðma frá A-V og áleit byggingarnefndin ekkert til fyrirstöðu af sinni hálfu, að sú beiðni yrði tekin til greina. (Brjef 16/11).
9. Guðmundi Þorsteinssyni í Birtingaholti var mælt óbyggð lóð við bæ hans á Bráðræðisholti, að stærð 32 al frá N-S og 39 al frá A-V, þarí er fólgin hin byggða lóð beiðandans.
11. Gísli Kolbeinssyni í Brekkuholti á Bráðræðisholti var veitt viðbót við óbyggða lóð austur frá bæ hans 11 $\frac{1}{2}$ al frá A-V og 13 al frá N-S. (Brjef 18/11).
12. Sigurði Bjarnasyni Vesturgötu 32 útvísað stakkstæði í Hlíðarhúsamýri 19 al í ferhyrningi, suður af stakkstæði Þórðar Zoëga (Brjef 15/11).
13. Torfa Þórðarsyni í Hlíðarhúsum neitað um lóðarviðbót austanvert við Grútarstræti, þar eð slíkt mundi þræggja of mikið að stígunum og valda óhagræðis sjómönnum, sem þar hafa útveg. Þórhallur Bjarnason fór af fundi, þegar 3 fyrstu málefni voru útkljáð, og þá kom Björn Jónsson á fund, Ó. Finsen fór af fundi þegar 4 fyrstu málefnum var lokið. Annars allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason M. Árnason
Ó. Finsen Þórhallur Bjarnason Björn Jónsson

Ár 1890, 23. dag janúarmánaðar var fundur haldinn í byggingar-
nefndinni.

1. Var Guðmundi Guðmundssyni eftir beiðni í brjefi 8.p.m. leyft að byggja hús norðanvert við Laugaveg og útvísaði lóð þar næst fyrir austan lóð Andrjesar Jónassonar með 5 al milli-
bili, 30 al meðfram götunni og 41 al norðurfrá henni. Húsið verður 10 al á lengd og $7\frac{1}{2}$ al á breidd, og snýr hliðinni að götunni í sömu stefnu og húsin fyrir vestan það.
2. Steingrími Jónssyni var eftir beiðni í brjefi 26.f.m. út-
vísað lóð vestanvert við Klapparstíg milli lóða Bergþórs Þorsteinssonar og Hermanns Guðmundssonar 26 al meðfram götunni og 30 al vestur frá henni, svo var honum og út-
mælt byggingarstæði á lóðinni undir bæ með steinveggjum og járnþaki 9 al langur meðfram götunni og 7 al. Bærinn á að standa í sömu stefnu og húsin fyrir ofan og neðan.
3. Brynjóflí Eiríkssyni var útvísað lóð norðanvert við Lundar-
götu 30 al á hvern veg og leyft að byggja þar bæ með stein-
veggjum og járnþaki 9 al langan fram með götunni og 5 al frá henni, en á breidd 7 al. Brjef 17.f.m.
4. Egilsson Görðunum tilkynnti í brjefi 4.p.m. að hann ætlaði að byggja skúr 5 al langan 4 al breiðan framan við eldhús-
dyr hjá sjer. Byggingarnefndin hafði ekkert við það að athuga.
5. Sigurði Þórðarsyni var eftir beiðni í brjefi 13.p.m. heimilað til afnota lóðarstykki sunnan við lóð hans við Klapparstíg, að stærð 20 x 17 al. En með því ráðgjört er að leggja götu yfir lóðarstykki þetta var það útvísað með því skilyrði, að beiðandinn ljeti það af hendi endurgjaldslaust og rýmdi burt af því görðum og grjóti, þegar gatan yrði lögð.
6. Oddi Helgasyni í Vesturgötu var eftir beiðni í brjefi 8.
p.m. útvísað stakkstæði Hlíðarhúsamýri suður frá stakkstæði Jóhanns Guðmundssonar, að stærð 19 x $19\frac{1}{2}$ al með venjulegu skilyrði að rýma þaðan endurgjaldslaust ef á þyrfti að halda,

fyrir húsum og götum.
Allir á fundi. Björn Jónsson og Ó. Finsen voru eigi við útmælinguna nr. 6.

Fundir slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason M. Árnason

Ó. Finsen Björn Jónsson Þorh. Bjarnason.

Ár 1890, 1. dag marzmán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá:

1. Bergi Magnússyni eptir beiðni í brjefi 23. jan. þ.á. útvísað lóð í Skuggahverfi vestanvert við lóð Bergþórs Þorsteinssonar og 5 álnir frá henni, að stærð $30\frac{1}{2}$ al frá N-S og 30 al frá A-V. Bergi var leyft að byggja á lóð þessari steinbæ með járnþaki 10 al langan 7 al breiðan, er snúi göflum A-V og gangi norðurhliðin í beina stefnu við norðurgafli á húsi Bergþórs Þorsteinssonar.
2. Mæla lóð Erlends Helgasonar á Toptum. Lóðin er skakkur ferhyrningur (trapez) og eru hliðarnar að N 23 al að A 34 al. að S $35\frac{1}{2}$ al og að V 36 al.
3. Bjarna Jónssyni snikkara í Grjóta leyft að byggja smíðahús í kálgarði sínum 2 ál. lengra til norðurs heldur en hann fjekk útmælingu fyrir 9. sept. f.á. Verður því hús þetta að stærð 8 al á hvern veg. Sama manni leyft að hlaða upp steinvegg undir bæ sinn að sunnanverðu. Brjef 6. febr.
4. Húsnefnd Goodtemplarastúknanna "Verðandi" og "Einingin" eptir beiðni í brjefi 27. f. m., leyft, að því er til byggingarnefndarinnar kemur, að byggja meðfram endilöngu Goodtemplarahúsinu og áfast við það að norðanverðu viðauka 6 al 10 þuml. breiðan og jafnlangan húsinu, að öðru leyti er beiðni þessari vísað til bæjarstjórnarinnar, þar eð hin fyrirhugaða bygging verður, ef hún kemst upp, fast við lóðartakmörk slökkvitólahússins.

5. Kristjónu Guðbrandsen Suðurgötu samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á fundi 6.f.m. út af beiðni í brjefi 4.s.m. mæld spilda til uppfyllingar út í tjörnina fram með lóð hennar, spildan er að stærð 15 x 53 al. og var áskilið að uppfyllingunni væri lokið á næstu 2 árum.
6. Einar Einarssyni veitt viðbót við kálgarðslóð hans að norðan verðu 4½ al frá S-N og 45½ frá A-V. Brjef 27.f.m.
7. Jóni Hinrikssyni Klöpp leyft eptir beiðni í brjefi 25.f.m. að leggja stakkstæði 13½ x 16½ al að stærð fyrir sunnan bæ hans á Selsholti. Áskilið að hann sleppti stakkstæðinu endurgjaldslaust, þegar á því þyrfti að halda til bygginga gatna eða í aðrar bæjarþarfir.
8. Guðmundi Jónssyni Nýjabæ við Bakkastíg leyft að leggja stakkstæði 30 al á hvern veg í krikanum milli Vesturgötu og Bakkastígs að austanverðu. Leyfi þetta var sömu skilyrðum bundið, sem útmælingin næst fyrir ofan. Sami maður áskaði að lóð sín við Bakkastíg yrði mæld og ákveðin, út af ágreiningi milli hans og mágranna hans næst fyrir norðan, Hans Gísla Jónssonar. Nefndin frestaði úrslitum þessa máls, þangað til hún fengi kynnt sjer það betur heldur en kostur var á þar á staðnum.
9. Friðriki Pálssyni á Fúlutjörn var synjað um lóðarútmælingu og bæjarstæði vestanvert við Fúlutjarnarhúsin, þangað til samþykki bæjarstjórnarinnar væri fengið til byggingar á þessum stað.
10. E. Egilssen tilkynnir í brjefi 11.febr., að skúr sá, er hann með samþykki byggingarnefndarinnar (sjá fund 23.jan. þ.á.) hefur reist við hús sitt í Görðunum hafi aðeins orðið 3 al langur og 3 ¾ al breiður.
11. Sæmundi Sveinssyni í Sæmundarhlíð leyft að leggja stakkstæði fyrir vestan lóð sína á Selsholti 19 x 25 al að stærð, með sama skilyrði sem Jóni Hinrikssyni (sjá nr. 7).

12. Þóraráni Jónssyni mæld viðbót við kálgarðslóð hjá bæ hans á Selsholti 22 x 25 $\frac{1}{2}$ al að stærð.

Allir á fundi nema Þórhallur Bjarnason .

Fleira eigi gjört. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Jónsson Ó. Finsen

Helgi Helgason M. Árnason.

Ár 1890, 11. apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni og komu fyrir þessi málefni:

1. Halldór bókbindara Þórðarson, sem hefur rífið norður húseign sína, svo kallað Hólshús við Laugaveg No.4, beiddi í brjefum 1. og 23.f.m. leyfis að mega byggja á sama stað prentsmiðjuhús 14 al langt og 8 al breitt með 4 al laungum skúr við austurendann, var honum leyft það, þannig að hið nýja hús standi í beinni stefnu við hús beiðandans nr. 2 við Laugaveg. Áskilið var, að ávallt yrði sami eigandi að báðum þessum húsum með því að hið lögboðna 10 al bil er eigi á milli þeirra. Beiðandanum var bent á, að hann þyrfti að leita samþykkis húseigandans næst fyrir austan, Pjeturs Bjerings, ef skúrinn við austurenda hins nýja húss kæmi nær lóð hans en svo að 5 al yrði á milli.
2. Eftir beiðni Friðriks Pálssonar í brjefi 20.f.m. var honum tilvísuð lóð til byggingar og kálgarðsræktunar austur af Helgustaðalóð og jafnlangt henni niður að sjónum, lóðin er að stærð 30 al meðfram sjó og 50 al upp frá sjó, rjett - hyrndur ferhyrningur. Svð var honum og leyft að byggja bæ úr steini með járnþaki þar á lóðinni 8 al langan 6 al breiðan er snúi norður og suður.
3. Jóhannes Sigurðsson Móakoti fór fram á, að sjer væri útvísað til yrkingar og viðbótar við Móakotsblett, sem hann hefur á erfðafestu, stykki austan við blettinn og áfast við hann austur að Móakotslínd. Byggingarnefndin skoðaði og mældi

- stykkið, og er það 22½ al frá A-V, en 34 al frá N-S, áleit nefndin ekkert verulegt á móti því, að hann fengi stykkið.
4. Einar Einarssyni á Litlu-Steinstöðum var eptir beiðni í brj. 10.f.m. heimilað til stakkstæðis-afnota lóðarstykki vestanvið Klapparstíg 25 x 35 al að stærð. Lóð þessari sleppir hann endurgjaldslaust, þegar byggingarnefndin krefst þess.
 5. Með sama ~~skilyrði~~ skilyrði var Sveini Ólafssyni útvísað til stakkstæðis lóðarstykkið fyrir vestan Litla'Steinstaða-lóð, að stærð 25 x 25 al.
 6. Andrjesi Davíðssyni var útvísað lóð til byggingar og kálgarðsræktunar vestan við Steinstaðablett og fyrir sunnan hinn fyrirhugaða Steinstaðastíg. Lóðin var mæld 28 al frá N-S og 40 al frá A-V. Hús var honum og leyft að byggja á lóðinni 7 x 10 al að stærð og verður afstaða þess ákveðin, þegar markað hefur verið, hvernig Steinstaðastígur skuli liggja.
 7. Bergþóri Þorsteinssyni var eptir beiðni í brjefi 2.f.m. útvísaður lóðarauki vestan fram við lóð hans 5 x 30 al að stærð.
 8. Magnúsi Pálssyni var útmæld viðbót við kálgarðslóð hans sunnan við Steinstaðablett. Viðbótin er að stærð 9x26 al.
 9. Magnúsi G. Guðnasyni var eptir beiðni í brjefi 8.p.m. veitt viðbót við lóð hans við Skólavörðustíg, ferhyrnt stykki rjetthyrnt 10½ x 4½ al að stærð.
 10. Jónasi Guðbrandssyni var eptir beiðni í brjefi 7.fm. útvísuð óbyggð lóð við hús hans í Þingholtum, að stærð 30 al frá A-V og 40 al frá N-S, þar í er fólgin húslóðin.
 11. Hannesi Hanssyni var útvísað til kálgarðsræktunar lóðarstykki austanvert við tún Jakobs Sveinssonar austur að tröðum þeim, er liggja suður frá Skálholtskoti. Hin útvísaða lóð er ferhyrningur og hliðar hans að S 39 al að A 85 al, að N

10 al og að V 85 al.

Allir á fundi nema O. Finsen og Magnús Árnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórhallur Bjarnason Helgi Helgason
Björn Jónsson.

Ár 1890, 29.dag aprílmán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni og tekin fyrir eptirgreind málefni:

1. P.Pjeturssyni lögregluþjóni var eptir beiðni í brjefi 14. p.m. útvísað til viðbótar við lóð hans við Smiðjustíg spilda fyrir sunnan hús hans 1100 fer al. að stærð.
2. Ingibjörgu Grímsdóttur var útvísað lóðarviðbót sunnan við hús hennar við Smiðjustíg 400 fer al. að stærð.
3. Guðmundi Guðmundssyni á Kröggólfsstöðum á Selslóð var leyft að leggja stakkstæði 550 fer al. að stærð fyrir vestan lóð sína, stakkstæðinu sleppir hann endurgjaldslaust, þegar byggingarnefndin krefst þess.
4. Með sama skilyrði var Hermanni Einarssyni á Brekkú leyft að leggja stakkstæði 472 fer al. að stærð fyrir norðan lóð hans.
5. Oddi Jónssyni í Brautarholti var leyft að leggja kálgarð sinn suður eptir, stækkunin norður 285 fer al.

Allir á fundi. Björn Jónsson fór af fundi þegar 2 fyrstu málefnum var lokið.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason M. Árnason
Björn Jónsson O. Finsen Helgi Helgason

Ár 1890, 6.dag. maímánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og voru teknar fyrir þessar útmælingar:

1. Var Sveini Brynjólfssyni eptir beiðni í brjefi 2.p.m. út-
vísað hússtæði og lóð til kálgarðsyrkingar norðan við

- Laugaveg milli húsanna nr. 7 og nr. 11 Húsið á að vera 10 al á lengd meðfram veginum í sömu stefnu og hin húsin og 8 al á breidd. Lóðin öll, að meðtöldri húslóðinni er 19 al frá A-V og 31 al frá N-S. Beiðandinn getur því aðeins notað þessa útmælingu, að hann fái leyfi eiganda húseignarinnar nr. 11 til að byggja nær lóð hans heldur en $\frac{1}{5}$ al fjarlægð.
2. Guðbrandi Þórðarsyni var eftir beiðni í brjefi 3.p.m. útvísað hússtæði og lóð til kálgarðsrætkunar að austanverðu við Þinghóltsstræti fyrir sunnan húseignina nr. 21. Húsið á að vera 10 al á hvern veg, hliðin á að snúa fram að götunni og vera jafnlangt frá henni og nr. 21 Lóðin öll, að meðtöldri húslóðinni er 26 al frá N-S og 23 frá A-V.
3. Eyjólfur Ófeigssyni var útvísað kálgarðsstæði, að stærð $26\frac{1}{2}$ al frá A-V og 25 al frá N-S í Þingholtum útnorður frá bæ Halldórs Sigurðssonar (Litlugrund).
4. Ólafur Jónssyni í Hansbæ var útvísað kálgarðsstæði í Hlíðarhúsalandi fyrir norðan húseignina nr. 34 í Vesturgötu 25 al frá A-V og 20 al frá N-S. Lóð þessari sleppir hann endurgjaldslaust, þegar á þarf að halda til byggingar.

Allir á fundi nema Magnús Árnason og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Jónsson Ó. Finsen Helgi Helgason

Ár 1890, þ.14.dag. maímánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og komu þá fyrir þessum málefni:

1. Kristín Björnadóttir tilkynnti, að hún ætlaði að rífa niður skúr við norðurenda húss síns í Lækjargötu og byggja upp aptur viðbót við húsið á sama grunni sem skúrinn stæði á, en jafnháa húsinu og undir sama risi. Byggingarnefndin var þessu samþykkt. Sömu komu var leyft að byggja skúr á lóð sinni 11 x 5 al að stærð.
2. Þorkeli Gíslasyni var útvísað kálgarðsstæði til bráðabirgða

2. Þorkeli Gíslasyni var eftir beiðni í brjefi 12.p.m. leyft að lengja geymsluhús á lóð hans í Tjarnargötu um 3 al til austurs og færa það fast norður að íbúðarhúsinu. Geymsluhúsið er 8 3/4 al á breidd.
3. Þórði Zoëga var útvísuð kálgarðsstæði til bráðabirgða í Hlíðarhúsamýri fyrir vestan lóð Guðl. Guðmundssonar, að stærð 31 al A-V og 43½ al N-S. Svæði þetta skal látið laust endurgjaldslaust til húslóða og gatna, hvenær sem byggingarnefndin krefst þess.
4. Jóni Guðmundssyni í Brunnholti var eftir beiðni í brjefi 13.p.m. mæld viðbót við kálgarðslóð hans, að stærð 11 al frá N-S og 28 al frá A-V.

Allir á fundi nema Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Jónsson Helgi Helgason

Ó. Finsen M. Árnason.

Ár 1890 21.dag maímán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá:

1. G. Schierbeck landlækni leyft að byggja íbúðarhús á Rauðará fyrir austan bæinn 13 al langt frá A-V og 11 al frá N-S.
2. Erlendi Magnússyni gullsmið var mæld lóðarviðbót, að stærð 16 x 3½ al fyrir austan hús hans í Þingholtsstræti.
3. Þorláki Teitssyni í Götuhúsum við Bakkarstíg var leyft að byggja upp bæ sinn úr grjóti með járnþaki og ~~stærð~~ sömu stærð. Bærinn á að snúa hliðinni upp að Vesturgötu og standa í beinni línu við húsin að austan og vestan, að því leyti sem stefnuskekkja þessara húsa leyfir.
4. Gísla Tómassyni gefinn kostur á, út að beiðni frá honum í brjefi 20.p.m., að fá til bráðabirgða lóðarspildu til kálgarðsræktunar norður frá lóð hans í Hlíðarhúsamýri, 19 x 22½ al að stærð, þannig að hann slepti lóðinni endurgjalds-

laust eptir kröfu byggingarnefndarinnar, þegar á henni þyrfti að halda undir götur eða hús eða sem húslóð.

Allir á fundi nema Óle Finsen og Magnús Árnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Björn Jónsson
Þórh. Bjarnason.

Ár 1890, þ.4. dag júlímán átti byggingarnefndin fund með sjer þá var:

1. Jóni Hörundssyni á Helgastöðum var mælt kálgarðsstæði fyrir vestan bæ hans, að stærð $26\frac{1}{2}$ al frá A-V og $31\frac{1}{2}$ al frá N-S. Brjef 18/6.
2. Samþykkt að Jón Jónsson byggði skúr, að stærð 2×2 al við dyr á húsi sínu sunnanvert við Laugaveg. Brjef 21/6.
3. Katli Bjarnasyni útvísað bæjarstæði og lóð til kálgarðsræktunar sunnanvert við Laugaveg milli lóðar Ásgráms Gíslasonar að austan og Þórodds Bjarnasonar að vestan. Bærinn verður 11×7 al að stærð í rjettri stefnu eptir túnaröðinni sunnan við veginn. Lóðin er 25 al meðfram veginum og 50 al suður frá honum uppí holtið, rjetthyrndur þerhyrningur. Brjef 1/7.
4. Þórði Stefánssyni mæld lóð til kálgarðsræktunar vestanvert við bæ hans, Bjarghús við Klapparstíg, að stærð $21\frac{1}{2}$ al frá A-V og 17 al frá N-S. Brjef 9/6.
5. Samþykkt, að Pjetur Hjaltested byggði skúr $3 \times 4\frac{1}{2}$ al að stærð við íbúðarhús sitt norðanvert við Laugaveg. Brjef 12/6.
6. Samþykkt að bær á Stuðlakotslóð, tilheyrandi dánargjöf Jóns Árnasonar, yrði endurbættur, þannig að veggirirnir yrðu hækkaðir um 1 al og lagt á hann járnþak. Brj. 4/7.
7. Jóhannesi Zoëga mælt kálgarðsstæði norðan við hús hans í Nýlendugötu vestur að girðingum Guðl. Guðmundssonar, að stærð 30 al frá A-V og $26\frac{1}{2}$ al frá N-S. Brj. 21/5.
8. Þorsteini Jónssyni á Eiðsstöðum í Selsholti mæld kálgarðs-

lóð hjá húsi hans þar. Norðurhlið lóðarinnar er $33\frac{1}{2}$ al suðurhliðin $44\frac{1}{2}$ al og austur og vesturhliðin 40 al. Lóð þessa lætur hann af hendi endurgjaldslaust, eða svo mikið af henni, sem þarf, þegar að því kemur, að vegur verði lagður yfir hana. Brj. 2/6.

9. Margrjetí Þorleifsdóttur útvísar lóð undir bæ og kálgarð á Bráðræðsiholti, útnorður frá Lágholti, neðan við sjóinn, austanvert við Bráðræðisblett. Bærinn verður að stærð 9 x 7 al og lóðin er 40 al í ferhyrning. Brj. 19/6.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason. Þórhallur Bjarnason fór af fundi sökum lasleika, þegar 6 fyrstu málefnum var lokið, og jafnsnemma kom Björn Jónsson á fundinn.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórhallur Bjarnason Björn Jónsson

Ó. Finsen M. Árnason.

Á-r 1890, 2. dag septembermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Formaður lagði fram brjef dags. 5.f.m. frá bæjarfulltrúa Guðlaugi Guðmundssyni viðvíkjandi ýmsum breytingum við opið brjef 29.maí 1839, en hann álitur æskilegar. Brjef þetta hefur bæjarstjórnin sent byggingarnefndinni til álita. Eptir nokkrar umræður var málinu frestað til næsta fundar.
2. Geir Zoëga var leyft að byggja skúr við norðurendann á geymsluhúsi hans vestanvið Glasgow.
3. Ólafi Sveinssyni var leyft eptir beiðni í brjefi 31.júlí að byggja hús á lóð sinni við Austurstræti 14 al langt og 12 al breitt. Hin eldri hús rífur hann jafnframt niður. Hið nýja hús á að standa jafnlangt frá götunannunni og í sömu stefnu eins og leikfimi hús barnaskólans að austan og hið nýja verzlunarhús Eypórs Felixsonar að vestan. Eigandi lóðarinnar næst fyrir vestan, Steingrímsson kaupmaður Johnsen

var viðstaddur og leyfði Ólafi Sveinssyni að setja húsið $1\frac{1}{2}$ al frá lóðartakmörkunum.

4. Björn Guðmundsson ~~snikkar~~ hafði byggt ofan á geymsluhús sitt í Skólastræti, og hafði byggingarnefndin ekkert að athuga við það.
5. Guðmundi Hallssyni snikkara var útvísað lóð og hússtæði norðanvið Laugaveg næst fyrir austan lóð Guðmundar Guðmundssonar. Hin útvísaða lóð er 25 al meðfram veginum og 47 al norður frá veginum. Húsið verður að stærð 9 x 9 al. og snýr hliðin að veginum jafnlangt frá honum og í sömu stefnu, sem húsin fyrir vestan það. Brjef 27.f.m.
6. Þorvarður Daníelssyni við Lindargötu var eptir beiðni hans í brjefi 8.f.m. mæld lóðarviðbót austan fram með lóð hans $7\frac{1}{2}$ al frá A-V og 40 al frá N-S.

Allir á fundi nema Björn Jónsson.

Fæira eigi fyrir Fundi slitið.
tekið.

Halldór Daníelsson Þórhallur Bjarnason Ó. Þinsen

M. Árnason Helgi Helgason.

Ár 1890, 8.dag septembermán átti byggingarnefndin fund með sjer:

1. Var Jóni Hannessyni í Austurkoti í Kaplaskjóli mæld lóð til viðbótar við kálgarð $20\frac{1}{2}$ al frá A-V og $42\frac{1}{2}$ frá N-S.
2. Steinunni Guðmundsdóttur Nýborg í Kaplaskjóli var útvísað lóðarviðbót, framhald af lóð hennar til norðurs $35\frac{1}{2}$ al í ferhyrning.
3. Gunnlaugi Pjeturssyni og Gísli Finnssyni var útvísað sem lóðarviðbót stykkið milli húsa þeirra nr. 1 við Framnesveg og nr. 53 við Vesturgötu, að stærð til jafnra skipta 70⁴ fer al. Auk þess var Gísli Finnssyni veitt viðbót sunnan við lóð hans 120 fer al að stærð.

Allir á fundi nema Björn Jónsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen M. Árnason

Helgi Helgason Þórh. Bjarnason.

Ár 1890, 17.dag septembermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og tekin fyrir þessi málefni:

1. Út af beiðni, sem nefndinni hafði borizt frá Ólafi Þórðarsyni, Torfa Þórðarsyni, Árna Eiríkssyni, Jóni Þórðarsyni og Oddi Helgasyni um að fá útvísaðar lóðir til kálgarðsræktunar í Hlíðarhúsamýri, ákvað nefndin að taka fyrir allar kálgarðsútmælingar í mýri þessari, með því að hún óttast, að það fæli menn frá að biðja um hússtæði í mýrinni, ef hún verður öll yrkt upp í kálgarða. Var því ofanefndum mönnum synjað um beiðni þeirra.
2. Málefnið um endurskoðun á opnu brjefi um byggingarnefnd í Reykjavík 29.maí 1839, sem frestað var á fundi 2.p.m., var því næst aptur tekið til umræðu og varð nefndin ásátt um að leggja það til:
 - a) að ákvæði opna brjefsins um afskipti amtsins af byggingarnefndarmálefnum bæjarins og um afstöðu bæjarstjórnarinnar gagnvart byggingarnefndinni verði látin standa óbreytt.
 - b) Að samfelld bygging timburhúsa allt að 60 al löng verði leyfð, þegar byggingarnefndin eigi álfur neitt sjerstaklega varhugavert við það, að öðru leyti sjeu hin eldri ákvæði um fjarlægð milli húsa óbreytt að því er timburhús snertir, en að steinhús öll og hús með steingöflum megi byggja í samfellu.
 - c) að allar húsabyggingar úr torfi sjeu bannaðar, nema í úthverfum kaupstaðarins, og þó því að eins leyfðar þar, að samþykki byggingarnefndarinnar komi til.

- d) að byggingarnefndin geti bannað með 2/3 atkvæðum allra nefndarmanna, að reisa hús og girðingar eða ganga þannig frá þeim hið ytra, að til lýta sje eða óþrýði fyrir bæinn, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það er áfátt þykir, en að hlutaðeigandi geti skotið slíkri ályktun nefndarinnar undir úrskurð amtamanns sem staðfestir hann eða ógildir.
- e) að hver sá, sem byggir nýtt hús, eða gjörir verulegar breytingar á eldra húsi, sje skyldur til áður en hann byrjar húsgjörðina að láta byggingarnefndinni í tje, ef hún krefst þess, uppdrátt af húsinu, er sýni ljóslega hið áformaða fyrirkomulag þess.
3. Skotfjelinu var eftir beiðni í brjefi 12.p.m. leyft að byggja skúr við austurhlið skothússins 4 x 4 al að stærð, og útvísuð lóð fyrir leikvöll kringum Skothúsið 50 al í ferhyrning, nær lóðin 5 al upp fyrir (vestur fyrir) skothúsið og fastað Meðkotstúngarði að norðan.
4. Markúsi Þorsteinssyni skóara var eftir beiðni í brjefi 4.p.m. útvísuð lóð undir hús 9 x 8 al að stærð norðan við Laugaveg næst fyrir austan lóð Guðmundar Hallssonar, á húsið að vera jafnlangt frá götunni og í sömu stefnu sem hin vestari hús fram með veginum, óbyggð lóð var honum ng mæld 25 al fram með veginum og 50 al norður frá honum, ferhyrnt stykki og er húslóðin fólgin í því.
5. Sveini Ólafssyni eftir beiðni í brjefi 8.p.m. leyft að byggja steinbæ 7 x 10 al að stærð vestanvert við væntanlegt framhald af Smiðjustíg og norðanvert við hinn fyrirhugaða Steinstaðarstíg. Óbyggð lóð var honum mæld ferhyrnt stykki 37 al frá A-V og 45 al frá N-S þar í er talin bæjarlóðin.
6. Sigurði Jónssyni í Korthúsum veitt lóðarviðbót að stærð 57 x 26 al fyrir austan lóð hans. Honum leyft að byggja steinbæ á lóð sinni 7 x 9 al að stærð.

Allir á fundi. Björn Jónsson gekk af fundi, er 2 hin fyrstu málefni voru rædd.

Fundir slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Ó. Finsen
Björn Jónsson Þórhallur Bjarnason M. Árnason

Ár 1890, þ.7.dag októbermán. átti byggingarnefndin fund með sjer.

1. Páli Sigurðssyni snikkara var útvísuð lóð að stærð 30 x 30 al norðanvert við Laugaveg fast við lóð Markúsar Þorsteins-sonar að vestan. Hússtæði var honum mælt á lóðinni 12 al á lengd og 10 al á breidd, í sömu stefnu og húsin í röðinni fyrir vestan. Brjef 3/10.
2. Skúla Jónssyni var útvísuð lóð sunnanvert við Laugaveg næst fyrir austan lóð Egils Diðrikssonar 30 al fram með veginum og 40 al suður frá honum. Honum var mæld lóð undir hús 9 x 8 al að stærð, sem á að standa í sömu stefnu og húsin í röðinni fyrir vestan það. Brjef 21.sept.
3. Guðna Guðnasyni var veitt lóðarviðbót til kálgarðsræktunar 25 x 17 al að stærð suður frá eldri lóð hans. Brjef 21.sept.
4. Gissuri Guðmundssyni var veitt viðbót við lóð hans í Skuggahverfi, 3 x 30 al að stærð. Brjef 18.sept.
5. Jóhannesi Jónssyni (Tjarnargötu 4) var útvísuð lóð og bæjarstæði í Þingholtum fyrir austan lóð Halldórs Sigurðssonar (Litlugrund). Stærð allrar lóðarinnar 29 x 53½ al, bæjarstæði 10 x 8 al. Bærinn á að snúa frá A-V og hliðin á honum ná jafnlangt norður og gaflarnir á húsunum fyrir ^{austan} ~~suðan~~ og vestan. Brjef 18.sept.
6. Einari Ólafssyni var útvísuð lóð til kálgarðsræktunar 30 x 30 al að stærð sunnanvert við Skólavörðustíg niður eptir (vestur eptir) frá klöpp þeirri sem er suður frá Skólavörðunni. Brjef 16.sept.

7. Þorsteini Þorssteinssyni í Skálholtskoti var útvísuð lóð til kálgarðsræktunar í krikanum fyrir austan lóð Hannesar Hanssonar og sunnan við lóð Sigríðar á Sigríðarstöðum. Stærð 28 x 41½ al. Brjef 24.sept.
8. Eyjólfí Ófeigssyni var leyft að byggja skúr austan við hús sitt í Þingholtsstræti 3½ x 3 al að stærð. Brjef ódags.
10. Halldóru Álfadóttur í Akurgerði var útvísuð lóðarviðbót til kálgarðsræktunar 711 feral að stærð. Brjef 1.okt.
11. Gísla Þorkelssyni í Hjallhúsi í Grjótagötu var útvísuð lóð til kálgarðsræktunar fyrir sunnan Nýjatúnið vestur frá Akurgerði 60 x 45 al að stærð. Brjef 15.sept.

Allir á fundi nema Magnús Árnason.

Ár 1890, p. 7. dag að Fundi slitið.

Halldór Daniélfsson Helgi Helgason Björn Jónsson

Þórhallur Bjarnason

Ár 1890, p. 8.d. októbermán. var fundur haldinn í byggingar-nefndinni.

1. Sigurði Bjarnasyni Vesturgötu nr. 17 var útvísað lóð og hússtaði norðanvert við Nýlendugötu. Lóðin er 32 al frá A-V og 30 al frá N-S. Húsið verður 8 x 8 al að stærð. Brjef 7.okt.
2. Ásmundi Ásmundssyni í Bræðraborg var útvísuð lóð á Sels-holti fyrir sunnan lóð Eiríks Eiríkssonar og Jóns Jónssonar (Hamarsgerði) 40 al í ferhyrning, og leyft að byggja bæ á lóðinni 10 x 8 al að stærð. Bærinn á að standa vestast á lóðinni og snúa frá N-S. Brjef 22.sept.
3. Jóni Jónssyni Hamarsgerði á Selsholti var mælt lóðarviðbót 5 x 25 al að stærð.
4. Markúsi Guðmundssyni og Guðmundi Sigurðssyni var leyft að byggja skúr við hús þeirra Skuld við Framnesveg 3 x 3 al að stærð. Brjef 29/9.
5. Halldóri Þ. Halldórssyni í Lindargötu var útvísað lóðar-

viðbót til kálgarðsræktunar 26 $\frac{1}{2}$ x 17 al að stærð. Brjef 10. sept.

6. Jóni Magnússyni, Bráðræði var útvísað lóð til kálgarðsræktunar 32 x 18 $\frac{1}{2}$ al að stærð í króknum fyrir norðan Gíslakot á Bráðræðisholti. Brjef 29.sept.

7. Guðmundi Þorsteinssyni í Birtingaholti var veitt lóðarviðbót til kálgarðsræktunar 15 x 25 al að stærð. Brjef 23.sept.

Allir á fundi nema Björn Jónsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Ó. Finsen

Þórhallur Bjarnason M. Árnason.

Ár 1890, þ.7. dag nóvembermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Gunnari Gunnarssyni var veitt viðbót við lóð hans að norðanverðu 20 al frá N-S og 32 al frá A-V með því skilyrði að hann slegti viðbótinni endurgjaldslaust allri eða svo miklu af henni, sem byggingarnefndinni þætti þurfa, þegar Nýlendugata verður lengd allt vestur að Bakkastíg. Brjef 24.okt.

2. Eyvindi Jónssyni við Bræðraborgarstíg var leyft að byggja skúr 4 x 4 al að stærð á eigin lóð við endann á hjalli hans. Brjef 3.p.m.

3. Guðjóni S. Jónssyni Há bæ var útvísað kálgarðsstæði fyrir sunnan hinn nýja Kaplaskjólsvæg, milli vegarins og Sauðagerðistúns, ferhyrnda spildu. Brjef 10.okt.

4. Hermann Guðmundssyni Litlasteinsholti leyft að byggja steinhús 9 al langt og 8 al breitt á lóð hans við Framnesveg, þannig að húsið sje jafnlangt frá veginum og snúi eins við honum og bæirnir fyrir austan og vestan það. Brjef 28.okt.

5. Magnúsi Ólafssyni leyft að byggja skúr við vesturgaflinn

- á húsi hans í Grjótaporpi, jafnbreiðan húsinu $9\frac{1}{2}$ al og 4 al á lengd. Brjef 17.okt.
6. Andrjesi Bjarnasyni við Laugaveg leyft að bæta við lóð sína ræmu meðfram Laugavegi 2 al breiðri og 35 al langri, þó þannig að hann sleppi þessari viðbót endurgjaldslaust, ef lögð verður stjett (fortog) meðfram veginum þar. Brjef 18.okt.
7. Jóni Jónssyni Jörgensbæ var útvísað lóðarviðbót meðfram Lindargötu 36 x 9 al að stærð. Brjef 6.nóv.
8. Magnúsi H. Guðnasyni og Jónasi Jónssyni við Klapparstíg var útvísað kálgarðsstæði 60 al í hvert horn fast norðan við Litlaholtsblett, þannig að hvor þeirra fær helming lóðarinnar. Brjef 14.okt.
9. Guðna Símonarsyni var útvísað viðbót sunnan við lóð hans 10 x 29 al að stærð. Brjef 6.nóv.
10. Arnbirni Ólafssyni var neitað um hússtæði í fjörunni fyrir vestan bryggju P. C. Knudtson & Sön, þar með byggingarnefndin áleit sjálfsagt að geyma hina umbeðnu lóð til bygginga í þarfir bæjarins, ef á þyrfti að halda. Brjef 7.okt.

Allir á fundi, nema Magnús Árnason. Að afloknum 4 fyrstu málefnum gekk Þórhallur Bjarnason af fundi sökum embættisanna.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Björn Jónsson Helgi Helgason

Ár 1890, þ.5. desember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

Var þá

1. Birni Kristjánssyni leyft að byggja skúr norðan við hús sitt í Vesturgötu $5\frac{1}{2}$ x 4 al að stærð, brjef 28/11.
2. Jóni Þórðarsyni leyft að flytja smíðahús, er hann átti á bakkanum fyrir neðan Hlíðarhúsamýri, heim á lóð sína í Vesturgötu, brjef 20/11.

3. Magnúsi Finnssyni, Markúsi Guðmundssyni og Guðmundi Sigurðessyni, öllum í Skuld við Framnesveg útvísað til jafnra skipta lóð til kálgarðsræktunar á Bráðræðisholti suður frá Birtingaholtslóð. Lóðin er öll 75 x 35 al að stærð, brjef 13/11.
 4. Þorkeli Eiríkssyni útvísað kálgarðslóð að útnorðanverðu við Sauðagerðistúngarð. Stærð: 50 al að V. 35 al að S, 40 al að A. og 50 al. að N. Brjef 19/11.
 5. Árna Jóhannessyni var útvísuð lóð norðanvert við Laugaveg, er Markús Þorsteinsson hafði fengið sjer útmælda 18.sept. þ.á., en afsalað sjer aptur. Lóðin er 25 al meðfram veginum og 50 al norður frá honum í ferhyrning. Var Árna leyft að byggja hús á lóðinni í beinni stefnu við húsin fyrir vestan 14 al langt fram með veginum og 12 al breitt. Brjef 1/12.
 6. Samþykkt stækkun á húsi Jul. Schou nr. 12 við Laugaveg, er hann áður hafði tilkynnt nefndinni. Húsið er lengt austureftir og er viðbótin $6\frac{1}{2}$ x $8\frac{1}{2}$ al. Brjef 11/11.
- Allir á fundi, nema Magnús Árnason. Þórhallur Bjarnason gekk af fundi, að afloknum málefnum 1 - 4.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Björn Jónsson

Ár 1891, 14.janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og komu fyrir þessi málefni:

1. Sigurði Friðrikssyni var veittur viðauki sunna við lóð hans við Laugaveg, og er viðbótin $16\frac{1}{2}$ al frá N-S og 36 al frá A-V. Brjef 8/1.
2. Jens Jóhannessyni var sömuleiðis veitt viðbót við lóð hans sunna við Laugaveg, og er viðbótin 26 al frá A-V og 33 al frá N- S. Brjef 9/1.
3. Ennfremur var Þorsteini Narfasyni veitt viðbót við lóð hans við Laugaveg 30 al frá A-V og 22 al frá N-S.
4. Guðmundi Jóhannessyni í Bakkabúð var leyft að byggja steinbæ

- norðanvert við austurendann í Lindargötu, 9 al langan og 6 al breiðan, með hliðina að götunni og sömu fjarlægð frá henni, sem bær Brynjólfs Eiríkssonar, brjef 2/1.
5. Grími Þorkákssyni í Stafni var mæld lóðarviðbót vestanvert við Ingólfsstræti áfast við lóð hans. Viðbótin að stærð 18 al frá A-V og 9 al frá N-S. Brjef 7/1.
6. Runólfi Runólfssyni var leyft að byggja fjós o.fl. austur úr húsi sínu við Sjúkrahússtig, hin nýja bygging á að verða 5 x 6 al að stærð. Brjef 27/11'90.
7. Byggingarnefndin samdi við Bjarna Jakobsson á Hliði um, að kálgarðspartur, sem tekinn hafði verið af Hliðarlóðinni undir Kaplaskjólsveginn, 166 fer al. að stærð, yrði endurgöðinn úr bæjarsjóði með 25 kr.
8. Skúli Jónsson afsalaði sjer lóð, er hann fjekk útvísaða við Laugaveg 7.okt. f.á. Brjef 5.p.m.
9. Ingimundi Þórðarsyni á Reynistað var veitt lóðarviðbót að stærð 1417 ferál. Brjef 18/12'90.

Allir á fundi nema Björn Jónsson og Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson M. Árnason Ó. Finsen Þórhallur Bjarnason

Ár 1891, 26.dag janúarmán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni og þá tekin fyrir þessi málefni:

1. Var Sveini Sveinssyni snikkara útvísað byggingarstæði á Skaptabæjarlóð undir hús 10 al langt og 11 ál. breitt. Húsið á að snúa hliðinni fram að Bankastræti og standa í sömu línu sem húsið nr. 12 næst fyrir vestan og 10 al frá því.
- Sama manni var útvísað lóðarviðbót austan við Skaptabæjarlóð 416 feral. að stærð, en hann afsalar aptur bænum sneið norðan af hinni eldri lóð meðfram Bankastræti 210 fer al. að stærð, og greiðir lóðargjald af mismuninum 206 fer al. Sveinn lofaði að rífa niður Skaptabæinn gamla ekki seinna en næsta ár.

Brjef dags. 23.jan.

2. Var Guðmundi Guðmunðssyni snikkara útvísað hússtæði í Þingholtunum vestanvert við Bergstaðastræti milli Guðnabæjar og Brennuhúss. Húsið á að vera 10 al langt og 8 al breitt og standa í stefnunni Miðgrund - Bjargarstéinn. Óbyggða lóð fjekk sami maður mælda á sama stað, 1545 fer al að stærð þar í er fólgin húslóðin. Brjef 20. jan.
3. Guðna Einarssyni var veitt lóðarviðbót, skák milli bæjar hans (Guðnabæjar) og Bergstaðastrætis, 170 fer al að stærð.
4. Ástríði Erlindsdóttur var útvísað bæjarstæði og kálgarðslóð við Klapparstíg að vestanverðu næst fyrir norðan steinstaðalóð. Bærinn á að vera með steinveggjum og járnþaki 10 al langur og 7 al breiður og standa í sömu fjarlægð frá stígnum, sem húsin fyrir sunnan og norðan. Lóðin, þar með talið hússtæðið er 910 fer al að stærð, og á að vera 3 al breiður gangur norðan fram með lóðinni.
5. Ákveðið var hússtæði Sveins Ólafssonar á lóð er hann áður hefur fengið útmælda í Skuggahverfi. Skyldi húsið standa vestanvert við væntanlegt framhald af Smiðjustíg og jafnlangt frá stígnum sem hús þau, er nú eru vestanvert við hann.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Helgi Helgason

M. Árnason Ó. Finsen Jón Jensson

Ár 1891, laugardaginn 7. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá

1. Guðmundi Guðmundssyni verzlunarmanni útvísað hússtæði og lóð við Laugaveg að sunnanverðu milli húsanna nr. 20 og nr. 24. Húsið á að vera 12 al langt og 10 al breitt úr steini og standa í sömu stefnu og fjarlægð frá veginum sem húsið nr. 20. Lóðin 40½ al fram með veginum og 38 al suður frá honum í ferhyrning. Milli lóðarinnar að austan og húseignarinnar

nr. 24 er mæld sama 5 al breið, ætluð undir veg.

2. Sigurði Benediktssyni veitt viðbót við lóð hans við Klapparstíg, 5 x 31 al stór sama norðan við eldri lóðina.

Allir á fundi nema Jón Jensson og Magnús Árnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Þórh. Bjarnason Helgi Helgason

Ár 1891, 21. dag febrúarmán. átti byggingarnefndin fund með sjer:

1. Var Guðmundi Þórðarsyni bæjarfulltrúa útvísað hússtæði á lóð hans sunnanvert við Vesturgötu. Húsið verður byggt úr steini 13 al langt og 11 al breitt. Hliðin snúi fram að götunni og standi húsið jafnlangt frá henni og í sömu stefnu sem húsið nr. 11. Brjef 21/2.
2. Gunnari bæjarfulltrúa Gunnarssyni fyrir hönd framfararfélags Reykjavíkur var útvísað hússtæði sunnanvert við Vesturgötu næst fyrir vestan húsið nr. Húsið á að standa í sömu beinu línu sem önnur hús í götunni og vera 8 x 8 al að stærð Óbyggð lóð, sem fylgji húsi þessu, var og útvísuð 25 al með fram götunni og 33½ al suður frá henni, rjetthyrndur ferhyrningur. Hússtæðið er á þessari lóð. Brjef 18/2.
3. Guðmundi Jónssyni í Norðurbæ í Sauðagerði var útvísað viðbót við kálgarðslóð hjá bæ hans 23 x 36 al að stærð. Brjef 14/1.
Fellur Burtu.

Allir á fundi nema Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson M. Árnason Jón Jensson

Helgi Helgason Þórh. Bjarnason

Ár 1891, laugardaginn 7. marz var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og tekið fyrir:

1. Beiðni frá Andrjesi söðlasmið Bjarnasyni í brjefi 19.f.m. um að mega breikka hús við Laugaveg 3 álnir norður á við.

Hin umbeðna útvísun var veitt, og eykst byggð lóð beiðandans um 36 fer al, með því að húsið er 12 al langt, en óbyggð lóð minnkar að sama skapi.

2. Beiðni frá Einari snikkara Jónssyni í brjefi 17.f.m. að mega gjöra fordyri við hið efra (eystra) hús hans Skólastræti. Var þetta leyft, og verður fordyrið 2 x 2½ al að stærð.
3. Beiðni frá Benedikt Samsonarsyni járnsmið um að mega byggja hús 12 al langt og 10 al breitt, úr smiðju, sem hann á á Skálholtslóð. Húsið á að vera portbyggt, með steinveggjum og járnþaki, á að vera smiðja niðri, en íbúð uppi. Hin umbeðna útmæling var veitt. Framanefnd smiðja er 8 x 7 al að stærð, byggð lóð beiðandans eykst því um 64 fer al, en óbyggð lóð hans minnkar jafnmikið.

Allir á fundi nema Magnús Árnason og Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Jón Jensson

Þórh. Bjarnason.

Ár 1891, 21. marz var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá

1. Markúsi Bjarnasyni leyft að lengja hús sitt 9 al vestur eptir, húsið er 13 al á breidd. Brjef 4.p.m.
2. Teiti Th. Ingimundarsyni mæld viðbót við lóð hans í Suðurgötu, 30 al. austur í tjörnina og jafnbreið hinni eldri lóð, eða alls 30 x 30 al. Brjef 18.p.m.

Allir á fundi nema J. Jensson og Ó. Finsen.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Þórh. Bjarnason M. Árnason

Ár 1891, þ.4. dag aprílmánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá Magnúsi G. Guðnasyni steinsmið eptir beiðni í brjefi 19.f.m. leyft að byggja geymsluhús 6 x 7½ al að stærð

á lóð hans við Skólavörðustíg fyrir sunnan íbúðarhúsið.

Allir á fundi nema Jón Jensson og M. Árnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Ó, Finsen Þórh. Bjarnason

Ár 1891, 25. dag aprílmán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og voru allir nefndarmenn á fundi. Var þá Þorsteini Einarsyni þjaturssmið útvísað lóð sunnanvert við Laugaveg næst fyrir austan lóð hússins nr. 36, 35 al fram með veginum og 100 al

suður frá honum, rjetthyrndur ferhyrningur. Hús var honum leyft að byggja á lóð þessari 12 x 12 al að stærð með hlið fram að götunni og jafnlangt frá henni og í sömu stefnu sem húsið nr. 36. Beiðandinn var viðstaddur útmælingargjörðina.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Jón Jensson

Ó. Finsen Þórh. Bjarnason M. Árnason.

Ár 1891, 2. maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni og þá

1. Halldóri Sigurðssyni leyft að byggja skúr við norðurgaffl á húsi sínu í Bergstaðastræti, 7 al breiðan eins og húsið og 5 al langan, þó með því skilyrði að hann tæki skúrinn burtu, ef hann yrði fyrir eða ef nærri götu, er þar kynni að verða lögð.

2. Jul. Schou leyft að stækka geymsluhús á lóð sinni við Laugaveg, þannig að stækkunin verði 5 x 8 al.

3. Pjetri Hjaltested leyft að byggja geymsluhús á lóð sinni við Laugaveg 5 x 8 al að stærð.

Allir á fundi nema Jón Jensson og Magnús Árnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó, Finsen Helgi Helgason

Ár 1891, 26 dag maímánaðar var fundur haldinn í byggingarnefnd.

inni og var þá Ásmundi Guðmundssyni leyft að byggja upp steinvegg undir bæ sinn nr. 50 í Vesturgötu (Grímsbæ), setja dyr á suðurhlið hans og gjöra skúr þar fram af 3 x 3 al að stærð með burstmynduðu þaki.

Fleira var ekki gjört.

Allir á fundi nema Magnús Árnason

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Jón Jensson

Ó. Finsen Þorh. Bjarnason.

Ár 1891, 29. dag maímán. kom byggingarnefndin saman hjá lóð Teits Ingimundarsonar nr. 13 í Suðurgötu til þess að athuga nýja húsbyggingu, er Teitur hefur byrjað á án leyfis byggingarnefndarinnar. Hann var sjálfur viðstaddur. Hús það er áður stóð

á lóðinni hefur hann rifið niður til grunna, og er nú að byggja það upp aptur á sama stað jafnstórt (ummáli) en með töluvert hærri kjallara. Teitur kvað sjer hafa verið ókunnugt, að skylt væri að leita til byggingarnefndarinnar, þegar gömul hús væru byggð upp á sömu lóð og með óbreyttri stærð. Jafnvel þótt byggingarnefndinni, ef hennar hefði verið leitað í tíma mundi hafa krafizt þess, að húsið yrði látið snúa hlið, en ekki gafli að götunni og standa nokkuð fjær henni (austar) þó þótti nefndinni þessar breytingar eigi svo mjög áriðandi að henni fyrir þá sök virtist full ástæða að leggja fyrir Teit að fara húsið og snúa því, þar eð kostnaður sá, er þegar hefur verið lagður í byggingu þessa, einkum kjallarann, mundi þá verða byggjandanum að miklu leyti ónýtur. Byggingarnefndin leyfði því að húsið mætti standa, eins og það hafði verið reist,

en jafnframt lýsti Teitur því yfir og skuldbatt sig til áður 5 ár væru liðin, að byggja viðbót norðan við húsið þannig að það yrði helmingi stærra og sneri þá hliðin fram að götunni, og hagar hann byggingu þeirri sem hann hefur nú í smíðum

þannig, bæði að þaki gluggum og dyrum, að þessari viðbót verði síðar við komið .

2. Eftir tilfælingum fátækranefndarinnar samþykkti byggingarnefndin, að húslóð sú, er Sigurður Bjarnason þurfamaður fjekk útvísaða við Nýlendugötu 8. okt. f.á. væri 9 al frá A-V og 7 al frá N.-S í staðinn fyrir 8 x 8 al.

Allir á fundi nema Magnús Árnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Jón Jensson

Ó. Finsen Þórh. Bjarnason

Ár 1891, þ. 6. dag júnímán. átti byggingarnefndin fund með sjer:

1. Var eftir beiðni Á. Thorsteinssonar landfógeta, sem stjórnanda legats Jóns Árnasonar í brjefi 4. f. m. útvísað hjallstæði, 7 x 4½ al að stærð, á lóð legatsins í Stuðlakoti og standi hjallurinn í suðausturhorni lóðarinnar. Ákvað nefndin eftir ósk landfógetans, sem var viðstaddur, að láta mæla lóð þessa til lóðargjalds, sem áður hafði verið ónákvæmt reiknað. Suðurtakmörk lóðarinnar verða, eptúr ^{samkomulagi} ~~útkomulagi~~ milli landfógetans og lóðareigandans næst fyrir sunnan Árna pósts Gíslasonar, en fyrir hönd hans var mættur Benedikt járnsmiður Samsonarson - lína, sem gengur 1 1/4 al fyrir sunnan legatsbæinn í hæl, er rekinn var niður austast á takmörkum lóðarinnar.
2. Dr. med. J. Jónassen var leyft að byggja upp heyhús á lóð sinni og breikka það um 1 3/4 al húsið er 12 ál. á lengd. Brjef 1/6.
3. Björgu Jónsdóttur og Eihari Ingimundarsyni í Skálholtskoti var eftir beiðni í brjefi 3. þ. m. útvísað viðbót við lóð þeirra fyrir norðan Skálholtskotsstíg 32 x 12 al að stærð.
4. Sigurði Bjarnasyni á Grund í Þingholtum var útvísað lóðarviðbót suður af eldri lóð hans, 10 x 25 al að stærð.

5. Steingrími Jónssyni var útvísað viðbót við lóð hans við Klapparstíg 25 x 19 al að stærð. Hann samþykkti að Bergur Magnússon og Magnús Pálsson mætti hafa frjálsa umferð um 2 al breiða ræmu syðst á lóð hans til og frá lóðum þeirra út á Klapparstíg.
6. Bergi Magnússyni var útvísað viðbót við lóð hans fyrir vestan Klapparstíg 32½ x 11 al að stærð. Hann fjellst á, að Magnús Pálsson mætti hafa frjálsan gang yfir lóð þessa inn á kálgarðslóð sína næst fyrir vestan, með því að Magnús kemst ekki annarstaðar að henni. Brj. 5/6.
7. Ebenezer Helgasyni á Tóttum var leyft að gjöra skúr fram af bæjardyrum sínum 3 x 4 al að stærð. Brj. 22/5.
8. Húsnefnd Goodtemplaranna var leyft að byggja skúr 3 x 4 al að stærð norðan við og áfast við hús þeirra við tjörnina. Beiðni um langingu hússins 12 al. vestureptir var frestað, þangað til beiðendur fengi viðneskju um, hvort gjört yrði tilkall til lóðar handa alþingishúsinu suður í tjörnina fyrir vestan Goodtemplarahúsið.

Allir á fundi. Ó. Finsen og Magnús Árnason komu á fund eptir að fyrsta málefnið var lokið og Jón Jensson fór af fundi áður en síðasta málefnið var tekið fyrir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Helgi Helgason M. Árnason

Ár 1891, þ.8.dag júnímán. kom byggingarnefndin saman hjá bæ Jóns Ingimundarsonar á Selsholti til þess, eptir beiðni hans í brjefi 30.f.m. að útvísa honum bæjarstæði. Fyrir hönd beiðandans var viðstaddur sonur hans Gísli Jónsson. Var honum leyft að byggja bæ með steinveggjum og járnþaki, 9½ al langan 7 al breiðan, á sama stað er hinn gamli bær hans nú staður. Á þerinn að snúa frá A til V og suðurhlið hans vera í sömu lánu og norðurgafli á húsi Ingimundar Þórðarsonar (Reynistað).

Allir á fundi nema Magnús Árnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Helgi Helgason Jón Jensson.

Ár 1891, þ.9.dag júnímán. kom byggingarnefnd saman hjá húsi dr. J. Jónassen í Lækjargötu. Eftir ósk hans var útmæling sú, er hann fjekk á fundi nefndarinnar 6.þ.m., til að breikka heyhús á lóð sinni, felld úr gildi, og hefur hann látið rífa heyhús þetta til grunna, í stað þess var honum leyft að byggja hey- og geymsluhús 14 al langt og 8 al breitt fyrir austan hús hans nr. 17 í Pósthússtræti og sömu stefnu frá A-V með hlið fram að götunni. Hið niðurrifna heyhús var 11 3/4 al x 6 al að stærð.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson M. Árnason Þórh. Bjarnason

Helgi Helgason Jón Jensson Ó. Finsen

Ár 1891, 20.júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Bjarna Grímssyni á Grímsstöðum var útvísað bæjarstæði á lóð hans á Grímsstaðaholti fyrir vestan Grímsstaði. Þerinn verður 7 x 10 al að stærð, byggður úr grjóti. Að undirlagi bæjarstjórnarinnar var Bjarna enn fremur mæld viðbót við tún hans að sunnanverðu ferhyrnd spilda c. ½ dagsláttu (462 frh.faðma) að stærð.
2. Runólfi Árnasyni var útvísað kálgarðsstæði 54 x 30 al að stærð milli Kaplaskjólsvegar og Sauðagerðistúns við hliðina á kálgarði Guðjóns S. Jónssonar.

Allir á fundi nema Magnús Árnason

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Helgi Helgason Jón Jenson .

Ár 1891, 23. dag júnímánaðar var fundur haldinn í byggingar-
nefndinni, og var þá Jóhönnu Jónsdóttur í Móhúsum eptir beiðni
hennar í brjefi dgs. sama dag útvísað kálgarðsstæði norðan
við kálgarð Þorvalds Klængssonar og norðan við Móhúsatún austan-
vert. Hin útvísaða kálgarðslóð er 30 al frá A-V og 48 al frá
N. - S.

Allir á fundi nema Magnús Árnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Jón Jensson Ó. Finsen Helgi Helgason.

Ár 1891, 4. dag júlímánaðar var fundur haldinn í byggingarnefnd-
inni og var þá

1. Hannesi Þórðarsyni skósmið útvísað lóð austanvert við Klapp-
arstíg 19 $\frac{1}{2}$ al fram með stígnum og 32 $\frac{1}{2}$ al austur frá honum.
Á lóð þessari var honum og leyft að byggja steinbæ með jarn-
þaki 10 x 8 al að stærð, í sömu stefnu og jafnlangt frá
stígnum sem húsin næst fyrir norðan og sunnan.
2. Ásmundi kand. Sveinssyni leyft að byggja skúr á lóð
sinni 4 x 8 al að stærð, ef hann gæti fengið samþykki lóðar-
eigandans að austanverðu, að mega byggja nær lóð hans en í
5 al. fjarlægð.

Allir á fundi nema Jón Jensson og Þórhallur Bjarnason.

Fleira eigi gjört. Fundi slitið.

Halldór Danielsson M. Árnason Helgi Helgason Ó. Finsen

Ár 1891, 18. dag júlímán. var fundur haldinn í byggingarnefnd-
inni og þá tekið fyrir:

1. Beiðni frá húsnefnd Goodtemplarastúkmanna "Einingin" og
"Verðandi" um útmæling undir viðbót eða lenging á húsi
stúkmanna ~~um~~ við tjörnina um 12 al vestur eptir. Fyrir
hönd beiðendanna var Sigurður Jónsson fangavörður við staddur
og forseti neðri deildar alþingis, Þórarinn prófastur Böðvars-

son var mættur til að gæta rjettar þinghússins, og áleit hann, að það gæti eigi valdið neinum óþægindum eða бага fyrir þinghúsið eða afnot þess, þó að beiðni þessi fengi framgang, en hinsvegar lýsti hann því yfir, að hann gæti ekki fallið frá eða breytt ~~ákváðum~~ skilyrði því, er hefði verið sett við hina upphaflegu lóðarútvísun handa Goodtemplarahúsinu, að það yrði flutt burtu þaðan, sem það nú stendur ef landsstjórnin krefðist þess þinghússins vegna. Samkvæmt þessu var hin umbeðna útmæling veitt, og á hin fyrirhugaða viðbót að vera jafnbreið og Goodtemplarahúsið.

2. Beiðni frá W. ÓBreiðfjörð kaupmanni í brjefi 14.þ.m. um að mega hækka geymslhus vestur af norðurenda sölubúðar hans þannig að það yrði jafnhátt sölubúðinni. Með því að eigi er nema um litla hækkan að ræða, þótti byggingarnefndinni ekki næg ástæða til að synja þessari beiðni, en setti þó það skilyrði, að norðurveggur geymsluhússins yrði gjörður eldfastur og að beiðandinn fengi samþykki til hækunarinnar hjá lóðar eigandanum að norðanverðu, með því að geymsluhúsið stendur nær honum á lóð hans heldur en opið brjef 29.mai 1839 gjörir fáð fyrir. Ennfremur var sama manni leyft að hækka skúr á sunnanverðri lóð sinni út að Bröttugötu, þannig að hann yrði jafnhár sölubúðinni.

Allir á fundi nema Jón Jensson og Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson M. Árnason Helgi Helgason

Þórh. Bjarnason.

Ár 1891, 1.ágúst átti byggingarnefndin fund með sjer.

1. Sigríði Þorláksdóttur í Kasthúsum var leyft að byggja heyhús á útsuðurhorni lóðar sinnar, 6 x 4 al að stærð.
2. Eftir beiðni Árna Erlindssonar gekk nefndin upp hjá Sigríðarstöðum í Þingholtum, hefur Árni byggt það bæjartópt úr steini

10 x 7 al að stærð, samkvæmt útmælingu er henum var veitt í því skyni 2. maí þ. á. (hefur láðst að fara þá gjörð inn í bók þessa). Árni Óskaði nú að fá lóð útvísaða til yrkingar í kringum bæjarstæðið, en beiðni þessari var frestað, þangað til beiðandinn og lóðareigandinn að vestanverðu, Hannes Hansson gætu verið viðstaddir.

Allir á fundi nema Jón Jensson og M. Arnason.

1. Eira Einarssyni á Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Helgi Helgason Þórh. Bjarnason

Ár 1891, 19. dag septembermánaðar var fundur haldinn í bygginga-nefndinni:

1. Var Kr. Ó. Þorgrímssyni leyft að byggja hestaskúr 4 x 8 al að stærð í útnorðurhorni á lóð Geirs kaupm. Zoëga var viðstaddur fyrir hönd lóðareiganda. að vestanverðu, frú M. Helgesen, og samþykkti að skúrin yrði byggður á greindum stað, með því skilyrði að hann yrði tekinn burtu eða færður 5 al frá, ef á þyrfti að halda vagna bygginga á lóðinni nr. 8 á Kirkjubrú.
2. Guðmundi Þórðarsyni bæjarfulltrúa var leyft að lengja geymsluhús á lóð sinni í Vesturgötu um 3 al til norðurs.
3. Ólafi Björnssyni og Runólfi Runólfssyni á Bakka var útvísað kál- og kartöflugarðsstæði austanvert við Selsmýri og norður frá Reynistaðarlóð, 82 al frá N-S, 41 al frá A-V.
4. Halldóri Þ. Halldórssyni í Lindarbrekku var útvísað lóðarviðbót til kálgarðsræktunar vestan fram með eldri lóð hans 61 al frá N-S og 17 al frá A-V, þannig að vestur mörk lóðarinnar skulu vera $12\frac{1}{2}$ al frá skurðinum austan við Selsmýri.
5. Einari Bjarnasyni í Ráðagerði sömuleiðis útvísað lóð til kálgarðsauka vestan fram með lóð hans, norður frá lóðarauka Halld. Þ. Halldórssonar og $12\frac{1}{2}$ al austur frá skurðinum austan við Selsmýri, stærð: 16 x 40 al.

Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson M. Árnason Þórh. Bjarnason

Ó. Finsen Jón Jensson.

Ár 1891, 3. dag októbermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Ara Einarssyni á Tóptum var leyft að byggja skúr 4 x 4 al að stærð vestanvið og áfast við hjall þann er hann fjekk að byggja vestan við Klapparstíg 5. júní 1889 (bls. 84, 4. supra) og með sama skilyrði sem þá var sett. (Brjef 22/8).
2. Gunnlaugi Ólafssyni var útvísað lóð til bæjarbyggingar og kálgarðsræktunar fyrir norðan Eyólfstaði í Skuggahverfi 30 al frá N-S og 36 al frá A-V. Stærð bæjarins vestur seinna ákveðin (Brjef 29/9)
3. Sigurði Jónssyni á Byggðarenda var útvísað lóðarviðbót suður af eldri lóð hans 25 al frá N-S og 36 al frá A-V (Brj. 29/9).
4. Mattíasi Mattíassyni leyft að byggja útihús (fjár og hesthús) á lóð hans við Skólavörðuveg, jafnlangt frá veginum og í sömu stefnu sem steinhús hans, er nú stendur þar, útihúsið verður 13 al langt (frá A-V) og 5½ al breitt. (Brj. 9/9).

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson M. Árnason Þórh. Bjarnason

Ó. Finsen Helgi Helgason Jón Jensson

Ár 1891, 5. dag októbermán. átti byggingarnefndin fund með sjer:

1. Ólafi Þorkelssyni í Grundarkoti og Magnúsi Þórðarsyni á Litlabergi var útvísað kálgarðslóð í Þingholtum milli Grundarkotslóðar að norðan og Þyðstugrundar að sunnan, 50x20 al að stærð, helming hvorum, með því skilyrði að þeir

ljeti af hendi, þegar á þyrfti að halda svo mikið af lóð-
inni endurgjaldslaust, sem nauðsynlegt þætti undir veg.
(Brjef 14/9).

2. Var ákveðin lóð Árna Eiríkssonar með hinum nýja bæ er hann hefur byggt í sumar - í Þingholtum . Lóðin er 21 al frá A-V og 28 al frá N-S, og auk þess ræma norðan fram með lóðinni vestur með Sigríðarstaðalóð niður að syðri dyrastaf í garðshlíði á Steinsholti, ræma þessi er 150 fer al að stærð.
3. Var Hannesi Hanssyni veitt lóðarviðbót austur frá garðshlíði hans milli Valgarðsbæjarlóðar að norðan og Sigríðarstaðalóðar og lóðar Árna Erlindssonar að sunnan. Viðbót þessi er 546 fer al að stærð.
4. Gunnlaugi Guðmundssyni í Höltersbæ var útvísað lóðarviðbót austan við eldri lóð hans 22 x 9 al að stærð. Brjef 28.f.m. Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson M. Árnason Jón Jensson
Þórh. Bjarnason Ó. Finsen Helgi Helgason.

Ár 1891, þ.10.dag októbermán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Hirti Jónssyni á Reynimel var eptir beiðni í brjefi 30/10 útvísað lóð til kálgarðsræktunar milli Bergsholtslóðar og Melbæjarlóðar á Selsholti og austur að Landakotstúngarði lengd lóðar þessarar frá A-V er 60 al og breidd frá S-N að meðaltali 25 al.
2. Friðriku Þorláksdóttur eptir beiðni í brjefi 6.p.m. útvísað lóð til kálgarðsræktunar suður frá Melbæjarlóð á Selsholti að stærð 44 al frá N-S og 28 al að meðaltali frá A-V.
3. Oddi Oddssyni fyrir hönd Magnúsar Gunnarssonar sem er eigandi að Sellandi við Framnesveg, útvísað lóðarviðbót til kálgarðsræktunar vestan við Sellandslóð. Lóðarviðbót þessi er 50 al frá N-S, 17 al frá A-V og eru vesturtakmörk hennar 12½ al

frá skurðinum austanvið Selsmýri. Brjef 5.f.m.

5. Snæbirni Jakobssyni var útvísað lóð við Framnesveg milli Steinholts og Kröggólfsstaða, 25 al meðfram götunni og 50 al suður frá henni í ferhyrning, og leyft að byggja bæ á lóðinni með steinveggjum og járnþaki 9 al langan og 7 al breiðan, jafnlangt frá götunni og í sömu stefnu sem húsið í Steinsholti. Honum var gjört að skyldu að láta af hendi sneið af hinni útvísuðu lóð endurgjaldslaust, ef nauðsyn bæri til, undir veg sem væntanlega verður lagður yfir Selsholt niður á Framnesveg.
6. Valgarði kaupmanni Breiðfjörð var leyft að gjöra þá breytingu á geymsluhúsi, sem gengur vestur úr norðurenda á sölubúð hans í Aðalstræti, að syðri helmingu geymsluhússins, sem veit inn í garðinn yrði með tveimur loptum, en nyrðri helmingurinn skyldi vera óbreyttur.

Allir á fundi nema Ó. Finsen og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið
Halldór Daníelsson M. Árnason Helgi Helgason Jón Jensson

Ár 1891, 4. dag nóvembermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Einarí Einarssyni í Háholti eptir beiðni í brjefi 27. f.m. útvísað bæjar- og kálgarðslóð á Bráðræðisholti norður frá Lagholtslóð niður að sjó fyrir austan Sjávarborg. Lóðin er að stærð 40 al frá A-V og 57 al frá N-S, og skal vera 3 al breiður gangur milli hennar og Sjávarborgslóðar. Bærinn, sem á að vera 9 x 7 al að stærð, snúi frá A-V og var leyft að láta hann standa efst (syðst) á lóðinni.
2. Þorláki Halldórssyni var mæld lóðarviðbót norður frá bæ hans á Steinum á Bráðræðisholti 364 fer al að stærð.
3. Guðjóni Björnssyni var útvísað lóð til kálgarðsræktunar fyrir sunnan Einholtslóð og áfast við hana, að stærð 45 al í hvert

- horn, hin útvísaða lóð gengur jafnlangt austur og í sömu stefnu þeim megin sem austurmörk hinnar eldri Einholtslóðar.
4. Ásmundi Magnússyni í Skuld og Oddi Oddssyni á Sellandi var útvísað kálgarðsstæði á Bráðræðishloti, að stærð 48 x 44 al, helming hvorum.
5. Guðna Sveinssyni á Veðramóti og Jóhannesi Guðmundssyni í Brekku var útvísað sem lóðarviðbót til jafnra skipta stykki sem liggur milli lóða þeirra, og er að stærð $25\frac{1}{2}$ x 31 al.
6. Guðmundi Þorvarðarsyni Brekku útvísað lóð til stakkstæðis á Selsholti norður frá lóð hans, hin útvísaða lóð er 440 fer al að stærð.
7. Einari Einarssyni og Jörundi Einaradóttur var útvísað til kálgarðsræktunar fyrir sunnan kálgarðsstæði Runólfs Árnasonar ~~gætt~~ og austur að Sauðagerðistúngarði. Spilda þessi er 45 al meðfram veginum og 54 al austur frá honum.
8. Björn Jónsson ritstjóri hafði tilkynnt formanni, að hann ætlaði að byggja ofaná tröppupall og kjallaraskýli við austurenda á húsi hans, hafði hann nú lokið þessu verki. Byggingarnefndin athugaði og mældi þetta nýsmíði og kem það í ljós að öll þessi útbygging við austurenda hússins, bæði hin eldri (neðri) og hin nýrri (efri), sem nær c. $2\frac{1}{2}$ austur frá húsgaflinum, er að eins $7\frac{1}{2}$ al frá húsinu næst að austan nr. 10 í Austurgötu. Ákveðið var, að bera undir úrskurð amtsins, hvort nauðsyn bæri til, að leggja fyrir eigandann, að taka þessa útbyggingu burtu.

Fleira ekki gjört.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson M. Árnason Þórh. Bjarnason

Jón Jensson Helgi Helgason Ó. Finsen

Ár 1891, 7.dag nóvembermánaðar var fundur haldinn í byggingar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndinni.

1. Jóni Jónssyni í Jörgensbæ var útvísað bæjarstæði á lóð hans sunnan við Lindargötu. Þær þessi á að verða 7 x 10 al að stærð og standa fram með götunni í sömu fjarlægð og stefnu sem hinir bæirnir sunnan við hann.
2. Guðmundi Guðmundssyni á Laugavegi 27 var leyft að byggja skúr 5 x 6 al að stærð fram af dyrum á húsi sínu.
3. Sigurði Friðrikssyni sömul. leyft að byggja skúr fram af dyrum húss síns við Laugaveg 3 x 2½ al stóran.
4. Bjarna Halldórssyni í Kasthúsum var mæld lóðarviðbót, spildan milli Klapparstígs og lóðar hans, 12 x 37 al að stærð. Við þessa útmælingu var það gjört að skilyrði að Bjarni flytti bæ sinn vestur að götunni í stefnu við önnur hús þar, þegar hann byggði bæinn upp að nýju.
5. Sigríði Einarsdóttur Litlusmiðshúsum í Skuggahverfi var mæld viðbót við lóð hennar suður eptir jafnbreitt eldri lóðinni, og er viðbótin 44 x 29 al að stærð.
6. Gissuri Guðmundssyni í Litlabæ var mæld viðbót sunnan við lóð hans 28 x 50 al að stærð. Vestan með lóð þessari á að vera 2ja al breiður gangur, sem greini hana frá lóðunum fyrir vestan hana.
7. Brynjólfi Jónssyni í Kasthúsum var útvísað lóð suður frá lóðarviðbót Gissurar 50 x 50 al að stærð.
8. Jóni Valdasyni í Skólabæ leyft að lengja gemsluhús á lóð sinni, sem er 6 al breitt, um 4 al.
9. Ólafur Sveinsson Austurstæti nr. 5 hafði byggt salerni á lóð sinni 1 3/4 x 1 3/4 al að stærð, samþykkti byggingarnefndin að það mætti standa eins og hann hefir sett það.
10. Ásgrími Gíslasyni var leyft að byggja fjárhús á lóð sinni við Laugaveg 7 x 5½ al að stærð.

Allir á fundi nema Jón Jensson .

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Þórh. Bjarnason M. Arnason Helgi Helgas.

Ár 1891, 5. dag desembermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá

1. Magnúsi Benjamínssyni úrsmið leyft að byggja skúr á lóð sinni í Veltusundi $2\frac{1}{2} \times 3 \frac{1}{4}$ al. að stærð, sama manni útvísað bæjarstæði á erfðafestulóð hans í Norðurmýri 9×12 al að stærð.
2. Sigurði Benediktssyni leyft að stækka skúr við íveruhús hans við Klapparstíg um 6 fer. al.
3. Sigurði Þórðarsyni leyft að byggja yfir sund milli íveruhúss hans og geymsluhúss við Klapparstíg. Við það eykst byggð lóð hans um 18 fer. al.
4. Magnúsi Stefánssyni útvísað kálgarðslóð í Rauðarárholti austan frá túnstæði Bjarnar Guðmundssonar og fast upp að því, 75 al frá N-S og 24 al frá A-V.
5. Benedikt Samsonarsyni í Skálholtskoti leyft að byggja skúr sunnanvið hjall sinn, að stærð $3 \times 4\frac{1}{2}$ al.
6. Jóhannesi Pálssyni Klapparholti útvísað lóðarviðbót að stærð 840 fer. al.

Allir á fundi nema Jón Jensson (veikur), Þórhallur Bjarnason var viðstaddur útmælingarnar No. 1 (útvisun bæjarstæðis handa Magnúsi Benjamínssyni) og No. 4.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason M. Árnason

Melgi Helgason Ó. Finsen

Ár 1892, 2. janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni

1. Árna Gíslasyni var leyft að byggja bæ og útihús ofan til (sunnanvert) í erfðafestulandi hans við Fúlutjarnarstæði. Bærinn 12×8 al að stærð og snýr hlið niður að veginum, með jarnpaki og steinveggjum og skúr með annari hliðinni 4×6 al að stærð. Útihúsið á að vera 10×10 al að stærð.
2. Friðsteini G. Jónssyni var útvísað lóð í Þingholtum austur

frá Valgarðsbæjarlóð og jafnlangt suður og sú lóð nær, austur-
eptir nær lóðin jafnt lóð Arna Erlindssonar. Lóð þessi
er að stærð 2438 fer al og var Friðsteini leyft að byggja
bæ á henni 7 x 10 al að stærð með steinveggjum og járnþaki,
og standi hann í sömu stefnu og húsið "Bjargarsteinn".

3. Þóroddur Bjarnason hafði í brjefi 3.f.m. afaalað sjer lóð
þeirri, er honum var útvísað 22.nóv. 1889 sunan við Laugaveg
Lóð þessi, sem er 30 al meðfram veginum og 40 al suður frá
honum, var nú veitt Bjarna Sigurðssyni í Veghúsum samkvæmt
beiðni hans, og honum leyft að byggja þar steinbæ 7 x 10
al að stærð, er standi í sömu línu sem önnur hús að sunnan-
verðu við veginn.

Allir á fundi nema Þórhallur Bjarnason og Jón Jensson (veikur).

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Ó. Finsen Björn Guðmundsson

Ár 1892, 6.dag febrúar mánaðar var fundur haldinn í byggingar-
nefndinni

1. Beiðni í brjefi 5.p.m. frá Hirti Hjartarsyni um lóðarútmæl-
ingu í tjörninni fyrir sunnan lóð E. Waage var frestað að
útkljá til þess að leita álits veganefndarinnar um stefnu
Vonarstrætis.
2. Einari Ólafssyni var útvísuð lóð fyrir sunnan Laugavegin
fast við lóð Eg. Diðrikssonar að austanverðu. Hin útvísaða
lóð er 25 al meðfram götunni og 60 al suður frá veginum,
og var Einari leyft að byggja þar steinbæ 9 al langan
7 al breiðan, jafnlangt frá veginum og í sömu stefnu sem
hús E. Davíðssonar .
3. Ólafi Þórðarsyni í Kasthúsum var útvísað lóð austanvið
útmælingu Einars Ólafssonar og jafnstór henni e; 25 x 60 al
og leyft að byggja þar steinbæ 7 x 12 al að stærð, er standi
í sömu stefnu sem bær Egils Diðrikssonar.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson og Ó. Finsen.

Fleria var ekki gjört. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Jón Jensson Helgi Helgason Þórh. Bjarnason

Ár 1892, 15.febrúar kom byggingarnefndin saman fyrir vestan hús Ólafs B. Waage í Nýlendugötu til þess að útvísa þar hússtaði og lóð handa Guðmundi snikkara Þorsteinssyni eptir beiðni hans í brjefi 3.p.m. Beiðandinn var viðstaddur og var honum útvísað lóð að stærð 33 al norður frá lóð Gísla Tómassonar (Vesturgötu nr. 34) og 30 al meðfram Nýlendugötu vestur frá lóð Ólafs B. Waage. Lóðin er rétthyrndur ferhyrningur, og var beiðandanum leyft að byggja þar hús 10 x 12 al að stærð í beinni stefnu vestur af húsi Ólafs Waage. Við útmælingu þessa fellur úr gildi lóðarútmæling Ólafs Jónssonar, sem gjörð var til bráðabirgða 6.maí 1890, og sömuleiðis nemast 360 fer al af bráðabirgðaútmælingu handa Þórði Zoëga 14.maí s.á.

Allir á Fundi. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Jón Jensson Helgi Helgason Björn Guðmundsson.

Ár 1892, 20.dag febrúarmánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Eggert Waage leyft að lengja hús sitt No.16 í Pósthússtræti um 3 al til austurs og byggja ofan á það etage, húsið er c. 9 al. breitt. E. Waage skuldbatt sig til að setja samilega þilgirðingu austanvið lóðsína með fram Lækjargötu í sömu stefnu og húsafaðirnar að minnsta kosti 3 al háa, og hafa lokið því innan 3ja ára.
2. Var Hirti Hjartarsyni útvísað lóð við Lækjarósinn á horni Lækjargötu og Vonarstrætis, 30 al í ferhyrning. Hús 10 x 10 al að stærð, var honum leyft að byggja á lóðinni, og standi það í húsaröðinni við Lækjargötu og snúi hliðinni austur.

3. Þorsteini járnsmið Tómassyni var leyft, að lengja um 3 al til norðurs 6 al breitt geymsluhús á lóð hans.

Allir á fundi . Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Björn Guðmundsson

Jón Jensson Helgi Helgason Þórh. Bjarnason

Ár 1892, 5.dag marzmánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni

1. Var Goodtemplarastúkunnin í Reykjavík eptir beiðni í brjefi l.p.m. útvísað lóðarviðbót fyrir sunnan hús þeirra suður að hinn fyrirhugaða Vonarstræti, er viðbótin 24 al á breidd frá N-S, og 54 al á lengd frá A-V eins og hin eldri lóð beiðendanna. Það var tekið fram, að ef svo skyldi fara, að leggja yrði Vonarstræti yfir þessa viðbót eða ræmu af henni, yrðu beiðendurnir að láta af hendi endurgjaldslaust lóð í því skyni, og voru þeir Pjetur Bjering og Borgþór Jósefsson, sem voru mættir fyrir stúkurnar, þessu samþykkir.

2. Teiti Ingimundarsyni var leyft að stækka hús sitt í Suðurgötu um $8\frac{1}{2}$ al norður eptir, þannig að öll lengd þess fram með götunni verður $14\frac{1}{2}$ al og verður viðbótin jafnbreið (frá A-V) og húsið er nú. Samma manni var útvísað lóðarviðbót í tjörninni sunnanvæð og áfast við eldri lóð hans, er hann hefur fyllt upp í tjörninni, suður með húsi Þ.Ó. Johnsens. Viðbót þessi er 30 al á hvern veg með rjettum hornum, og var hún veitt með því skilyrði, að Teitur útvegaði yfirlýsingu Þ.Ó. Johnsens um að hann óskaði eigi að fá þessa lóð til viðbótar við tún sitt.

3. Leyft var W.Ó.Breiðfjörð kaupmanni, að breiðka geymsluhús efst (vestast) á lóð sinni við Aðalstræti um 6 al, og gjöra eina etage ofan á það. Viðbótin verður jafnlöng og geymsluhúsið c: 17 al.

Allir á fundi . Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen Jón Jensson

Helgi Helgason Björn Guðmundsson.

Ár 1892, 2.dag aprílmán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Sigurði Bjarnasyni söðlasmið eptir beiðni í brjefi 18. f.m. leyft að byggja hús 13 al langt og 10 al breitt á Stafnslóð vestan við Ingólfsstræti. Húsið á að snúa hlið að götunni og bilið frá því upp að eystri húsaröðinni að vera 16 al, sem er ætlað til að sje götubreiddin með fortögum.
2. Láraði Lúðvíkssyni skósmið eptir beiðni í brjefi 15.f.m. leyft að byggja hús úr steini 12 al langt og 13 al breitt þar sem nú stendur Norðurberg, nr. 3 í Ingólfsstræti. Honum var leyft að hafa tröppur út að götunni, þó ekki lengra en 1 al út frá húsinu.
3. Jens Ólafssyni trjesmið var veitt viðbót við lóð hans fram með Ingólfsstræti 6 x 25 al að stærð. Þó skyldi hann sleppa þessu stykki endurgjaldslaust, ef á þyrfti að halda til að breikka götuna.
4. Hermann Guðmundssyni var eptir beiðni í brjefi 11.f.m. leyft að byggja geymsluhús á lóð sinni við Klapparstíg 5 x 6 al að stærð. Jafnframt rífur hann niður skúr vestan við hús sitt 13 fer al að stærð.
5. Jóhanni Guðmundssyni í Lundi var útvísað lóð í Skuggahverfi til kálgarðsræktunar. Lóð þessi er 55 al frá A-V og 50 al f frá N-S og liggur austur frá lóðum þeim, er Gissuri Guðmundssyni og Brynjólfi Jónssyni voru útvísaðar 7.nóv. f.á.
6. Byggingarnefndin samþykkti að Eyjólfur Þorkelsson úrsmiður hækkaði skúr vestan við hús sitt í Austurstrætíp, þannig að skúrin yrði jafnhar húsinu.

Fundi slitið.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Jón Jenson

Helgi Helgason Ó. Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1892, 7.dag aprílmánaðar kom byggingarnefndin saman hjá húsi Sturlu kaupmanns Jónssonar í Aðalstræti og mældi honum eftir beiðni hans byggingarbeiði undir geymsluskúr 9 x 7 al að stærð á lóð hans vestan við húsið og áfast við. Minni skúr 3 x 4 al að stærð, sem nú stendur á hinni útvísuðu lóð, verður að rífa niður, þegar útmælingin verður notuð.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Þórh. Bjarnason

Ó. Finsen Björn Guðmundsson Jón Jensson

Ár 1892, 16.dag aprílmán var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Kristni Jónssyni tómthúsmanni í Vesturgötu eftir beiðni hans í brjefi l.f.m. útvísað lóð norðanvið Nýlendugötu milli lóðar Sigurðar Bjarnasonar og Brunnstrætis, að stærð 35 al frá A-V og 32 al frá N-S, og leyft að byggja steinbæ á lóðinni 10 x 8 al að stærð, og standi hann í sömu fjarlægð og afstöðu frá Nýlendugötu eins og bær Sigurðar Bjarnasonar.
2. Einarí Einarssyni í Háholti var útvísað lóð til bæjarbyggingar og kálgarðsræktunar vestan fram með Bráðræðisstíg, milli stígsins og Bráðræðislóðar (Hansensstykki). Lóðin er jafnarmaður þríhyrningur, og er grunnlína hans að sunnanverðu 40 al (á lengd, en hliðarnar 12½ al. Stærð bæjarlóðarinnar var ekki ákveðin í það sinn.

Fleira var ekki fyrir tekið.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Jón Jensson Björn Guðmundsson

Ár 1892, 25.dag. aprílmán. kom byggingarnefndin saman hjá íbúðarhúsi Jóhannesar Ólsens, svokölluðu "hjallhúsi". Hús þetta atlar eigandinn að rífa og byggja á sama stað nýtt íbúðar-

hús, óskaði hann að byggingarnefndin ákvæði, hvernig hús þetta ætti að standa. Það á að verða 14 al á lengd og 10 al br^{ei}tt, samþykkti byggingarnefndin, að það stæði á sama stað sem hið gamla hús, þó þannig, að austurenda þess væri vikið lítið eitt suður á við, svo að það stæði í 5 al fjarlægð frá Vigfúsarkotslóð.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Helgi Helgason Björn Guðmundsson Jón Jensson

Ár 1892, 7.dag. maímán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá samkvæmt beiðni Magnúsar úrsmíðs Benjamínssonar útmælingu þeirri til bæjarbyggingar á erfðafestulóð hans í Norðurmýri er hann fjekk á fundi nefndarinnar 5. desember f.á. breytt þannig, að bærinn verði 14 al á lengd og 10 al á breidd og standi nokkrum föðum austar.

Allir á fundi nema Jón Jensson og Helgi Helgason.

Ó. Finsen Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason

Ó. Finsen Björn Guðmundsson.

Ár 1892, 21.dag maímán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Gunnari Gunnarssyni, bæjarfulltrúa útvísað kálgarðstæði í Selsmýri við útsuðurhornið á erfðafestulandi síra Jóhanns Þorkelssonar. Hin útvísaða lóð er skakkur ferhyrningur með hliðum á lengd 93 al að sunnan, 36 al að austanv., 100 al að norðanv. og 56 al að vestanv. -
2. V.Ó. Breiðfjörð kaupmanni var eftir beiðni hans í brjefi 18.p.m. leyft að láta breikkun þá á geymsluhúsi hans vestasta, er honum var útvísað lóð undir 5.marz þ.á. , ná 9 al lengra norður, eigandi lóðarinnar að norðan, Sigurður Jóns-

son kaupmaður var viðstaddur og samþykkti útmælinguna, þó að bilið frá lóð hans verði ekki 5 al. Beiðni frá sama manni (W.Ó.Breiðfjörð) um aðmega hækka um eina etage að norðanverðu geymsluhúsi það, er gengur vestur úr norðurenda á sölubúð hans, neitaði byggingarnefndin þar á móti að samþykkja með skýrskotun til o.brj. 29.maí 1839 3 B og amtsbrjefs 28.júlí f.á., með því að tjeð geymsluhús eigi stendur í 10 al fjarlægð frá geymsluhúsi á lóðinni 6 í Aðalstræti. Eigandi lóðar þessarar var viðstaddur og hafði fyrir sitt leyti ekkert á móti hánni umbeönu hækkan.

3. Var Sigurði Jónssyni kaupmanni leyft að hækka suðurhluta á húsi sínu No. 6 í Aðalstræti með yfirbyggingu 12 al langri og skuldbatt hann sig jafnframt til að byggja yfir allt húsið norður úr áður en 5 ár veru liðin.

Fundi slitið.

Allir á fundi nema Jón Jensson.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Helgi Helgason

Ó. Finsen Björn Guðmundsson.

Ár 1892, 30.dag maímán. kom byggingarnefndin saman hjá húsinu nr. 1 í Þingholtsstræti, sem er eign Jóns kaupmanns Þórðarsonar. Eftir beiðni hans í brjefi 24.p.m. var honum leyft að byggja viðbót við húsið að vestanverðu, þannig að húsgaflinn gangi alla leið út að Þingholtsstræti jafnlangt vestur eins og húsin sunnar í götunni og í sömu stefnu og þau. Viðbót þessi er á lengd 9 al og á breidd 12 al. Áskilið var, að norðvesturhorn hússins, milli Bankastrætis og Þingholtsstrætis, væri haft með sneiðingu. Beiðandanum var jafnframt útvísað lóðarviðbót, ræmu meðfram Þingholtsstræti, jafnlöng hinn eldri lóð N-S og frá A-V 9 ál. breið að jafnaði.

Allir á fundi nema Jón Jensson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen Helgi Helgas. Björn Guðm.

Ár 1892, 4.dag júnímán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Eypóri kaupmanni Felixsyni leyft að lengja vörugeymslúhús sitt á Arnarhólsháð um 12 al til vesturs.
2. Halldóri Sigurðssyni á Litlugrund leyft að byggja geymslúhús í kálgarði sínum 7 al langt og 6 al breitt, snúi húsið austur og vestur og sje norðurhlið þess í sömu stefnu og norðurgafli á íbúðarhúsi Halldórs.
3. Ingiríði Einarsdóttur í Litlu-Miðhúsum í Skuggahverfi var leyft að gjöra skúr fram af útidyrum á bæ sínum 2 al á hvern veg.
4. Tóbíasi Tóbíassyni á Litlagerði í Skuggahverfi var leyft að byggja hæsnahús í kálgarði sínum 4 al á lengd og 3 al á breidd.
5. Ásmundi kand. Sveinssyni var leyft að byggja eina "etage" ofaná hús sitt No. 15 í Þingholtsstræti, og færa inngang í húsið af vesturhliðinni á norðurgaflinn.
6. Á fundi byggingarnefndarinnar 21.f.m. var Valgarði kaupmanni Breiðfjörð leyft að leggja þak yfir svæði það, sem er innlukt af húsum hans í Aðalstræti, og er svæði þetta 20 al á lengd og 7 al á breidd, þessa gleymdist að geta í fundargjörðum nefndarinnar greindan dag.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Guðmundsson Ó. Finsen

Helgi Helgason Jón Jensson Þórh. Bjarnason

Ár 1892, 18.dag. júnímán. kom byggingarnefndin saman á Grímstaðaholti eptir beiðni Signýjar Gunnlaugsdóttur, og var henni útvísað lóð að stærð 20 al frá N-S og 39 al frá A-V til kálgarðsræktunar og bæjarbyggingar í krikanum milli túnstæðis beiðandans og túnstæðis Bjarna Gunnlaugssonar. Bæjarstæðið er 9 al á lengd og 6 al á breidd, og á þerinn að vera með stein-

veggjum og járnþaki.

2. Guðmundi Guðmundssyni snikkara var eptir beiðni hans leyfð sú breyting á útmæling til húsbyggingar í Bergstaðastræti, er honum var veitt 26. jan. f.á. að húsið verði 11 al langt í staðinn fyrir 10 al.

Allir á fundi nema Jón Jensson og Þórh. Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Helgi Helgason
Björn Guðmundsson.

Ár 1892, 16. dag júlímán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá

1. Eyólfi snikkara Ófeigssyni leyft að byggja skúr 4 al á hvern veg við suðurenda húss hans nr. 22 í Þingholtsstræti.
2. Sveini Sveinssyni næturverði útvísað lóðarviðbót til kálgarðsræktunar, að stærð 30 al frá N-S og 20 al frá A-V fyrir vestan og áfast við hina eldri lóð hans í Þingholtum.

Allir á fundi nema Jón Jensson og Þórh. Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Björn Gunnlaugsson
Helgi Helgason

Ár 1892, 3. september var fundur haldinn í byggingarnefndinni

1. Var Andrjesi Bjarnasyni söðlasmið veitt viðbót við óbyggða lóð hans á horninu milli Laugavegar og Smiðjustígs, ræma norður með stígnum $13\frac{1}{2}$ al á lengd og 2 al á breidd, honum var og eptir beiðni í brjefi 5.f.m. leyft að byggja geymsluhús á lóð sinni 8 al langt og 6 al breitt, sem snúi hlið að Smiðjustíg.
2. Magnúsi Einarssyni í Melkoti var eptir beiðni hans í brjefi 19. júlí þ.á. útvísað lóð til kálgarðsræktunar, ræma suður frá geymsluhúsi hans milli Suðurgötu og Melkotstúngarðs,

6 al frá götunni, lóðarræma þessi er á lengd 91 al og
8 al á breidd að norðanverðu en $12\frac{1}{2}$ al að sunnanverðu.
Allir á fundi nema Jón Jensson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen
Helgi Helgason Björn Guðmundsson.

Ár 1892, 17. dag septembermán. var fundur haldinn í byggingar-
nefndinni.

1. Var Stefámi Stefánssyni í Miðbýli útvísað stakkstæði vestan
til í Hlíðarhúsamýri $42 \times 21\frac{1}{2}$ al að stærð með venjulegum
skilyrðum, að hann sleppi lóð þessari endurgjaldslaust,
þegar á þarf að halda undir veg eða til húslóðar.
2. Var Eyvindi Jónssyni með sama skilyrði útvísað lóð til stakk-
stæðis fyrir vestan hús hans við Bræðraborgarstíg fram með
götunni, að stærð 25×20 al.
3. Var Margrjetu Þorkelsdóttur leyft að gjöra skúr fram af
útidyrum á bæ sínum á Bráðræðisholti, stærð $2 \frac{3}{4} \times 3 \frac{1}{4}$.
4. Var Kristni Ólafssyni á Melstað útvísað lóð á 3 vegu kring-
um hús hans, að austan sunnan og vestan og er láðaraukinn
að stærð $75\frac{1}{4}$ fer al. Lóðarmörkin milli Melstaðar og Skip-
holts eru 9 al fyrir sunnan húsið.
5. Var Jóni Jónssyni í Skipholti útvísað lóð til kálgarðstækt-
unar fyrir norðan eldri lóð hans með fram Framnesvegi $20 \times$
 39 al að stærð.
6. Var Gísla Jónssyni í Nýlendu útvísað lóðarstykki fyrir
sunnan lóð hans, milli hennar og húslóðarinnar nr. 44 í
Vesturgötu, 522 fer al að stærð. Viðbót þessi nær jafnlangt
austur og eldri lóð Gísla.
7. Var samþykkt að H. Andersen klæðasali stækkaði skúr á lóð
sinni í Aðalstætti, og verður stækkun þessi $4 \frac{1}{3} + 3 \frac{3}{4}$ al.

Allir á fundi .

Fundi slitið.
 Halldór Danielsson Jón Jensson Ó. Finsen
 Helgi Helgason Þórh. Bjarnason B. Guðmundsson

Ár 1892, 5.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá:

1. Brynjólfri Ögmundssyni leyft að byggja hjall á lóð sinni í Nikulásarkoti 5 x 5 að stóran.
2. Pjetri Hjaltesteð leyft að stækka skúr norðan við hús sitt á Laugavegi og er stækkunin 5 fer al.
3. Árna Erlindssyni leyft að byggja skúr hjá bæ sínum í Þingholtum 2 x 2 al að stærð.
4. Guðbrandur Þórðarson hefur í brjefi 28.f.m. afsalað sjer lóð þeirri er honum var útvísuð á fundi byggingarnefndarinnar 6.maí 1890. Lóð þessi var nú útvísuð Hannesi verzlunarmanni Thorarensen og honum leyft að byggja hús á henni 10 x 12 al að stærð, og standi húsið í beinni stefnu við önnur hús austan Þingholtsstrætis og í löglegri fjarlægð frá öðrum húsum.
5. Bjarni Sigurðsson hefur ennfremur afsalað sjer lóðþeirri, er hann fjekk útvísaða við Laugaveg 2.janúar þ.á.
6. Þorsteini Gunnarssyni leyft að stækka salerni hjá húsi sínum 4 fer al.
7. Var mæld byggð lóð í Landakoti (810 fer al) hjá W.Ó. Breiðfjörð kaupmanni Aðalstræti nr. 8 (990 fer al) og óbyggð lóð eignarinnar nr. 10 í Bankastræti, Mylnulóðin (1072 fer al).

Fleira var ekki gjört. Fundi slitið.

Allir á fundi. Halldór Danielsson Halgi Helgason
 Þórh. Bjarnason Björn Guðmundsson Jón Jensson Ó. Finsen

Ár 1892, 19.dag nóvembermán, var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Var þá

1. Sigurði Símonarsyni leyft að byggja dyraskúr vestan við hús

- sitt í Vesturgötu 3 $1/6$ x 2 $1/4$ al að stærð.
2. Jóni Eiríkssyni á Mörk og Jóni Gíslasyni í Hala útvísað til stakkstæðis lóðarspildu ~~og~~ fyrir vestan Bræðraborgarstíg, milli stígsins og lóðar Eyvindar Jónssonar. Lóðarspildu þessari, sem er 733 fer al að stærð sleppa beiðendurnir endurgjaldslaust, þegar byggingarnefndin krefst þess, til byggingar eða annara afnota.
 3. Eyvindi Jónssyni veitt lóðarviðbót milli húss hans og Bræðraborgarstígs 285 fer al að stærð.
 4. Þorláki Teitssyni veitt lóðarviðbót milli lóðar hans og Bræðraborgarstígs, 6 al breið og 28 al löng.
 5. Sæmundi Sveinssyni veitt lóðarviðbót, spilda norðan við lóð hans í Selsholti 19 $\frac{1}{2}$ frá N-S og 42 $\frac{1}{2}$ al frá A-V, með því skilyrði, að hann sleppti lóðarviðbót þessari endurgjaldslaust, er á þyrfti að halda til vegarlagningar.
 6. Rögnvaldi Teitssyni á Hól í Kaplaskjóli var leyft að stækka útidyraskúr þannig, að hann verði 3 fer al stærri.
 7. Þorsteini Rögnvaldssyni á Jaðri í Kaplaskjóli leyft að byggja bæjardyraskúr 3 $1/3$ x 2 $1/4$ al að stærð.
 8. Steinunni Guðmundsdóttur í Nýborg í Kaplaskjóli leyft að byggja saltskúr á lóð sinni 5 $1/6$ x 4 $1/4$ al að stærð.
 9. Jóni Ólafssyni leyft að byggja skúr vestan við hús sitt í Vesturgötu 4 $1/8$ x 10 $1/4$ al að stærð.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson og Jón Jensson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Helgi Helgason

Ó. Finsen

Ár 1893, 7.dag janúarmánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Sigurði Bjarnasyni söðlasmið var leyft að byggja upp að nýju norðurhlutann (frambæinn) af bæ sínum, Stafni í Ingólfs-

stræti, með byggingarlagi sem hálf t hús, er snúi hlið út að götunni, jafnlangt frá henni og í sömu stefnu sem hús Lárusar ~~Ludvíkssonar~~ Ludvíkssonar . Er það fyrirætlun beiðandans að fullgjöra húsið síðar, þegar suðurhluti bæjarins verður rifinn. Leyft var að hafa tröppur út að Ingólfsstræti 1 alin út frá húsinu.

2. Var breytt útmælingu, er gjörð var 2.apríl f.á. þannig, að Siguðri Bjarnasyni var leyft að hafa hús það, sem hann ætlar að byggja á Stafnslóð vestan Ingólfsstrætis 10 al langt í staðinn fyrir 13 al, sem upphafl. var ákveðið.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Ó, Finsen

Jón Jensson Þórh. Bjarnason Björn Guðmundsson.

Ár 1893, 4.febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Bjarni Sigurðsson hafði afsalað sjer lóð þeirri er honum var útvísað við Laugaveg 2.janúar fyrra ár. Lóð þessi var nú veitt Guðjóni Knútssyni eptir beiðni hans í brjefi 27. f.m. , með nokkrum viðauka að sunnanverðu, þannig að lóðin verður 30 al með fram götunni eins og áður, en 51al (áður 40 al) suður frá honum. Á lóð þessari var honum leyft að byggja hús 8 x 10 al að stærð, sem skyldi standa í beinni stefnu eptir húsaröðinni, og var áskilið að húsið yrði ekki öllu lægra en nágrannahúsið að vestan (Jóns steinhöggvara) og væriméð gluggum út að götunni.
2. Helga Runólfssyni var mæld viðbót við lóð hans hjá Klapparstíg, sama norðan við lóðina 34 al frá A-V og 5 al frá N-S.
3. Jóh. verzlunarstjóri Hansen hefur látið byggja skúr á verzlunarlóð húsbónda síns H. Th. A. Thomsens kaupmanns, án þess að kalla byggingarnefndina til ~~ráðgjafar~~ eða tilkynna henni

þennan byggingarauka, sem er $8 \frac{1}{4} \times 3 \frac{2}{3}$ al að stærð.
Nefndin tilkynnti Hansen, að hann yrði látinn sæta ábyrgð
fyrir brot á byggingarlögum.

4. W. Christensen kaupmaður hafði tilkynnt nefndinni í brjefi
16.f.m. að hann þyrfti að byggja fiskgeymsluhúxskúr í húsa-
garði sínum fyrir norðan Hafnarstræti. Nefndin skoðaði
og mældi skúr þennan og er hann $8 \frac{3}{8} \times 5 \frac{3}{8}$ að stærð.
5. Nefndin ákvað hversu setja skyldi geymsluhús Geirs
kaupmanns Zoëga, það er stendur milli íbúðarhúss hans og
Árna Zakaríassonar í Vesturgötu, en geymsluhús þetta hefur
Zoëga skuldbundið sig að flytja frá götunni. Skyldi húsið
flutt að norðurgafli geymsluhúss þess, er stendur vestast
á lóð Zoëga, þó þannig, að það yrði að minnsta kosti 10 al
frá húsi Árna Zakaríassonar. Um ágreining út af lóðarmörkum
milli nefndra lóðareigenda gat nefndin engan úrskurð gefið.
Viðstaddur var kaupmaður G. Zoëga og Guðmundur bæjarfulltrúi
Þórðarson fyrir hönd Árna Zakaríassonar.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Jón Jensson

Björn Guðmundsson Ó. Finsen Helgi Helgason

Ár 1893, 18. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni?

1. Var Birni Stefánssyni útvísað stakkstæði í Hlíðarhúsamýri
norður frá lóð hans í Nýlendugötu, $22 \times 36 \frac{1}{2}$ al að stærð,
með því skilyrði, að hann sleppi stakkstæðinu eða svo
miklum hluta þess, sem byggingarnefndin ákveður, þegar á
þarf að halda undir veg, hús eða húslóðir.
2. Var Ingimundi Þórðarsyni á Reynistað útvísað ferhyrnd
(rektangulær) spilda norðvestan við lóð hans 25×11 al að
stærð til stakkstæðis, með því skilyrði að hann sleppti
lóð þessari endurgjaldslaust þegar á þyrfti að halda undir veg.
3. Var Guðna Sveinssyni á Veðramóti útvísað lóð til kálgarðs-

ræktunar 590 fer al að stærð í horninu milli Steinholtshóla og vestan og lóðar Snæbjarnar Jakobssonar að norðan, með því skilyrði, að hann sleppi lóðinni endurgjaldslaust, þegar á þarf að halda undir veg, hús eða húslóðir.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Helgi Helgason

Björn Guðmundsson Jón Jensson Þórh. Bjarnason

Ár 1893, 4. dag marzmán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Steindóri Guðmundssyni útvísað stakkstæði 30 al. á hvern veg, rjetthyrndur ferhyrnangur í grjóturð fyrir sunnan Eyólfsstaði í Skuggahverfi, með því skilyrði, að hann sleppti þessari lóð endurgjaldslaust, ef á þyrfti að halda undir byggingu eða veg.
2. Var Magnúsi Magnússyni útvísað lóð undir steinbæ 8 x 12 al að stærð, í kálgarði Magnúsar Pálssonar fyrir vestan lóðir Steingríms Jónssonar og Bergs Magnússonar. Bærinn á að standa frá A-V í beinni línu milli húsgafla (ekki skúrgafla) Bergþórs Þorsteinssonar við Klapparstíg og Hannesar Hafliðasonar við Smiðjustíg.
3. Var Þórhalla Þórhallssyni mæld lóð norðan við Lindargötu sunnan við eldri lóð hans austur að lóð Gunnlaugs Ólafssonar, lóð þessi er 53½ al frá N-S og 46½ al frá A-V og var Þórhalla útvísað bæjarstæði á lóðinni norðan við Lindargötu. Bærinn á að vera með steinveggjum og járnþaki og snúa frá A-V í sömu stefnu og bær Brynjólfs Eiríkssonar (Breiðagerði).
4. Var Eyþóri Oddssyni mæld lóðarviðbót sunnan og austan við eldri lóð hans á Grund (Litlugrund) í Þingholtum, þannig að öll lóð hans byggð og óbyggð verður nú 40 al frá N-S og 43 ½ al frá A-V.

Allir á fundi, nema Ó. Finsen.

Fundu slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Björn Guðmundsson
Jón Jensson Helgi Helgason.

Ár 1893, 1. dag aprílmán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Sturla kaupmanni Jónssyni útvísað byggingarstaði undir geymsluhús á erfðafestulóð hans hjá Frostastöðum í Skuggahverfi. Húsið verður 14 al langt og 12 breitt og snúi frá A- V.
2. Var Árna Jónssyni á Tóptum leyft að byggja steinbæ með járnþaki á lóð sinni í Skuggahverfi. Verður bærinn 10 al á lengd og 8 al á breidd og snúi frá A-V með hlið að Lindargötu, eða framhaldi hennar, sem ~~vaxaklega~~ væntanlega verður lagt í vor, og standi jafnlangt frá götunni sem bær Brynjólfs Eiríkssmar (Breiðagerði). Beiðandinn rífur jafnframt niður bæ þann er nú steindur á lóðinni, þannig að eigi standi þar eptir önnur hús en hjallur sem er 4 x 4 al að stærð.

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson og Jón Jensson.

Fundu slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Helgi Helgason
Þórh. Bjarnason.

Ár 1893, 6. maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá mældur skúr og salerni, er Guðmundi Guðmundssyni skrifara hefir verið leyft að byggja við húseign sína nr. 22 við Laugaveg, og er skúrinn 3 x 3 al en salernið $3\frac{1}{2}$ x 2 al að stærð. Jafnframt var eptir ósk eigandans mæld upp lóð sú, er fylgir húseign þessari, og reyndist hún $39\frac{1}{2}$ al með fram veginum en 38 al suður frá honum og er þar í fólgin hin leyfða lóð.

Allir á fundi nema Helgi Helgason og Þórhallur Bjarnason.

Fundu slitið,

Ár 1893, 3.júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og lá þá fyrir beiðni frá verzlunarstjóra G.E.Briem í Hafnarfirði fyrir hönd verzlunarhússins P.C. Knudtson & Sön í brjefi 9.maí þ.á. um að nefndu verzlunarhúsi verði leyft að byggja vörugeymsluhús á lóð þeirri, tilheyrandi verzlunarhúsinu, sem liggur fram undan barnaskólanum fyrir norðan Hafnarstræti og austan hafnarbryggjurnar. Hefur byggingarnefndin, að beiðandanum, G.E.Briem viðstöddum athugað lóð þessa og hið umbeðna byggingarstæði. Það er ætlun byggingarnefndarinnar, að hin ummædda lóð, sem er stakkstæði hjer við höfnina, sje eins og önnur stakkstæði á því svæði, háð þeirri kvöð, að hún eigi að vera opin fyrir uppsátri sjómanna, ef þeir þurfa á að halda til að bjarga skipum sínum undan sjó. Með því að þessi afnot stakkstæðisins hlytu að falla burtu við hina fyrirhuguðu húsbyggingu, og samþykki bæjarstjórnarinnar er nauðsynlegt til að undanbyggja lóðina frá áminnztri kvöð, áleit byggingarnefndin sjer ekki heimilt, að svo stöddu, að framkvæma hina umbeðnu útmælingu. Allir á fundi nema Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason H. Helgazon
Björn Guðmundsson Jón Jensson.

Ár 1893, 17.júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var stórkaupmönnum P.C.Knudtson & Sön leyft að byggja salt- hús á lóð þeirra á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis. Húsið á að vera 21 al að lengd með hliðað Pósthússtræti og 11 al breitt, og á það að standa þannig að austurhliðin verði í sömu línu sem gafl á geymsluhúsi Knudtson & Söns fyrir norðan Hafnarstræti, en suðurgafllinn gangi fram að Austurstræti í sömu línu og leikfímishús barnaskólans og

- önnur hús í þeirri röð.
2. Var Guðmundi Ásmundssyni í Há koti leyft, að byggja hús á lóð hans andspánis húsi Jóhannesar Olsen (Hjallhúsi) þannig að það gangi jafnlangt til austurs og eptir sömu stefnu, og snúi hliðinni út að sundinu, húsið verður 11 al á lengd og 9 al á breidd og á að vera 10 al frá Hjallhúsi.
 3. Voru skoðaðir 2 skúrar hjá Hannes Erlindssyni á Melunum og samþykkt bygging á þeim, stendur annar við bæjardýr og er $2 \times 2 \frac{1}{2}$ al en hinn vestur við garð á erfðafestulóð Hannesar og er 3×3 al að stærð. Byggð lóð Hannesar var ennfremur eptir beiðni hans mæld upp og taldist hún auk skúranna 208 fer al.
 4. Var Samúel Ólafssyni Vesturgötu nr. 55 veitt lóðarviðbót fyrir sunnan lóð hans í krikanum milli Framnesvegur og Vesturgötu og er viðbótin skakkur ferhyrningur 723 fer al að stærð.
 5. Var Kristni Jónssyni í Hlíðarhúsum mælt stakkstæði í Hlíðarhúsamýri fyrir austan og ofan stakkstæði Þórðar Árnasonar með venjulegum fyrirvara, að beiðandi láti það af hendi endurgjaldslaust, ef á þarf að halda til bygginga eða götu. Stakkstæðið er $27 \frac{1}{2}$ al \times $13 \frac{1}{2}$ al að stærð.
 6. Ólafi Jónssyni í Vesturgötu var mælt svæði til stakkstæðis vestan með Brunnstíg 25×7 al að stærð milli stakkstæða Björns Stefánssonar og Jóns Guðmundssonar með sama fyrirvara sem við útmælinguna næst á undan.
 7. Jóni Guðmundssyni í Bakkabæ var leyft að byggja skúr við bæ sinn 5×3 al að stærð. Sama manni var útvísað, stakkstæði vestan við Brunnstíg, norður frá stakkstæði Ólafs Jónssonar $37 \frac{1}{2} \times 7$ al að stærð og með sama fyrirvara sem við útmælinguna 6.
 8. Þá var enn með sama fyrirvara Jónasi Jónssyni á Mýri útvísað stakkstæði í Hlíðarhúsamýri fram á sjávarbakkann, (þar sem áður stóð smíðahús Jóns Þórðarsonar) að stærð $22 \frac{1}{2} \times 14$ al.

Allir á fundi. Björn Guðmundsson fjekk leyfi að ganga af fundi þegar 2 fyrstu málefnum var lokið.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen
Björn Guðmundsson Helgi Helgason Jón Jensson.

Ár 1893 5. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Samkvæmt tilkynningu í brjefi 12. júní til byggingarnefndarinnar, hefur Vilhjálmur Bjarnason á Rauðará stækkað geymsluhús norðan við íbúðarhúsið um helming, þannig að það er nú 10 x 20 al að stærð, og gjört nýjan skúr við bakdýr á íbúðarhúsinu 3 x 3 al að stærð. Nefndin samþykkti þessar byggingar.
2. Ara Antonssyni var útvísað lóð norðan við Lindargötu fyrir vestan Breiðagerði, 47 al með fram götunni og 35 al norður frá henni. Á þessari lóð var honum leyft að byggja steinbæ með járnþaki 8 x 10 al að stærð. Bærinn á að snúa hlið að götunni og vera 10 al frá henni.
3. Jóhanni Guðmundssyni á Sundi var útvísað hjallstæði hjá bæ hans 3 x 3 al að stærð.
4. Gunnar Hafliðason í Nýjabæ hefur byggt upp af nýju framhúsið í bæ sínum og samþykkti byggingarnefndin þá breytingu. Byggð lóð Gunnars er nú öll $12\frac{1}{2}$ x $12\frac{1}{2}$ fer al.
5. Árna Jóhannessyni var leyft að gjöra skúr 4 x 3 ær al að stærð og salerni 3 x 3 fer al við hús sitt á Langavegi. En honum var synjað um lóðarviðbót lengra austur með veginum.
6. Þórði Ólafssyni og Þorsteini Teitssyni var leyft að byggja steinbæ 13 x 7 al að stærð á lóð þeirra á Vegamótum í staðinn fyrir gamla bæinn, sem þeir rífa niður. Lóðarviðbót fengu þeir, ræmu vestanvið eldri lóðina 60 fer al að stærð.
7. H. Andersen var leyft að byggja ofan á austurenda húss hans í Aðalstræti, þannig að yfirbyggingin nái yfir skúra þá, sem eru norðan við húsið, og hinn yfirbyggði hluti húss-

ins breikki æm því svarar, þó svo að 10 al bil verði frá næsta húsi (Sturlu Jónssonar). Húsgaflinn, sem veit út að Aðalstræti á að vera sniðinn þeim megin, þannig, að þakinu halli fram að götunni. Byggð lóð Andersen stækkar við þessa breytingu um 9 fer al.

8. Eftir beiðni frá húsnefnd Goodtemplarastúkmanna var útmælingu þeirri, er stúkunum var veitt 18. júlí 1891, og sem þær hafa ekki notað enn, bæytt þannig, að þeim var leyft að lengja hús sitt við Vonarstræti um 15 al vestur eptir, í staðinn fyrir 3 12 al sem áður var ákveðið.

9. Eftir ósk ferseta alþingis í brjefi 26. f. m. var óbyggð lóð alþingishússins mæld og ákveðin, með því að í ráði er að lóðin verði girt. Lóðin liggur öll fyrir sunnan þinghúsið, og er norðurhlið hennar eins og lengd hússins 45 al, vesturhliðin nær til suðurs jafnt lóð Halldórs Friðrikssonar og er 50 al að lengd, suðurhliðin liggur fast að lóð Goodtemplarahússins - austur á mótis við vesturgafli slökkvitólahússins og er 41 al að lengd. Að austanverðu lóðin er bein lína, er gengur í sömusstefnu og austurhlið alþingishússins, 17½ al suður fyrir það, en úr því ræður lína meðfram vesturgafli slökkvitólahússins og fast við hana.

10. Byggingarnefndin samþykkt útbyggingu nokkra, er W. Ó. Breiðfjörð hefur reist á stólpum vestur úr sjónleikahúsi hans við Bröttugötu. Útbygging þessi 8½ al meðfram hlið hússins og 6 al út frá því.

11. Sturlu kaupmanni Jónssyni var leyft að byggja steinhæ með járnþaki 11 x 7 al fer að starð í erfðafestulandi hans að vestanverðu við Fúlutjarnarstaði.

Allir á fundi. Jón Jensson var ekki viðstaddur útmælingarnar 1 - 6 og 11, og Ó. Finsen var ekki við útmælingarnar 7 - 10.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Jón Jónsson

Ó. Finsen

Björn Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1893, 19. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Einar Einarssyni í Háholti var leyft að byggja steinbæ með járnþaki 11 al á lengd og $7\frac{1}{2}$ al á breidd austan við lóð sína á Bráðræðisholti, og var honum jafnframt útvísað lóð undir bæinn. Hinn eldri bæ rífur hann niður nú í haust.
2. Margrjetu Þorleiksdóttur í Sjávarborg á Bráðræðisholti var leyft að byggja hjall í kálgarði sínum $4\frac{1}{2}$ x 5 al að stærð.
3. Ingvari Þorsteinssyni var útvísað stakkstæði fyrir vestan hús hans við Framnesveg og er sú lóð $17\frac{1}{2}$ al fram með veginum og $23\frac{1}{2}$ al suður frá honum. Ennfremur var Ingvari útvísað ómældum lóðarblett milli stakkstæðisins og kálgarðs hans, $11\frac{1}{2}$ x 6 al að stærð.
4. Gísla Finnssyni var leyft að stækka skúr við bakdyr á húsi hans í Vesturgötu og er viðbótin $2\frac{1}{2}$ x $3\frac{1}{2}$ al.
5. Samkvæmt ósk landshöfðingjans var landsjóði útvísað byggingarstæði á Arnarhólslóð, við suðugusturhornið á kalkofnslóðinni gömmlu, undir geymsluhúsi að stærð 7 x 12 al.
6. Samþykkt var bygging á geymsluhúsi 8 x 10 al að stærð, er Guðrún Jónsdóttir, ráðskona sjúkrahússins hefur reist á sjúkrahúslóðinni með leyfi sjúkrahússtjórnarinnar.

Allir á fundi nema Jón Jensson og Þórh. Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Björn Guðmundsson Helgi Helgason

Ár 1893, 2. september var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Jóni kaupmanni Þórðarsyni var leyft að byggja timburhús á lóð sinni í Þingholtsstræti $4\frac{1}{4}$ x $3\frac{3}{4}$ al að stærð.
2. Magnúsi G. Guðnasyni var leyft að byggja hesthús á erfðafestulóð hans fyrir norðan Litlaholt, 7 x 5 al að stærð.
3. Var Guðmundi Guðmundssyni útvísað bæjarstæði á erfðafestulóð hans, Þormóðstaðabletti. Á þarinn að vera hlaðinn úr steini með járnþaki 7 x 9 al að stærð.

Allir á fundi nema Jón Jensson.

Halldór Danielsson Fundi slitið.
 Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen
 Helgi Helgason Björn Guðmundsson.

Ár 1893, þ. 16. september var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Eyvindi Jónssyni leyft að stækka skúr vestan við íbúðarhús sitt við Bræðraborgarstíg 1 er stækkunin $2\frac{1}{2} \times 3\frac{1}{2}$ al.
2. Var Þórði Pjeturssyni í Oddgeirsbæ leyft að stækka skúr, sem hann á ofan við Miðselsvör, og verður stækkunin $4 \times 3\frac{3}{4}$ al.
3. Var Helga Teitssyni og Marteini Teitssyni leyft að byggja skúr við vesturgafli húss þeirra í Vesturgötu, $10\frac{3}{8} \times 3\frac{1}{4}$ al að stærð.
4. Guðjóni Bjarnasyni var einnig áeyft að byggja skúr $3\frac{3}{4} \times 3\frac{1}{4}$ al að stærð, hjá bæ hans við Bræðraborgarstíg.
5. Þorsteini Jónssyni var leyft að stækka skúr við bakdyr í húsi hans við Bræðraborgarstíg, og er stækkunin $5\frac{3}{4} \times 1\frac{1}{2}$ al.
6. Guðmundur Bjarnason Melbæ á Selsholti tilkynnti nefndinni, að hann ætlaði að byggja upp bæinn, rífa ofan af honum og hækka veggina, en ummál bæjarins yrði óbreytt. Þótti nefndinni ekkert athugasvert við þessa breytingu.
7. Eirjari Gamalielssyni Litlabæ á Garðarsholti var útvísað lóðarviðbót fyrir norðan bæ hans 20×17 al að stærð. Á þessari lóðarviðbót var honum leyft að byggja bæ, 10×8 al að stærð, með steinveggjum og járnþaki, og snúi bærinn í sömu stefnu sem Hólabrekkubær. Gamla bæinn ætlar hann að rífa niður um leið og hinn nýi verður byggður.
8. Var G. Zoëga kaupmanni mælt út geymsluhússtæði 10×6 al. á lóð hans við Nýjabæ.

Allir á fundi nema Ó. Finsen og Helgi Helgason.

Fundir slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Jón Jensson
Björn Guðmundsson.

Ár 1893, 7. október var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Kr. Ó. Þorgrímssyni var leyft að stækka skúr á lóð sinni vestanverðri og er stækkunin $4 \frac{1}{8} \times 7$ al að stærð.
2. Jóhanni Jónssyni í Stuðlakoti var leyft að byggja hús á lóð sinni, þar sem bær hans, er hann ætlað að rífa niður, stendur nú. Hús þetta á að vera 8×8 al að stærð, snúa göflum norður og suður og standa í sömu línu sem húsin austanvert við Skólastræti, eða eptir aðalsæfnu þeirra húsa.
3. Hannesi Hanssyni í Steinsholti eystra var leyft að lengja hesthús á erfðafestulóð sinni um $6 \frac{1}{2}$ al. Breiddin er 6 al.
4. Jóni Þórðarsyni var útvísað lóð til byggingar og kálgarðsræktunar í Þingholtum vestan við væntanlega framlenging Bergstaðastrætis suður frá Bjargarsteini. Lóðin er $33 \frac{1}{2}$ al að austan og vestan á hvorn veg, $31 \frac{3}{4}$ al að norðan og 25 al að sunnan. Á lóð þessari var beiðanda leyft að byggja steinbæ með járnþaki, 7×9 al að stærð, er snúi í norður og suður meðfram Bergstaðastræti eptir stefnunni Bjargarsteinn - Litlagrund.
5. Benedikt Halldóri Benediktssyni var útvísað lóð fyrir sunnan Lindargötu næst fyrir vestan lóð Tobíasar Tobíassonar 22 al meðfram götunni og 59 al suður frá henni, og er lóðin rjetthyrndur ferhyrningur. Á henni var Benedikt leyft að byggja steinbæ með járnþaki 10×7 al að stærð, er standi í sömu fjarlægð og stefnu frá götunni sem næstu hús og snúi hlið að henni.
6. Guðmundi Stefánssyni var útvísað lóð fyrir norðan Lindargötu, austan Breiðagerði, 50 al á hvorn veginn að norðan

- og sunnan, en 33 al að vestan og 26½ al austan. Á lóð þessari var Guðmundi leyft að byggja steinbæ með járnþaki 8 x 11 al að stærð, er snúi austur og vestur, eins og stefna annara húsa norðan við götuna ræður, það var áskilið að bærinn standi austast eða vestast á lóðinni.
7. Sigurði Ámundasyni var leyft að byggja hesthúskofa 3 x 4 al að stærð í suðausturhorni á kálgarði sínum.
8. Tóbiás Tóbiássyni var útvísað viðbót sunnan við lóð hans við Lindarfgötu 42½ al frá A-V og 13½ al frá N-S.
9. Jóhannesi Sigurðssyni í Móakoti var leyft að byggja steinbæ 11 x 7½ al að stærð á lóð sinni í staðinn fyrir gamla bæinn sem hann rífur niður.
10. Páli Jónssyni vegfræðing, sem er orðinn eigandi að bæ og lóð Bjarna Halldórssonar í ^uKústhúsum, var leyft að byggja á lóð þessari fram við Klapparstíg steinhús 11 x 8 al að stærð, og á það að snúa hlið að stígnum og standa í rjettri stefnu eptir húsaröðinni austanvert við stígninn.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Helgi Helgason
Þórh. Bjarnason Jón Jensson E. Guðmundsson.

Ár 1893, 21. okt. var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá Pjetri Jónssyni í Hrísakoti útvísað lóðarviðbót til kálgarðsræktunar fyrir norðan bæ hans 40 al á austur- og vesturhlið, 30 al að sunnan og 24 al að norðan, og fyrir vestan bæinn ferhyrnt stykki 5 x 14 al að stærð.

Allir á fundi nema Helgi Helgason og Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Jón Jensson
Björn Guðmundsson.

Ár 1893, 4.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Komu byggingarnefndarmenn saman á lóð alþingishússins eptir ósk Á. Thorsteinssonar landfógeta og Tr. Gunnarssonar bankastjóra, sem standa fyrir girðingu og ræktun lóðarinnar samkæmt ályktun síðasta alþingis. Óskuðu þeir, að alþingishúslóðin yrði aukin og löguð þannig, að austurhlið lóðarinnar verði beint framhald af austurgafli alþingishússins allt suður að lóð Goodtemplarahússins, svo að lóðin verði nokkurn veginn rjetthyrndur ferhyrningur með hliðum, 45 al að sunnan og norðan og 54 al að austan og vestan. Byggingarnefndin var þessu samþykkt fyrir sitt leyti, en með því að vesturendi slökkvitólahússins gengur inn á lóðina að austanverðu, og hún verður ekki girt samfelld á þá hlið, nema slökkvitólahúsið verði stýtt, flutt eða þá ^{snúið} ~~snúið~~ við, og með því að slík breyting að eins verður gjörð með samþykki eða eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar að því leiti sem kostnaðurinn við hana að einhverju leyti yrði greiddur úr bæjarsjóði, vísaði byggingarnefndin málinu til bæjarstjórnarinnar að því er þetta atriði snertir.
2. Var Finni kaupmanni Finnssyni leyft að byggja skúr 6 x 6 al að stærð norðan við hús hans nr. 17 við Laugaveg.
3. Ólafi Sigurðssyni steinhöggvara var útvísað lóð til húsbyggingar og kálgarðsræktunar norðan við Laugaveg næst fyrir austan lóð Árna Jóhannessonar. Lóðin er 25 al meðfram götunni og 49 al norðan frá henni, rjetthyrndur ferhyrningur. Húsið verður 9 x 11 al að stærð, snýr hlið að götunni, jafnlangt frá henni og húsaröðin fyrir vestan það.
4. Næst fyrir austan lóð Ólafs Sigurðssonar (3.) var Guðmundi Hannssyni snökkara útvísað lóð til húsbyggingar og kálgarðsræktunar með sömu lögun og stærð, 25 x 49 al. Húsið, sem verður 8 x 8 al að stærð standi í sömu afstöðu við götuna sem hús Ólafs.

5. Var Guðmundi Einarssyni útvísað lóð til ræktunar og húsbyggingar fyrir sunnan Laugaveg milli lóða Guðjóns Knútssonar og Ásgríms Gíslasonar, að stærð 27 al meðfram götunni og 5⁴ al suður frá henni. Á lóðinni byggir hann hús 9 x 9 al að stærð með hlið framað götunni í rjettri stefnu eptir húsaröðinni.
6. Í brjefi dags. í gær, afsalar Einar Ólafsson sjer lóð þeirri, er honum var útvísað 6. febr. f.á., sunna við Laugaveg næst fyrir austan lóð Egils Diðrikssonar. Lóð þessi var nú útvísuð Þórhalli Þórhallasyni, þó þannig, að lengdin suður frá veginum er aðeins 5⁴ al í staðinn fyrir 60 al sem Einari var mælt, en breiddin meðfram veginum, 25 al, hin sama. Á lóðinni var Þórhalla leyft að byggja bekkbæ 7 x 11 al að stærð í framhaldandi stefnu af húsaröðinni fyrir vestan.
7. Var Dagfinni Jónssyni útvísað lóð sunnan við Laugaveg, 25 al fyrir austan lóð Þórhalla Þórhallasonar, með sömu lögun og stærð, 25 x 5⁴ al, eins og lóð Þórhalla, og leyft að byggja þar bekkbæ 7 x 11 al stærð í sömu stefnu og bæ Þórhalls.
8. Guðnýju Jónsdóttur var leyft að byggja upp og stækka geymsluhús við norðurenda húss sín við Smiðjustíg, og verður stækkin 4 x 4¹/₂ al.
9. Árna Jónssyni á Tóttum var leyft að gjöra skúr fram af dyrum á bæ sínum 5 x 2 ³/₄ al að stærð.
10. Guðmundi Jóhannessyni var útvísað lóð við nýbyggðan bæ hans norðan við Lindargötu, 31 al meðfram götunni og 46 al norður frá henni, rjetthyrndur ferhyrningur. Bærinn stendur á þessari lóð.

Allir á fundi, Ó Finsen gekk af fundi sökum lasleika, þegar 1. málefningu var lokið.

Fundi slitið.

Halldór Daniélfsson Ó. Finsen Helgi Helgason

Björn Guðmundsson Jón Jensson Þórn. Bjarnason

Ár 1893, 18.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Þórði Þórðarsyni í Miðholti leyft að færa út girðingu fyrir austan kálgarð sinn, þannig að girðingin standi jafnhliða Bræðraborgarstíg 3 fet frá honum. Við þetta stækkar lóð Þórðar um 4 x 25 al.
2. Sigurði Sigurðssyni í Bræðraborg var sömuleiðis leyft að færa austurvegg á kálgarði sínum út að stígnum þannig að þrjú fet verði á milli og alstaðar jafnlangt, við það eykst lóð Sigurðar um ræmu $29\frac{1}{2}$ al langa meðfram Bræðraborgarstíg og 4 al breiða í suðurendann en 16 al í norðurendann.
3. Einarí Einarssyni á Litlu-Steinstöðum var leyft til bráðabyrgða að nota lóðarblett austanvert við Smiðjustíg andspánis húsi Sveins Ólafssonar 25 x $11\frac{1}{2}$ al að stærð. Lóð þessari sleppir Einar endurgjaldslaust, þegar byggingarnefndin krefst þess.
4. Guðbrandur Þórðarson skóari hefur byggt útidyraskúr við hús sitt við Bergstaðastræti 3 x $2\frac{3}{4}$ al að stærð, og mældi byggingarnefndin skúrinn og húsið sjálft, sem er $12\frac{1}{2}$ al á lengd og 9 al á breidd.
5. Þá var mæld byggð lóð Jóhannesar Pálssonar í Þingholtum:
 - 1) bæinn $15\frac{1}{8}$ al á lengd og $7\frac{3}{8}$ al á breidd,
 - 2) skúr áfastur við bæinn að austanverðu $10\frac{7}{8}$ x 4 al og
 - 3) útihús $9\frac{1}{4}$ x $5\frac{3}{4}$ al. Lagt var fyrir Jóhannes að leggja járnþak á bæinn og skúrinn að því leyfi, sem það er ekki þegar gjört.
6. Sigurði Bjarnasyni söðlasmið í Ingólfsstræti var leyft að byggja salerni í kálgarði sínum $1\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ al að stærð.
7. Halldóri Sigurðssyni á Litlugrund við Bergstaðarstræti var leyft til bráðabirgða að byggja upp útihús á lóð sinni norðanverðri, en skyldur skal hann að láta hús þetta burtu eða rífa það niður, hvenær sem byggingarnefndin krefst þess, eða veganefndin.

Allir á fundi.

Fundí slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Helgi Helgason Björn Guðmundsson Jón Jensson

Ár 1893, þ.16. desember var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Jónasi Jónssyni leyft að byggja skúr $4 \frac{3}{4} \times 2 \frac{3}{4}$ al að stærð á lóð hans við Laugaveg, austanvið geymsluhús, sem þar stendur.
2. Var Guðmundi Guðmundssyni leyft að byggja útidyraskúr $1 \frac{1}{2} \times 1 \frac{1}{2}$ al að stærð við hús sitt í Bergstaðastræti.
3. Var "iðnaðarmannafjelagi" Reykjavíkur útvísað lóð í tjörninni fyrir suðan Vonarstræti, næst fyrir vestan lóð Hjartar Hjartarsonar, 30 al með fram götunni og 25 al suður frá henni, og leyft að byggja hús á lóðinni 12 al langt og 14 al breitt.

Allir á fundi, Jón Jensson var aðeins viðstaddur síðustu útmælinguna.

Fundí slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Jón Jensson

Björn Guðmundsson Helgi Helgason Ó. Finsen

Ár 1894, laugardaginn 6. janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Einari Einarssyni Litlusteinstöðum mæld lóðarviðbót :
 - 1) spilda mestan við lóð hans fram með Smiðjustíg 36 $\frac{1}{2}$ al frá N-S og 15 al frá A-V, rjettur ferhyrningur og 2) rama norðan við lóð hans frá lóð Helga Runólfssonar vestur að Smiðjustíg 60 al á lengd og 8 al á breidd. Honum var enn fremur leyft að byggja steinbæ á lóðaraukanum 1) við Smiðjustíg 10 al langan í stefnu eins og húsin sunnar með stígnum og 8 al breiðan.

2. Var Júlíönu Arngrímsdóttur mæld lóð norðan við Nýlendugötu næst fyrir austan lóð fátækra sjóðsins (Sigurðar Bjarnasonar) 29½ al frá A-V og 28 al frá N-S. Var henni leyft að byggja þar bæ 9 x 8 al að stærð úr steini með hlið að götunni og í sömu stefnu sem fátækra sjóðsbærinn.
3. Var Þorbergi Eiríkssyni mæld lóð næst fyrir austan lóð Júlíönu Arngrímsdóttur norðan við Nýlendugötu, með sömu lögun og jafnri stærð e: 29½ x 28 al og leyft að byggja steinbæ á lóðinni 10 x 8 al að stærð í sömu stefnu sem fátækra sjóðsbærinn.
4. Var Guðjóni Bjarnasyni mæld lóð milli Nýlendugötu og lóðar Jóns Þórðarsonar Vesturgötu nr. 36, 25 al frá A-V og 30½ al frá N-S. Á lóðinni var honum leyft að byggja steinbæ 10 x 8 al að stærð með hlið að götunni í stefnu eins og Nýlenduhausið og hústótt Guðmundar Þorsteinssonar.

Allir á fundi nema Jón Jensson. Þórhallur Bjarnason var ekki viðstaddur síðustu mælinguna.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Björn Guðmundsson H. Helgason

Ár 1894, laugardaginn 20. janúar var fundur haldinn í bygginga-nefndinni, og var þá Alberti Þorvaldssyni mæld lóð á Bráðræðis-holti fyrir sunnan Sjávarborgarlóð 45½ al frá A-V og 36½ al frá N-S. Á milli lóðar þessarar og Lágholtslóðar að sunna var látin eptir ómæld ræma 5 álna breið, sem nefndin áleit rjett að ætla undir stíg, er lagður kynni að verða þaðan vestur á Framnesveg, þegar bygging ykist þar í grennd. Á hinni útvísuðu lóð var beiðandanum leyft að byggja steinbæ 8 x 8 al að stærð, er snéri eins og Sjávarborgarbær og jafnhliða honum.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.

Helgi Helgason Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason
 Ó. Finsen Eiríkur Briem

Ár 1894, 3. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og kom nefndin saman hjá húsi Bjarnar ritstjóra Jónssonar í Austurstræti eptir beiðni í brjefi dags. 2. þ. m. Var honum leyft, í staðinn fyrir geymsluhús það, sem stendur vestast á lóð hans, 14 x 5½ al að stærð og sem hann ætlar að rífa niður, að byggja nýtt geymsluhús, 19 al langt og 9 al breitt áfast við vesturgafli íbúðarhússins fyrir sunnan dyrnar. Húsið verður tvíloftað

og var áskilið að sá endi þess, sem veit að Vallarstræti verði með fölskum gluggum til prýðis. Með því að geymsluhús þetta verður (ekki fullar 10 al) að eins c: 8 al frá húsi Eyólfs Þorkelssonar, var útmælingin gjörð með þeim fyrirvara, að hún sje ógild og falli burtu, nema því að eins að lög um breyting á opnu brjefi 29. maí 1839, sem samþykkt voru á síðasta þingi, nái konungsstaðfestingu og verði gengin í gildi áður en húsið er komið upp. Eyólfur Þorkelsson eigandi húseignarinnar nr. 6 í Austurstræti var viðstaddur og samþykkur útmælingunni.

Allir á fundi nema Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Eiríkur Briem
 Björn Guðmundsson Þórh. Bjarnason

Ár 1894, 3. marz var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Þorsteini Gunnarssyni leyft að byggja geymsluhús á lóð sinni í Þingholtsstræti 8 al langt 6 al breitt. Suðurgafli geymsluhússins á að ná jafnlangt suður og standa í sömu stefnu sem suðurgafli á íbúðarhúsi beiðanda.
2. Var Gunnari Gunnarssyni mælt hússtæði og lóð norðanvið Laugaveg, næst lóð Guðmundar Hallssonar að vestan. Lóðin er

25 al fram með veginum og 50 al norður frá honum í ferhyrning. Húsið verður 10 al langt og 9 al breitt og á að standa jafnlangt frá götunni sem húsin vestan við hana og í sömu aðalstefnu sem þau.

3. Benedikt Jónssyni var mælt hússtæði og lóð við Laugaveg næst fyrir austan lóðina, er mæld var Gunnari Gunnarssyni hjer næst á undan. Lóð Benedikts er jafnstór, 25 x 50 al eins og lóð Gunnars og eins í lögun. Húsið verður 9 al langt og 8 al breitt og standi eins og hús Gunnars.
4. Páli Jónssyni var leyfð sú breyting á útmælingu er gjörð var á lóð hans við Klapparstíg 7.okt.f.á. að hús það, er hann byggir þar verði 10 x 10 al að stærð í staðinn fyrir 8 x 11, er áður var mælt.
5. Jón Þorsteinsson kaupmaður, sem nú er orðinn eigandi að Klettakotslóð afsalaði sjer í brjefi þ.m. útmælingu þeirri til að byggja hús 12 x 12 al að stærð á nefndri lóð, sem Sigfúsi Eymundssyni var veitt á fundi byggingarnefndarinnar 2.nóvember 1889.
6. Jóni E. Jónssyni var leyft að byggja hús á lóð sinni í Grjótaþorpi 10 x 12 al að stærð. Byggingarnefndin áskilur sjer að segja nákvæmar fyrir um legu og stefnu hússins áður en það verður byggt.

Allir á fundi nema Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Helgi Helgason Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason

Eiríkur Briem B. Guðmundsson

Ár 1894, 7.apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var ljósmyndara Ágúst Guðmundssyni leyft að byggja skúr á lóð frá Þórhildar Tómasdóttur (dánarbús Helga lectors Hálfánarsonar) við Laugaveg á bak við íbúðarhúsið norður við lóðarmörkin, 8 x $4\frac{1}{2}$ al að stærð. Byggingarnefndin áskildi

að beiðandinn hefði leyfi allra hlutaðeigenda til þessarar skúrbyggingar, og tjáðist hann hafa fengið það.

2. Spurningu frá Andrjesi Davíðssyni um það, hvort eigi sje leyfilegt að byggja hús á lóð hans við Smiðjustíg, kvað byggingarnefndin já við, þannig að húsið yrði látið standa í miðri lóðinni fram við götuna í sömu stefnu og hús Sveins Ólafssonar.
3. Sveini Ólafssyni var leyft að gjöra salerni, $1\frac{1}{2} \times 1\frac{1}{2}$ al að stærð, bak við (vestanvið) hús sitt við Smiðjustíg.

Allir á fundi nema Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Eiríkur Briem Björn Guðmundsson

Helgi Helgason Ó. Finsen.

Ár 1894, þ.28.apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var A. Friðriksen bakara leyft að byggja geymsluhús á lóð sinni í Fischersundi $8 \times 10\frac{1}{2}$ al að stærð í staðinn fyrir geymsluhús, sem þar stóð áður, en nú hefur verið rífið niður 6×8 al að stærð. Húsið á að snúa gaflí fram að Fischersundi, jafnlangt fram og í sömu stefnu sem bökunarhúsið. Austurhlið hússins á að vera í sömu línu og austurhlið á húsi Kristínar Sigurðardóttur.
2. Var Kristínu Sigurðardóttur leyft að byggja geymsluhús við norðurendann á húsi sínu við Fischersund 10 al breiðan og 4 al langan. Jafnframt rífur hún niður gamalt geymsluhús austanvið íbúðarhúsið $6 \times 6\frac{3}{4}$ al að stærð.
3. Var Sigurði Jónssyni kaupmanni leyft að gjöra salerni, $1\frac{3}{4} \times 1\frac{3}{4}$ al að stærð, bakvið hús hans í Aðalstræti. Var enn fremur mæld byggð lóð beiðandans í Aðalstræti, sem hefur breytt við það, að hann hefur rífið niður eldra geymsluhús og fjós, og mældist hún þannig: íbúðarhús ~~með skúr 218 fer al.~~ geymsluhús 109 fer al., salerni 12 fer al.

Allir á fundi nema Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Eiríkur Briem
Helgi Helgason Björn Guðmundsson .

Ár 1894, 5.maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Þorvarði Þorvarðarsyni leyft að byggja skúr vestan við hús sitt í Þingholtsstræti 4 x 5 al að stærð.
2. Var Þorsteini Þorsteinssyni leyft að byggja hús 11 al langt 9 al breitt á lóð sinni norðan við Lindargötu. Húsið á að standa í sömu aðalstefnu og jafnlangt frá Lindargötu eins og önnur hús fyrir norðan götuna.
3. Steindóri Jónssyni var leyft að byggja skúr við norðurgöfl húss síns við Klapparstíg $6\frac{1}{2}$ x $8\frac{1}{2}$ al að stærð.
4. Var leyfð sú breyting á útmælingu, er Þorsteinn Gunnarsson fjekk 3.marz ~~á útmælingu til byggingar húss síns~~ þ.á. til að byggja geymsluhús, að breidd hússins verði 5 al í staðinn fyrir 6 al.
5. Sökum þess að Gunnar Gunnarsson snikkari, sem fjekk útmælingu 3.marz þ.á til byggingar og kálgarðsræktunar norðan við Laugaveg austur frá lóð Guðmundar Hallssonar, hafði byrjað húsbyggingu og vestarlega og inn á lóð Guðmundar, var sú breyting gjörð með samþykki Guðmundar og Benedikts Jónssonar sótara, er báðir voru viðstaddir, að lóð Guðmundar skyldi vera fyrir austan lóð Gunnars og Benedikts lóð þar fyrir austan, en að öðru leyti verður óbreytt útmæling sú er Guðmundur og Benedikt fengu 3.marz þ.á. Jafnframt ákvað byggingarnefndin í samráði við veganeftndina 10 al breitt svæði norðan við Laugaveg milli lóðar Árna Jóhannessonar og Ólafs Sigurðssonar, til þess að þar yrði lagður vegur eða stígur milli Laugavegs og Lindargötu, þegar kringumstæður leyfa.

Fleira var ekki gjört. Allir á fundi .

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Eiríkur Briem Helgi Helgason

Björn Guðmundsson Ó. Finsen Þórh. Bjarnason.

Ár 1894, 19.maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Ólafi Jónssyni í Vesturgötu mæld kálgarðslóð á Bráðræðisholti í horninu milli kálgarðs Gunnars Gunnarssonar og erfðafestulands síra Jóhanns Þorkelssonar. Lóðin er að norðan 34 al að sunnan 25 al og eru þær hliðar samsíða, austur- og vesturhliðin eru jafnlangar, 40 al hvor.
2. Hannesi Erþindssyni á Mel var útvísað kálgarðsstæði á melunum fyrir sunnan lóð hans, 60 al frá N-S og 34 al frá A-V. Vesturbrún á lóðinni er í sömu aðalstefnu og vesturhlið á erfðafestulandi Hannesar, og norðurbrúnin gengur yfir jarðfastan stein lítið eitt fyrir sunnan veginn og í sömu aðalstefnu og hann.
3. Gísla Þorkelssyni var leyft að flytja hjall, sem hefur staðið á lóð gamla Vagtarabæjar í Grjóta, á lóð Stefáns Jónssonar í Grjóta, að þar til fengnu leyfi Stefáns.

Allir á fundi nema Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Eiríkur Briem

Halgi Helgason Björn Guðmundsson.

Ár 1894, þ.28.maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Birni Pálssyni leyft að byggja steinbæ með járnþaki 10 al langan, 8 al breiðan á Pálsbæjarlóð í Skuggahverfi á sama stað og hinn gamli bær, sem jafnframt verður rifinn, nú stendur.
2. Halldóri Jónssyni í Hlíðarhúsum var leyft að hressa við frambæ sinn til bráðabyrgða, þannig að veggirnir sju hlaðnir úr grjóti án steinlíms, og getur byggingarnefndin kræfist, að byggingin verði tekin burtu eða færð til, þegar á þarf að halda til að koma á betri hútaskipun við Vestur-

götu.

Allir á fundi, nema Eiríkur Briem.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Ó. Finsen

Björn Guðmundsson Þórh. Bjarnason.

Ár 1894, 9. júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Sigfúsi Eymundssyni var leyft að byggja upp útihýsi við suðurenda á húsi sínu í Lækjargötu og stækka það um $26\frac{1}{2}$ fer al.
2. Árna Árnasyni Melbæ í Kaplaskjóli útvísað stakkstæði fyrir neðan bæ hans niður að sjónum 20 x 20 al að stærð.
3. Ólafi Arinbjarnarsyni leyft að gjöra steinskúr við hús sitt í Bergstaðastræti 3 x 5 al að stærð í staðinn fyrir trjeskúr, sem stóð þar áður, en er nú rifinn niður, $3\frac{3}{4}$ x $3\frac{3}{4}$ al að stærð.
4. Þórði Pjeturssyni í Oddgeirsbæ var leyft að hækka veggja að bæ sínum og setja nýtt þak á hann, gegn því að hann eða síðari eigendur bæjarins seiji girðingu fram með Oddgeirsbæjarlóð þeim megin sem veit að Framnesvegi, þegar farið verður að mæla út hústóttir eða húslóðir þeim megin við veginn, og sje girðingin í því formi og með þeirri stefnu, sem byggingarnefndin þá ákveður.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Ó. Finsen

Þórh. Bjarnason Björn Guðmundsson Eiríkur Briem.

Ár 1894, þ. 23. júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Bjarna Matthíassyni í Melshúsum leyft að byggja upp bæ sinn þar með steinveggjum og járnþaki á sama stað og með sömu lögun og stærð.
2. Halberg gestgjafa var leyft að byggja upp geymsluhús á horninu milli Vallarstrætis og Veltusunds og breikka það um

1 $5/8$ al þannig að það verður 12 al á breidd á lengd verður húsið 17 $7/8$ al eða 9 þuml. styttra en áður, þannig að suðurgafi þess verður 35 $\frac{1}{2}$ al frá syðri brún rennunnar suhnan við Austurstræti.

Allir á fundi nema Ó. Finsen og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Björn Guðmundsson
Eiríkur Briem.

Ár 1894, þ.9. júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Ákvað byggingarnefndin eftir beiðni Þorsteins Þórðarsonar lóð þá, er fylgja á húsinu á Frostastöðum, samkvæmt útmælingu 14. júní 1884, þannig að austurhlið lóðarinnar, sem er 30 al á hverja hlið, gengur frá austasta staurnum á sjávarbakkanum fyrir neðan (norðan) húsið eftir beinni línu jafnhliða húshliðinni 30 al í suður frá staurnum, og suðurhliðin þaðan eftir beinni línu, sem myndar rjett horn með hinni fyrri 30 al í vestur. Lóðin er rjettthyrndur og jafnhliða ferhyrningur. Viðstaddir voru Ó. M. Haldorsen fyrir hönd Þorsteins Þórðarsonar og Sturla kaupmaður Jónsson, sem eigandi lóðarinnar umhverfis Frostastaði.

2. Hermanni Guðmundssyni við Klapparstíg var leyft að breyta skúr við hús sitt þannig, að skúrinn færist út um 1 $\frac{1}{2}$ x 2 al.

2. Guðnari Gunnarssyni var leyft að byggja skúr við hús sitt við Laugaveg 3 $1/3$ x 2 $5/6$ al að stærð.

4. Var samþykkt að bygging á geymsluhúsi, sem Guðmundur Guðmundsson hefur gjótt hjá húsi sínu nr. 20 við Laugaveg. Húsið er 8 $1/4$ al á lengd og 6 $1/4$ al á breidd.

Allir á fundi, nema Þórhallur Bjarnason og Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Eiríkur Briem Ó. Finsen

Ár 1894, þ.21.júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var eptir beiðni framkvæmdarstjóra landsbankans leyft að byggja skúr áfastan æð austanverðu við húseign bankans Selland við Framnesveg 4 al breiðan og jafnlangan eins og húsgaflinn er breiður.
2. Var leyfð sú breyting, að útmælingu, er Kristinn Jónsson fjekk 16.apríl 1892, að bær sá, er hann byggir á hinni útvísuðu lóð við Nýlendugötu sje 10 x 7 al ísaaðinn fyrir 10 x 8 al að stærð, en aðöðru leyti er útmælingin óbreytt.
3. Var W. Christensen kaupmanni leyft að byggja heyskúr við vesturendann á geymsluhúsi B. Miens & Co. fyrir sunnan Hotel Alexandra. Skúrinn á að vera 6 x 7 al að stærð.
4. Var Sighvati Bjarnasyni bankabókara útvísað útihússtæði austast á lóð hans, 8 al á lengd en 6 al á breidd.

Allir á fundi nema Helgi Helgason og Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Eiríkur Briem

Björn Guðmundsson .

Ár 1894, 1.september var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Jóhanni P. Ásmundssyni leyfð aðalviðgerð á bæ sínum Klapparhúsi við Lindargötu, og er viðgerðin í því fólgin að hlaða upp annan gaflinn, hækka veggina og leggja járnþak á bæinn í stað torfþaks, sem nú er.
2. Var Gísli Þorkelssyni útvísað lóð norðanvið Laugaveg 25 al fyrir austan lóð Benedikts Jónssonar. Hin útvísaða lóð er 25 al meðfram veginum og 5 al norður frá honum. Á lóðinni var Gísli leyft að byggja hús 9 al langt og 8 al breitt og standi húsið í sömu aðalstefnu eins og vegurinn liggur, í jafnri fjarlægð frá honum eins og húsin norðan við veginn.
3. Benedikt Jónssyni sótara var veitt lóðarviðbót 1 al breið og 50 al löng frá N-S austan við lóð hans.

4. Magnúsi G. Guðnasyni var leyft að stækka skúr sunnanvið íbúðarhús hans við Skólavörðustíg og er stækkunin $4\frac{1}{2}$ fer al.
5. Sama manni var leyft að byggja skúr norðan við hús hans við Laugaveg $2\frac{1}{8} \times 2\frac{1}{8}$ al að stærð, og salerni 1×1 fer al.
5. Elísabet Magnúsdóttur var leyft að byggja salerni norðan við hús hennar við Laugaveg $1\frac{1}{3} \times 1\frac{1}{3}$ al að stærð.
6. Póstmeistara Ó. Finsen var leyft að stækka útihús á lóð sinni, og er stækkunin $9 \times 4\frac{3}{4}$ al.
7. Hermanni Guðmundssyni var leyfð aðalviðgerð á bæ hans við Framnesveg, og verður byggð lóð hans mæld upp, þegar viðgerðinni er lokið.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason, Þórhallur Bjarnason fóru af fundi áður en málefni 6. og 7. voru tekin fyrir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Björn Guðmundsson Eiríkur Briem.

Ár 1894, þann 29. september var fundur haldinn í byggingarnefndinni og kom nefndin saman á stakkstæði Chr. Zimsens konsúls í Hafnarstræti. Þar var þá eftir beiðni Tr. Gunnarssonar bankastjóra, fyrir hönd "Ísfjelags Reykjavíkur" útvísuð lóð undir ísgeymsluhús 20 al langt og 12 al breitt, svo og undir skúr með austurhlið hússins 6 al breiðan og jafnlangan húsinu. Um leið og hús þetta verður byggt, verður rifinn burtu nærður-endi af skúr þeim, er á lóðinni stendur (sbr. útmæl. 3. okt. 1888, 1.) 5×6 fer al. Það var ákveðið að vesturhlið ísgeymsluhússins skyldi standa í sömu stefnu og austurhlið á íbúðarhúsi Ziemsen hinu eystra., auk gjörðarbeiðandans var viðstaddur konsull Chr. Ziemsen og lýsti hann því yfir, að hann hefði heimilað "Ísfelagi Reykjavíkur" hina útvísuðu lóð undir þessa byggingu.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason, sem hafði tilkynnt föll sín.

Fundir slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Eiríkur Briem Björn Guðmundsson.

Ár 1894, þ.6.október var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var H. Andersen skradara leyft að byggja hús á lóð sinni í Aðalstræti nr. 16 í stað húss þess, sem nú stendur á lóðinni, en verður rífið niður. Hið nýja hús á að vera 20 al á lengd og 14 al á breidd, snúa hlið út að götunni og standa jafnhliða rennunni austanvið Aðalstræti, þannig að húshliðin sje 29 fet frá rennubrúninni austari. Suðurgafi hússins á að vera 10 al frá húsinu nr. 18 (Magnúsar Árnasonar), og norðurendinn sem á að vera með eldvarnargafli 3 al frá húsinu nr. 14 (Sturlu Jónssonar).

2. Var Guðmundi Hallssyni snikkara leyft að byggja skúr 2 x 2 al að stærð við útidyr á húsi hans við Laugaveg.

Allir á fundi nema Ó. Finsen.

Fundir slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Helgi Helgason

Eiríkur Briem Björn Guðmundsson.

Ár 1894, 3.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Birni múrara Guðmundssyni fyrir hönd Fredriksens timbursala leyft að lengja timburgeymsluhús hans við lækjarásinn um 10 al til austurs. Húsið er 14 al á breidd, að áskildu samþykki Eyþórs kaupmanns Felixsonar að því leyti sem lenging þessi tekur inn á hans lóð.
2. Pjetri Hjaltesteð úrsmið var leyft að stækka skúr norðan við íbúðarhús sitt við Laugaveg og er stækkunin $2\frac{1}{2}$ x $4\frac{5}{8}$ al.
3. Sigurði Friðrikssyni var leyft að gjöra skúr $7\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ al að stærð við hús sitt við Laugaveg.
4. Bergi Magnússyni var leyft að gjöra skúr við hús sitt norður

- frá Laugavegi, 4 $5/12$ x $2\frac{1}{2}$ al að stærð.
5. Var Jóni Jónssyni leyft að byggja hjall hjá húsi sínu við Lindargötu 4 x 4 al að stærð.
 6. Var Magnúsi Magnússyni leyft að byggja skúr við hús sitt norður frá Laugavegi 1 $5/6$ x $2\frac{2}{3}$ al að stærð.
 7. Benedikt H. Benediktsson hefur afsalað sjer lóð þeirri, er honum var útmæld á fundi byggingarnefndarinnar 7. okt. f.á. (sjá hjer að framan bls. 160,5.). Lóð þessi var nú með sömu ummerkjum útvísuð Jóni Magnússyni skósmið og honum leyft að byggja þar steinbæ 7 x 9 al að stærð.
 8. Guðna Símonarsyni gullsmið var leyft að byggja skúr austan við hús sitt í Þingholtum $6\frac{1}{2}$ x $4\frac{3}{4}$ al að stærð.
 9. Pjetri Þorsteinssyni sömul, leyft að byggja skúr við norðurgafli húss síns í Bergstaðastræti $2\frac{3}{4}$ x 7 al að stærð.
 10. Eypóri Oddssyni leyft að lengja bæ sinn norður eptir um 1 al. Bærinn er 7 al á breidd og er nú nyrðri helmingur hans byggður upp með steinveggjum og járnþaki.
 11. Birni Hjaltesteð járnsmið var leyft að byggja upp geymsluhús austan við íbúðarhús sitt í Suðurgötu, þannig að geymsluhúsið, sem nú er $20\frac{1}{4}$ x 5 al að stærð, verði 14 al á lengd og 9 al á breidd.
 12. Jóni E. Jónssyni prentara leyft að gjöra skúr 2 x $3\frac{1}{2}$ al að stærð við bakdyr á húsi hans, sem nú er verið að byggja í Grjótaþorpi (austan við hið vantanl. Garðastræti).
 13. Var Bjarna snikkara Jónssyni leyft að lengja hús sitt í Grjótaþorpi um 6 al til vesturs, ef hann fengi til þess samþykki lóðareigandans næst fyrir vestan, Stefáns Jónssonar. Hús Bjarna er 8 al á breidd. Torfbæinn rífur hann jafnframt niður.

Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fleira kom ekki fyrir. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Guðmundsson Ó. Finsen

Eiríkur Briem Þórh. Bjarnason

Ár 1894, 8.dag nóvembermánaðar var fundur haldinn í byggingar-nefndinni:

1. Var Ásgeiri Þorsteinssyni leyft að byggja hjall 6 x 6 al að stærð í norðausturhorni lóðar sinnar í Vesturgötu.
 2. Sveini Sveinssyni Miðhúsum á Selslóð var sömul. leyft að byggja hjall 4 x 5 al að stærð á lóð sinni.
 3. Einari Pálssyni var leyft að byggja upp skúr við norðurenda húss síns í Grjóttagötu, grunnmál skúrsins verður óbreytt.
 4. Eftir beiðni Jóhannesar Þórðarsonar var mæld upp lóð hans við Bræðraborgarstíg (í Hala), er hin byggða lóð 70 fer al og óbyggð lóð 687 fer al.
 5. Var Þórði Pjeturssyni Oddgeirsbæ útvísað lóð til kálgarðs-ræktunar fyrir sunnan lóð Snæbjarnar Jakobssonar við Framnesveg og austan Steinholtshóla, lóð þessi er að sunnanv. 25 al að norðanv. 20 al að austan 35 al og að vestanv. 30 al.
 6. Næst fyrir sunnan síðasttalda lóð var Sveini Jónssyni á Miðseli útvísað kálgarðslóð, ferhyrningur með hliðum að sunnan 38½ al, að norðan 25 al að austan og vestan 25 al.
 7. Næst þar fyrir sunnan var Jóni Jónssyni, Hamarsgerði mæld kálgarðslóð, sem er rjetthyrndur ferhyrningur 40 x 25 al að stærð og að auki þríhyrningur með grunnlínu 30 al og hæð 15 al. Sama manni var einnig leyft að byggja skúr 2 x 4 al að stærð við bæ sinn Hamarsgerði.
 8. Þá var enn fyrir sunnan þessa lóð (Jóns Jónssonar) Gísla Kolbeinssyni í Brekkuholti útvísað kálgarðslóð ferhyrningur með hliðum að vestan 23 al að austan 18½ al að sunnan 44 al og að norðan 40 al.
- Lóðirnar 5 - 8 sem liggja frá norðri til suðurs hver við endann á annari eiga að vera 12 al frá grjótgarði þeim, sem takmarkar lóðirnar fyrir austan þær og er þetta millibil ætlað undir veg.
9. Jóni Hinrikssyni Klöpp var mæld viðbót austur af lóð hans

og er viðbótin 16 x 9 al að stærð.

10. Einarí Guðmundssyni Einarshöfn var mæld lóðarviðbót ferhyrnt stykki, 31 al á suður og norðurhlið, 10 al á vesturhlið og 12 al á austurhlið. Norðurhliðin á þessari viðbót er 8 al fyrir sunnan lóð Jóns Hinríkssonar í Klöpp.
11. Frá lóð Sæmundar Sveinssonar Sæmundarhlið dgegst að norðanverðu 4 x 40 al stór ræma, sem er ætluð undir stíg.
12. Ingimundi Þórðarsyni á Reynistað var mælt skúrstæði vestanvið hús hans $9\frac{1}{2}$ x $3\frac{7}{8}$ al að stærð, í staðinn fyrir skúr 3 x 3 al að stærð, sem hann rífur jafnframt niður.
13. Þorbergur Eiríksson afsalaði sjer lóð þeirri, er hann fjekk útvísaða til bæjarbyggingar og kálgarðsræktunar 6.jan.p.á., og jafnframt heimilaði byggingarnefnd honum fyrir sitt leyti lóð þá, er sama dag var útvísuð Guðjóni Bjarnasyni sunnan við Nýlendugötu, með því að Guðjón þessi er nú alfarinn burtu úr bænum, án þess að hafa notað lóðina, þó tjáði nefndin Þorbergi, að hannyrði að fá samþykki Guðjóns eða vissu fyrir, að hann ætlaði ekki að nota lóðina.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason.

Fleira kom eigi fyrir. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen Eiríkur Briem
Björn Guðmundsson.

Ár 1894, þ.17.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Birni Pálssyni leyft að gjöra útidyraskúr við bæ sinn 2 x $2\frac{1}{2}$ al að stærð.
2. Var Benedikt S. Þórarinssyni útvísað hússtæði 12 x 12 al að stærð með bakdyraskúr 3 x 4 al á lóð hans nr. 7 við Lauga-veg og salerni $1\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ al.
3. Var Jóni J. Illugasyni leyft að gjöba skúr $3\frac{1}{2}$ x $3\frac{1}{2}$ al að stærð á lóð hans í Þingholtum.
4. Var Þorkeli Bergsveinssyni útvísað kálgarðslóð fyrir austan

og frammeð kálgarði Þorsteins Guðmundssonar, lóðin er skakkur ferhyrningur, aflangur með hliðum að lengd 81 al að austanv.

75 al að vestanv. 30 al að sunnanv. og 8 al að norðanv.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson H. Helgason Björn Guðmundsson
Þórhaflur Bjarnason Ó. Finsen.

Ár 1894, þ.8. desember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Lóð þá, er Hannesi Thorarensen verzlunarmanni var útvísað 5.nóvember 1892, en hann hafur síðan afsalað sjer, var veitt Erlindi Zakariassyni og honum leyft að byggja hús á lóðinni 9 x 10 al að stærð.
2. Andrjesi Þorleifssyni var útvísað lóð í Þingholtum milli Blöndalsbæjar og Klapparholts, að stærð 25 x 49 al., er vesturhlið lóðarinnar jafnhliða austurbrún Bergstaðastrætis eða framhalds þess beint suður og 43 al frá því, að sunnanverðu er 1 álnar bil milli lóðarinnar og kálgarðs austanvið Blöndalsbæ. Á lóðinni var Andrjesi leyft að byggja steinbæ með járnþaki í sömu stefnu sem Klapparhala og Blöndalsbæ 9 x 7 al að stærð.
3. Eyólfi Ólafssyni á Eyólfsstöðum var veitt lóðarviðbót sunanvið eldri lóð hans, að stærð 36 x 27½ al.
4. Halldóri Þóraðrsyni var útvísað lóð norðanvið Lindargötu fyrir austan lóð Bjarnar Guðmundssonar, 36 al fram með götunni og 20 al norður frá henni. Honum var einnig leyft að byggja þar bæ 8 al breiðan og 6 al langan sem standi í sömu stefnu eins og húsin austan með götunni.
5. Með því að Gissur Guðmundsson hefur eigi enn unnið neitt að lóð þeirri, er honum var útvísað 7.nóv. 1891 fyfir sunnan bæ hans, og með því að annar maður hefur nú beðið um lóð

þessa til yrkingar, var ákveðið að gjöra Gissuri viðvart um, að hann mundi missa rjett sinn til lóðarinnar og hún verða veitt öðrum manni, ef hann ljeti lengur dragast að girða og yrkja lóðina.

7. Var Jóni kaupmanni Þórðarsyni leyft að byggja steinbæ 7 al breiðan og 10 al langan í erfðafestulandi sínu fyrir austan Halgasáði. Bærinn á að standa í sömu stefnu sem syðri (efri) húsaröðin við Lindargötu.

Allir á fundi nema Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Björn Guðmundsson

Eiríkur Briem Þórh. Bjarnason.

Ár 1894, þ. 15. desember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Jónasi Jónassyni snikkara frá Eyvindarstöðum útvísað lóð og hússtæði í krikanum milli Vesturgötu og Bakkastígs. Lóðin er 41 al með fram Vesturgötu og 5 álna bil milli hennar og Bakkastígs, niður frá Vesturgötu nær lóðin 30 al, auk 5 al breiðrar ræmu meðfram götunni, sem er óútmæld. Húsið, sem beiðandinn vill byggja á lóðinni verður 10 x 10 al að stærð, og á að standa í sömu stefnu sem hús bæjarfulltrúa Gunnars Gunnarssonar nr. 46.

2. Var Pjetri Þórðarsyni leyft að byggja hús á Götuhúsaloð við Vesturgötu í stað bæjar þess, sem þar stendur nú. Húsið á að vera 13 x 9 al að stærð, sem á hlið út að Vesturgötu í sömu stefnu sem hús Gunnars Gunnarssonar nr. 46 og standa 5 al vestur frá Bakkastíg.

3. Guðmundi Þorkelssyni var leyft að byggja hús á lóð sinni í Stóraselstúni í staðinn fyrir bæ, sem þar er nú. Húsið á að vera 10 x 11 al að stærð og verður stefna þess ákveðin eptir samkomulagi við veganeftina.

4. Jónasi Jónassyni í Steinsholti var útvísað lóðarviðbót

sunnan við eldri lóð hans, stykki hjerumbil rjetthyrnd, 23½ x 16 al að stærð.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen
Eiríkur Briem Helgi Helgason Bj. Guðmundsson.

Ár 1895, 5. janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Jóni Teitssyni útvísað lóð fyrir austan Bergstaðastræti til kálgarðsræktunar og bæjarstæðis, lóðin er 25 al með fram götunni og 50 al austur frá henni, og skilur 10 al breið lóðarræma hana frá lóð Magnúsar og Jónasar Guðbrands-sona að norðan. Bærinn á að vera 8 x 9 al að stærð með hlið að götunni 5 al frá henni, bekkbyggður með háum kjallara.
2. Áfast við lóð Jóns Teitssonar að sunnan og meðfram Bergstaðastræti var Sigurði Hanssyni útvísað lóð, 25 al meðfram götunni og 46 al austan frá henni til kálgarðsræktunar, og á lóðinni var honum leyft að byggja bæ 8 x 9 al að stærð 5 al frá götunni með hlið að henni, bekkbyggðan með háum kjallara.
3. Áfast við lóð Sigurðar Hanssonar að sunnan og austan við Bergstaðastræti var þar næst Guðrúnu Ólafsdóttur útvísað lóð 25 al meðfram götunni og 46 al austur frá henni. Bæjarstæði var henni útvísað á lóðinni, 8 x 8 al að stærð og standi bærinn í sömu stefnu sem bærir Jóns Teitssonar og Sigurðar Hanssonar og sje bekkbyggður með háum kjallara.
4. Áfast við lóð Guðrúnar Ólafsdóttur að sunnanverðu og austan Bergstaðastrætis var loksins Jóhanni T. Egilssyni útvísað hússtæði og lóð til yrkingar, lóðin er að stærð 25 al meðfram götunni og 46 al austur frá henni. Húsið á að vera 9 x 11 al að stærð og standa í sömu stefnu og bæirnir norðan við strætið, og skulu allar þessar byggingar (1 - 4) standa

jafnhliða götunni og 5 al frá henni.

5. Var Sveini Sveinssyni naturverði mælt viðbót við lóð hans að vestanverðu, spilda 18 x 21 al að stærð.
6. Var Brynjólfi Jónssyni í Kasthúsum útvísað lóð til yrkingar í horni því er myndast af Kasthúsalóð að vestan og lóð Árna Jóhannessonar við Laugaveg að sunnan, norður að götu þeirri sem áformað er að leggja frá austri til vesturs milli Lindargötu og Laugavegs fyrir austan lóð Árna Jóhannessonar niður á Lindargötu. Lóð þessi er 63 al frá N-S og 42 al frá A-V. Með þessari útmælingu fellur burtu lóðarútmæling sú, sem beiðandinn fékk 7.nóvember 1891.
7. Var Þorsteini Þorsteinssyni útvísað lóð til yrkingar og bæjarstæðis fyrir sunnan væntanlegt framhald Lindargötu milli Eyjólfsstaðalóðar og Litlu-Miðhúsalóðar. Hin útvísaða lóð er 25 al frá A-V og 66 al frá N-S. Bærinn á að vera 8 x 8 al að stærð og standa í sömu stefnu, sem bæirnir sunnan við Lindargötu.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Eiríkur Briem Björn Guðmundsson Helgi Helgason

Ár 1895, laugardaginn 12.janúar kom byggingarnefndin saman á lóð G. Zoëga adjunkts í Tjarnargötu til þess eptir beiðni hans að útvísa honum hússtæði. Hús það er hann ætlar að byggja á að vera 14½ al á lengd og 13 ¼ á breidd, ákvað nefndin að suðurhlið hússins skyldi vera jafnhliða Vonarstræti. 18 al suður frá suðurbrún þess, og gaflinn snúa út að Tjarnargötu í sömu aðalstefnu eins og þús þau, sem nú standa að austanverðu í götunni.

Aklir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Helgi Helgason

Þórh. Bjarnason Eiríkur Briem Björn Guðmundsson

Ár 1895, þ.19. Janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Sveini Árnasyni útvísað lóð sunnan við Vesturgötu austan-
við húseignina nr. 53, til húsbyggingar og kálgarðsræktunar,
ferhyrningur 32 al frá A-V (meðfram götunni og 34 al frá
N-S. Húsið á að vera 9 x 10 al að stærð snúa hlið með glugg-
um fram að götunni og standa í rjettri stefnu eptir öðrum
húsum sunnan fram með götunni. Áskilið er að beiðandinn
hafi gangstíg opinn niður á Vesturgötu vestast á lóðinni,
sem íbúendum Gíslabæjar eða seinni býla, sem kunna að koma
upp á Gíslabæjarlóð, er heimilt að nota. Beiðandinn sem var
viðstaddur var þessu samþykkur.
2. Var Margrjetu Einarsdóttur við Bræðraborgarstíg leyft að
fara lóð sína út að stígnum, þó svo að 5 álna breið ræma
verði á milli. Við þetta eykst lóð hennar um 332 fer al.
3. Í brjefi 15. janúar skýrði H. Andersen skráddari byggingar-
nefndinni frá því, að hann væri horfinn frá að byggja nýtt
hús á lóð sinni samkvæmt útmælingu, er honum var veitt
6. október f.á., en beiðdist samþykkis nefndarinnar til að
láta fara fram aðalviðgerð á hinu gamla húsi og byggja ofan
á það eina "etage". Meiri hluti nefndarinnar (Bj. Guðmunds-
son, E. Briem, H. Helgason og Þórh. Bjarnason) neitaði að
samþykkja þannig lagaða viðgerð og hækkunar með því að nauð-
syn bæri til, að húsið færðist inn til þess að gatan breikk-
aði, eins og ráðgjört var á fundi nefndarinnar 6. okt. f.á.,
en yrði hin umbeðna breyting á húsinu leyfð, mundi það verða
sem nýtt og gjöra ómögulega breikkun götunnar um langan aldur.
Minni hlutinn (form. og O. Finsen) vildu veita hið umbeðna
leyfi, álitu ekki brýna nauðsyni á breikkun götunnar, og því
síður gat minnihl. álitnið þörf á að fara inn hús beiðandans,
sem húsið nr. 10 norðar í götunni, sem er nýtt og rambyggj-
legt, stefndur töluvert lengra fram í götuna.

Allir á fundi nema Helgi Helgason, sem aðeins var viðstaddur

meðan 3ja málefnið var útkljáð.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Helgi Helgason

Eiríkur Briem Þórh. Bjarnason Björn Guðmundsson.

Ár 1895, 9.febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Formaður tilkynnti nefndinni úrskurð amtsins, dags. 24, út af kærufrá H. Andersen ekraddara sem á síðasta fundi, 19. f.m. af meiri hluta nefndarinnar var synjað um leyfi til að byggja eina "etage" ofan á hús sitt í Aðalstræti. Fellur amtið synjunina úr gildi og samþykkir tillögu minni hlutans að Andersen veitist hið umbeðna leyfi.

2. Var Magnúsi Egilssyni leyft að byggja steinbæ 8 al breiðan og 9 al langan með útidyraskúr 3 x 3 al að stærð á lóðinni í horninu milli Lindargötu að sunnan og Klapparstígs að vestan, en lóð þessi, sem með mælingargjörð 10.ágúst 1888 var útvísað Runólfi Einarssyni, er nú orðin eign Magnúsar Egilssonar. Lóðin er 30 al frá A-V meðfram Lindargötu og frá N.-S 25 al að meðaltali.

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson, sem er erlendis.

Fundi slitið.

Helgi Helgason Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason

Ó. Finsen Eiríkur Briem.

Ár 1895, 16.marz var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Þórði Þ. Breiðsfjörð mæld kálgarðslóð sunnan við Sels-
holtslind suður að kálgarði Ólafs Björnssonar og Runólfs
Runólfssonar. Hliðar lóðarinnar eru, að sunnan 65 al að
austan 32 al, að norðan 50 al og að vestan 36½ al.
Norður- og austurhlið mætast í rjettu horni, að vestan -
verðu eru lóðarmörkin 25 fer frá skurðinum að austanverðu
við erfðafestuland síra Jóhanns Þorkelssonar (Selsmýri).

2. Hirti Jónssyni Reynimel var leyft að byggja upp bæ á sinn við Bræðraborgarstíg með steinveggjum og járnþaki á sama stað og með sömu stærð og lögun. Ennfremur var honum mæld viðbót við kálgarð hans milli Melbæjar og Bergskots, 32 x 22 al að stærð.
3. Þorleifi Þorleifssyni í Stakkahlið var veitt lóðarviðbót, ræma fram með lóð hans við Bræðraborgarstíg, og er viðbótin 235 fer al að stærð.
4. Gísla Finnssyni var leyft að byggja skúr 10 1/4 x 6 1/8 al að stærð við vesturendann á húsi hans í Vesturgötu.
5. Þórarinn Jónssyni Selsholti var mæld lóðarviðbót, skiki sunnan við lóð hans 185 fer al að stærð, honum var jafnframt leyft að byggja upp bæ sinn og færa hann syðst á lóðina. Bærinn á að verða 10½ al á lengd 7½ al á breidd.
6. Ólafi Jónssyni í Bræðraborg var leyfð lóð sú milli Kapla-skjólsveggar og Sauðagerðistúns, sem Runólfi heitnum Árnasyni var útvísað til kálgarðsræktunar 20. júní 1891, og sem hann hafði eigi notað.

Allir á fundi nema Helgi Helgason og Björn Guðmundsson (erlendis).

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen Eiríkur Briem

Ár 1895, 6. apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Guðmundi Matthíassyni leyft að stækka bæinn Litlaland í Skuggahverfi þannig að hann verði 9 x 10 al að stærð og gjöra útidyraskúr við hann 3 x 3 al.
2. Þórði Sigurðssyni var útvísað lóð vestanvert við Bergstaðastræti eða væntanlegt framhald þess, en sunnan við lóð Eyþórs Oddssonar (Syðstugrund), að stærð 31 al frá A-V og 25 al frá N-S, honum var og leyft að byggja hús á lóð þessari 8 x 9 al að stærð með 3 x 3 al skúr við útidyr. Húsið á að standa í sömu aðalstefnu og jafnlangt frá götunni

sem húsin er standa norðan við hana.

3. W. Christensen var leyft að byggja upp kolageymsluhús neðst á lóð sinni á sama stað og með sömu stærð (10 x 27 al) og áður.
4. Bjarna Jónssyni Grjóta var leyft að lengja geymsluhús, 5 al breitt, nyrst á lóð sinni um 4 al.
5. Sú breyting var gjörð eftir beiðni Ara B. Antonssonar á útmælingu, er hann fjekk 5.ágúst 1893 til að byggja bæ 8 x 10 al stóran norðan við Lundargötu að í stað bæjarins komi hús 9 x 11½ að stærð.
6. Guðrún Ólafsdóttir Skálholtskoti afsalar sjer lóð fyrir austan Bergstaðastræti, er henni var útvísað 11. 5. jan. þ.á. til Jóns Eiríkssonar, Skálholtskoti.

Allir á fundi.

Fleira var eigi gjört. Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen
Eiríkur Briem Björn Guðmundsson Helgi Helgason.

Ár 1895, 18.mái var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Eyólfi úrsmið Þorkelssyni leyft að lengja hús sitt í Austurstræti austur eftir að lóðartakmörkum hans og húseignarinnar nr. 8, tjáði hann eiganda þeirrar lóðar vera samþykkan þessari lengingu, sem verður 6 al og jafnbreið húsinu. C: 11 al. Beiðandanum var tjáð, að austurendi hússins eftir þessa lengingu yrði að vera byggður með eldvarnargafli samkvæmt lögum 2.febr. 1894.
2. Var I.G.Halberg leyft og að byggja eina lyptingu ofaná suðurhlið húseigna hans, sem veit út að Vallarstræti. Með tilliti til þess, að Vallarstræti er hjer ekki fullar 10 al. á breidd svo að hið lögboðna millibil getur ekki orðið milli andspánis liggjandi húsa, lofaði beiðandinn að klæða alla suðurhlið hússins með járn.

3. Arngrími Jónssyni Vesturgötu 31, leyft að gjöra skúr áfastan við hús hans að vestan og jafnbreiðan því c: 8 al, en 4 al á lengd.
4. Samþykkt var, að Benedikt Ásgrímsson fengi til yrkingar lóðarræmu meðfram sjó við Skerjafjörð vestan við erfðafestuland Björns Sveinssonar. Lóð þessi verður síðar mæld.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Eiríkur Briem

Pórh. Bjarnason Helgi Helgason.

Ár 1895, 30.maí kom byggingarnefndin saman hjá húsi H. Andersen í Aðalstræti nr. 16 til þess að mæla honum grunn undir 2 skúra framaf dyrum á norðurhlið hússins. Var mælingin gjörð þannig, að skúrarnir gangi $2\frac{1}{2}$ al norður frá húsinu svo að 10 al bil verði á milli og sölubúðar Sturlu Jónssonar að norðan. Á lengd eiga skúrarnir að vera 4 al hvor um sig.

Fleira var ekki gjört. Allir á fundi nema Björn Guðmundsson og Eiríkur Briem.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Pórh. Bjarnason Ó. Finsen Helgi Helgason.

Ár 1895, 1.júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Jónasi Jónssyni á Mýri leyft að byggja upp vesturenda á bæ sínum í sama formi og áður.
2. Var Brydes verzlun leyft að byggja salerni $2\frac{1}{2} \times 1 \frac{5}{8}$ al að stærð að vestanverðu við girðinguna milli austurenda sölubúðarinnar og kolahússins.
3. Var Thomsen kaupmanni leyft að byggja upp skúr, sem brotnaði í sjávangangi síðastl. Metur austanvið geymsluhús hans sem næst er sjónum og lengja hann um 4 al austur eptir, þannig að stækkunin verður 4 x 13 al.

4. Var Guðmundi Magnússyni útvísað lóðarræma, 412 fer al að stærð, milli Bergstaðastrætis og Guðnabæjarlóðar, sem viðbót við þá lóð.

Fleira var eigi gjört.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Björn Guðmundsson Helgi Helgason

Ár 1895, 6. dag júlímán. var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var mældur inngangsskúr við norðurhlið á hinu nýja húsi

G. Zoëga í Tjarnargötu $3\frac{1}{2} \times 3\frac{3}{8}$ al að stærð.

2. Var Einarí Arnasyni leyft að byggja skúr 4×12 al að stærð,

við austurgafli á húsi hans Vesturgötu nr. 45, með því skil-

yrði, að hann hefði framhlið skúrsins svo háa, að hún liti

út sem þilgirðing frá götunni.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Björn Guðmundsson

Ó. Finsen.

Ár 1895, þ.15. júlí kom byggingarnefndin saman á Traðarkotslóð í Skuggahverfi eptir beiðni Marteins Finnbogasonar til að mæla honum bæjarstaði, var honum leyft að byggja steinbæ beint norður undanhúsinu nr. 5 við Laugaveg, 9×7 al að stærð, og á bærinn að standa sunnar við götu, sem ætlast er til að þar verði lögð samhliða Laugavegi eða í sömu aðalstefnu. Ennfremur var Marteini veitt lóðarviðbót suður að kálgarði Jónasar Helgasonar og austur að lóð Pjeturs Pjeturssonar og jafnlangt norður, sem Traðarkotslóð nær. Viðbótin er 1069 fer al.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem.

Fundir slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen
Helgi Helgason Björn Guðmundsson

Ár 1895, 23. september var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Pjetri Jónssyni leyft að byggja geymsluhús norðan við hús sitt í Vesturgötu nr. 22, 6 x 8 al að stærð.
2. Var Þorsteini Jónssyni leyft að byggja geymsluhús austan við íbúðarhús sitt no. 33 í Vesturgötu, $4\frac{1}{2}$ x 6 al að stærð.
3. Var Jóni Þórðarsyni leyft að byggja geymsluhús 10 x $3\frac{1}{2}$ al að stærð vestan við hús sitt í Vesturgötu nr. 36 en jafnframt rífur hann niður skúr á sama stað 3 x 4 al að stærð. Sama manni var útvísað kálgarðsstaði á melunum fyrir sunnan Akurgerði, 50 x $22\frac{1}{2}$ al að stærð.
4. Bergi Jónssyni á Bakka var útvísað land í Hlíðarhúsamýri undir stakkstaði 14 x $21\frac{1}{2}$ al að stærð, með því skilyrði að hann láti það af hendi endurgjaldslaust undir götur eða hús, ef byggingarnefndin krefst þess.
5. Gísli Jónssyni í Nýlendu var mæld lóðarræma milli lóðar hans og Brunnstígs, $82\frac{1}{2}$ al fram með stígnum og $2\frac{7}{8}$ al á breidd að meðaltali.
6. Þorleifi Þorleifssyni í Stakkahlíð var leyft að byggja skúr norðan við hús sitt við Bræðraborgarstíg 6 x 3 al að stærð.
7. Í brjefi 7. ágúst þ.á. tilkynnir Ágúst Guðmundsson að hann hafi látið rjúfa lósmyndaskúr þann, er honum var leyft að byggja á lóð frú Þórhildar Tómasdóttur í Bankastræti 7. apríl f.á.

Allir á fundi. Fundir slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Björn Guðmundsson
Ó. Finsen Helgi Helgason Eiríkur Briem.

Ár 1895, þ. 7. október var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Samþykkti byggingarnefndin að setja matti til bráðabyrgða fordyri eða skúr $2 \times 2\frac{1}{2}$ al að stærð fram af útidyrum á húsi "hjálpræðishersins" nr. 2 í Kirkjustræti, skal skúr þessi tekinn burtu, þegar byggingarnefndin krefst þess.
2. Var Ólafi Sveinssyni leyft að gjöra skúr 4×5 al að stærð við bakdyr á húsi sínu í Austurstræti.
3. Var Magnúsi og Jónasi Guðbrandssonum leyft að byggja geymsluhús 4×10 al að stærð áfast við suðurgöfl íveruhúss þeirra í Bergstaðastræti.
4. Var samþykkt, að Gísli Þorbjarnarson hafði gjört skúr $3 \frac{1}{4} \times 2 \frac{3}{4}$ al að stærð við bakdyr á húsi sínu "Geysi" við Skólavörðustíg. Sama manni var leyft að byggja geymsluhús 4×8 al að stærð við austurgöfl íveruhússins, ef eigandi Neðraholtsblettis, Sigurður fangavörður Jónsson vildi láta honum eptir lóð undir geymsluhúsið.
5. Var Eyolfi Ólafssyni á Eyólfsstöðum útvísað hússtæði 13×11 al að stærð á lóð hans fyrir sunnan væntanlegt framhald Lindargötu. Á hús þetta að standa í sömu aðalstefnu eins og húsin sunnanvert við nefnda götu.
6. Var Ara Bergþór Antonssyni leyft að gjöra skúr 3×3 al að stærð við bakdyr á húsi sínu í Lindargötu.
7. Var Gísla Þorkelssyni leyft að byggja skúr $2 \frac{1}{4} \times 2 \frac{3}{4}$ al að stærð við bakdyr á húsi sínu við Laugaveg.
8. Var Marteini Finnbogasyni í Traðarkoti leyft að byggja skúr $2 \frac{1}{4} \times 2 \frac{1}{8}$ al að lengd við útidyr á bæ sínum.
9. Var W. Christensen kaupmanni leyft að byggja upp skúr bak við sölubúðarhúsið og stækka hann um $4 \times 4 \frac{11}{12}$ al. Er viðbót þessi byggð á lóð frú Ástu Melsteð með hennar samþykki.
10. Var "Ísfjlagi Reykjavíkur" útvísað hússtæði $16 \times 23 \frac{3}{4}$ al að stærð á stakkstæði C. Ziemsens, vestanvið og fast upp að húsi því, er fjelagið ljet byggja síðastl. ár.

11. Var "jarðræktarfélagi Reykjavíkur" leyft að gjöra skúr $7\frac{1}{2}$ x 10 al að stærð austast í Vonarstræti við suðausturhorn á lóð S. Waage. Skúr þennan er félagið skylt að taka burtu, þegar austurendi Vonarstrætis verður fullgjörður, eða þegar byggingarnefndin krefst þess.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Eiríkur Briem Helgi Helgason
Þórh. Bjarnason Ó. Finsen.

Ár 1895, 19. október var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Jónasi Jóanssyni í Austurbæ í Hlíðarhúsum útvísað hússtaði norðanvert við Vesturgötu, sunnan við lóð hans, á húsið að vera 10 al langt og 9 al breitt, smáa hlið að götunni, þannig að 5 al 5 þuml bil sje á milli, frá austurgafli húsesins á að vera 10 al bil að línu, sem dregin er eftir vesturgafli á húsi Pjeturs Jónssonar bæint á Vesturgötu. Sama manni var útvísað lóðarviðbót 192 fer al að stærð, og verður hið nýja hús að mestu leyti byggt á þeirri lóð.
 2. Var Sveini Árnasyni leyft að byggja salerni $1\frac{1}{2}$ x $1\frac{5}{6}$ al að stærð sunnan við hús sitt við Bræðraborgarstíg.
 4. Var Þórði Narfasyni útvísað lóð í horninu milli Nýlendugötu og Brunnstígs 25 al meðfram Nýlendugötu og 31 al meðfram Brunnstíg. Á lóð þessari var honum leyft að byggja hús 9 al að lengd frá A-V og 8 al breitt.
 5. Næst fyrir austan lóð Þórðar Narfasonar var Sveini Eiríksyni snikkara útvísað lóð 40 al meðfram Nýlendugötu og 31 al suður frá henni, og á lóðinni var honum mælt hússtaði 12 x 18 al að stærð, með hlið að götunni.
 6. Þar næst fyrir austan var Bjarna Jónssyni útvísað lóð 27 x 31 al að stærð og mælt bæjarstaði á lóðinni 7 x 9 al að stærð.
- Öll þessi hús 4 - 6 eiga að standa í sömu stefnu eins og þær

Gísli Jónssonar (Nýlenda) að vestanverðu og Þorbergs Eiríkssonar að austanverðu.

7. Sama manni, Bjarna Jónssyni, var leyft að gjöra skúr miðli íbúaröðhúss hans og geymsluhúss við Grjótagötu $2 \frac{3}{4} \times 2 \frac{1}{8}$ al að stærð.
8. Var Þorbergi Eiríkssyni leyft að gjöra útidyraskúr við hús hans í Nýlendugötu $2 \frac{1}{2} \times 2$ al að stærð. Honum var og veitt lóðarviðbót, rama 3×31 al að stærð vestan við eldri lóð hans.
- Allir á fundi nema Ó. Finsen og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Eiríkur Briem
Björn Guðmundsson.

Ár 1895, þ.23.okt. var fundur haldinn í byggingarnefndinni út af beiðni Jóhannesar snikkara Jósefssonar um að fá útvísað hússtaði sunnan við Bókhlöðustíg í erfðafestulandi Eiríks Briem prestaþólakennara. Með því að byggingarnefndin áleit að svo stöddu eigi nauðsyn á að útvísa hússtaði á þessum stað og skylda túneigandann til að láta af hendi lóð í því skyni og með því að ekkert lá fyrir frá beiðandanum um að síra Eiríkur Briem væri fús til að sélja byggingarlóð á hinum tilgreinda stað, þótti nefndinni eigi að sinni ástæða til að taka þessa beiðni til greina.

Allir á fundi, nema Eiríkur Briem.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Þórh. Bjarnason
Helgi Helgason Björn Guðmundsson.

Ár 1895, 2.dag nóvembermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni :

1. Var Sturlu kaupmanni Jónssyni leyft að lengja geymsluhús á lóð sinni hjá Frostastöðum um 5 al til austurs (sjá út-

- mæl. 8. apríl 1893).
2. Var Lárusi Lúðvíkssyni leyft að lengja hús sitt í Ingólfsstræti um 9 al til suðurs. Suðurgafli hússins á að vera eldvarnargafli. (Sjá útmælingu 2. apríl 1892).
 3. Var Sigurði Bjarnasyni leyft að byggja geymsluskúr við norður-endann á húsi sínu í Ingólfsstræti 5 1/8 x 19 al að stærð. Jafnframt tekur hann burtu gamalt geymsluhús austast á lóðinni.
 4. Var Birni Jónssyni skósmið útvísað lóð fyrir austan Bergstaðastræti, suður frá lóð Joh. Teits Egilssonar, þannig að 6 al breitt bil verður á milli þessara lóða, sem atlað er undir stíg. Hin útvísaða lóð er 25 ál. frá N-S og 44 al frá A-V. Á lóðinni var leyft að byggja hús 8 x 9 al að stærð, í rjettri stefnu við húslóðir, sem útvísaðar að austanverðu við sömu götu.
 5. Var lóð Vilhelms Heilmanns við Heilmannsbæ, mæld upp og honum veitt lóðarvið bót, þannig að lóð hans öll er nú að meðaltali 69 al frá A-V og 43½ al frá N-S, en þarí er fólgin byggða lóðin 95 fer. al.
 6. Var Sveini næturverði Sveinssyni veitt viðbót sunnan við lóð hans í Þingholtum, fleygmyndað ræma 37 1/4 x 4½ al að stærð, þannig að lóð hans liggur nú fast með Heilmannsbæjarlóð.
 7. Var Oddi Halldórssyni útvísað hússtæði 10 x 12 al að stærð í erfðafestulandi hans hjá Hallskoti, á húsið að standa upp við túngarðinn að austanverðu og snúa út og suður.

Allir á fundi nema Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Eiríkur Briem Þórh. Bjarnason
 Björn Guðmundsson Helgi Helgason

Ár 1895, 4. dag nóvembermán. var fundur haldinn í byggingar-
nefndinni út af kærú, sem amtmaðurinn hafði sent nefndinni út
til umsagnar, frá Hóhannesi Jósefssyni, dagsettri 24.f.m.,
yfir því, að honum var synjað um lóðarútvísun á (Útnorðurvelli)
túni Eiríks prestaskólakennara Briems, á fundi nefndarinnar
23.f.m. Fór kærandinn fram á, að amtmaðurinn ónýtti synjun
nefndarinnar og legði fyrir hana að útvísa lóð á hinum um-
beðna stað, eða öðrum jafnhentugum stað við götu sem næst
miðjum bænum. Nefndin skýrskotar nú til ástæðu þeirrar, er
tekin var fram á fundinum 23.f.m. að hún sjer enga nauð-
syn á því, að útvísa hússtaði á Útnorðurvellinn sem komið
er, og bætir því við að hún álítur óprýði að því og þykir
það eigi með öllu óviðsjálft, að því er brunahættu snertir.
Fyrir austan lækinn er, eins og kunnugt er, óbyggt svæði
norðan frá sjó allt suður að tjörninni, og er það mest allt
ræktaðir túnblettir, sem eigi er líklegt að byggt verði á
fyrst um sinn, með því að enginn af blettum þessum nema tún
Eiríks Briems, eru erfðafestulóðir og eigendur þeirra verða
eigi skyldaðir til að láta þá af hendi undár hús. Að byggja
einstakt hús á þessu svæði, mundi að áliti nefndarinnar eigi
líta vel út, og geta orðið til þess, að eldur næði að út-
breyðast frá öðrum hluta bæjarins til hins, sem engin hættu
er á, eins og nú stendur. Hinsvegar getur nefndin vísað
kærandanum á fullboðlegar húslóðir, bæði við Þingholtsstræti
og Vesturgötu, því nefndin getur eigi sjeð, að kærandanum,
sem er snikkari, sje atvinnu sinnar vegna nauðsynlegt að
búa í miðjum bænum. Að öðru leyti leiðir nefndin hjá sjer
að svara röksemdum kærandans, sem henni eru allar vel kunnar,
og sem hún tækur tillit til, þegar það á við eftir ástæðum.

Allir á fundi, nema E. Briem.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson

Þórh. Bjarnason

Helgi Helgason

Björn Guðmundsson

Ó. Finsen.

Ár 1895, þ.16.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var H. Andersen Aðalstræti leyft að byggja skúr 3 x 4 al að stærð við norðurhliðina á húsi hans. Hafnframt var mæld útbýgging við vesturgafli hússins, 7 1/4 x 4 7/8 al að stærð.
2. Sigurði Jónssyni járnsmið var útvísað lóð undir smiðju 12 x 12 al að stærð, á lóð hans norðanvið leikhús W.Ó.Breiðfjörðs, þannig að 3 al verða á milli. Byggingarnefndin veitir þessa útmælingu með þeim fyrirvara að brunamálanefndin samþykkir hana, eða að þeim skilyrðum verði fullnægt, sem sú nefnd kann að álíta nauðsynleg vegna eldsvoða.
3. Sigurði Einarssyni var leyft að byggja hjall á lóð sinni á Litla-Seli 4 3/8 x 5 3/4 al. að stærð.
4. Var Steinunni Guðmundsdóttur Nýborg útvísað stykkið frá lóð henna að sunnan og norður að Kaplaskjólsvégi og jafnbreitt lóðinni. Viðbótin er að stærð 22½ x 42 al.
5. Var Steingrími Jónssyni leyft að byggja útidyraskúr við hús sitt hjá Klapparstíg 2 x 2½ al að stærð.

Allir á fundi nema Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Björn Guðmundsson

Eiríkur Briem Þórh. Bjarnason.

Ár 1895, 21.dag desembermån. var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Byggingarnefndin samþykkti, að hús það, er Jóhanni T. Egilssyni var leyft að byggja við Bergstaðastræti 5.janúar þ.á. yrði 10 x 12 al (í staðinn fyrir 8 x 11 al.) að stærð.
2. Páli Jónssyni var leyft að gjöra salerni á lóð sinni við Klapparstíg 1½ x 1 3/4 al að stærð. Sami maður tilkynnti, að hann hefði rifið niður bæ þann (Kasthús) er staðið hefur á lóð hans.
3. Gísli Þorkelssyni var leyft að flytja hjall, er hann á í

- Grjótaþorpi á lóð sína við Laugaveg. Hjallurinn er 4 x 5 al að stærð.
4. Jón Þórðarson tilkynnir, að hann hafi afsalað Þorbergi Eiríkssyni kálgarðslóð þeirri, er honum var útvísað 23.sept. þ.á., á melnum fyrir sunnan Akurgerði.
 5. Árna Guðmundssyni í Bræðraborg var útvísað lóðarviðbót við Bræðraborgarstíg $8\frac{1}{2}$ x 28 al að stærð.
 6. Þórdísi Guðnadóttur var útvísað lóð fyrir sunnan Háaleyti við Framnesveg 1065 fer al að stærð og leyft að byggja steinhús nyrzt á lóðinni 9 x 9 al, og á það að snúa hliðinni niður að veginum.
 7. Fyrir austan lóð Þórdísar og samhliða henni var Guðmundi Kr. Ólafssyni útvísað lóð 1065 fer al að stærð og leyft að byggja hús nyrzt á henni í sömu stefnu og hús Þórdísar 9 x 10 al að stærð.
 8. Snæbirni Jakobssyni var veitt lóðarviðbót 9 x 50 al að stærð austan við lóð hans sunnan við Framnesveg.
 9. Gunnari Gunnarssyni var veitt viðbót við stakkstæði hans í Hlíðarhúsamýri 19 x 21 al að stærð með venjulegu skilyrði, að hann slepti lóðinni endurgjaldslaust ef á henni þyrfti að halda til húsbyggingar eða vegalagningar.
 10. Jóni G. Gíslasyni við Bræðraborgarstíg (Hala) var leyft að byggja steinbæ þar við stíginn fram undan lóð sinni, 5 al frá stígnum, 8 x 10 al að stærð.
 11. Andrjesi Andrjessyni var leyft að byggja skúr $3\frac{1}{2}$ x 12 al að stærð við suðurenda húss síns í Suðurgötu.

Allir á fundi, nema Eiríkur Briem og Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Björn Guðmundsson
Helgi Helgason.

Ár 1896, 4. janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Birni Guðmundssyni leyft að byggja skúr (hesthús) 4 x 3½ al að stærð á lóð sinni í Skólastræti.
2. Var Guðrúnu Ólafsdóttur útvísað lóð fyrir sunnan lóð Þór-
halla Þórhallasonar við Laugaveg, 25 al frá A-V og 26 al frá
N-S. Á lóðinni var henni leyft að byggja steinbæ 7 x 9 al
að stærð.
3. Var Andrjesi Bjarnasyni leyft að færa út skúr milli íbúðarhúss
síns við Laugaveg og geymsluhúss þannig að skúrinn standi
í sömu stefnu og austurhlið geymsluhússins. Við það stækkar
byggð lóð Andrjesar um 1½ x 3 al og óbyggð lóð um 3 ¾ x
1½ al.
4. Var Jul. Schou leyft að breikka hús sitt nr. 10 við Laugaveg
suður eptir þannig að það verði 14 al á breidd og lengja það
vestureptir svo að það verði 19 al á lengd.
5. Var W.G.S. Paterson leyft að byggja geymsluhús 5½ x 9 2/3 al
að stærð á lóð ensku verzlunarinnar við Pósthússtræti.
6. Var Páli Jónssyni leyft að byggja skúr við norðurgafli húss
síns við Klapparstíg 13 x 4 al að stærð, og annan skúr austan
við húsið 3 x 3 al að stærð.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldúr Daníelsson Þórh. Bjarnason Eiríkur Briem.

Björn Guðmundsson Ó. Finsen Helgi Helgason.

Ár 1896, 24. janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Jóni Valdasyni í Skólabæ leyft að lengja geymsluhús
á lóð sinni sex ál. breitt um 4 al til norðurs.
2. Var Magnúsi Benjamínssyni leyft að lengja hús sitt í Veltu-
sundi suður að Vallarstræti, þannig að suðurgafli þess lenti
í línu, sem dregin er beint úr suðurhorni á geymsluhúsi
Björns Jónssonar í suðausturhorn á húsi Halbergs við Veltu-
sund. Húsið sem er 12 al breitt, lengist við þetta um 7 al.

3. Var Birni Jónssyni leyft að lengja geymsluhús á lóð sinni nr. 8 í Austurstræti til norðurs jafnlangt húshliðinni, og er þessi lenging 12 al en breiddin 9 al. Jafnframt var beiðandanum gjört að skyldu, að hækka eldvarnargaflinn austan við hús Eyjólfss Þorkelssonar, sem ekki stendur í 10 al fjarlægð þannig, að hann næði 6 þuml. upp fyrir það geymslu hússins. Beiðandinn sýndi nefndinni teikningu af nýbyggingu þessari eins og hún á að líta út frá Austurstræti og var nefndin ánægð með hana.

4. Beiðni frá Birni kaupmanni Kristjánssyni um útmælingu undir geymslu og bryggjuhús 20 al langt, austur úr húsi sínu í Vesturgötu, þannig að honum yrði útmældar nokkrar al af Grófinni vestast undir húsið, hafði byggingarnefndin fyrir sitt leyti ekkert verulegt að athuga við, en vísaði því til úrslita í borgarstjórninni, að því leyti sem útmæling þessi kynni að þrængja að uppsátri í Grófinni, sem þar hefur verið um langan aldur, og nefndin áleit sig ekki bæra um að gjöra neina breytingu á.

Allir á fundi nema Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Helgi Helgason

Eiríkur Briem Björn Guðmundsson

Ár 1896, 1. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Ásmundi Ásmundssyni og Jóni Þórðarsyni útvísað lóð til Kálgarðsræktunar austan við Einholtslóð, ferhyrnt svæði 45 x 45 al að stærð, og á norðurhlið lóðarinnar að ná til norðurs jafnt og Einholtslóð.
2. Var Þorkeli Helgasyni útvísað lóð við Kaplaskjólsvæg að austanverðu næst fyrir sunnan Eiðstaði, þó þannig að 3 al verði milli hennar og Eiðstaðalóðar, sem ætlaðar eru undir gangstíg. Lóðin er 30 al meðfram veginum og 23½ al að meðaltali

- austur frá honum, auk 5 al ræmu með veginum, sem er óút-
vísað. Á lóðinni var Þorkeli leyft að byggja steinbæ 8 x 9
al að stærð með hlið að veginum og 5 al frá honum.
3. Næst fyrir sunnan lóð Þorkels Helgasonar austan Kapla-
skjólsvégar var Kristni Einarssyni útvísað lóð 30 al fram
með veginum og $28\frac{1}{2}$ al austur frá honum auk 5 al ræmu, sem er
óútvísað með veginum. Honum var leyft að byggja steinbæ
10 x 8 al að stærð, sem standi 5 al frá veginum og stefni
eins og hann.
4. Var Ólafi Jónssyni útvísað lóð vestan við Bræðaborgarstíg
fyrir sunnan lóð Þorláks Teitssonar $32\frac{1}{2}$ al með fram veginum,
þannig að 5 al eru á milli og 20 al að meðaltali vestan
frá honum. Honum var leyft að byggja hús á lóðinni, 5 al
frá veginum, 9 x 9 al að stærð.
5. Var Jónasi Jónassyni útvísað stakkstaði fyrir sunnan lóð hans
á Selsholti $23\frac{1}{2}$ x $12\frac{1}{2}$ al að stærð, með því skilyrði, að
hann sleppti þessari lóð endurgjaldslaust ef á henni þyrfti
að halda til húsbýgginga eða gatna.
6. Var Jóni Hinrikssyni á Klöpp á Selsholti veitt viðbót
vestan við lóð hans 16 x 9 al að stærð.
7. Var Ásmundi Magnússyni á Steinum leyft að byggja upp bæ
sinn úr steini, 9 x $7\frac{1}{2}$ al að stærð.
8. Var gjörð sú breyting á útmælingu 15. des. 1894 á lóðinni
í horninu milli Vesturgötu og Bakkastígs, sem nú er orðin
eign Þórðar Guðmundssonar, að honum var leyft að byggja
þar 14 x 11 al stórt hús, ístaðinn fyrir 10 x 10, sem áður
hafði verið beðið um.
9. Var Árna Guðmundssyni, sem nú er þröðinn eigandi að Miðbýli
við Bakkastíg veitt viðbót sunnanvið Miðbýlislóð 16 $\frac{3}{4}$ al
að meðaltali frá N-S og 41 al frá A-V, með því skilyrði,
sem hann samþykkti, að láta af hendi svo mikið af nyrðri
hluta lóðar sinnar undir framlengingu Nýlendugötu, sem

nauðsynlegt þætti á sínum tíma.

10. Var Ingimundi Þórðarsyni veitt viðbót vestan við lóð hans á Selsholti, með fram stíg þeim, er nú er byrjað að leggja niður að "lindinni", og er lóðarviðbótin 550 fer al að stærð. Á lóð þessari var honum leyft að byggja steinbæ 8 x 9 al að stærð.

11. Var Þórhalli Bjarnasyni lector leyft að byggja fjós og hlöðu í erfðafestulandi hans, Móhúsatúni, 13 x 18 al að stærð.

Allir á fundi nema Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Björn Guðmundsson

Eiríkur Briem Þórh. Bjarnason.

Ár 1896, 15. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Þorvarði Daníelssyni í Lindargötu leyft að færa hús sitt fram að götunni þannig að stefnan og bilið frá götunni verði eins og við hús Jóns Jónssonar vestar í götunni.

Húsið ætlar Þorvarður að byggja 12 al langt og 11 al breitt.

2. Var Þórhalli Bjarnasyni lector leyft að byggja hús til íbúðar í erfðafestulandi sínu, Móhúsatúni, $14\frac{1}{2}$ x $13\frac{1}{2}$ al að stærð.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson (erlendis) og Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen Eiríkur Briem.

Ár 1896, 7. marz var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Guðbrandi verzlunarstjóra Finnbogasonar fyrir hönd verzlunar W. Fischer leyft að byggja upp og stækka geymsluhúsið, sem er næst fyrir vestan sölubúðina, þannig að það verði 14 al á breidd (áður 10 al.) og 20 al á lengd (áður 18 $\frac{1}{2}$ al) og nái jafnlangt norður og sölubúðin.

2. Var Einari Pálssyni leyft að byggja íbúðarhús á lóð sinni

- í Grjótagötu 13 x 13 al að stærð, tvíloptað með hlið út að götunni, í stað hins gamla húss, sem jafnframt verður rífið niður.
3. Var Guðmundi Jónssyni lyfssalasveini leyft að byggja hús við væntanlegt Garðarsstræti á lóð sem hann hefur keypt af eiganda Arabæjar Jóhanni Runólfssyni, að stærð 19 x 31 al Húsið á að snúa frá S-N og verða 10 al á lengd en 12 al á breidd, með ingangsskúr 3 x 4 al og salerni 2 x 1½ al að stærð.
 4. Th. Thorsteinsen kaupmanni var leyft að færa útidyratröppur við sölubúð hans í Vesturgötu á landnorðurhorn búðarinnar, þó þannig að tröppurnar tæki ekki fram á götuna.
 5. Var gjörð breyting á útmælingu 16. des. 1893 til "Lönaðarmanna-fjelags" Reykjavíkur í tjörninni fyrir sunnan Vonarstræti, þannig að fjelaginu var leyft að byggja hús með þverbyggingum við báða enda. Verður málbyggingin 20½ al á lengd meðfram götunni og 19½ al breið, en þverbyggingarnar, sem snúa endann að götunni, verða hvor um sig 21 al á lengd og 11 al á breidd. Vesturendi húss þessa á að standa eptir sömu stefnu, sem smíðahús Jakobs Sveinssonar.
 6. Var Jakob Sveinssyni útvísað óuppfyllt stykki af tjörninni fyrir norðan Vonarstræti, austur af stykki því, sem hann hefur fyllt upp og grætt út suður í tjörnina, austur á móts við takmörk á lóð beiðandans og Sig. Waage. Lóð þessi er skakkur ferhyrningur 586 fer al að stærð, og útvisast hún með því skilyrði, sem Jakob Sveinsson samþykkti, að hann láti af hendi endurgjaldslaust lóð undir þann kafla af Vonarstræti, sem verður lagður yfir fyrrnefndu stykki er hann hefur fyllt upp í tjörninni.
 7. Var Birni Jónssyni í Grjótagötu leyft að byggja smáhus, (lystihús) í garðinum við hús sitt, að stærð 2 x 3 al.

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson (erlendis).

Fundir slitið.

Halldór Danielsson Eiríkur Briem Ó. Finsen Þórh. Bjarnason
Helgi Helgason.

Ár 1896, þ. 21. marz var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Ólafi Eiríkssyni útvísað lóð í Vesturgötu suður undan Miðbæ í Hlíðarhúsum sem hann hefur keypt. Lóðin er 20 al með fram götunni og 228 fer al að flatarmáli. Á lóð þessari var Ólafi leyft að byggja hús 10 x 11 al að stærð í sömu stefnu og húsaröðin vestar í götunni, og standi það í lóðarmörkum að vestna, þannig að 10 al verði á milli þess næsta húss (nr. í Vesturgötu).
2. Var Guðbjörgu Marteinsdóttur Gunnarholti veitt viðbót sunnan við lóð hennar, ræma fram með hinum nýja vegi á Sels-holti $40\frac{1}{2}$ x $7\frac{1}{2}$ al að stærð.
3. Var Guðjóni Bjarnasyni á Móbergi veitt lóðarviðbót næst fyrir austan meðfram hinum sama vegi, 5 x $3\frac{1}{4}$ al að stærð.
4. Var Þórði Narfasyni leyft að byggja hús sitt við Nýlendu-götu 9 x 9 al að stærð (ístaðinn fyrir 8 x 9 al, sbr. fund 19 / 10 1895) og byggja með það að austanverðu útidyraskúr 2 x 2 al að stærð.
5. Var Eyólfi Þorsteinssyni útvísað lóð á Grímsstaðaholti fyrir norðan Hólabrekku, 40 al frá A-V og 50 al frá N-S 5 al breiður gangur á að vera milli hinnar útvísuðu lóðar og Hólabrekkulóðar. Þar var Eyólfi leyft að byggja hús 8 x 8 al að stærð.
6. Þórhalli Bjarnasyni lector var leyft að byggja 2 skúra á Móhúsum 4 x 7 al og 4 x $8\frac{1}{4}$ al að stærð.

Allir á fundi nema Helgi Helgason (erlendis) og Þórhallur Bjarnason.

Fundir slitið.

Hallgór Danielsson Eiríkur Briem Björn Guðmundsson
Ó. Finsen

Ár 1896, 4. apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var eigendum fjelagsbakarísins í Vesturgötu nr. 14 leyft að byggja geymsluhús fyrir norðan bökunarhúsið 12 x 9 al að stærð, og á það að standa þannig, að það verði 10 al frá húsi Ben. Gröndals og austurhlið þess eða gafl standi í sömu stefnu og austurgafli bökunarhússins.
2. Var Guðmundi Sigurðssyni og Magnúsi Magnússyni í Ofanleyti leyft að byggja hús á lóð sinni austan við Ingólfsstræti í staðinn fyrir bæinn, sem þeir rifu niður. Á húsið að vera 18 al langt og 11 al breitt og standa í rjettri stefnu við önnur hús þeim megin götunna.
3. Var Vilhelm Heilmann leyft að hækka bæ sinn, Meilmannsbæ og lengja hann um 2 al (breidd 8 al) og byggja við hann skúr 3 x 9 al að stærð um leið og hann tekur burtu minni skúra 2 x $1\frac{1}{2}$ al stóran.
4. Var Jóhannesi Jenssyni leyft að stækka hús sitt við Laugaveg, þannig að það verði 11 $\frac{1}{8}$ x 10 $\frac{3}{8}$ al að stærð og byggja skúr sunnan við það 3 x 3 al að stærð.
5. Var Guðmundi Matthíassyni Litlalandi leyft að byggja skúr vestan við hús sitt $5\frac{1}{2}$ x 3 $\frac{3}{4}$ al að stærð.

Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Þórh. Bjarnason Ó. Finsen

Björn Guðmundsson Eiríkur Briem.

Ár 1896, þ.18.dag aprílmán var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Jóhannesi Pjeturssyni mælt hússtæði á lóð hans (Miðholtslóð) við Kaplaskjólsvæg, á húsið að vera 9 x 10 al að stærð, snúa hliðinni eptir veginum á líkri fjærlægð frá honum eins og bæirnir vestur við veginn. Bakvið húsið var Jóhannesi leyft að gjöra salerni $1\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ al að stærð.

2. Var "Baðhúsfjelaginu" leyft að gjöra baðhús 8 x 6 al að stærð, á sjávarbakkanum innanhallt upp af Kríusteini, jafnframt var fjelaginu útvísað blettur kringum húsið, þannig að lóðin öll byggð og óbyggð verður 14 x 14 al að stærð.
3. Var Sturlu kaupmanni Jónssyni útvísað hússtæði fyrir vestan húseignina nr. 4 í Vallarstræti, sem hann hefur keypt. Verður hús þetta $11\frac{1}{2}$ x $11\frac{1}{8}$ al að stærð og stendur að nokkru leyti á lóð nefndrar húseignar og að nokkru leyti á lóð húseignarinnar nr. 9 í Aðalstræti, sem einnig er eign beiðandans. Að vestanverðu nær húsið fast að geymsluhúsi eignarinnar nr. 7 í Aðalstræti og á vesturgafli þess því að vera eldvarnargafli.
4. Var Jóni Þórðarsyni kaupmanni leyft að byggja geymsluhús á erfðafestulóð hans fyrir sunnan Helgastaði, 12 x 12 al að stærð, á hús þetta að standa á sjávarbakkanum þannig að hliðin snúi að sjónum í sömu stefnu og norðurgafli hússins á Frostastöðum.
5. Eptir beiðni snikkaranna Sveins Eiríkssonar og Guðlaugs Torfasonar, samþykkti nefndin, að þeir notuðu mjóa ræmu fyrir fram hús þeirra til að gjöra blómreit, þó án þess að útvísa þeim þessar ræmur, sem verða notaðar undir stjett (fortog), ef það verður gjört norðan við götuna.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem og Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Björn Guðmundsson

Þórh. Bjarnason .

Ár 1896, 2. maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Samþykkti nefndin, að Jón Brynjólfsson "etage" ofan á vesturendann á húsinu nr. 12 í Bankastræti, sem hann á hálf.
2. Samþykkti nefndin, að hús það, er þeim Guðmundi Sigurðssyni og Magnúsi Magnússyni í Ofanleyti var leyft að byggja á fundi

6.f.m. yrði haft 12 al (ístað 11 al) breitt.

3. Var Guðmundi Guðmundssyni skrifara leyft að byggja geymsluhús á lóð sinni nr. 22 við Laugaveg 5 x 9 al að stærð, á það að standa austast á lóðarmörkunum og snúa frá N-S.

4. Var Þorbjörgu Sveinsdóttur leyft að byggja hús 11 x 14 al að stærð á lóð sinni við Skólavörðustíg. Hús þetta á að snúa hlið að götunni og standa jafnlangt frá henni sem girðingin sunnan við hegningarhúsið.

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson og Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Eiríkur Briem
Þórh. Bjarnason.

Ár 1896, 16.maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Helga Zoëga leyft að byggja skúr 10 x 4 al að stærð á lóð sinni í Aðalstræti og standi skúrin við Bröttugötu í sömu lénu og norðurgafli hússins. Útmælingin er því skilyrði bundin, að beiðandinn hækki girðinguna við Bröttugötu svo að hún verði jafnhá skúrnum.

2. Var Einar Benediktssyni leyft að byggja hús á lóð sinni hjá Glasgów 15 x 9½ al að stærð á sama stað, er hið eldra geymsluhús er nú er rífið niður, hefur staðið. Húsið á að standa fast við geymsluhús G. Zoëga að norðanverðu og eldvarnarveggur að vestanverðu móts við geymsluhús Þórðar Torfasonar í Vigfúsarkoti.

3. Var Páli Halldórssyni útvísað hússtaði á lóð Jónasar Jónssonar í Hlíðarhúsum 9 x 11 al að stærð. Hús þetta á að standa í sömu stefnu og hús Guðjóns S. Jónssonar og 10 al frá því. Beiðandi skuldbatt sig til að sjá um, að hjallur, tilheyr. Jónasi Jónassyni, þar á lóðinni yrði færður burtu, áður en húsið kæmi upp, með því hann mundi standa of nærri því.

4. Var Shv. Erichsen formanni hjálpraðishersins gjört aðvart

um, að hann yrði að taka burtu fyrir hvítasunnu fordyraskúr, er leyft var að láta til bráðabyrgða við inngöngudyr á samkomuhúsi bæjarins í fundi nefndarinnar 7. okt. f.á.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Björn Guðmundsson

Helgi Helgason Eiríkur Briem Þórh. Bjarnason.

Ár 1896, þ.19.máí kom byggingarnefndin saman hjá Glasgow, Vesturgötu nr. 5 eftir beiðni. Kand. Einars Benediktssonar. Fór hann fram á, að útmælingu, sem honum var veitt 16.þ.m. yrði breytt þannig, að hann yrði undanþeginn því skilyrði, að hafa eldvarnarvegg í vesturhlið hússins andspænis geymsluhúsi Þórðar Torfasonar, með því hann væri neyddur til að hafa glugga á vesturhliðinni og útmælingin og lóðin yrði honum að öðrum kosti ónýt til byggingar. Þó að að eins sje 3 al breiður stígur milli hins fyrirhugaða húss og geymsluhúss Þórðar Torfasonar, áleit byggingarnefndin þó eftir atvikum að sleppa mætti hinu umrædda skilyrði, með því að hús, er staðið hefur um langan aldur á lóðinni, og þyrfti að fullnægja skilyrðum, og með því að geymsluhúsið vestan við lóðina er fornt (C.50 ára), stendur væntanlega eigi lengi, og verður eigi byggt upp aptur á sama stað, og loksins að í því er og verður ekki leyfð nein eldstó. Þó krafðist byggingarnefndin, að vesturhlið hússins yrði járnklædd, og gluggarnir þeim megin útbúnir með járnhlerum, og þess gætt að hafa þá fyrir gluggunum ávallt, er ekki væri unnið við dagsbirtu í húsinu.

Allir á fundi .

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Þórh. Bjarnason Helgi Helgason

Björn Guðmundsson Eiríkur Briem Ó. Finsen.

Ár 1896, þ.6.júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Eyólfri Þorkelssyni leyft að byggja útihús á lóð sinni við Vallarstræti 17 $\frac{1}{4}$ al á lengd og 5 $\frac{1}{4}$ al á breidd og skyldi austurendi hússins vera með eldvarnargafli með því að eigi eru fullur 10 al á milli þess og hússins næst fyrir austan.
2. Var mæld viðbót við lóð Fischers verzlunar að vestanverðu fyrir sunnan Fischerssund 29 $\frac{1}{2}$ x 5 $\frac{1}{4}$ al að stærð.
3. Var mælt lystihús á lóð Th.Thorsteinssen í Vesturgötu 3, 3 $\frac{3}{4}$ al x 2 $\frac{1}{2}$ al að stærð.
4. Var Lárusi Ludvikssyni mælt hússtæði 11 x 11 al að stærð á lóð hans vestan við Ingólfsstræti, og skyldi húsið standa svo, að 14 al verði á milli og húss beiðandans austan við götuna. Jafnframt afsalar hann sjer útmælingu, er gjörð var eptir beiðni á fundi nefndarinnar 2.nóv. þ.á.
5. Var Birni Jónssyni skósmið leyft að gjöra 1 al breiðara hús það, er honum var mæld lóð undir í Bergstaðastræti á fundi nefndarinnar 2.nóv. f.á. Einnig var honum leyft að byggja skúr sunnanvið húsið jafnbreiðan því, 9 al og 3 $\frac{3}{4}$ al á lengd.
6. Var Jóhanni T. Egilssyni leyft að gjöra útidyraskúr 3 x 2 $\frac{3}{4}$ al að stærð við hús sitt í Bergstaðastræti.
7. Var gjörð sú breyting á útmælingu 2.f.m. handa Guðmundi Guðmundssyni skrifara, að geymsluhús það, er þar ræðir um, skyldi standa á suðausturhorni lóðarinnar.
8. Var mældur skúr, sem Guðmundur Ingimundarson er að byggja sunnan við hús sitt í Bergstaðastræti, og er skúrinn 7 $\frac{1}{2}$ x 3 $\frac{1}{2}$ al að stærð,.
9. Var Þórhalli Bjarnasyni lector leyft að byggja 3 skúra við hús sitt í Móhúsatúni, annan norðan við húsið 3 $\frac{5}{12}$ x 2 $\frac{1}{2}$ al að stærð, hinn vestanvið það 5 x 1 $\frac{11}{12}$ al og 2 $\frac{1}{4}$ x 2 al að stærð.

10. Ólafur Jónsson tilkynnti nefndinni í brjefi 14.f.m. að hann afsalaði sjer hússtæði og lóð við Bræðraborgarstíg, er honum var útvísað á fundi 1.febrúar þ.á.

Allir á fundi .

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Eiríkur Briem Ó. Finsen
Björn Guðmundsson Helgi Helgason Þórhallur Bjarnason

Ár 1896, 12.júní kom byggingarnefndin saman hjá Garðhúsum við Bakkastíg eftir beiðni Finnboga G. Lárussonar, sem hefur keypt Garðhús. Var honum leyft að lengja íbúðarhúsið, sem þar stendur um 5 al norðureptir og byggja skúr við endann á þessari viðbót 3 al langan og jafnbreiðan húsinu (10 al). Ennfremur var honum útvísað viðbót norðan við Garðhúsalóð 35 x 11 al að stærð og takmarkast viðbótin að norðan af línu úr norðausturhorni á hjalli Ólafs Björnssonar á Bakka í suðvesturhorn á torfnausti, sem stendur neðst (nyrst) við Bakkastíg að vestanverðu. Þó var Ólafi áskilinn frjálfs aðgangur að hjallinum. Allir á fundi nema Björn Guðmundsson og Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Ó. Finsen Eiríkur Briem
Þórh. Bjarnason.

Ár 1896, 20.júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Sveini Eiríkssyni í Vesturgötu nr. leyft að byggja skúr vestast á lóð sinni $3\frac{1}{2} \times 2\frac{1}{2}$ að stærð.
2. Var Þórði Guðmundssyni leyft að gjöra skúr 3 x 3 al að stærð við bakdyr á húsi því, sem hann er að byggja í Vesturgötu og byggja geymsluhús við Bakkastíg 6 x 9 al að stærð.
3. Var Þuríði Oddsdóttur í Króki í Selsholti leyft að byggja steinbæ á lóð sinni 7 x 11 al að stærð í staðinn fyrir gamla bæinn, sem hún ríður niður.

4. Var Sæmundi Sveinssyni Sæmundarhlíð útvísað viðbót við lóð hans að sunnanverðu, ræma með fram hinum nýja vegi á Selsholti 8 x 37 al að stærð.

5. Var Sveini Sveinssyni Miðhúsum á Selsholti leyft að hækka veggja að bæ sínum og leggja í hann járnþak.

6. Voru mæld salerni 4 að tölu, sem byggingarnefndin hefur leyft eiganda Glasgow - nr. 5 í Vesturgötu að byggja þar á lóðinni, og eru þau 2 x 6 3/4 al að grunnmáli.

Allir á fundi nema Helgi Helgason, Ó. Finsen og Þórh. Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Guðmundsson Eiríkur Briem.

Ár 1896, þ.4.júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Birni Guðmundssyni leyft að byggja skúr 20 x 7½ al að stærð vestan við timburgeymsluhús hans á Arnarhólslóð og áfast við það.

2. Var Magnúsi Magnússyni og Guðmundi Sigurðssyni leyft að gjöra skúr austanvert við hið nýja íbúðarhús þeirra í Ingólfsstræti 5 x 6 al stóran.

3. Var eftir beiðni Eyólfs Ólafssonar sú breyting gjörð á útmælingu, er hann hafði fengið 7.okt. f.á. að hús það, er hann byggir verði aðeins 7 x 11 al að stærð (ístað 11 x 13), og að honum var leyft að byggja skúr við húsið 3 x 3 al.

4. Var Vilhjálmi Bjarnarsyni á Rauðará leyft að lengja fjós sitt, 4 al breitt, um 2 al.

5. Var Magnúsi Benjamínssyni leyft að gjöra skúr austan við suðurenda á húsi sínu í Veltusundi, 2 3/4 x 7 1/4 al að stærð.

6. Var Andrjesi Andrjessyni, sem er orðinn eigandi lóðarinnar nr. 10 í Suðurgötu og hefur rifið húsið, sem þar stóð, leyft að byggja upp hús á sama stað í sömu stefnu og húsin, sem norðar standa fyrir vestan götuna, 12 al breitt og 16

al langt með skúr við bakdyr 3 x 3 al að stærð. Á bak við húsið var honum og leyft að gjöra salerni 2 x 4 al að stærð. Allir á fundi, nema Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Guðmundsson Eiríkur Briem
Ó. Finsen Helgi Helgason

Ár 1896, 18. júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var A. Friðriksen bakara leyft að byggja geymsluhús og fjós á lóð sinni við Fischersund $4 \frac{3}{4} \times 12$ al að stærð, í staðinn fyrir 2 skúra sem hann rífur niður $2 \frac{1}{4} \times 5 \frac{1}{4}$ al og $6 \frac{1}{3} \times 4$ al að stærð.
2. Var Steindóri Guðmundssyni mæld lóð og bæjarstæði fyrir sunnan Melbæ á Selsholti. Lóðin er 37 al frá N-S og $36 \frac{1}{2}$ al frá A-V, og nær/langt ^{jafn} vestur sem kálgarðurinn fyrir norðan Melbæ. Bærinn á að vera 9 x 10 al að stærð, snúa einsog Melbæjarhúsið og standa í sömu stefnu og það.
3. Var Jóni Guðmundssyni leyft að gjöra útidyra skúr við hús sitt við Kaplaskjólsvæg 3 x 3 al að stærð.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen H. Helgason
Björn Guðmundsson Eiríkur Briem Þórh. Bjarnason

Ár 1896, þ. 15. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Birni Kristjánssyni leyft að setja upp reykingarhús úr járni við vesturgötu á húsi hans í Vesturgötu og slá utan um það skýli úr járnþynnum, þannig að 14 þuml. sjeu allstaðar milli hússins og skýlisins sem verður $3 \frac{1}{6} \times 2 \frac{2}{3}$ al að botnmáli.
2. Var Þuríði Oddsdóttur Króki leyft að byggja skúr við hús sitt í Selsholti $3 \times 3 \frac{1}{8}$ al að stærð.

3. Var útvísaður gangstígur 19 al langur og 2 al breiður frá bæ Eiríks Helga Eiríkssonar á Selsholti vestur yfir suðurjaðarinn á lóð Jóns Jónssonar Hamarsgerði með hans samþykki og minnkar lóð hans við það því sem svarar flatarmáli stígsins.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Helgi Helgason Eiríkur Briem

Ár 1896, þ. 29. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var mældur pissoir á lóð latínuskólans, sem byggður hafur verið með leyfi byggingarnefndarinnar, og er $4 \times 2\frac{1}{2}$ al að stærð.
2. Var Guðmundi Guðmundssyni í Bergstaðastræti mældur skúr við norðurgafli húss hans $8 \times 5\frac{1}{2}$ al að stærð.
3. Guðmundi Magnússyni var leyft að byggja hús 11×12 al að stærð á lóð sinni (Guðnabæjarlóð) í Bergstaðastræti. Hús þetta á að standa í sömu stefnu og næsta hús fyrir sunnan og á að vera með eldvarnargafli að norðanverðu, ef það standur nær húsum Guðmundar Ögmundssonar en svo, að 10 al verði á milli.
4. Var mælt salerni við hús Jóhannesar Jónssonar á Laugavegi $1\frac{1}{2} \times 2$ al að stærð.
5. Var mældur skúr sunnan við hús Guðmundar Einarssonar við Laugaveg $2 \times 6\frac{1}{6}$ al að stærð.
6. Var mælt salerni við hús Gísla Þorkelssonar við Laugaveg $2 \times 1\frac{1}{2}$ al að stærð.
7. Var mældur skúr norðan við bæ Jóhannesar Benediktssonar í Miðhúsum $1\frac{1}{2} \times 4$ al að stærð.
8. Var Sigurði Jónssyni á Byggðarenda leyft að byggja hús 7×12 al að stærð á lóð sinni og skúr vestan við húsið 3×3 al að stærð.

9. Var mældur skúr, er H, Andersen klæðskeri hefur byggt nyrzt á lóð sinni 4 x 8 $\frac{1}{2}$ al að stærð.

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson og Ó. Finsen sem gekk af fundi eptir að l.mælingunni var lokið.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Ó. Finsen
Eiríkur Briem Þórh. Bjarnason.

Ár 1896, þ. 19. september var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Margrjetu Zoëga leyft að lengja húsið nr. 17 í Vesturgötu vestur eptir um 7 al, þó nær þessi lenging að svo stöddu að eins til neðri íbúðarinnar (etagen) og var áskilið að þakið yrði með óbrotnu risi og hallaðaist suður af. Viðbót þessi er eins og húsið 10 al breið.
2. Var mældur skúr, sem Jónasi Jónassyni hefur verið leyft að byggja norðan við hús sitt í Vesturgötu, skúr þessi er 3 x 2 $\frac{3}{4}$ al að stærð.
3. Var Ólafi Eiríkssyni leyft að setja geymsluhús með hjalli í öðrum endanum á lóðina austan við Grútarstræti. Hús þetta er 5 $\frac{2}{3}$ x 6 $\frac{1}{4}$ al að stærð. Ennfremur var mældur skúr við hús Ólafs í Vesturgötu 3 x 3 $\frac{1}{6}$ al að stærð og salerni 1 $\frac{3}{4}$ x 1 $\frac{7}{8}$ al að stærð, og hefur honum áður verið leyft að byggja hvorttveggja.
4. Var Bjarna Jónssyni mælt skúrstaði 3 x 3 al að stærð við hús það sem hann er að byggja í Nýlendugötu.
5. Var mældur skúr, sem Einari Benediktsson hefur látið byggja við hið nýja hús á lóðinni nr. 5 í Vesturgötu sbr. útmæl. 16. og 19. maí þ.á., 3 x 3 $\frac{1}{6}$ al að stærð. Var samþykkt að skúrinn mætti standa, en athugað, að ekki hafði verið leitað leyfis byggingarnefndarinnar til að byggja hann. Sami maður hefur einnig byggt 4 salerni á lóðinni án leyfis nefndarinnar, sbr. útmæl. 20. júní þ.á.

6. Byggingarnefndin athugaði skúr, sem Einar Pálsson snikkari hefur byggt án leyfis nefndarinnar vestan við hús sitt í Bröttugötu. Með því að skúr þessi stendur aðeins $8\frac{1}{2}$ al tæpl. frá húsinu næst fyrir vestan, ákvað nefndin að leggja fyrir Einar Pálsson, annaðhvort að færa skúrinn burtu eða hlaða upp eldvarnargafl nægilega háan vestan við hann. Skúr þessi er $2\frac{1}{2}$ x 3 al að stærð.

Allir á fundi . Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Guðmundsson Helgi Helgason

Ó. Finsen Þórh. Bjarnason Eiríkur Bræm

Ár 1896, 3. október var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Guðmundi Magnússyni leyft að lengja hús sitt með Laugaveg um 4 al. Húsið er 8 al á breidd).
2. Var Þorsteini Þorsteinssyni leyft að gjöra skúr sunnan við hús sitt (áður Ásgríms Gíslasonar) á Laugavegi $3\frac{1}{2}$ x $8\frac{1}{2}$ al að stærð.
3. Var Jóni Guðmundssyni útvísað lóð og bæjarstæði á Skólavörðuholtinu fyrir sunnan lóð Guðrúnar Ólafsdóttur (sjá útmæl. 4. jan. þ.á.) þannig að 16 al verða milli lóðarinnar og er það svæði ætlað undir götu, sem liggja samsíða Laugavegi c: 90 al frá honum. Hin útvísaða lóð er ferhyrningur 45 al frá N-R og 40 al frá A-V. Bærinn á að vera 7 x 10 al að stærð og standa 5 al fyrir sunnan hina fyrirhuguðu götu og jafnlangt til austurs sem bær Guðrúnar Ólafsdóttur.
4. Var Jóhanni Jónssyni mælt hússtæði og lóð austan við Laufásveg næst fyrir sunnan erfðafestuland Erlindar Jónssonar. Lóðin er 31 al að austanverðu og eru þær hliða samsíða, Suðurhliðin er 35 al og norðurhliðin 41 al að lengd, suður- og vesturhliðin mynda stjett horn. Húsið á að vera $8\frac{1}{6}$ x $8\frac{3}{8}$ al að stærð og standa 6 al frá veginum. Skúr á að vera við norðurgafllinn.

5. Var mældur skúr, sem Marþeini Reitssyni hefur verið leyft að gjöra norðan við hús sitt við Bókhlöðustíg. Skúrinn er gjörður með eldvarnargafli að norðanverðu og er 8 x 3 3/4 al að stærð.
6. Var Sigurði Bjarnasyni leyft að byggja upp suðurenda húss síns í Ingólfsstræti, þannig að hann rífur niður leifar af hinum gamla bæ og lengis húsið suður eptir, þannig að það verður allt með skúr norðanvið það 18 al á lengd og 10 al á breidd. Skúrinn sem nú er norðanvið húsið og sem Sigurði var mældur 2.nóv. f.á., er 5½ al að lengd, og var honum boðið að stytta þennan skúr um 1½ al til þess hann yrði 10 al frá húsi Lárusar Ludvíkssonar, með því að hann (Lárus) sem jafnframt (2.nóv.) fjekk leyfi til að lengja hús sitt allt suður að skúrnum þannig að hann hefði eldvarnargafli á milli, hefur nú hætt við þá byggingu. Skuldbatt Sigurður sig til að hlýða þessu.
7. Jón Þórðarson afsalaði sjer með brjefi dags. 8.ág. þ.á. lóð þeirri er honum hefur verið útvísuð við Bergstaðastræti fyrir sunnan Bjargarstein.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.

Hellðór Danielsson Ó. Finsen H. Helgason

Eiríkur Briem Þórh. Bjarnason

Ár 1896, þ.17.október var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Oddi Jónssyni í Brautarholti leyft að lengja bæ sinn sem er 8 1/4 al á breidd um 2 al.
2. Var Ásmundi Magnússyni á Steinum leyft að byggja útidyraskúr við bæ sinn 2½ x 2½ al að stærð.
3. Var Guðmundi Þorsteinssyni leyft að byggja útidyraskúr við hús sitt í Nýlendugötu 2 3/4 x 3½ al að stærð.
4. Var Árna Guðmundssyni leyft að byggja upp útihús á lóð sinni

við Bræðraborgarstíg $10\frac{1}{2}$ x 6 al að stærð, í staðinn fyrir jafnstórt útihús, sem þar hefur staðið áður, en nú verið rífið niður.

5. Var ekkjufrú Elínu Briem leyft að gjöra skúr $\frac{1}{2}$ x 2 al að stærð við húsið nr. 5 í Lækjargötu, einnig var mæld viðbót sunnanvið lóðina, ræma 1 x 12 al að stærð.

Allir á fundi, nema Ó. Finsen og Þórh. Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Björn Guðmundsson
Eiríkur Briem.

Ár 1896, 7.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Sigurði Friðrikssyni leyft að byggja skúr 2 x 2 al stóran austast á lóð sinni nr. 28 við Laugaveg.
2. Var Magnúsi Guðnasyni leyft til bráðabyrgða að hafa skýli fyrir 1 - 2 hesta við austurgöfl á húsi sínu. Skýli þetta skal hann taka burtu á næsta vori.
3. Var Magnúsi Magnússyni leyft að gjöra salerni $1\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ að stærð á lóð sinni í Ingólfsstræti (Ofanleyti).

Allir á fundi, nema Helgi Helgason og Ó. Finsen.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Eiríkur Briem B. Guðmundsson
Þórh. Bjarnason.

Ár 1896, þ.28.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Finnboga Lárussyni leyft að lengja útihús á Garðhúsaloð 5 al breitt um 5 al, og byggja skúr $11\frac{1}{2}$ x 4 al að stærð meðfram hlið hússins.
2. Jónasi Jónassyni Steinsholti leyft að byggja geymsluhúss 10 x 7 al að stærð í staðinn fyrir annað $8\frac{1}{2}$ x $4\frac{1}{2}$ al að stærð, sem hann rífur niður.
3. Kristni Jónssyni leyft að setja útidyraskúr 2 x 2 al að

- stærð við hús sitt í Nýlendugötu.
4. Jóni Guðmundssyni leyft að gjöra skúr $4\frac{1}{2} \times 1\frac{3}{4}$ al að stærð við hús sitt við Kaplaskjölsveg.
 5. Th. Thorsteinssen leyft að byggja geymsluhús á lóð sinni við Fischersund 10 al vestur frá geymsluhúsi Fischers 18×14 al að stærð, og vestast á lóðinni með fram Glasgowsundi var honum leyft að gjöra skúr 26 al langan og 6 al breiðan.
 6. Var Bjarna Jónssyni í Grjótagötu leyft að byggja hús 10×12 al að stærð á lóðinni fyrir vestan hús sitt, sem hann hefur keypt af Stefáni Jónssyni, á húsið að standa eptir sömu stefnu sem hús beiðanda, og var ákveðið að hann setti upp samilega girðingu sunnan við lóðina í framhaldi af girðingunni sunnan við eystri lóð hans. Ennfremur var Bjarna leyft að flytja hjall, sem nú stendur á þessari lóð 4×5 al að stærð, vestur á lóð hans í Nýlendugötu.
 7. Var J. Jónassen landlækni leyft að stækka skúr við bakdyr á húsi sínu í Lækjargötu, verður stækkunin $3 \times 4\frac{1}{2}$ al.
 8. Var Þórði Narfasyni leyft að gjöra skúr 2×2 al að stærð yfir kjallaradyrum vestan við hús hans í Nýlendugötu.
 9. Var Eiríki Bjarnasyni leyft að byggja hús sunnan við Vonarstræti fyrir austan útihús B. Hjaltesteds og í sömu stefnu sem það. Á húsið að vera 12×12 al að stærð, auk skúrs 3×3 al að stærð. Beiðandinn hefur eignast 840 al af lóð B. Hjaltesteds og fjekk nú í viðbót útvísað 192 fer al af lóð bæjarins meðfram Vonarstræti, þannig að öll lóðin byggð og óbyggð verður 1032 fer.al.
 10. Friðriki Ólafssyni í Lagholti var leyft að byggja hús á lóðinni 8×9 al að stærð með skúr við norðurendann 5×9 al að stærð. Jafnframt rífur beiðandinn bæinn og önnur hús á lóðinni.
 11. Var Guðmundi Þorsteinssyni, Pálshúsum leyft að gjöra skúr við hjall sinn að vestanverðu 3×3 al að stærð.

12. Var samþykkt að Þórður Guðmundsson Vesturgötu nr. 48 setti girðingu meðfram lóð sinni að sunnanverðu í sömu stefnu og Sveinn Eiríksson, þó svo að rama sú, c.4 al breið sem batist við lóðina, er eptir sem áður bæjarins eign, og er ætluð undir stjett, sem ef til vill verður lögð meðfram Vesturgötu að norðanverðu.

Allir á fundi, nema Óli Finsen og Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Eiríkur Briem
Þórh. Bjarnason.

Ár 1896, 5. desember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var kápólskum presti J. Frederiksen leyft að byggja kirkju í Landakotstúni að sunnanverðu við Landakotsstíg, andspænis Götuhúsatúni vestanverðu. Kirkjan á að snúa eins og stígurinn og vera 33 al 14 þuml. að lengd, þó svo að vesturendinn, 7 al að lengdinni, verði gjörður til íbúðar. Breiddin á að vera 12 al og 21 þuml., meðfram norðurhliðinni við vesturendann á að gjöra útbyggingu til umgangs og fordýris, 10 al langa, og verða 4 al af þessari lengd 4 al breiðar en 6 al 3 álna breiðar. Ætlazt er til að útbygging þessi verði í 5 ál. fjarlægð frá Landakotsstígnum.

2. Var Jóhanni Guðmundssyni í Lundi leyft að byggja útihús á lóð sinni 4 x 10 al að stærð.

3. Var Jóni Teitssyni leyft að gjöra skúr sunnan fram með húsi sínu í Bergstaðastræti $3\frac{1}{2}$ x $7\frac{1}{2}$ al að stærð.

4. Var Guðmundi Sigurðssyni Ingólfsstræti (Ofanleyti) leyft að gjöra salerni á húsabaki 1 al 14" x 1 al 18" að stærð.

5. Var Guðrúnu Ólafsdóttur leyft að gjöra skúr við hús sitt í Skólavörðuholti $1\frac{2}{3}$ al x 3 al að stærð.

Allir á fundi með hina l. útmælingu, eptir það gengu Ó. Finsen og

Þórhallur Bjarnason af fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Finsen Helgi Helgason
Eiríkur Briem Björn Guðmundsson Þórh. Bjarnason

Ár 1897, 9. janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Júl Schou útvísað hússtæði á lóð sinni við Laugaveg 10 x 12 al að stærð, á það að vera geymslu- og smíðahús og standa á austurjaðri lóðarinnar, þannig að austurhlið hússins lendi í beinni línu, sem dregin er frá landsuðurhorni á húsi Schous í landsuðrhorn á kálagarðinum við hús Sigurðar Jónssonar við Skólavörðustíg. Með samþykki Sigurðar á húsið að standa við takmörk lóðar hans.
2. Var Jóhannesi Benediktssyni mælt bæjarstæði á lóð hans, Miðhúsalóð í Skuggahverfi, og á bærinn að vera 8 x 10 al að stærð, byggður úr steini með járnþaki, einnig var honum veitt viðbót/^{sunnan}við lóð hans 24 al frá A-V og 11½ al frá N-S og er í þeirri viðbót fólgin rama, 24 x ½ al, er lóðareigandinn næst fyrir sunnan, Guðmundur Jóhannesson, hefur eptirlátið Jóhannesi.
3. Var Magnúsi Pálssyni leyft að byggja steinbæ við Laufásveg 10 x 10 al að stærð á lóð, sem honum var útvísað austan við veginn 40 al fyrir sunnan í sömu stefnu og hús Jóhanns, 6 al frá veginum. Hin útvísaða lóð er 30 al fram með veginum og 35 al austur frá honum.

Allir á fundi nema Ó. Finsen, sem hefur fengið lausn úr byggingarnefndinni.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Guðmundsson Eiríkur Briem

Helgi Helgason Þórh. Bjarnason

Ár 1897, þ. 16. janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Að fengnu samþykki bæjarstjórnarinnar var Birni Kristjánsyni leyft að lengja hús sitt í Vesturgötu um 19 al til austurs húsið er 12½ al að breidd. Undir viðauka þennan var beið-

- andanum útvísað 144 fer al af bæjarins lóð, en að öðru leyti stendur byggingin á hans eigin lóð. Ennfremur var honum leyft að gjöra steinstjett (Bolværk) neðanvið (norðanvið) hið nýja hús 3 1/4 al á breidd og 10 1/2 al á lengd.
2. Var Halldóri Jónssyni leyft að byggja hús á lóð sinni norðan við Vesturgötu. Á húsið að vera 8 x 9 al að stærð, og standa vestarlega á lóðinni í sömu stefnu og Vesturgata.
 3. Var Helga Teitssyni leyft að gjöra hjall í kálgarði sínum 4 x 7 al að stærð.
 4. Var Sveini Árnasyni leyft að gjöra skúr 3 x 9 al að stærð við vesturgötu á húsi hans í Vesturgötu.
 5. Var Sigurði Árnasyni leyft að stækka skúr á lóð sinni við Bræðraborgarstíg, þannig að skúrin sem er 3 x 3 al verði 5 x 6 al að stærð.
 6. Var Oddi Árnasyni mæld lóð 19 1/2 x 97 al að stærð meðfram Kaplaskjólsvégi fyrir norðan Hrísakotslóð.
 7. Var mældur útidyraskúr við Bræðraborg 2 1/4 x 2 1/4 al að stærð, hjá Árna Guðmundssyni.
 8. Var mælt frá lóð Sigurðar Þórðarsonar í steinhúsi 376 fer al, sem hafa efmælt við síðustu lóðarmælingu.
 9. Var Geir kaupmanni Zoëga leyft að lengja verzlunarbúð sína, sem er 12 al breið, um 12 al í vestur.

Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Guðmundsson Eiríkur Briem
Þórh. Bjarnason.

Ár 1897, 6. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var samþykkt skúrbygging á lóð Júl. Schou við Laugaveg, hefur hann fært til gamlan skúr á lóðinni 4 x 2 2/3 al að stærð, þannig, að hann stendur nú sunnanvið vesturenda íbúðarhússins, og stækkað hann, svo að hann er nú 7 x 4 al að stærð.

2. Var Samúel Ólafssyni mæld lóð norðan við Laugaveg vestanvert við stíg þann, sem liggur frá veginum niður að Frostastöðum, lóðin er 25 al frá A-V og 40 al frá N-S og var Samúel útvísað hússtæði á henni 10 x 12 al að stærð. Áður en byggt verður lætur byggingarnefndin nánar afmarka takmörk lóðarinnar.
3. Var Daníel Daníelssyni leyft að byggja hús sunnanvið Laugaveg, austur að stíg þeim, er liggur suðurmeð lóð Þórhalls Þórhalls-sonar að austanverðu, á hús þetta að vera 11 x 8½ að stærð, og verður afstaða þess við götuna ákveðin af nefndinni þegar grunnurinn verður lagður. Lóðin sem hús þetta stendur á var beiðandanum jafnframt útvísuð og er hún 25 al meðfram götunni og 36 al suður frá henni, og er dregin frá 9 al breið útvísuð ræma meðfram götunni. Vesturtakmörk lóðarinnar eru 12 al fyrir austan lóðarmörk Þórhalla Þórhalls-sonar.
4. Var Jóhanni T. Egilssyni leyft að gjöra geymsluhús 7 x 10 al að stærð á lóð sinni í Bergstaðastræti fyrir austan íbúðarhúsið, og var áskilið, að syðri gafl hússins komi ekki sunnan en suðurgafli íbúðarhússins.
5. Var Jóni Þórarinssyni útvísað hússtæði á lóð fyrir sunnan Bjargarstein við væntanlegt framhald Bergstaðastrætis. Á húsið að vera 10 x 10 al að stærð og standa 5 al frá götunni. Lóðin er honum jafnframt var útvísuð, er 29½ x 28½ al að stærð.

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson, sem er erlendis.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Eiríkur Briem
 Sighvatur Bjarnason talað var um að Schou flytti skúrinn
 Tryggvi Gunnarsson

Ár 1897, þ. 23. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Ingiríði Jónsdóttur í Skuld útvísað lóð austan við Kapla- skjólsvæg, suður frá lóð Kristins Einarssonar, 25 al að lengd fram með götunni og $33\frac{1}{2}$ að meðaltali á breidd austur frá veginum. Á lóð þessari var beiðanda leyft að byggja hús 9x10 al að stærð og á það að standa í 5 al fjærlægð frá götunni.
 2. Næst fyrir sunnan lóð Ingiríðar Jónsdóttur, þó svo, að 8 álnir, sem ætlaðar eru undir stíg, verði á milli, var Kristján E. Fjeldsteð útvísað lóð 25 al fram með veginum og 38 al að meðaltali austur frá honum. Á lóðinni var honum leyft að byggja hús 8 x 9 al að stærð, er standi 5 al frá veginum.
 3. Var Guðmundi Jónssyni í Sauðagerði útvísað lóðarviðbót, ferhyrnt stykki 12 x 17 al að stærð, sem liggur fyrir sunnan tröðina heim að bæ hans og suður að bæ Jóns Björnssonar (miðbærinn).
 4. Var Jóhanni Þorbjörnssyni leyft að byggja steinbæ á lóð sinni á Bráðræðisholti (Sjávargötu) 7 x 9 al að stærð, á bærinn að snúa frá N-S þannig að austurhliðin lendi í línu, sem dregin er frá landnorðurhorni Brautarholtsbæjar. Sama manni var útvísað lóðarviðbót, renningur austan við lóð hans 50 fer al að stærð.
 5. Var Jónasi Jónassyni leyft að byggja geymsluhús á lóð sinni í Vesturgötu, í garðinum bak við (norðan við) hús hans, og á geymsluhúsið að vera 4 x 5 al að stærð.
 6. Var Þorsteini Jónssyni járnsmið í Vesturgötu leyft að byggja smíðahús við vesturgafli íbúðarhúss síns og áfast við það, þannig, að grunnurinn verði jafnhátt, en þakið flatara. Hús þetta á að vera 10 al langt með fram götunni og 12 al breitt.
- Allir á fundi nema Björn Guðmundsson, Tryggvi Gunnarsson fór af fundi, þegar 3.útmælingunni var lokið.

Fundi slitið,

Halldór Danielsson Helgi Helgason Sighv. Bjarnason
Eiríkur Briem Tr. Gunnarsson.

Ár 1897, 6. marz var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Sigríð Þórðardóttur útvísað lóð fyrir norðan lóð Gunnars Gunnarssonar við Laugaveg, austanvert við stíg, sem áformað er að leggja milli Laugavegar og Lindargötu framhjá bæ Brynjólfs Jónssonar. Hin útvísaða lóð er 30 al á allar hliðar, ferhyrnd, og var beiðandanum leyft að byggja á henni bæ 9 x 7 al að stærð, er snúi frá N-S í sömu stefnu og fyrrgreindur stígur.
2. Næst fyrir norðan lóð Sigríðar Þórðardóttur var Magnúsi M Magnússyni útvísað lóð jafnstór ^{x30} c.30/al að stærð, nær lóð þessi jafnlangt til A og V sem lóð Sigríðar, en að N takmarkast hún af götu þeirri sem fyrirhugað er að leggja milli Laugavegs og Lindargötu, samhliða þeim. Á lóðinni var leyft að byggja bæ 9 x 7 al að stærð með skúr 2 x 3 al. Bærinn standi í landnorðurhorni lóðarinnar og snúi frá A-V í sömu stefnu og fyrrgreind gata.
3. Þá var Daniel Guðmundssyni útvísað lóð nokkur austar, sunnan við hina sömu fyrirhuguðu götu, 20 al meðfram henni frá A-V og 55 al suður frá henni. Fyrir austan þessa lóð er gjört ráð fyrir að komi stígur frá Laugavegi niður á Lindargötu. Á lóðinni var beiðandanum leyft að byggja bæ 8 x 9 al að stærð, er snúi frá A-V.
4. Þá var Guðmundi Einarssyni leyft að byggja hús 7 x 10 al að stærð í erfðafestulandi Ásgríms Gíslasonar fyrir sunnan Laugaveg, sunnan við götu, sem ráðgjört er að leggja þar samhliða Laugavegi, og snúi húsið eins og vegurinn.
5. Var Sigurði Þórðarsyni leyft að byggja hús á erfðafestulandi sínu við Skólavörðustíg 10 x 12 al að stærð. Húsið snúi hlið að veginum og standi jafnlangt frá honum sem hið nýja hús Þorbjargar Sveinsdóttur.
6. Var Erlindi Magnússyni leyft að byggja geymsluhús á lóð sinni í Þingholtsstræti 8 x 6 al að stærð, í staðinn fyrir

gamalt útihús, sem hann ríður niður. Húsið snúi frá N-S þannig að suðurgaflinn verði í sömu línu og suðurgafl íbúðarhússins.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson (erlendis) og Eiríkur Briem (veikur).

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Sighv. Bjarnason
Tr. Gunnarsson

Ár 1897, þ.20.mars var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá Bjarna Jónssyni leyft að byggja salerni á lóðinni í Grjótagötu 5 1/4 x 2 al að stærð.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Björn Guðmundsson
Eiríkur Briem Sighvatur Bjarnason.

Ár 1897, 3.apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Pjetri Hjaltesteð úrsmið leyft að byggja hús á lóð, sem hann hefur keypt milli húsanna nr. 18 og nr. 20 við Laugaveg og áður hefur tilheyrt síðarnefndri húseign. Hin útvís-
aða húslóð er $14\frac{1}{2}$ x 13 al að stærð, og með því að bilið milli áðurnefndra húsa, nr. 18 og nr. 20 er aðeins $3\frac{1}{2}$ al, verður hús Pjeturs að standa mitt á milli þeirra, til þess að verða í lögboðinni fjærlægð frá þeim báðum. Húsið á að snúa hlið að götunni og standa í rjettri stefnu við húsin þeim megin í götunni. Áskilið er að beiðandánn sendi nefndinni uppdrátt af húsinu áður en ^{byrjað} byggja er að reisa það.

2. Var Sigurði Bjarnasyni útvísað lóð norðan við Laugaveg næst fyrir innan (austan) lóð Gísla Þorkelssonar, 25 al með veginum og 40 al norður frá honum. Austast á lóð þessari var honum leyft að byggja tvíloftað hús 9 x 10 al að stærð,

- sem snúi frá A-V og standi í sömu aðalstefnu við veginn sem húsin næst fyrir vestan það. Er ætlað til að hús þetta verði hornhús við Laugaveg og stíg þann, sem áformað er að leggja þar niður að Lindargötu.
3. Var konu Finns Finnssonar, Guðrúnu Sigríði Snorrardóttur sem eigi hefur sameiginlegan fjárhag við mann sinn, leyft að byggja hús 8 x 9 al að stærð í erfðafestulandi Ásgríms Gíslasonar sunnan við Laugaveg, fyrir norðan veg, sem ráðgjört er að leggja þar, samhliða Laugavegi. Húsið á að snúa frá A-V (sbr. mælingargjörð 6.f.m. nr. 4.)
 4. Var Ásgrími Gunnarssyni útvísað lóð fyrir austan lóðir Sigríðar Þórðardóttur og Magnúsar Magnússonar í Skuggahverfi (sbr. mælingar 6.f.m. n. 1 og nr. 2) að stærð 55 al frá N-S og 25 al frá A-V. Að norðan nær lóð þessi að vegi þeim, sem ráðgjört er að leggja frá A-V milli Laugavegs og Lindargötu. Á lóðinni var beiðandanum leyft að byggja steinbæ 7 x 10 al að stærð.
 5. Jóni Eiríkssyni, sem hefur keypt lóð Guðrúnar Ólafsdóttur við Bergstaðastræti (sbr. útmælingu 5. jan. 1895 nr. 3) var leyft að byggja hús, 10 x 11 al að stærð á lóð þessari, sem enn er með öllu óbyggð. Á hús þetta að standa í sömu stefnu og önnur hús austan við götuna.
 6. Var Guðmundi Ingimundarsyni á Bergstöðum leyft að byggja skúr 4 x 10 al að stærð vestan við útihús á lóð sinni.
 7. Var Helga Zoëga leyft að byggja útihús 8 x 10 al að stærð í suðvesturhorni á lóð sinni við Aðalstræti. Einnig var honum leyft að byggja skúr 10½ x 3 al að stærð meðfram vesturhliðinni á íbúðarhúsi sínu í staðinn fyrir gamlan skúr á sama stað 21 fer al að stærð, sem jafnframt verður tekinn burtu.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Sighvatur Bjarnason Eiríkur Brie
 Halldór Danielsson Helgi Helgason Björn Guðmundsson Tr. Gunnarsson

Ár 1897, 17. apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Gunnari Gunnarssyni Vesturgötu nr. 46 leyft að gjöra skúr við austurgafli á húsi sínu 4 x 11 al að stærð, þannig byggðan að hann liti út frá götunni eins og þilgirðing, með undirstöðu jafnhárra húsgrunninum.

2. Var Þórhalli Bjarnasyni lektor leyft að gjöra útidyraskúr 2x 3 al að stærð við útihús á lóð hans við Laufásveg.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem.

Fundi slitið.

Helldór Daníelsson Björn Guðmundsson Tr. Gunnarsson

Helgi Helgason Sighvatur Bjarnason.

Ár 1897, þ.1. maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var útvísuð lóð í Skuggahverfi fyrir sunnan Hraunprýði (bæ Jóns Þórðarsonar) til vitahúsbyggingar. Lóðin er 13 x 15 al að stærð, en húsið verður 8 x 10 al.

2. Var Lárusi Ludvígssyni leyft að lengja hús sitt í Ingólfssætati til suðurs, og verður viðbótin 9 x 14 $\frac{1}{2}$ al að stærð. Leyfi er því skilyrði bundið, að eldvarnargafli komi á milli hinnar nýju byggingar og hússins næst fyrir sunnan.

3. Var Hirti Hjartarsyni leyft að gjöra stærra hús það, er honum hefur verið mæld lóð undir 20. febrúar 1892 á horninu milli Vonarstrætis og Lækjargötu, þannig, að hliðar hússins, sem á að vera hornskakkt, verði 11 al að norðan og austan en 12 $\frac{1}{2}$ al að sunnan og vestan, svo var honum og leyft að gjöra skúr við bakdyr hússins 3 $\frac{1}{2}$ x 3 al að stærð.

4. Var Einari Benediktssyni leyft að gjöra skúr við Glasgow 1 $\frac{1}{2}$ x 4 al að stærð.

5. Var Halldóri Jónssyni leyft að gjöra útidyraskúr við hið nýja hús hans á Hlíðarhúsalóð 3 x 3 al að stærð.

Við mælingarnar 1 og 2 var Eiríkur Briem ekki á fundi og við mælingarnar 1 - 3 var ekki Tr. Gunnarsson, við mælingarnar

4 og 5 stjórnáði Tr. Gunnarsson fundi í forföllum formanns.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Eiríkur Briem Björn Guðmundsson

Tr. Gunnarsson Helgi Helgason Sighvatur Bjarnason

(að því er mælingarnar 1-3 snert)

Ár 1897, þ.15.maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Jóni Þórðarsyni kaupmanni leyft að byggja upp og stækka austurenda húss síns við Bankastræti samkvæmt teikningu, er hann sýndi nefndinni. Verður austurendi hússins nú að stærð 12 1/4 x 12 3/8 al en var áður 9 x 8 1/4 al.
2. Var Halldóri Þórðarsyni leyft að byggja yfir bilið milli íbúðarhúss síns og prentsmiðjuhúss við Laugaveg þannig að innangengt verður milli húsanna. Við þetta stækkar byggð lóð Halldórs um 32 fer al.
3. Var Ástráði Hannessyni útvísað lóð austan við La^ufásveg, þannig að 25 al eru á milli lóðarinnar og Stekkjarkotstúngarðs. Með fram veginum er lóðin 25 al og 39 al austur frá honum. Á lóð þessari var Ástráði leyft að byggja hús 10 x 10 al að stærð, er standi 6 al frá veginum sömu stefnu og hús Jóhanns Jónssonar.
4. Einari Einarssyni í Varhúsum var leyft að byggja hús á lóð sinni 10 x 9 al að stærð í staðinn fyrir Varhúsabæ, sem verður rifinn niður. Húsið á að snúa hliðinni að Brunnstíg og á hún að koma þar sem nú er eystri hlið girðingarinnar austan við Varhúsalóð.
5. Útmælingu á fundi 23.febrúar þ. á. handa Þorsteini Jónssyni í Vesturgötu var eptir beiðni hans breytt þannig, að stækkun á húsi hans verði 12 1/4 x 12 1/4 al í staðinn fyrir 10 x 12 al.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.
Halldór Danielsson Helgi Helgason Sighvatur Bjarnason
Eiríkur Briem Tr. Gunnarsson

Ár 1897, þ. 22.mái var fundur haldinn í byggingarnefndinni eftir beiðni Ástráðs Hannessonar, sem hefur afsalað sjer lóð þeirri, er honum var útvísað við Laufásveg á fundi 15.p.m., en beiðzt nýrrar útmælingar undir hús á lóð, er hann hefur keypt af Guðríði Tómasdóttur í Skálholtskoti andspænis húsi hennar vestan við Laufásveg. Var beiðandanum leyft að byggja hús 11 al langt og 10 al breitt á lóð þessari eftir stefnu sem nefndin ákvað og sem hún lætur nákvæmar tiltaka, þegar undirstöður hússins verða lagðar.

Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Guðmundsson Tr. Gunnarsson

Eiríkur Briem Sighvatur Bjarnason.

Ár 1897, þ. 5.júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Ó. Norðfjörð leyft að byggja hús 12 x 21 al stærð með skúr við bakdyr 3 x 3 al á lóð, sem hann hefur keypt við Grjótagötu frá húseigninni nr. 16 í Aðalstræti 792 fer al að stærð. Á húsið að snúa hlið að götunni og standa þannig, að 10½ al verði á milli þess og húsaráðarinnar norðan við Grjótagötu. Aftur á móti sá nefndin ekkert á móti því að húsið stæði svo austarlega á lóðinni, sem beiðandinn gæti komið sjer saman um við hlutaðeigandi lóðareigendur.
2. Var H. Andersen leyft að byggja lystihús í garði sínum vestast 3 ¾ x 6 ¼ al að stærð, þó með því skilyrði, að eldvarnargöfl væri gjörður við vestur og norðurhliðina svo langt sem fjarlægðin frá hinu fyrirhugaða húsi Ó. Norðfjörðs ekki nemur 10 al.
3. Var Eyólfi Þorkelssyni leyft að gjöra skúr 5 x 3 ¼ al að stærð, suður af vesturenda húss síns í Austurstræti, í staðinn fyrir skúr 1 ¾ x 2 ¼ al að stærð, sem þar hefur áður staðið.

4. Var Eiríki Bjarnasyni leyft að gjöra skúr við hús sitt við Vonarstræti $3\frac{1}{2} \times 3$ al að stærð í staðinn fyrir 3×3 al, sem honum var áður mælt.
5. Var Sigurði Thoroddsen leyft að gjöra vagnskúr $3 \times 6\frac{1}{2}$ al að stærð á lóðinni nr. 4 í Lækjargötu, sunnan við íbúðarhúsið, þó þannig að bilið milli skúrsins og hússins næst fyrir sunnan yrði 10 al að minnsta kosti.
6. Var Ólafi Ólafssyni, sem hefur eignast lóð þá er Sigurði Hanssyni var útvísað við Bergstaðastræti 5. janúar 1895, og sem er óbyggð, leyft að byggja þar hús 9×10 al að stærð í sömu stefnu og húsin hin sama megin við götuna. Nefndin áskildi að inngangur í húsið yrði á gaflinum en ekki á hliðinni út að götunni.
7. Var Sveini Sveinssyni leyft að gjöra skúr við suðurhlið á húsi sínu í Bankastræti $8\frac{1}{2} \times 2\frac{1}{2}$ al að stærð í staðinn fyrir skúr $3 \times 2\frac{1}{2}$ al að stærð, sem þar hefur áður staðið.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Sighvatur Bjarnason
Tr. Gunnarsson Eiríkur Briem.

Ár 1897, p. 21. júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Ámunda Ámundasyni leyft að gjöra salerni á lóð sinni í Hlíðarhúsum, bak við bæinn 2×3 al að stærð.
2. Var Torfa Þórðarsyni útvísað lóð til stakkstæðis fyrir sunnan bræðsluhús G. Zoëga 25×25 al að stærð, með hinu venjulega skilyrði, sem haft hefur verið um allar stakkstæðismælingar í Hlíðarhúsamýri, að beiðandi láti lóðina lausa endurgjaldslaust, þegar byggingarnefndin krefst þess.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Helgi Helgason Eiríkur Briem
Sighvatur Bjarnason

Ár 1897, þ.3. júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Hans Jónssyni á Bala við Klapparstíg leyft að byggja hús á lóð sinni 9 x 10 al að stærð, og á það að standa í sömu fjærlægð frá götunni og í sömu aðalstefnu, sem húsin fyrir sunnan það sama megin við götuna.
2. Var Magnúsi Stefánssyni útvísað lóð við Lindargötu að sunnanverðu næst fyrir austan lóð Tobíasar Tobíassonar (Stóragerði), 25 al í ferhyrning 5 al frá götunni. Á lóðinni var honum leyft að byggja hús 9 x 8½ al að stærð, er standi í sömu aðalstefnu sem önnur hús þeim megin við götuna.
3. Var Guðmundi Matthíassyni á Litlalandi leyft að stækka skúr við hús sitt, þannig að stækkunin verði 2 x 3 al.
4. Var W. Christensen fyrir hönd B. Muus & Co. leyft að gjöra skúr með fram norðurhlið bókunarhússins í Austurstræti 14 x 4½ al að stærð.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Sighvatur Bjarnason Helgi Helgason

Björn Guðmundsson.

Ár 1897, þ.17. júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Eyvindi Árnasyni útvísað lóð í tjörninni sunnan við Vonarstræti fyrir austan lóð Eiríks Bjarnasonar 25 x 25 al að stærð, og leyft að byggja hús á henni 12 x 12 al að stærð. Það var tekið fram við beiðandann, að hann gæti eigi búist við að bæjarstjórnin ljæti gjöra neinn vega að hinna útmældu lóð fyrr en Vonarstræti yrði lagt.
2. Var Einari Zoëga leyft að lengja geymsluhús 9 al breitt sunnantil á lóð sinni í Vesturgötu um 15 ál. vestureptir.
3. Var Halldóri Jónssyni leyft að gjöra salerni 2 x 1 ¾ al að stærð við hús sitt í Vesturgötu.

4. Var Einari Einarssyni leyft að gjöra skúr 3 x 3 1/4 al að stærð norðan við hús sitt við Brunnstíg.
5. Var Sæmundi Sveinssyni leyft að byggja geymsluhús 4 x 5 1/2 al að stærð á lóð sinni við Holtsgötu.
6. Var Bjarna Björnssyni á Bergi leyft að byggja upp hús sitt við Bjargarstíg og breikka það um 1 al, þannig að það verði 11 x 9 al að stærð.

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Eiríkur Briem Sighvatur Bjarnason
Björn Guðmundsson Helgi Helgason .

Ár 1897, þ.7.ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Guðmundi Olsen leyft að gjöra skúr 9 x 10 al að stærð við vesturendann á húsi sínu við Hjallhússtíg.
2. Var G. Zoëga leyft að byggja frystihús 20 x 15 al á lóð hans við Nýjabæ.
3. Útmælingu á húslóð til Samúels Ólafssonar við Laugaveg 6. febr. þ.á. var eptir belóni hans breytt þannig, að hið fyrirhugaða hús verði 15 x 10 al að stærð (ístaðinn fyrir 10 x 12).

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Eiríkur Briem Helgi Helgason
Sighvatur Bjarnason

Ár 1897, þ.21.ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Sigfúsi Eymundssyni leyft að byggja hesthús á lóð sinni við Lækjargötu 4 1/2 x 3 1/2 al að stærð, en það var áskilið, að hann hækkaði jafnframt girðinguna fram með lóðinni við Lækjargötu þannig að þakbrúnin á hesthúsinu tæki ekki upp yfir hana, og sömuleiðis að hann tæki hesthúsið burtu, þegar

- byggingarnefndin krefðist þess, þó ekki að vetrartíma.
2. Var Jóni kaupmanni Þórðarsyni útvísað geymsluhússtæði á lóð sinni við Ingólfsstræti fyrir sunnan mylnuna. Húsið verður $11\frac{1}{2}$ al á lengd og 12 al á breidd og stendur fast upp að húsi Gunnars Gunnarssonar með eldvarnargafli á milli.
 3. Var Gunnari Gunnarssyni útvísað geymsluhússtæði á lóð hans í Ingólfsstræti 10 al fyrir sunnan íbúðarhús hans og í sömu stefnu. Húsið á að ver 10 x 14 al að stærð, og var lagt fyrir Gunnar að gjöra eldtraustan vegg svo mikinn hluta af vesturhlið hússins, sem er innan 10 al fjærlægðar frá úti húsi Erlindar Magnússonar. Ennfremur var Gunnari leyft að gjöra skúr $3\frac{1}{2}$ x $3\frac{1}{2}$ al að stærð, sem nái upp undir þak, við dyrnar á suðurgafli íbúðarhússins og á skúrinn að vera með bustmynduðu þaki.
 4. Var Lárusi Ludvíkssyni leyft að gjöra salerni með gryfju undir nyrzt á lóð sinni í Ingólfsstræti. Salernið á að vera 3 x 6 al að stærð.
 5. Var Arinbirni Sveinbjarnarsyni útvísað lóð við Laugaveg milli lóða Benedikts Jónssonar og Gísla Þorkelssonar. Á lóð þessari sem er 25 al frá A-V og 59 al frá S - N var honum leyft að byggja hús 12 x 16 al að stærð.
 6. Var Jóhanni T. Egilssyni leyft að gjöra salerni á lóð sinni í Bergstaðastræti $4\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ al að stærð.
 7. Var Einari Guðmundssyni í Einarshöfn leyft að gjöra skúr sunnan við bæ sinn 3 x 4 al að stærð.
 8. Var Sigurði Þórðarsyni leyft að gjöra skúr 4 x 8 al að stærð norðan við garðinn vestur frá húsi hans. Þennan skúr skuldbindur Sigurður sig til að taka burtu, þegar byggingarnefndin krefst þess.

Allir á fundi, nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Guðmundsson Sighvatur Bjarnason

Eiríkur Briem Helgi Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1897, 11. september var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Sveini Eiríkssyni útvísað lóð að norðanverðu við Laugaveg 25 al meðfram veginum og $5\frac{1}{2}$ al norður frá honum og hússtaði á lóðinni 15 al langt og 12 al breitt með skúr við bakdyr 4 x 4 al að stærð og salerni 2 x $1\frac{1}{2}$ al.
2. Var bætt við lóð Magnúsar Stefánssonar við Lindargötu er honum var mæld 3. júlí þ.á. þannig, að hún verði $32\frac{1}{2}$ al meðfram götunni og 28 al suður frá henni. Ennfremur var Magnúsi Stefánssyni leyft að gjöra skúr við bakdyr hússins 5 x 3 al að stærð.
3. Fyrir sunnan lóð Magnúsar Stefánssonar, þó svo, að ein jafnstór lóð verður á milli, var Sigurði Guðlaugssyni útvísað lóð að stærð $32\frac{1}{2}$ frá A-V og 28 al frá N-S, og leyft að byggja hús á lóðinni 9 x 9 al að stærð og skúr 2 x 3 al Húsið snúi frá N-S og standi við væntanlega götu milli Laugavegs og Lindargötu.
4. Var Benedikt H. Benediktssyni útvísað lóð í Skólavörðuholti fyrir austan lóð Guðrúna Ólafsdóttur, þó svo að á milli lóðanna verður ráðgjörður vegur frá Laugaveg suður holtið. Lóðin er 25 al frá A-V og 45 al frá N-S, og var Benedikt leyft að byggja þar bæ 8 x 9 al að stærð með útidyraskúr 2 x 3 al.
5. Var leiðrjett mæling á lóðum Sigríðar Þórðardóttur og Magnúsar Magnússonar, er gjörð var 6. marz þ.á. þannig, að hvor lóðin telst $28\frac{1}{2}$ al (í staðinn fyrir 30 al) frá N-S, en frá A-V eru þær óbreyttar e: 30 al. Jafnframt var breytt útmælingu á skúr við bæ Magnúsar, svo að hann verður 4 x 2 í staðinn fyrir 3 x 2 al að stærð.
6. Var Runólfi Einarssyni útvísað lóð fyrir neðan hina fyrirhuguðu götu austur eptir Skuggahverfi milli Lindargötu og Laugavegs. Lóðin er suður frá Stóragerðislóð en austur við lóð Johans í Sundi, og er 25 al frá A-V en $46\frac{1}{2}$ frá N-S.

- Á lóðinni var leyft að byggja bæ 7 x 10 al að stærð með skúr 3 x 3 al.
7. Var Gísli Þorkelssyni leyft að byggja geymsluskúr norðan við hjall á lóð sinni við Laugaveg 3 x 4 al að stærð það var jafnframt gjört að skilyrði, að hann flytti skúr þennan og hjallinn 5 al frá lóðarmörkum að vestanverðu, ef lóðareigandinn þeim megin krefðist þess, eða hlaði að öðrum kosti eldvarnargöfl í sameiningu við hann milli húseignanna.
8. Var samþykkt bygging á skúr 4 x 4 al að stærð, er Pjetur Hjaltested hefur látið gjöra við bakdyr á húsi sínu við Laugaveg.
9. Var Þórði Ólafssyni á Vegamótum leyft að gjöra salerni norðan við bæ sinn $1\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ al að stærð, með því skilyrði að hann setti girðingu fyrir framan, svo háa, að salernið sæist ekki frá götunni, og að hann byggði eldvarnargöfl, ef á þyrfti að halda í sameiningu við lóðareigandann fyrir norðan hann á milli húseignar þeirra.
10. Var Freysteini Jónssyni leyft að byggja hús á lóð sinni, Valgarðsbæ, 9 x 10 al að stærð. Á húsið að standa nyrzt á lóðinni í sömu stefnu sem hús Bjarna á Bergi.
11. Var Jóni Eiríkssyni leyft að gjöra bakdyraskúr 3 x $2\frac{1}{2}$ al að stærð við hús sitt í Bergataðarstræti.
12. Var Rafni Sigurðssyni leyft að byggja hús $8\frac{1}{2}$ x $10\frac{1}{2}$ al að stærð á lóð sinni við Austurstræti fast upp að húsgöfli Eyólfs Þorkelssonar, en með eldvarnargegg á milli.
13. Var Einari Magnússyni í Skólabbæ leyft að lengja bæ sinn um 3 al til vesturs. Bærinn er 6 al á breidd.
14. Var Jóni Valdasyni í Skólabbæ leyft að breikka $8\frac{1}{2}$ al langan skúr á lóð sinni um 1 al.
15. Var "Pilskipaútgjörðarfélaginu við Faxaflóa" leyft að gjöra skúr 4 x 20 al að stærð á Arnarhólslóð, austan við ~~Steinólufsbæ~~ steinólufsbægi kaupmanna að þartil fengnu leyfi

landhöfðingjans.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson og Eiríkur Briem.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Sighvatur Bjarnason Helgi Helgason
Tryggvi Gunnarsson.

Ár 1897, þ.28.september var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Einari Benediktssyni leyft að gjöra kolaskúr í garðinum vestan við Glasgow, við hliðina á geymsluhúsi G. Zoëga, þó þannig að vestuhlið skúrsins verði ekki hærri en stein-grunnurinn undir geymsluhúsinu. Skúrin á að vera $9\frac{1}{2}$ x 3 al að stærð.
2. Var Markúsi F. Bjarnasyni leyft að byggja geymsluhús $10\frac{1}{4}$ x 8 al að stærð vestan við hús sitt.
3. Var Einari Jónssyni Vesturgötu 30 leyft að hafa lausan skúr við útidyr á vesturgafli húss síns. Skúrin takist frá á sumrin, en sje hafður aðeins til skjóls á vetrum.
4. Jón Jónsson og Bjarni Árnason hafa eignast lóðina sem var mæld Sveini Eiríkssyni 19/10 1895 við Nýlendugötu. Eftir beiðni þeirra var hún útvísaða húslóð minnkuð, þannig að húsið verði aðeins 9 x 12 al að stærð, en þó með því skilyrði, að það verði sett austast á lóðinni.
5. Var leyft að gjöra salerni $2\frac{1}{2}$ x $1\frac{3}{4}$ al að stærð sunnan við hús "framfarafélagsins" í Vesturgötu.
6. Ólafur Björnsson Bakka hefur rífið niður frambæinn við Björnsbæ, og er bærhúsið, sem eftir stendur $8\frac{1}{2}$ x $12\frac{1}{2}$ al að stærð, við bæinn var honum leyft að gjöra skúr $3\frac{1}{4}$ x $5\frac{3}{4}$ al að stærð.
7. Sveini Jónssyni Vesturgötu 50 var leyft að stækka skúr norðan við húsið um $2\frac{1}{2}$ fer al.
8. Pjetri Gíslasyni var leyft að gjöra timburskúr (hesthús) 4 x 4 al að stærð á lóð sinni í Vesturgötu.

9. Jóni Gíslasyni var leyft að gjöra skúr við bakdyr á bæ sínum við Bræðraborgarstíg $2 \frac{1}{4} \times 2 \frac{1}{2}$ al að stærð.
10. Var leyft að gjöra skýli $1 \frac{3}{4} \times 2 \frac{1}{2}$ al að stærð yfir kjallaraop við kaþólsku kirkjuna í Landakoti.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Guðmundsson Helgi Helgason
Eiríkur Briem Tr. Gunnarsson Sighvatur Bjarnason.

Ár 1897, 2. október var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Daniel Símonarsyni leyft að gjöra skúr $2 \times 2 \frac{1}{2}$ al að stærð við norðurendann á geymsluhúsi á lóð hans í Þingholtsstræti.
2. Var Bjarna Jónssyni Þingholtsstræti leyft að stækka skúr bak við hús sitt, þannig að hann verði $3 \frac{1}{2} \times 4$ al að stærð í staðinn fyrir $2 \frac{3}{4} \times 3 \frac{1}{4}$.
3. Var Einari Finnssyni leyft að byggja hús 15 al langt og 14 al breitt í Stuðlakotstúni fyrir sunnan Bókhlöðustíg, og er sá hluti túnsins, sem er fyrir sunnan nefndun stíg orðinn eign Einars. Húsið á að standa vestast á lóðinni, 5 al frá lóð Jóns Árnasonar legats, og svo langt fyrir sunnan stíginn að bilið milli húsanna beggja megin við stíginn miðað við skólabókhöðunaverði 12 al.
4. Var Jóni Jenssyni leyft að byggja hús í Skálholtskotstúni fyrir sunnan spítalann og í sömu stefnu sem hann. Á húsið að vera 14×18 al að stærð og standa 5 al frá lóð spítalans.
5. Var Þórði Ólafssyni á Vegamótum leyft að gjöra skúr $2 \frac{1}{2} \times 4 \frac{1}{4}$ al að stærð norðan við hús sitt, með því skilyrði að hann í sameiningu við lóðaræðgandann að norðanverðu gjöri eldvarnargafl norðan við skúrinn ef tjeður lóðareigandi krefst þess og ætlaði að byggja hús við lóðarmörkin. Útmæl. ll.f.m. nr.9 fellur niður.

6. Var Jóni Þorleifssyni leyft að gjöra salerni norðanvið hús sitt við Laugaveg $1\frac{1}{2}$ x 2 al að stærð.
7. Jóni Teitssyni leyft að gjöra salerni norðanvert á lóð sinni í Bergstaðastræti $1\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ al að stærð.
8. Var Sigurði Bjarnasyni leyft að gjöra skúr $5\frac{1}{4}$ x $2\frac{1}{2}$ al að stærð norðanvið hús sitt við Laugaveg.
9. Var Jóni Oddssyni leyft að byggja bæ í Skólavörðuholtinu fyrir austan lóð Jóns Guðmundssonar (sjá útmæl. 3/10 1896) og útvísað lóð 25 al frá A-V og 45 al N-S. Þarinn á að vera 8 x 9 al að stærð og standa í sömu stefnu sem hús Jóns Guðmundssonar sunnan við fyrirhugaða götu þar yfir holtið.
10. Var Sigurði Jóhannessyni útvísað lóð næst fyrir austan lóð Jóns Oddssonar og jafnstór c: 25 x 45 al og leyft að byggja þar bæ 8 x 10 al að stærð.
11. Var Sveini Jónssyni leyft að byggja hús norðan við Laugaveg vestan við útmælingu Samúels Ólafssonar (sjá fund 6.febr. þ.á. 2) 12 x 12 al að stærð og útvísað lóð á sama stað 25 al fram með veginum og 40 al norður frá honum.
12. Var Tómasi Klog Pálssyni leyft að byggja 9 x 10 al að stærð á lóð, sem hann hefur keypt af Gissuri Guðmundssyni í Litlabæ, og er sú lóð 52 al frá A-V og $35\frac{1}{2}$ al frá N-S og liggur norðan við veg þann, sem áður ráðgjört er að leggja um Skuggahverfi frá A-V. Húsið á að standa í landsuðurhorni lóðarinnar.
13. Var Torfa Vigfússyni útvísað lóðin á milli lóða Magnúsar Stefánssonar og Sigurðar Guðlaugssonar (sjá fund 11.f.m.3.) að stærð $32\frac{1}{2}$ al frá A-V og 28 al frá N-S og leyft að byggja bæ á lóðinni 7 x 10 al að stærð.
14. Var Markúsi Þorsteinssyni útvísað lóð við Laugaveg næst fyrir austan lóð Sigurðar Bjarnasonar þó svo, að vegarstræði 16 al breitt verður á milli. Lóðin er 25 al fram með veginum og 40 al norður frá honum. Hús var honum leyft að byggja á lóð þessari 12 x 10 al að stærð.

15. Var Jóhanni P. Ásmundssyni leyft að stækka skúr við hús sitt við Klapparstíg þannig að hann verði 4 fer al stærri.
16. Fyrir austan lóð Ásgríms Gunnarssonar í Skuggahverfi (sjá útmæl. 3.apríl þ.á.4.) var Magnúsi Einarssyni útvísað lóð 25 al frá A-V og 55 al frá S-N og leyft að byggja bæ 7X9 al að stærð í sömu stefnu frá A-V eins og bær Arngríms.
17. Næst fyrir austan lóð Magnúsar Einarssonar var Einari Einarssyni útvísað lóð 25 al frá A-V og 55 al frá N-S og leyft að byggja bæ 8 x 10 al að stærð í sömu röð og bæ Magnúsar og Ásgríms.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Tr. Gunnarsson Björn Guðmundsson
Sighvatur Bjarnason Helgi Helgason Eiríkur Briem.

Ár 1897, þ.16.október var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Guðlaugi Torfasyni leyft að stækka skúr norðanvið hús sitt í Vesturgötu, þannig að viðbótin verður $3\frac{1}{2}$ x 3 al að stærð.
2. Var Jafet Ólafssyni útvísað lóð við Bræðraborgarstíg 5 al fyrir norðan lóð Þorkáks Teitssonar 25 al frá N-S og 18 al frá A-V, að frágregnu 5 al bili meðfram götunni, á lóð þessari var honum leyft að byggja hús 10 x 14 al að stærð.
3. Var Erlindi Guðmundssyni útvísað lóð sunnan við Kaplaskjólsvæg næst fyrir vestan lóð Margrjetar Þorkeiksdóttur 25 al meðfram götunni og 37 al suður frá henni og að auki lítil við suðausturhorn lóðarinnar 10 fer al að stærð. skák/ Á lóð þessari var honum leyft að byggja hús 9 x 10 al að stærð.
4. Var Hirti Jónssyni Reynimel leyft að gjöra skúr við útidyr á bæ sínum 5 x 3 al að stærð.
5. Var Jóni Guðmundssyni í Brennuholti leyft að byggja upp bæ sinn og færa bæinn norður eptir þannig að hann verði í sömu

fjarlægð og stefnu frá Holtsgötu eins og bærinn næst fyr austan. Bærinn verður 8 x 8½ al að stærð með skúr við útidyr 2 x 2½ al.

6. Var Jóhannesi Guðmundssyni Brekkuholti leyft að hækka veggja að bæ sínum og leggja á hann járnþak.
7. Var Kristjáni E. Fjeldsted leyft að gjöra hús, er hann samkvæmt útmælingu 23.febr. þ.á. ætlar að byggja sunnanvið Kaplaskjólsvæg 10 x 8 al að stærð (ístað 9 x 8) og að gjöra skúr við húsið 3 x 5 al að stærð.
8. Var Sigurði Árnasyni leyft að gjöra skúr 2 x 3 al að stærð við bakhlíð á húsi sínu við Bræðraborgarstíg.

Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Guðmundsson Sighvatur Bjarnason

Tr. Gunnarsson Eiríkur Briem.

Ár 1897, þ.9.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Hirti Hjartarsyni leyft að byggja hús 12 x 12 al að stærð með bakdyraskúr 3 x 3½ al og salerni 3 x 3 al fyrir sunnan Bókhöðustíg á lóð, sem hann hefur keypt af Einarí Finnssyni og er 32 x 36 al að stærð. Húsið á að standa í sömu stefnu og hús Einars Finnssonar, er lóð var mæld undir 2.f.m.
2. Var Margrjetu Guðmundsdóttur útvísuð lóð austan við Bergstaðastræti, 25 al meðfram götunni og 42 al austur frá henni. Á lóð þessari, sem að norðanverðu kemur saman við lóð Björns skóara Jónssonar var beiðandanum leyft að byggja hús 8 x 8 al að stærð með bakdyraskúr 2 x 2 al.
3. Var Ólafi Ólafssyni leyft að byggja skúr 6 x 4 al að stærð í landsuðurhorni lóðar sinnar við Bergstaðastræti.
4. Var Jul. Schou leyft að gjöra skúr 3 x 3½ al að stærð við bakhlíð á húsi hans við Bergstaðastræti.
5. Var Guðmundi Einarssyni leyft að flytja hjall, 5 x 6 al að

- stærð, sem staðilð hefur á lóð Einarss Eiríkssonar við Smiðj-
stíg, á lóð sína í Skólavörðuholti.
6. Var Benedikt Jónssyni leyft að stækka skúr við bakdyr á
húsi sínu við Laugaveg um $1\frac{1}{2}$ x 2 al.
 7. Var Gísli Þorbjarnarsyni leyft að byggja hús 9 x 14 al að
stærð í erfðafestulandi hans sunnanvið Laugaveg í norðvest-
urhorning.
 8. Var Sturlu Jónssyni leyft að lengja geymsluhús 12 al breitt
á Frostastaðalóð um 18 al vestureptir.
 9. Var Agli ~~Guðmundur~~ Gunnlaugssyni leyft að gjöra skúr 4 x 5 al
að stærð í erfðafestulandi sínu, Eyólfstaðabletti og standi
skúrinn við norðurendann á hjalli, 5 x 6 al að stærð, sem
beiðandinn á þar .
 10. Var Sigurði Jónssyni á Byggðarenda leyft að byggja skúr
á lóð sinni 4 x 7 al að stærð. Skúrinn snúi frá norðri til
suðurs í sömu stefnu eins og hús beiðandans.
 11. Var Guðmundi Matthíassyni, sem hefur keypt lóð Halldórs
Þórðarsonar við Lindargötu (sjá útmæl. 4. á fundi 8. des.
1894) leyft að byggja hús vestast á lóð þessari 10 x 10 al
að stærð með 3 x 3 al skúr við bakhlið.
 12. Var Sigurði Jónssyni í Lindarbæ veitt viðbót við lóð hans
vestanverða, spildan milli hennar og Lindargötu, 25 al með-
fram götunni og 18 al frá N-S, þannig að ein húslóð 25 al
meðfram götunni verði milli hennar og lóðar Guðmundar Jó-
hannessonar. Á lóð þessari var beiðandanum leyft að byggja hús
9 x 9 al að stærð.
 13. Næst fyrir austan lóð Runólfs Einarssonar (sjá útmæl. 6.
11/9 þ.á.) var Magnúsi Vigfússyni útvísuð lóð 25 al frá
A-V og 60 al frá N-S og leyft að byggja hús á lóðinni 8 x 9
al að stærð með 3 x 3 al skúr við bakdyr.
 14. Var Guðmundi Jafetssyni leyft að byggja hús á Veghúsaloð
8 x 10 al að stærð með 3 x 3 al skúr við bakdyr, ennfremur

- á hann þar hjall 5 x 4 al að stærð, standa þessi hús á a hluta lóðarinnar, sem Guðmundur hefur keypt, en á vesturhlutanum stendur Veghúsabær, sem Daniel ljósmyndasmiður hefur umráð yfir.
15. Var Jóni kaupmanni Þórðarsyni leyft að gjöra skúr $3\frac{1}{2}$ x 4 al að stærð við bakdyr húss síns í Bankastræti.
16. Var Hinriki Gíslasyni leyft að byggja upp bæ sinn í Granuborg þannig að hann verði 10 x 11 al að stærð með ~~3 x 3~~ $3\frac{3}{4}$ x 3 al útidyraskúr.
17. Sú bréyting var gjörð á útmæl. 11.sept. þ.á. handa "Þilskipaútgærðarfjelaginu við Faxaflóa" að skúrinn, sem þar ræðir um verði 5 x 20 al að stærð.
18. Var Einar Benediktssyni leyft að byggja tvíloftað hús við norðurenda hússins nr. 5 í Vesturgötu (Glasgow), 13 al langt frá N-S og 10 al breitt frá A-V. Austurhlið hússins verði í sömu stefnu eins og austurhlið Glasgow, af því horni hússins, sem veit að húsi G.Zoëga (Sjóbúð) ber að nema svo mikið, að 10 al verði milli húsanna, og jafnmikið ber að nema af landnorðurhorninu.

Allir á fundi nema Eir. Briem.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Björn Guðmundsson Tr. Gunnarsson
Sighvatur Bjarnason Helgi Helgason

Ár 1897, þ.23.nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Magnúsi Vigfússyni útvísað lóð norðan við Nýlendugötu, 25 al meðfram götunni og 21 al norður frá henni og leyft að byggja hús á lóðinni 10 x 12 al að stærð með bakdyraskúr 3 x 4 al og salerni $1\frac{1}{2}$ x 2 al að stærð. Lóð þessi var áður útvísað Þórði Zoëga til afnota, gegn því að hann sleppti henni endurgjaldslaust þegar byggingarnefndin krefðist þess.

2. Var Runólfi Runólfssyni útvísað lóð norðan við Nýlendugötu næst fyrir austan bæ fátekrasjóðsins, 28.ál meðfram götunni og 23 al norður frá henni. Á lóðinni var honum leyft að byggja hús 10 x 10 al að stærð með bakdyraskúr 3 x 3 al og salerni 2 x $1\frac{1}{2}$ al að stærð.
3. Var Jóhannesi Guðjónssyni útvísað stakkstaði 30 x 36 al að stærð í Hlíðarhúsamýri austanvert við Brunnstíg, með venjulegum skilyrði, að lóðinni sje sleppt endurgjaldslaust ef byggingarnefndin krefst þess. Þessi útm.fellur burtu samkv. afsali beiðandans.
4. Var Bergi Jónssyni útvísað lóð norðan við Bræðnaborgarstíg fyrir vestan lóð Helga Teitssonar 25 x 19 al að stærð, og leyft að byggja þar hús 10 x 10 al að stærð með bakdyraskúr 2 x 2 al og salerni $1\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ al.
4. Var Sigurði Þorkelssyni og Þórði Sigurðssyni útvísað lóð 25 x $42\frac{1}{2}$ al sunnan við Kaplaskjólsvog og leyft að byggja hús á lóðinni 10 x 12 al að stærð með skúr við bakdyr 7 x 3 al.
5. Var Hermanni Einarssyni leyft að byggja hús á lóð sinni við Holtsgötu 8 x 10 al að stærð með 3 x 3 al bakdyraskúr.
6. Var Guðmundi Þorvarðarsyni leyft að byggja hús 8 x 9 al að stærð á lóð sinni við Holtsgötu með bakdyraskúr 3 x 3 al.
7. Var Jóni Oddssyni Litlabæ leyft að gjöra salerni $1\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ al að stærð.
8. Var Guðmundi Guðmundssyni Brúarenda leyft að byggja hjall $4\frac{1}{2}$ x $5\frac{1}{2}$ al að stærð á lóð sinni.
9. Var Bjarna Sigurðssyni Setbergi leyft að gjöra salerni við hús sitt $1\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ al að stærð.
10. Var Þórdísi Guðnadóttur leyft að gjöra hús sitt við Framnesveg (sjá útmæl. 21/12 1895) 1 al lengra og 1 al breiðara en útvísað var, eða 10 x 10 al í stað 9 x 9 al.
11. Var "Iðnaðarmannafélaginu leyft að gjöra salerni bakvið hús þess í Vonarstræti $2\frac{1}{2}$ x $5\frac{1}{2}$ al að stærð með því skilyrði að jafnhá girðing eins og salernið yrði sett milli þess og

hússins.

12. Var C. Sivertsen Hafnarstrati leyft að gjöra salerni á lóð sinni 2 x 5 3/4 al að stærð.
13. Var Ingiríði Jónsdóttur leyft að gjöra bakdyraskúr við hús sitt við Kaplaskjólsvog 3 x 5 al að stærð.
14. Var Einari Benediktssyni leyft að gjöra bakdyraskúr 4 x 4 al að stærð við hús það, sem hann fjekk útmælingu fyrir á fundi 9.p.m.
15. Var Ísfjelaginu leyft stækka hús sitt á lóðinni nr. 24 í Hafnarstrati um 128 fer al.
16. Var Þorsteini Tómassyni leyft að stækka geymsluhús á lóð sinni um 79 fer al.
17. Oddur Helgason Hlíðarhúsum hefur rífið niður bæ sinn og byggt ístaðinn hús, að fornspurðri Byggingarnefndinni. Nefndin geymir sjer rjett til að ákveða, hvort ~~hinn~~ hin ólöglega bygging skuli rífin niður, og gjörir ráðstöfun til þess að hlutaðeigandi verði sektaður fyrir brot á opnu brjefi 29/5 1839.

Allir á fundi, nema Tr. Gunnarsson, E. Briem var að eins við 4 fyrstu fundargerðirnar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Sighvatur Bjarnason
Björn Guðmundsson Eiríkur Briem.

Ár 1897, 8. desember var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Gróu Oddsdóttur leyft að byggja hús 12 x 21 al að stærð á lóð sinni við Kirkjustrati, þannig að norðurhlið hússins stendi í línu frá landnorðurhorni hússins nr. 2 í Kirkjustrati til útnorðurshorns hússins nr. 8 í sama strati.

2. Var Jóni Þorfasyni leyft að byggja hús 10 x 12 al með bakdyraskúr 4 x 4 al á lóð sinni við Mjóstræti, og rífur hann jafnframt niður torfbæ (Hákonarbæ), sem á lóðinni stendur.
3. Var Grími Grímssyni útvísað lóð við væntanlegt framhald Bergstaðastrætis fyrir austan Það Magnúsar Pálssonar (sjá útmæl. 9/1 þ.á.3.) 25 al frá N-S og 48 frá A-V og leyft að byggja bæ á lóðinni 7 - 9 al að stærð.
4. Var Birni Jónssyni leyft að gjöra salerni 2 x 2 al að stærð austast á lóð sinni við Bergstaðastræti.
5. Var Eypóri Oddssyni leyft að gjöra fordyraskúr 3 x 3 al að stærð við bæ sinn í Bergstaðastræti.
6. Var Sigurði Sigurðssyni útvísað lóð við væntanlegt framhald Bergstaðastrætis, sunnan við lóð Þórðar Sigurðssonar, 25 al meðfram götunni og 53 al vestur frá henni. Á lóðinni var honum leyft að byggja hús 10 x 10 al að stærð með bakdyraskúr 3 x 3 al.
7. Var Páli Sigurðssyni leyft að byggja hús sunnanvið Laugaveg á lóð sem honum var útvísað næst fyrir austan lóð Daniels Daniélssonar. Lóðin er 25 al meðfram veginum og 36 al suður frá honum en húsið á að verða 12 x 12 al að stærð með bakdyraskúr 3 x 4 al.
8. Var Sveinbirni Bjarnasyni leyft að byggja hús 10 x 8 al að stærð með bakdyraskúr 3 x 3 al á lóð norðan við Lindargötu sem hann hefur keypt af Gunnlaugi Ólafssyni.
9. Lóð þá norðan við Laugaveg, sem Ólafi Sigurðssyni var mæld 4.nóv. 1893, hefur Guðfjón ~~Knúttson~~ Knútsson nú eignast, og var honum leyft að byggja á lóðinni hús 11 x 13 al að stærð með bakdyraskúr 4 x 4 al.

Allir á fundi nema E. Briem og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daniélsson Sighvatur Bjarnason Helgi Helgason

Björn Guðmundsson

Ár 1898, 29. janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Guðmundi snikkara Jakobssyni í Keflavík leyft að byggja hús 15 al langt og 11 al breitt á lóð sem hann hefur eignast vestanvið Þingholtsstræti. Húsið á að standa í sömu línu eins og húsaröðin vestan við götuna, og þeim megin sem húsið stendur nær lóðarmörkum en í 5 al fjærlagð er beiðandinn skyldur að gjöra eldvarnarvegg eða eldvarnargafli að hálfu leyti á móti eigendum nágrannalóðanna ef þeir þurfa að byggja nær húsinu en svo að hinar lögboðnu 10 al verði á milli.
2. Var ~~húsið~~ bræðrunum Páli og Þorkeli Ólafssonum leyft að byggja hús 10 x 12 al að stærð með bakdyraskúr 3 x 5 al að stærð á lóð sem þeim var útvísað austan við Bergstaðastræti næst fyrir sunnan lóð Margrjetar Guðmundsdóttur (sjá fund 9.nóv. f.á.) Hin útvísaða lóð er 25 al meðfram götunni og 39 $\frac{1}{2}$ suður frá henni.
3. Var Guðjóni Knútssyni útvísað lóð norðanvið Laugaveg fyrir vestan lóð Sveins Eiríkssonar (sjá fund 11.sept.f.á.) og er lóðin 25 al meðfram veginum og 54 $\frac{1}{2}$ al norður frá honum. Á lóðinni var honum leyft að byggja hús 10 x 10 al stærð tvíloftað með bakdyraskúr 3 $\frac{1}{2}$ x 3 $\frac{1}{2}$ al að stærð og salerni 1 $\frac{1}{2}$ x 1 $\frac{1}{2}$ al.
4. Var Hermanni Guðmundssyni, sem er orðinn eigandi að lóð Andrjesar Davíðssonar við Smiðjustíg, á lóð þessari leyft að byggja hús 10 x 12 al að stærð.
5. Var Friðsemd Aradóttur útvísað lóð í Skólavörðuholti fyrir austan lóð Benedikts H. Benediktssonar (sjá fund 11.sept. f.á.) Hin útvísaða lóð er 25 al frá A-V og 45 al frá N-S, og var Friðsemd leyft að byggja á henni hús 8 x 9 al að stærð og bakdyraskúr 3 x 3 al.
6. Var Guðmundi Guðmundssyni leyft að byggja hús á lóð, sem hann hefur keypt vestast í erfðafestulandi Stefáns Egilssonar (Fjelagstúni) . Húsið á að vera 9 x 10 al að stærð,

snúa frá A-V og vesturgafliinn vera í beinni stefnu niðurundan vesturgafli hússins nr. 24 við Laugaveg.

7. Var Guðmundi Einarssyni leyft að byggja hús 9 x 10 al að stærð í erððafestulandi hans norðanvið veg, sem ráðgjört er að leggja yfir Skólavörðuholt frá A-V.
8. Var Ástráði Hannessyni, sem er orðinn eigandi að Arnarhóls-lóð veitt viðbót sunnan við lóðina 50 x 6½ al að stærð.
9. Var Þórhalli Bjarnasyni lektor í Laufási leyft að stækka útihús á lóð sinni um 13 1/4 x 5 3/4 al .

Allir á fundi, nema Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Sighvatur Bjarnason Helgi Helgason

Eiríkur Briem (var eigi við útmælingarnar Nr.1,2,4.).

Björn Guðmundsson.

Ár 1898, þ.17.febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

og var þá tekin fyrir beiðni framkvæmdastjóra landsbankans í

brjefi dags. 9.p.m. um að mega flytja geymsluhús af lóð bankans/norðan við Pósthússtræti fram á stakkstæði bankans

við Pósthússtræti fram á stakkstæði bankans

ans/norðan við Hafnarstræti fyrir austan hafnarbyggjuna og breikka það um leið, þannig að það yrði 20 3/4 x 15 al að stærð

(nú er það 20 3/4 x 11). Byggingarnefndin samþykkti fyrir

sitt leyti þennan flutning og stækkun hússins, þannig að

það verði sett austast á stakkstæðinu í sömu aðalstefnu

eins og geymsluhús bankans vestan við hafnarbyggjusporðinn.

Að öðru leyti vísar nefndin því til úrlausnar bæjarstjórnarinnar,

hvor bygging verði leyfð á stakkstæði þessu og með hverjum

skilmálum.

Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson Tryggvi Gunnarsson Eiríkur Briem

Sighvatur Bjarnason.

Ár 1898, þ. 19.febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Helga Teitssyni útvísað lóð norðanvert við Nýlendugötu, austur frá lóð Runólfs Runólfssonar (sjá útmæl. 23.nóv. f.á. nr. 2), 25 al meðfram götunni og 23 al norðurfrá henni að skurðinum í Hlíðarhúsamýri. Á lóðinni var honum leyft að byggja hús 8 x 9 al að stærð, með skúr 3 x 4 al. Húsið á að standa eptir sömu sjónhendingu sem hús þau, er nú standa norðan við götuna.
3. Var Jóni Guðmundssyni í Bakkabæ útvísað lóð austan við Brunnstíg norðan við skurðinn í Hlíðarhúsamýri 28 al meðfram Brunnstíg og 25 al austur frá honum fram með skurðinum. Hús var honum leyft að byggja á lóð þessari 7 x 8 al að stærð.
4. Var Jafet Ólafssyni leyft að stækka húslóð, er honum var mæld við Bræðraborgarstíg 16.okt. f.á., þannig að húsið verði 11 x 12 al að stærð.
5. Var Sveini Sveinssyni útvísað lóð við Bræðraborgarstíg milli Eiðstaða og Miðdals, $36\frac{1}{2}$ x $26\frac{1}{2}$ al að stærð, og leyft að byggja hús á lóðinni 9 x 10 al að stærð með bakdyraskúr 3 x 4 al.
6. Var Kristni Einarssyni leyft að setja hjall $5\frac{1}{2}$ x 6 al að stærð á lóð sína við Bræðraborgarstíg, bakvið húsið.
7. Var Guðmundi Guðmundssyni á Hlíði við Bræðraborgarstíg leyft að byggja hús þar á lóð sinni 8 x 10 al að stærð.
8. Jóni Guðmundssyni Brunnholti var leyft að gjöra salerni $1\frac{1}{2}$ x $1\frac{1}{2}$ al að stærð.
9. Útmælingum, sem þeir Hermann Einarsson og Guðmundur Þorvarðarson á Brekku fengu 23.nóv. f.á. var breytt þannig, að í staðinn fyrir 2 hús var þeim leyft að byggja 1 hús í sameiningu, þannig að sinn helmingur hússins standi á lóð hvors þeirra. Á húsið að ver 10 x 16 al að stærð, með bakdyraskúr 3 x 6 al.
10. Var útvísað byggingarstaði handa fyrirhuguðum stýrimanna-

skóla efst í erfðafestulandinu Hlíðarhúsabletti nr.3 . Sem beiðandi var mættur Fryggvi bankastjóri Gunnarsson. Skólahúsið á að vera snúa frá A-V og vara 22 x 15 al að stærð með útbyggingu norður úr 3 x 6 al . Við vesturenda skólahússins var mælt útihússtæði 9 x 12 al að stærð.

11. Var Þorkeli Helgasyni leyft að gjöra skúr við hús sitt við Bræðraborgarstíg 3 x 4 al að stærð.
12. Var Árna Guðmundssyni í Bræðraborg, sem er orðinn eigandi að Lindarbrekkubæ og lóð leyft að byggja hús austast á lóð þessari við Holtsgötu í staðinn fyrir bæinn, sem hann rífur niður. Húsið á að vera 8 x 9 al al að stærð með bakdyraskúr 2 x 3 al.
13. Bergur Jónsson afsalar sjer lóð þeirri við Bræðraborgarstíg, er honum var útvísað 23.nóv. f.á.
14. Magnús Einarsson afsalar sjer lóð þeirri er honum var útvísað í Skuggahverfi 2.okt. f.á.
15. Þorkell Eiríksson afsalar sjer lóð þeirri hjá Sauðagerði, sem honum var útvísað 5.des. 1890.

Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.
 Halldór Danielsson Sighvatur Bjarnason Eiríkur Briem
 Tr. Gunnarsson Þjörn Guðmundsson.

Ár 1898, 5.marz var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Oddfellow-stúkunn í Reykjavík leyft að byggja hús á lóð sem hún hefur keypt af erfðafestulandi J.Jónassens landlæknis (Útsuðurvelli) 20 x 8 al að stærð með útbyggingu 4 x 8 al vestur úr. Húsið standi í sömu stefnu sem hið nýja barnaskólahús.
2. Var Erlindi Zakaríassyni leyft að byggja skúr austan við hús sitt í Þingholtum, áfastan við það 8 x 10 al að stærð

- jafnframt rífur hann burtu skúr 4 x 5 $\frac{1}{2}$ al að stærð.
3. Var Magnúsi Guðmundssyni á Grund leyft að byggja hús á lóð sinni 8 x 10 al með skúr 3 x 5 al að stærð, í staðinn fyrir bæinn, sem á lóðinni stendur og sem jafnframt verður rífinn niður, nema slaerni 1 1/4 x 1 1/4 al að stærð. Húsið standi 10 al fyrir norðan syðri brún stígsins.
 4. Var Ólafi Þorkelssyni á Grund leyft að byggja skúr austan við hús sitt 4 x 5 al að stærð.
 5. Var Steingrími Guðmundssyni leyft að byggja hús á lóðinni nr. 2 við Klapparstíg, sem hann tjáist vera orðinn eigandi að ásamt húsinu, sem á henni stendur, að nokkru leyti. Húsið á að vera 12 al langt og 11 al breitt og standa 5 al frá lóðarmörkum að austan, skúr við bakdyr hússins verðar 3 x 4 al að stærð.
 6. Fyrir austan lóð Magnúsar Vigfússonar í Skuggahverfi (sjá fund 9.nóv. f.á. 13.) var Benedikt Jóhannessyni útvísað lóð 25 al frá A-V meðfram hinni fyrirhuguðu götu og 50 al norður frá henni, og leyft að byggja hús á lóðinni 9 x 9 al með skúr 3 x 3 al að stærð.
 7. Fyrir austan lóðina næst á undan var Sigurði Bjarnasyni útvísað lóð, 23 al meðfram götunni og 50 al norður frá henni og leyft að byggja þar hús 8 x 9 al að stærð með skúr 3 x 3 al.

Allir á fundi.

Fundi álitid.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Björn Guðmundsson
Tr. Gunnarsson Eiríkur Briem Sighvatur Bjarnason.

Ár 1898, þ.12.mars var fundur haldinn í byggingarnefndinni eftir beiðni R. Andersen. Var honum þá útvísað hússtaði á lóð, sem hann hefur keypt frá húseigninni nr. 1 í Veltusundi, er lóð þessi 33 al að lengd meðfram Austurstræti að norðanverðu og 18 al frá N-S með fram Veltusundi. Húsið á að vera 28 al

að lengd og 12 al á breidd, stefna þess verður síðar nákvæmar ákveðin.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Tr. Gunnarsson Eiríkur Briem
Helgi Helgason Síghv. Bjarnason Björn Guðmundsson.

Ár 1898, 19.d.marsmán var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Eftir beiðni Tr. Gunnarssonar bankastjóra, var útvísað hússtaði við Austurstræti og Pósthússtræti. Húsið á að vera 32 al á lengd og 22 al á breidd og hliðin snúa á Austurstræti, var stefna hennar ákveðin rjett sjónhending eftir suðurhliðum annara húsa sem standa að norðanverðu við Austurstræti. Austurgaflinn standi sömu stefnu sem austurgafll geymsluhússins vestan við hafnarbryggjuna.
2. Var Guðjóni Einarssyni útvísað lóð norðan við Nýlendugötu næst fyrir austan lóð ~~Helga Teitssonar~~ Helga Teitssonar 22½ al með fram götunni og 23 al norður frá henni að skurðinum í Hlíðarhúsamýri. Á lóðinni var honum leyft að byggja hús 9 x 9 al að stærð með bakdyraskúr 3 x 3 al .

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Björn Guðmundsson
Tr. Gunnarsson Eiríkur Briem tók eigi þátt í útmælingunni
Nr. 1 og var eigi við útmælingu Nr. 2.
Síghvatur Bjarnason.

Ár 1898, 2.apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var A. Thorsteinsson landfógeta leyft að byggja skúr smóst á lóð sinni við Austurstræti 15 al frá A-V og 9½ al frá N-S. Skúrinn á að standa 5 al frá lóð prestaskólans en fast

- upp að lóð Þ.Ó. Johansens, og skuldbindur landfógetinn sig til, ef byggt verði nær skúrnum að sunnan en í 10 al fjærlægð, að taka þátt með nágrannanum að helmingi í að byggja eldvarnargafl milli húsanna svo stóran sem nemur suðurhlið skúrsins.
2. Var Ólafí Ólafssyni bæjarfulltrúa leyft að byggja hús fram undan bæ sínum við Laufásveg 9 x 9 al að stærð. Suðurstafninn sem veit að húsi Guðríðar Tómasdóttur og verður ekki 10 al frá því, á að vera eldvarnargafl, og beiðandinn skuldbindur sig enn fremur að byggja að hálfu leyti eldvarnargafl á mótí nágranna sínum að norðanverðu, þegar að því kemur að hann þarf að byggja hús nær en í 10 al fjærlægð.
 3. Sveini Jónssyni (sjá útmæl. 2.okt. f.á. 11.) var veitt viðbót við áður útvísaða lóð við Laugaveg 3 al breið rama fram með veginum og 40 al löng nærður frá honum eins og hin eldri lóð hans. Hús það er hann byggir á lóð þessari, var honum leyft að hafa 18 al langt og á það að standa á miðri lóðinni.
 4. Fyrir vestan lóð Sveins Jónssonar við Laugaveg var Jónasi Jónssyni útvísað lóð 24 al frammeð veginum og 40 al norður frá honum. Á lóð þessari var honum leyft að gjöra hús 12 al langt og 10 al breitt með bakdyraskúr 3 x 4 al og salerni 2 x 2 al að stærð.
 5. Var Jóni Jörundssyni útvísað lóð fyrir norðan lóð Markúsar Þorsteinssonar við Laugaveg (sjá útmæl. 2.okt. f.á. 14.) fyrir sunnan veg þann, er gjört er ráð fyrir að leggja austur eptir Skuggahverfi. Lóðin er 25 al frammeð hinum fyrirhugaða vegi og 55 al suður frá honum. Á lóðinni var Jóni Jörundssyni leyft að byggja hús 10 x 8 al að stærð og skúr 3 x 3 al.
 6. Á lóð þeirri, sem Ásgrími Gunnarssyni var mæld í Skuggahverfi 3.apríl f.á. var honum leyft að byggja hús 12 x 7 al (í

staðinn fyrir 7 x 10al) að stærð með skúr 6 x 3 al og salerni 2 x 2 al að stærð.

7. Var Jóni Jónssyni á Lækjarbakka útvísað lóð fyrir austan lóð Árna Gíslasonar í Lækjarhvammi austan við Fúlutjarnarlæk. Lóðin byrjar 10 al fyrir austan lækinn og nær norður að tveimur stórum jarðföstum steinum sem nefndin vísaði beiðandanum á. Stærð lóðarinnar, sem er rjetthyrndur ferhyrningur er 40 al í hvert horn. Á lóðinni var beiðandanum leyft að byggja hús 12 al á lengd frá A-V og 7 al breitt frá N-S með skúr 5 x 4 al að stærð.

Allir á fundi . Tr. Gunnarsson fór af fundi á undan hinni síðustu útmælingu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Guðmundsson Eiríkur Briem

Sighvatur Bjarnason (því aðeins samþykkur útmælingunni nr. 2 að Laufásvegur verði lagður um leið og húsið er byggt.)

sama ségi jeg Tryggvi Gunnarsson Þessu samþykkur H.Helgason.

Ár 1898, þ.16.apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Ákvað byggingarnefndin breidd og stefnu vegarins fyrir austan Goodtemplarahúsið suður á Vonarstræti. Var gjört ráð fyrir að slökkvísingahúsið yrði flutt með tímanum þaðan sem það nú stendur og að gatan tæki yfir alla breidd sundsins frá Goodtemplarahúsinu að smíðahúsinu á lóðinni fyrir austan sundið, og var austurbrún götunnar ákvæðin eftir beinni stefnu úr norðvesturhorni á fordyri dómkirkjunnar í suðvesturhorn iðnaðarmannahússins. Veganefndin tók þátt í þessari ákvörðun.
2. Var Ámunda Ámundasyni leyft að byggja hús á lóð sinni við Vesturgötu 12 al langt og 11 al breitt með skúr við bakdyr $3\frac{1}{2}$ x $3\frac{1}{2}$ al að stærð. Bærinn sem á lóðinni stendur verður rifinn niður jafnframt.

3. Var Jafet Ólafssyni leyft að gjöra skúr 3 x 3 al að stærð vestur við hús það, sem hann er að byggja við Bræðraborgarstíg (sjá útmæl. 16.okt.f.á.) og salerni 2 x 2 al að stærð.
4. Var Þórhalli lector Bjarnasyni leyft að gjöra salerni 2 x $1\frac{1}{2}$ al að stærð á lóð hans hjá Laufási.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Björn Guðmundsson
Eiríkur Briem Tr. Gunnarsson Sighvatur Bjarnason

Ár 1898, 27.apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni á lóð lærða skóalans eftir beiðni rektors til að útvísa lóð undir nýtt leikfímishús handa skóalanum í stað hins gamla, sem verður rífið niður. Hið nýja hús sem verður 24 al á lengd og 14 al á breidd, á að standa á sama stað og gamla húsið á austurtakmörkum skólalóðarinnar, þó svo að suðurgafllinn verði 8 - 9 al sunnar. Garðurinn fyrir sunnan hið núverandi leikfímishús, milli þess og Bókhöðustígs, sem áður var eign Jóns Árnasonar legats og er 513 fer al að stærð, hefur lærði skólinn nú eignast. Hið gamla leikfímishús er 10 x 19 al að stærð.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Helgi Helgason Eiríkur Briem
Tr. Gunnarsson Björn Guðmundsson.





© Borgarskjalasæm Reykjavíkur